Suðureyri, hafnarsjóður, gjsk., 47—51, 998—1002; br., 101; hitaveita, gjsk., 137—139, 373— 375; þjóðvegir, rg., 505.
Suður-Múlasýsla, manntalsþing, stj.bréf, 1090; sjúkrasamlag, rg., 278—279.
Suðurnes, hitaveita, gjsk., 207—209, 405—406, 783— 784, 1077—1078; raforka, gjsk., 234—237.
Sumarbúðir, r., 293—295.
Sundnám, rg., 842— 845.
Súðavík, hafnarsjóður, gjsk., 47— 51, 998—1002; br., 101; þjóðvegir, rg., 505.
Súðavíkurhreppur, forkaupsréttur, sþ., 905.
Svalbarðseyri, hafnarsjóður, gjsk., 47—51, 998—1002; br., 101.

Svandís Ólafsdóttir, 1119.
Svanhvít Egilsdóttir, 1111.
Svartbakur, rg., br., 123.
Svavar Sigmundsson, 1116.
Sveinbjörn Gizurarson, 1135.
Sveinbjörn Sveinbjörnsson, 1132.
Sveinn Eldon, 1132, 1136.
Sveinn Magnússon, 1118.
Sveitarfélög, innheimtustofnun, rkn., 835; jöfnunarsjóður, rg., br., 8, 484; rkn., 874—876; kjarasamningar, rg., br., 195—196; lánasjóður, rkn., 762—764.
Sverrir Harðarson, 1119.
Sæmundur Guðmundsson, 1125.
Söfnunarsjóður Íslands, rkn., 107— 108, 108—109, 110—111.
Söluskattur: rg., br., 901; bátar, rg., 900—901; fjármögnunarleigur, augl., 193—194; fiskvinnsla, rg., 549— 550; augl., 794.

T

Talnagetraunir Íslenzkrar Getspár, rg., 946—949.
Tanja Þorsteinsson, 1133.
Tannlæknar, r., 849—850.
Tannverndarsjóður, rg., 1013.
Tálknafjörður, aðalskipulag, augl., 51; hafnarsjóður, gjsk., 47—51, 998—1002; Pbr., 101; þjóðvegir, rg., 504.
Tékkóslóvakía, innflutningur matvæla, augl., 492; 937.
Tjörnes, hafnarsjóður, gjsk., 47— 51, 998—1002; br., 101.
Tollafgreiðslugjald, rg., 187—189.
Tollfrjáls innflutningur, bifreiðar og bifhjól, r., br., 903; varningur, rg., 349— 353.
Tollmeðferð, sendibifreiðar, r., 494; smábögglar og einkafarangur, r., 569; vegna aðildar Íslands að EFTA og samnings Íslands við EBE, augl., br., 181— 187.
Tollskóli ríkisins, rg., br., 137.
Tollskrá, augl., 491.
Torfi Kristjánsson, 1121.
Tómas Guðmundsson, 1134.
Trausti Sigurlaugsson, 1109.
Trausti Valdimarsson, 1121.
Tryggingarsjóðir sparisjóða, sþ., 112—115; viðskiptabanka, rg., 103—105.
Tryggvi Viggósson, 1124.
Tscuchuiya, Jyoshihiko, 1111.
Turk, Sleiman, 1128, 1137.
Tækjakaup, fatlaðir, rg., 489—490.
Tækniskóli Íslands, rg., br., 484— 485.
Tölvunefnd, augl., 326.

U

Uggi Þ. Agnarsson, 1134.
Umferð, augl., Akranes, 528, 1092; Akureyri, 3; Egilsstaðakauptún, 1012—1013; Eyrarbakki, 550; Garðakaupstaður, 4; Kópavogur, 876; Reykjavík, 3— 4, 344, 594, 713—714, 796, 847, 876, 1096; Sauðárkrókur, 1068; Selfoss, 1096; Vestmannaeyjar, 471.
Undanþágunefnd, framhaldsskóla, rg., 1018—1019; grunnskóla, rg., 1019—1020.
Ungverjaland, innflutningur matvæla, augl., 492; 937.
Unnur B. Pétursdóttir, 1118.
Unnur Gunnarsdóttir, 1133.
Unnur Halldórsdóttir, 1109.
Unnur Steina Björnsdóttir, 1128.
Upplýsingar er varða einkamálefni, augl., 326.
Upprekstur hrossa og sauðfjár í A.-Húnavatnssýslu, augl., 600.
Upptaka ólöglegs sjávarafla, rg., 473—474.
Utanríkisþjónustan, rg., 45—46.

Ú

Útflutningsafurðir, augl., 586—587.
Útrýming meindýra, rg., br., 475—476.
Útvarp, auglýsingar, rg., 131—132, 1049—1050; rg., 126—131.
Útvarpsgjald, augl., 331, 600, 877, 1043.
Útvegsbanki Íslands, rkn., 914— 920.

V

Valborg Sigurðardóttir, 1109.
Valdimar Hreiðarsson, sr., 1125.

Valdimar Indriðason, 1112, 1126.
Valur Þór Marteinsson, 1132.
Varnaðarmerki, hættuleg efni,.rg., br., 475.
Vatnsleysustrandarhreppur, hundahald, gjsk., 23.
Vatnsveitur, Akureyri, gjsk., br., augl., 363; rg., br., 362; Austur- Landeyjahreppur, rg., 966—968; Vestmannaeyjar, gjsk., br., augl., 102; Vopnafjarðarhreppur, rg., 461— 464.
Veðurstofa Íslands, gjsk., 976.
Veiðar, grásleppa, rg., 285—287.
Veiðibann, a) línu— og netasvæði: Faxaflói, rg., 921; Reykjanesskagi, rg., 952; Suðvesturland og Faxaflói, rg., 327; b) smábátar, ágúst, rg., 707; júní, rg., 501; október, rg., 846; c) netaveiðar fiskiskipa, rg., 501; d) rækjuveiðar, rg., 848; e) togveiðar, Hornbanki og Reykjafjarðaráll, rg., 493; Hrollaugseyjar, rg., 558; Mánáreyjarhryggur, rg., 821— 822; Vestmannaeyjar, rg., 732; afnám banns, rg., 907; f) páskahelgi, rg., 327.
Veiðifélög: Sandá, Svalbarðshreppi, sþ., 470—471; Vatnsdalsá, arðskrá, 1089—1090; Vesturhóp og Línakradalur, sþ., 930.
Veigar Ísak Ólafsson, 1114, 1116.
Verðgrundvöllur, augl., freðfiskur, 297—300, 944—946; fryst rækja, 943; fryst rækja í skel, 902; frystar afurðir, 529; 831—832; hörpudiskur, 300; 902; saltfiskafurðir, 296—297, 832, 942—943.
Verðjöfnunargjald raforkusala, tilk., 193.
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, rg., br., 988.
Verðmiðlunargjald, mjólk, rg., 544—545.
Verðmætismörk EUR.2—eyðublað, r., 569.
Verkfæra- og tækjakaup, fatlaðir, rg., 489—490.
Vestfirðir, heilbrigðiseftirlit, gjsk., 121—122; Orkubú, gjsk., 199—200, gjsk., 224—228, 372—373;,426—430; br., augl., 1081.
Vestmannaeyjar, fjarhitun, gjsk., 139—141, 399—401; hafnarsjóður, gjsk., 47—51, 998—1002; br., 101; lögreglusamþ., sþ., br., 492; rafveita, gjsk., 27—30, 439—432; sjúkrasamlag, rg., 278—279; starfsleyfi, augl., 1097—1099, 1099—1101; stjórn bæjarmála, augl., br., 712—713; togveiðar, rg., 732; 907; umferð, augl., 471; vatnsveita, gjsk., br., augl., 102; þjóðvegir, rg., 502.
Vestur-Barðastrandarsýsla, sjúkrasamlag, rg., 278—279.
Vestur-Húnavatnssýsla, fjallskilareglugerð, rg., br., 167— 169; sjúkrasamlag, rg., 278—279.
Vesturlandssvæði, heilbrigðiseftirlit, gjsk., sþ., br., 30.
Vestur-Skaftafellssýsla, sjúkrasamlag, rg., 278—279.
Viðar Ásmundsson Olsen, 1122.
Viðskiptabankar, rkn., r., 143— 147; tryggingasjóður, rg., 103— 105.
Vigdís Hansdóttir, 1127.
Vigfús Magnússon, 1123.
Vilhelm H. Lúðvíksson, 1121.
Vilhelmína Haraldsdóttir, 1114.
Vinke, Eugene, 1130, 1137.
Vinnueftirlit ríkisins, rg., 359—360.
Vinnumiðlun, rg., 244—251; br. 822.
Vinnustaðir, aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi, rg., br., 472.
Vitagjald, rg., 987; br., 120.
Vík í Mýrdal, aðalskipulag, augl., br., 6; þjóðvegir, rg., 502.
Vogar, hafnarsjóður, gjsk., 47—51, 998—1002; br., 101; þjóðvegir, rg., 503.
Vopnafjörður, hafnarsjóður, gjsk., 47—51, 998—1002; br., 101; vatnsveita, rg., 461—464, þjóðvegir, rg., 507.
Vöruflutningar, hámarksfjöldi leigubifreiða á Norðfirði, rg., br., 924.
Vörugjald, br. auðvörur, rg., 78, 469—470.
Vörumerki, gjöld, rg., 1069.

W

Wagner, Jean, 1110, 1136.
Wijewardene, Ranjit S., 1114.
Winquist, Per Olof, 1128, 1137.

Y

Yngvi Ólafsson, 1116.
Yngvi Þór Árnason, 1135.
Yoder, Lísa Karen, 1117.
Ytri—Torfustaðahreppur, hitaveita, rg., 878 879.

Ý

Ýr Logadóttir, 1119.

Þ

Þingeyjarsýsla, sjúkrasamlag, rg., 278—279.
Þingeyri, aðalskipulag, augl., 819; hafnarsjóður, gjsk., 47—51, 998— 1002; br., 101; þjóðvegir, rg., 505.
Þinggjöld, innheimta, rg., br., 192, 1106.
Þjóðhátíðarsjóður, rkn., 499.
Þjóðminjasafn Íslands, rannsóknastaða í fornleifafræði, rg., 989.
Þjóðvegir: aðalbrautir, augl., 530; hámarkshraði, augl., 531—532; í kaupstöðum og kauptúnum, rg., 502—508.
Þorbjörn A. Friðriksson, 1112.
Þorgeir Ingi Njálsson, 1134.
Þorgeir Örlygsson, 1127.
Þorgerður Benediktsdóttir, 1114.
Þorgerður Gísladóttir, 1113.
Þorkell Helgason, Ph.D., 1123.
Þorkell Sigurðsson, 1129.
Þorlákshöfn, hitaveita, gjsk., 42—44, 402—404; landshöfn, gjsk., 151—154, 1002—1006; þjóðvegir, rg., 502.
Þorsteinn J. Halldórsson, 1119.
Þorsteinn Jóhannesson, 1115.
Þorsteinn Þorsteinsson, 1113, 1120.
Þorvaldur Guðmundsson, 1109.
Þorvaldur Veigar Guðmundsson, 1117.
Þórarinn Baldursson, 1128.
Þórarinn Hannesson, 1131.
Þórarinn V. Þórarinsson, 1127.
Þóra Steingrímsdóttir, 1121.
Þór Axelsson, 1132.
Þórður Björnsson, 1129.
Þórður Gísli Ólafsson, 1116.
Þórður G. Ólafsson, 1124.
Þórður Herbert Eiríksson, 1114.
Þórður Sverrisson, 1135.
Þórður Þórkelsson, 1115.
Þórður Örn Sigurðsson, 1114.
Þórhildur Líndal, 1132.
Þórhildur Sigtryggsdóttir, 1122.
Þórir Bergsson, 1117.
Þórir Oddsson, 1133.
Þórir Vilhjálmur Þórisson, 1125.
Þórshöfn, hafnarsjóður, gjsk., starfsleyfi, augl., 1103—1105; 47—51, 998—1002; br., 101; rg., 573—579; þjóðvegir, rg., 507.
Þórsteinn Ragnarsson, sr., 1120.
Þórunn Bragadóttir, 1112.
Þórunn Hafstein, 1112.
Þór Whitehead, 1133.
Þungaskattur: rg., 737—741, 1057—1062; bifreiðar, rg., 469—499.
Þuríður Halla Árnadóttir, 1122.

Æ.

Æskulýðsráð, rg., 981—982.

Ö.

Ökukennarar, aðflutningsgjöld bifreiða augl., 491; kennsla, rg., br., 921—922.
Ökumenn, próf, rg., br., 921—922.
Ökutæki, ábyrgðartryggingar, augl., 195; skoðunargjald, rg., 1095.
Önundur Björnsson, 1130.
Örlygur Hnefill Jónsson, 1122.
Örn Bárður Jónsson, sr., 1123.
Örn Erlendur Ingason, 1124.
Örn Friðriksson, 1134.
Örn Guðmundsson, 1129.
Örn Orri Einarsson, 1132.
Örn Thorstensen, 1119.
Öryggi á vinnustöðum, rg., br., 472.
Öryggisráðstafanir, geislun, rg., 749—753.

Skrá um útgáfudaga B-deildar 1986.

B	1, nr.	1—12	10. janúar
B	2, nr.	13—34	24. janúar
B	3, nr.	35—41	24. janúar
B	4, nr.	42—50	31. janúar
B	5, nr.	51—52	3. febrúar
B	6, nr.	53—54	4. febrúar
B	7, nr.	55—71	14. febrúar
B	8, nr.	72—80	21. febrúar
B	9, nr.	81—100	28. febrúar
B	10, nr.	101—107	4. mars
B	11, nr.	108—110	7. mars
B	12, nr.	111—142	14. mars
B	13, nr.	143—144	11. mars
B	14, nr.	145—159	21. mars
B	15, nr.	160—161	26. mars
B	16, nr.	162—172	4. apríl
B	17, nr.	173—177	8. apríl
B	18, nr.	178—179	11. apríl
B	19, nr.	179—185	15. apríl
B	20, nr.	186—226	25. apríl
B	21, nr.	227—231	30. apríl
B	22, nr.	2332—249	9. maí
B	23, nr.	250—252	16. maí
B	24, nr.	253—274	30. maí
B	25, nr.	275	3. júní
B	26, nr.	276—279	9. júní
B	27, nr.	280—288	13. júní
B	28, nr.	289—290	26. júní
B	29, nr.	291—314	30. júní
B	30, nr.	315—318	30. júní
B	31, nr.	319—396	10. júlí
B	32, nr.	327—328	10. júlí
B	33, nr.	329—333	15. júlí
B	34, nr.	334—346	25. júlí
B	35, nr.	347—362	6. ágúst
B	36, nr.	363—364	12. ágúst
B	37, nr.	365—374	21. ágúst
B	38, nr.	375—382	29. ágúst
B	39, nr.	383—386	4. september
B	40, nr.	387—401	19. september
B	41, nr.	402—409	1. október
B	42, nr.	410—426	20. október
B	43, nr.	427—446	31. október
B	44, nr.	447—452	7. nóvember
B	45, nr.	453—457	14. nóvember
B	46, nr.	458—469	21. nóvember
B	47, nr.	470—476	27. nóvember
B	48, nr.	477—490	12. desember
B	49, nr.	491—508	22. desember
B	50, nr.	509—525	31. desember
B	51, nr.	526—538	31. desember
B	52, nr.	539—541	5. janúar 1987
B	53, nr.	542—549	21. janúar 1987
B	54, nr.	550—555	30. ágúst 1988

Endurprentað blað.

Leiðréttingar:

Bls. 162, sjá 4. línu: afgreiðslu lyfja nr. 191/1979... les: afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.
Bls. 190, sjá 1. línu: Greiða skal ríkissjóð... les: Greiða skal í ríkissjóð...
Bls. 193, sjá 2. gr., 1. línu: tekur einugis til... les: tekur einungis til...
Bls. 240, sjá 7. gr., 1. línu: ...útsæði í smápakningum... les: ... útsæði í smápakkningum...
Bls. 293, sjá 2. gr., 5. liður: Lýsing á ppeldisstarfi... les: Lýsingu á uppeldisstarfi...
Bls. 488, sjá neðstu línu: ...Flygenring. Les: ...Flygenring.
Bls. 529, sjá 17. línu: Verðin miðast við... les: Verðið miðast við...
og 33. línu: Verðin miðist við... les: Verðið miðist við...
Bls. 591, sjá lið XII, 1., a): 1/2 ár á kvennadeild. Les: 2 1/2 ár á kvennadeild.
Bls. 865, sjá efst á síðunni: 24. september 1985. Les: 24. september 1986.
Bls. 865, sjá 2. gr., 3. liður: ...svo ullin líkist fremur stríi en ull. Les: ...svo ullin líkist fremur strýi en ull.
Bls. 888, sjá í 2. línu í fyrirsögn máls nr. 421 ... reglugerð nr. 353/1984. Les: ... reglugerð nr. 353/1983.
Bls. 929, sjá 2. línu í fyrirsögn máls nr. 455 ...breytingu... les: um breytingu...
Bls. 937, sjá 1. gr. 4. línu: ...flytja inn matvæla... Les: flytja inn matvæli ...
Bls. 1000, sjá 18. línu 2. fl.: Gjald kr. 190,60 pr. tonn: Les: ...Gjald kr. 109,60 pr. tonn:
Bls. 1058, sjá í aftasta dálki undir lið: Gjald fyrir hvern ekinn km.: í 4. línu ..7,97. Les: ..6,97 .Og í 8. línu: 9,88. Les: ..8,88.
Bls. 1074, sjá 18. línu: Steinholt á nýju byggðarhverfi í landi Reykja, Torflækjarhreppi. Les: Steinholt á nýju byggðarhverfi í landi Reykja, Torfalækjarhreppi.
Bls. 1095, 5. gr. 2. mgr. 2. lína: 1986: Les: 1985
Bls. 1165, sjá Skrá um samvinnufélagstilkynningar ...vantar nr. málsins. Les: Nr. 555.

Endurprentuð blöð: 605, 735, 907, 932, 989 og XCII, XCIII.

Endurprentað blað.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1986

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465 27. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986.

1. gr.

Í stað orðanna „Humar- og reknetabátar“ í 5. lið 1. mgr. 2. gr. komi: Humar- og síldarbátar.

2. gr.

Í stað orðanna „Útgerðarflokkur 5, humar- og reknetabátar“ í 2. mgr. 7. gr. komi orðin: Útgerðarflokkur 5, humar- og síldarbátar.

3. gr.

Á 8. gr. verði eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðanna „Útgerðarflokkur 5, humar- og reknetabátar“ í 1. mgr. 8. gr. komi orðin: Útgerðarflokkur 5, humar- og síldarbátar.

2. Í stað orðanna „Mars — apríl“ í Útgerðarflokk 6, rækjubátar. Suður- og Vesturland í 1. mgr. 8. gr. komi: Mars — ágúst.

3. Útgerðarflokkur 6, rækjubátar, Vestfirðir, Norðurland, í 1. mgr. 8. gr. breytist svo:

Tímabil 1	Tímabil 2	
Janúar — maí	Júní — des.	Samtals
40	65	105

4. Útgerðarflokkur 7, skelbátar, í 1. mgr. 8. gr. breytist svo:

Tímabil 1	Tímabil 2	
Jan. — apríl	Maí — des.	Samtals
30	45	75

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97, 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1986.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

B 1

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir þjónustu veitta af Ríkismati sjávarafurða.

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal taka gjald fyrir hæfnisvottorð sem það gefur út til fiskiskipa.

Ríkismatið skal taka gjald fyrir vinnsluleyfi, sem það gefur út til fiskvinnslustöðva.

Vinnslustöðvar og fiskiskip skulu hljóta vinnsluleyfi og hæfnisvottorð að jafnaði einu sinni á ári. Endurtaka má skoðun hvenær sem tilefni er til að mati Ríkismatsins. Komi fram ágallar skal úr þeim bætt og að því búnu gefið út nýtt vinnsluleyfi eða hæfnisvottorð. Greiða skal hálft gjald samkv. 3. og 5. gr. fyrir slík vinnsluleyfi eða hæfnisvottorð.

Ríkismatið skal taka gjald vegna útgáfu útflutningsmatsvottorða.

2. gr.

Ríkismatið skal taka gjald fyrir eftirlit og mat á afurðum þ. m. t. ferskum fiski til útflutnings og störfum sem því tengjast.

Þegar matsmaður hefur lokið störfum hverju sinni samkvæmt 1. mgr., skal hann skrifa vinnuskýrslu með tilgreindum fjölda dag-, eftir- og næturvinnustunda, sem hann hefur unnið og skal vinnuþegi eða trúnaðarmaður hans staðfesta hana með undirskrift sinni. Matsmaður afhendir Ríkismatinu fullfrágengnar vinnuskýrslur sínar.

Ríkismatið reiknar út launakostnað samkvæmt vinnuskýrslum, sem um getur í 2. mgr., eftir launataxta Fiskmatsmannafélags Íslands að viðbættum 100% fyrir launatengd gjöld og ferða- og uppihaldskostnað. Aldrei skal reikna minna en þrjár klst. fyrir þessi störf.

Heimilt er að taka sérstakt yfirtöku- og útflutningsmatsgjald fyrir hverja tunnu grásleppuhrogna í stað launakostnaðar samkvæmt 1. og 2. mgr. samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins hverju sinni. Sama máli gegnir um önnur söltuð hrogn. Á sama hátt er heimilt að taka sérstakt gjald fyrir hvern gám, sem fiskur er ísaður í til útflutnings.

Séu gerðar efnagreiningar og/eða gerlaprufur, skulu þær greiddar samkvæmt reikningi.

Útflytjendum og samtökum útflytjenda er skylt að greiða fyrir hönd umbjóðenda sinna reikninga, sem gefnir eru út vegna útgáfu vinnsluleyfa, eftirlits og mats og útgáfu útflutningsmatsvottorða svo og efnagreininga og gerlaprufa.

3. gr.

Fyrir vinnsluleyfi til fiskvinnslustöðva samkv. 2. mgr. 1. gr. skal greiða gjald eins og hér segir:

1. Grásleppustöðvar ..... kr. 1 000,00
2. Saltfisk-, síldarsöltunar- og skreiðarstöðvar ..... kr. 4 000,00
3. Lagmetisverksmiðjur, frystihús þ. m. t. skelfiskvinnslustöðvar og frystitogarar ..... kr. 8 000,00
4. Bráðabirgðavinnsluleyfi/hámarksgildistími 3 mán. Gjaldið skal nema 50% af hverjum gjaldflokki.

4. gr.

Ríkismatið skal innheimta gjald kr. 200,00 vegna afurða hvers framleiðanda á útflutningsmatsvottorði.

5. gr.

Fyrir hæfnisvottorð til fiskiskipa samkv. 1. mgr. 1. gr. skal greiða eins og hér segir:

1. Fiskiskip 1–12 brúttórúml. ..... kr. 1 000,00
2. Fiskiskip 13–20 brúttórúml. ..... kr. 1 200,00
3. Fiskiskip 21–50 brúttórúml. ..... kr. 1 500,00
4. Fiskiskip 51–110 brúttórúml. ..... kr. 2 000,00
5. Fiskiskip 111–200 brúttórúml. ..... kr. 3 000,00
6. Fiskiskip 201–500 brúttórúml. ..... kr. 4 500,00
7. Fiskiskip 501–800 brúttórúml. ..... kr. 6 000,00
8. Fiskiskip 801 brúttórúml. og stærri ..... kr. 7 000,00
9. Bráðabirgðahæfnisvottorð, hámarksgildistími 2 mán. Gjaldið skal nema 50% af hverjum gjaldflokki.

Matsmaður sem gefur út hæfnisvottorð samkvæmt þessari grein skal innheimta gjaldið gegn afhendingu vottorðsins.

6. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru lögð á og innheimt samkvæmt heimild í 26. gr. laga nr. 53 30. maí 1984 til að öðlast gildi 10. janúar 1986.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 101 11. febrúar 1985 svo og reglugerð nr. 360 6. september 1985 um breytingu á þeirri reglugerð.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1986.

F.h.r.
Árni Kolbeinsson.

Ingimar Einarsson.

2. janúar 1986 Nr. 3

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að bifreiðastöður skuli bannaðar við norðurbrún Gránufélagsgötu á 10 metra kafla vestan Geislagötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 2. janúar 1986.

Elías I. Elíasson.

3. janúar 1986 Nr. 4

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefur eftirfarandi verið ákveðið.

1. Jaðarsel verður aðalbraut, þó þannig að umferð um það víki fyrir umferð um Breiðholtsbraut og Holtasel.

2. Umferð um Álftamýri, Starmýri og húsagötur Safamýrar víki fyrir umferð um Safamýri.
3. Biðskylda verður á Grettisgötu gagnvart umferð um Klapparstíg.
4. Biðskylda verður á Mímisvegi gagnvart umferð um Eiríkisgötu.
5. Stöðvunarskylda verður á tengingu Selásbrautar við Suðurlandsveg gagnvart umferð um Suðurlandsveg.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. janúar 1986.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. janúar 1986.

Böðvar Bragason.

Nr. 5 7. janúar 1986

AUGLÝSING

um umferð í Garðakaupstað.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Garðakaupstaðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Garðakaupstað:

1. Umferð um **Hnoðraholtsbraut** vestan Reykjanesbrautar nýtur forgangs fyrir umferð úr eftirtöldum götum, sem tengjast henni (Hnoðraholtsbraut biðskylda:
Iðnbúð, Smiðsbúð, Ásbúð, Gilsbúð og Bæjargili.
2. Umferð um **Ásgarð** nýtur forgangs fyrir umferð úr götum frá Bitabæ, biðskylda.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. janúar 1986.

Lögreglustjórinn í Garðakaupstað, 7. janúar 1986.

Einar Ingimundarson.

Nr. 6

REGLUGERÐ

3. janúar 1986

um breyting á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki.

1. gr.

Við 21. gr. staflið a) bætist eftirfarandi setning:
Frá og með desember 1985, skulu lánsviðmiðanir sjóðsins í íslenskum krónum vera jafnháar og á tímabilinu september/nóvember 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 3. janúar 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um starfrækslu jarðstöðva fyrir móttöku sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um starfrækslu jarðstöðva til móttöku sjónvarpsefnis, sem flutt er um fjarskiptatungl. Jarðstöð merkir hér hvers konar búnað, sem notaður er til að koma á fjarskiptasambandi um gervitungl.

Reglugerð þessi tekur þó ekki til sendinga frá sjónvarpsgervitunglum sem gagngert eru ætlaðar til að dreifa dagskrá beint til notenda.

2. gr.

Ráðherra gefur út leyfi til einstaklinga til að starfrækja jarðstöðvar til móttöku sjónvarpsefnis fyrir eigin not.

Ráðherra gefur einnig út starfræksluleyfi til aðila, sem dreifa mótteknu sjónvarpsefni innanhúss, þó ekki í atvinnuskyni.

Starfræksluleyfin skulu bundin því skilyrði að umsækjandi hafi aflað sér heimildar rétthafa hinnar tilteknu sjónvarpsrásar um afnot hennar. Leyfi verður einungis veitt að fengnu samþykki eigenda fjarskiptatunglsins og viðurkenningu á því að móttökubúnaðurinn sé í samræmi við setta staðla.

Leyfi samkvæmt þessari grein skulu gilda í 2 ár.

Áður en tekin er afstaða til umsókna um leyfi samkvæmt 1. og 2. mgr. skal leita umsagnar Póst- og símamálastofnunar um erindin.

3. gr.

Seljendur móttökubúnaðar skulu fullvissa sig um að kaupendur og notendur búnaðarins hafi aflað tilskilinna leyfa samkvæmt 2. gr., áður en hann er afhentur.

4. gr.

Umsóknir um leyfi skulu sendar samgönguráðuneytinu.

Umsókn skal fylgja nákvæm lýsing á þeim búnaði sem verður notaður. Móttökubúnaðurinn skal við það miðaður að hann taki einungis á móti þeim sjónvarpsrásum sem umsækjandi hefur tryggt sér afnotarétt á.

5. gr.

Í þeim tilvikum, sem sjónvarpsefni frá fjarskiptatunglum er dreift áfram til almennings um útvarpsdreifikerfi, hvort sem það kann að vera gert á vegum opinberra stofnana eða einkaaðila á sviði sjónvarpsrekstrar, annast Póst- og símamálastofnun móttöku þess og sendingu ef um hana er að ræða.

Gjöld fyrir starfrækslu viðkomandi jarðstöðvar skulu ákveðin með hliðsjón af kostnaði.

Þegar um er að ræða tímabundna móttöku efnis getur stofnunin heimilað viðkomandi aðila að annast móttökuna sjálfur undir eftirliti.

6. gr.

Þeir sem taka á móti sjónvarpsefni frá fjarskiptatunglum eru ábyrgir fyrir greiðslu á afnotagjöldum, sem eigendur gervitunglanna setja upp fyrir aðgang að sendingum þeirra. Póst- og símamálastofnun sér um innheimtu gjaldanna.

7. gr.

Gjöld fyrir starfræksluleyfi samkvæmt 2. gr. reglugerðar þessarar skulu ákveðin með gjaldskrá sem ráðherra setur.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

Ennfremur greiðist Póst- og símamálastofnun eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar viðurlögum samkvæmt 23. gr. laga um fjarskipti.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 28. maí 1984 um fjarskipti, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 8 3. janúar 1986

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Mýrdalshrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 23. október s. l., fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, breytingu á aðalskipulagi Víkur í Mýrdal.

Breytingin felur í sér að hluti af auðkenndu verslunarsvæði skv. aðalskipulagi milli Víkurbrautar og Sunnubrautar verður íbúðarsvæði og auk þess að svæði undir opinberar byggingar á horni Ránarbrautar og Víkurbrautar verður að hluta verslunarlóð og að hluta svæði undir opinbera starfsemi.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.

Nr. 9 3. janúar 1986

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1984—2004.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 3. janúar 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1984—2004 með fyrirvara um skipulag í næsta nágrenni vegamóta Bessastaða- og Álftanesvegar. Deiliskipulag miðbæjarkjarna

verði staðfest sbr. ákvæði 4.4.2. í reglugerð nr. 318/1985 en við gerð þess verði sérstaklega tekið tillit til aðkomunnar að forsetasetrinu á Bessastöðum.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur með ofangreindum fyrirvara.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.

7. janúar 1986 Nr. 10

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Eftirfarandi töluliðir, 6. gr., b-stafliðar hljóði svo:

„I. Diazepamum. Óheimilt er að ávísa hylkjum, töflum eða skömmtum í stærri einstökum skömmtum en 5 mg og ekki í meira magni en sem svarar 250 mg eða 260 mg af hinu virka efni. (Dæmi: Apozepam, Diazepam, Stesolid, Valium 5 mg 50 töflur eða 130 töflur sömu lyfja í 2 mg styrkleika í óbrotnum pakkningum).

III. Medazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 250 mg eða 300 mg. (Dæmi: Nobrium 25 mg 10 töflur eða Nobrium 5 mg 60 töflur).

IV. Chlordiazepoxidum. Hámarksmagn á lyfseðli 500 mg eða 625 mg. (Dæmi: Klórdíazepoxíð, Librium 5 mg 100 töflur, 10 mg 50 töflur eða 25 mg 25 töflur).

V. Flurazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 1,5 g eða 1,8 g. (Dæmi: Dalmadorm 15 mg 100 hylki eða 30 mg 60 hylki).

XI. Carisoprodolum. Hámarksmagn á lyfseðli 20,0 g eða 21,0 g. (Dæmi: Somadril comp 100 töflur eða Somadril 60 töflur).“

2. gr.

Við 6. gr., b-staflið bætist nýr töluliður XV, er hljóðar svo:

„Oxazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 1,25 eða 1,5 g. (Dæmi: Sobril 25 mg 50 töflur eða Serepax, Sobril 15 mg 100 töflur).“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1986.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, nr. 467 frá 7. ágúst 1981, sbr. reglugerð nr. 138 frá 6. mars 1984 og reglugerð nr. 119 frá 27. febrúar 1985.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu útsvara á árinu 1986 telst skilyrði 1. mgr., 3. gr. reglugerðar nr. 467 frá 7. ágúst 1981 fullnægt, þótt útsvar hafi ekki verið innheimt með álagi skv. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73/1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. janúar 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 12 7. janúar 1986

AUGLÝSING

um (fjórðu) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 50/1983.

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða, skal afgreiðslutími eftirtalinna lyfjabúða vera sem hér segir:

	kl.
Apótek Ólafsvíkur	
Mánudaga — föstudaga	10—12:30 og 14—18
Rangár Apótek	
Mánudaga — fimmtudaga	9—12:30 og 14—17:30
Föstudaga	9—12:30 og 14—18:30

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1986.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1986

6. janúar 1986 9 Nr. 13

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig sjúkranuddara og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá skólum, sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisyfirvöldum. Leita skal umsagnar Sjúkranuddarafélags Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum takmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum ríkisborgurum, sem eru í starfi við gildistöku laganna og hafa starfað í 3 ár samfellt, ótakmarkað starfsleyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

5. gr.

Starfsvettvangur sjúkranuddara er á heilbrigðisstofnunum og eigin stofum. Þeir starfa á eigin ábyrgð en þó eingöngu samkvæmt tilvísun læknis sé um að ræða meðferð í lækninga- eða endurhæfingarskyni.

Starfssvið sjúkranuddara er almennt nudd, með höndum og tækjum, raf- og hitameðferð með geislum, leiðni og streymi, vatnsmeðferð, liðkun liðamóta og vöðva samfara nuddi.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar sjúkranuddarastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð þessari.

7. gr.

Sjúkranuddara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum. Sömu reglur skulu gilda um starfsfólk það, sem sjúkranuddari kann að hafa í starfi.

8. gr.

Sjúkranuddara ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

9. gr.

Sjúkranuddara er skylt að halda dagbók um þá, er leita til hans og aðrar skýrslur í samræmi við fyrirmæli landlæknis.

10. gr.

Um sjúkranuddara gilda að öðru leyti reglur læknalaga nr. 80/1969.

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi og sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. janúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 14 6. janúar 1986

SAMÞYKKT

um sorphreinsun í Egilsstaðahreppi

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Egilsstaðahreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kauptúnsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisnefndar.

II. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Sérhver íbúðareigandi (eða leigjandi) í Egilsstaðakauptúni er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna og viðhald þeirra.

3. gr.

Sorpið sem sett er í sorpílátin má vera allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, möl, grjót, byggingarsorp, gras o. þ. h. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn og gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Verði tekið upp sorphreinsunargjald skv. 7. gr., leggur Egilsstaðahreppur til einn sorppoka fyrir hverja íbúð vikulega. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða hjá sorphreinsunarmönnum.

5. gr.

Allt það sorp, sem eigi verður látið í poka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast sjálfir á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

III. KAFLI

Hreinsun á sorpi frá verslunar- og iðnfyrirtækjum.

6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur hér að framan, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Egilsstaðahrepps skal framkvæma eftir ströngustu fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar og skal þrifnaður í hávegum hafður.

IV. KAFLI

Sorphreinsigjald, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs hússorps greiðist af sveitarsjóði, þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphreinsunargjald í gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Slík gjald skal þó aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Egilsstaðahrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast þá í því að úr verði bætt. Sorphreinsunarmönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkv. lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

V. KAFLI

Gildistaka

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Egilsstaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi við birtingu, hlutaðeigandi til eftirbreytni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. janúar 1986.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

GJALDSKRÁ fyrir póstþjónustu. Gildir frá 1. febrúar 1986.

TEGUND SENDINGAR		Innanlands	Norðurlönd		Önnur lönd í Evrópu		Lönd utan Evrópu	
Hámark stærðar og þyngdar	Þyngdarmörk g	Burðargj. kr.	Alm. burðargj. kr.	[1] Flugburðargj. kr.	Alm. burðargj. kr.	[1] Flugburðargj. kr.	Alm. burðargj. kr.	[1] Flugburðargj. kr.
Bréf.	20	10	10	[2]	12	[2]	12	20
Hámarksstærð:	100	13	13		29		29	58
Lengd + breidd	250	24	24		57		57	159
+ þykkt 900 mm.	500	43	43		110		110	296
Mesta lengd 600 mm.	1000	72	155		191		191	575
Í ströngum:	2000	100	311		311		311	1096
lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm.								
Mesta lengd 900 mm.								
Hámarksþyngd 2 kg.								
Lágmarksstærð:								
90 × 140 mm. Í ströngum:								
Lengd + tvöfalt								
þvermál 170 mm.								
Minnsta lengd 100 mm.								
Póstkort.				[2]		[2]		
Mest 105 × 148 mm.		10	10		10		10	12
Minnst 90 × 140 mm.								
Prent.								
Stærð sama og bréfa.	20	10	10	10	10	10	10	12
(Prentkort, sama stærð	100	13	13	13	13	16	13	28
og póstkort).	250	24	24	24	24	28	24	58
Hámarksþyngd 2 kg.	500	43	43	43	43	63	43	114
Bækur þó 5 kg.	1000	72	72	72	72	111	72	218
Burðargjald fyrir prent	2000	100	100	100	100	200	100	441
yfir 1000 g til Norðurl.	3000	150	150	150	150	320	150	565
er sama og fyrir	4000	200	200	200	200	440	200	689
„Önnur lönd."	5000	250	250	250	250	560	250	813
Smápakkar.	100	13	13	13	13	16	13	28
Stærð sama og bréfa.	250	24	24	24	24	28	24	58
Hámarksþyngd 2 kg.	500	43	43	43	43	63	43	114
	1000	72	72	72	72	111	72	218
	2000[6]	100	100	100	100	200	100	441
Innrituð blöð og tímarit.			Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landssamtaka stéttarfélags og fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál, vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 138/1982, grein 14.4.1.					
Innritunargjald 7500.00 kr.								
Stærð sama og bréfa.								
a) Til umboðsm.	hver							
(minnst 50 eintök	500	5,30						
til hvers í einu).								
Hámarksþ. 20 kg.								
b) Til áskrifenda.								
Minnsta gjald:								
300 eint.								
Hámarksþyngd	100	2,00						
500 g hvert eintak.	200	4,00						
	300	5,90						
	400	7,30						
	500	13,30						

[1]) Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.
[2]) Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.
[3]) Umsókn um gjaldeyrisyfirfærslu (ebl. 509) útfyllist við allar greiðslur til útlanda.
[4]) Til útlanda bætist við gjald fyrir símskeyti til viðkomandi lands.
[5]) Póststöðvar gefa upplýsingar um þau lönd sem póstgíró og/eða póstávísanaviðskipti eru við.
[6]) Ekki til allra landa. Nánari upplýsingar veita póststöðvar.
[7]) Gjöld fyrir gíróþjónustu innanlands eru birt í Handbók um gíróþjónustu.

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að 787 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 9033 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

Pósthólfaleiga. Ársleiga eftir stærð: 225, 290 og 350 kr. Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

TEGUND SENDINGAR	Innanlands	Norðurlönd	Önnur lönd[5])
	Burðargjald krónur [7])	Burðargjald krónur	Burðargjald krónur
Póstgíróþjónusta[3]) (Hámarksupphæð ótakmörkuð)			
Innborganir (ókeypis á eigin reikning)		15	18
Millifærslur á milli póstgíróreikninga		ókeypis	ókeypis
Útborganir (ókeypis í eigin hendur) ..		25	30
Póstávísanir[3]). Hámarksupphæð 100 000 kr. innanlands. Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita póststöðvarnar upplýsingar			
a) almennar póstávísanir	25	25	30
b) símapóstávísanir	110	25[4])	30[4])
Póstkröfur Hámarksupphæð innanlands sama og póstávísana (100 000 kr.). Með innborgun á póstgíróreikning er hámarksupphæð ótakmörkuð. Burðargjald sendingar eftir tegund.			
a) Með póstávísun	45	45	48
b) Með innborgun á póstgíróreikning	30	30	

TEGUND SENDINGAR	Burðargjald krónur	
Almennir bögglar (innanlands):	Þyngdarmörk kg	Alm. bögglar krónur
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + breidd + þykkt 3 m. Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir böggla til útlanda veita pósthúsin upplýsingar.	5	90
	10	140
	15	205
	20	230

	Rúmfr. broth. krónur
	135
	210
	308
	345

Verðbréf og -bögglar. krónur
Burðargjald sendingar eftir tegund.
Skrásetningargjald 30
Tryggingargjald.
Fyrir hverjar 500 kr. eða minna 30

Blindraprent: Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

Loftbréf: Söluverð 1 króna, auk burðargjalds fyrir almennt bréf af fyrsta þyngdarflokki (12 krónur).
Má senda flugleiðis til allra landa án viðbótargjalds.

Ýmis önnur gjöld.

Ábyrgðargjald ..... 30 krónur

Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu 20 krónur

Hraðboðagjald: (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús). Þar sem daglegur útburður er ..... 70 krónur

Móttökukvittun ..... 12 krónur

Talning í verðbréfi innanlands: 21 króna hver sending.

Alþjóða-svarmerki: Söluverð 30 krónur. Skiptiverð í frímerkjum 12 krónur.

Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli: 21 króna.

Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka: 21 króna.

Tollmeðferð böggla: 25 krónur.

Gjald fyrir að búa um böggla á ný: 14 krónur.

Geymslugjald böggla: 25 krónur á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.

Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur: Utanlands og innan 12 krónur.

PÓSTFAX-ÞJÓNUSTA

a) Frá póststöð til póststöðvar ..... 110 krónur fyrsta síða
75 krónur hver viðbótarsíða

b) Frá einkatæki til póststöðvar ..... 70 krónur fyrsta síða
45 krónur hver viðbótarsíða

c) Frá póststöð til tækis í einkaeign ..... 95 krónur fyrsta síða
65 krónur hver viðbótarsíða

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 13. gr. póstlaga nr. 31/1940 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. febrúar 1986. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu nr. 254 frá 26. júní 1985.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

1. gr.

Með ávana- og fíkniefnum er átt við í reglugerð þessari lyf og efni, sem talin eru á listum I-IV í „Single Convention on Narcotic Drugs" 30. mars 1961 ásamt viðaukum, og listum I-IV í „Convention on Psychotropic Substances" 19. febrúar 1971 ásamt viðaukum. Ennfremur önnur lyf og efni, sem sannað hefur verið við vísindalega rannsókn, að misnota megi á svipaðan hátt eða hafi lík skaðvænleg áhrif.

Ávana- og fíkniefni eru skráð á lista í fylgiskjali I með reglugerð þessari, og á sú skrá jafnframt við sölt efnanna og hvers konar samsetningar.

2. gr.

Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla svo og hvers konar önnur meðferð ávana- og fíkniefni, sem merkt eru „B" í lista með reglugerð þessari, er óheimil á íslensku forráðasvæði.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu banni vegna vísindalegra rannsókna eða af öðrum sérstökum orsökum. Nú er reglum eða skilyrðum, sem ráðherra setur um slíkar undanþágur, ekki fullnægt og er ráðherra þá heimilt að nema þegar í stað úr gildi eða takmarka slíkar undanþágur.

3. gr.

Lyfsalar mega flytja inn og út, framleiða, selja og afhenda ávana- og fíkniefni, með þeim takmörkunum, sem kunna að verða gerðar samkvæmt reglugerð þessari eða öðrum ákvæðum.

Lyfjaverslun ríkisins og aðrar lyfjagerðir mega því aðeins flytja inn og út, framleiða og selja í heildsölu ávana- og fíkniefni að þær hafi til þess leyfi ráðherra.

Lyfjaheildsölur mega því aðeins flytja inn og út og selja í heildsölu ávana- og fíkniefni að þær hafi til þess leyfi ráðherra.

Leyfi samkvæmt 2. og 3. málsgrein skulu bundin hverju einstöku lyfi og efni.

Lyfsölum, Lyfjaverslun ríkisins, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum er einum heimilt að afhenda ávana- og fíkniefni öðrum aðila, sbr. 7. gr., er leyfi hefur til vörslu, meðferðar eða sölu ávana- og fíkniefna. Þetta ákvæði nær ekki til afhendingar lyfjabúða og annarra er hafa leyfi til lyfjasölu til einstaklinga samkvæmt lyfseðli læknis (dýralæknis, tannlæknis).

Lyfjaverslun ríkisins, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum er aðeins heimilt að afhenda ávana- og fíkniefni þeim aðilum, er rétt eiga og leyfi hafa til lyfjasölu hér á landi, svo og sjúkrahúsum, er uppfylla skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða um meðferð lyfja á sjúkrahúsum.

4. gr.

Þeir, sem hafa leyfi til innflutnings skv. 3. gr. og hyggjast flytja inn ávana- og fíkniefni, hvort sem er í formi hráefnis eða samsetninga er innihalda efni, sem talin eru í fylgiskjali I, skulu sækja um innflutningsleyfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins í hvert sinn, áður en pöntun er gerð, sé þess krafist, sjá nánar í fylgiskjali.

Í umsókn skal greina:

1. Nafn og heimilisfang umsækjanda.
2. Nafn og heimilsfang seljanda.

3. Heiti efnis og magn. Ef um samsetningu er að ræða, þá heiti og magn þess ávana- og fíkniefnis, sem er í samsetningunni.
4. Hvernig efnið óskast flutt (í pósti, flugpósti o. s. frv.).
5. Til hverra nota efnið er ætlað (til lækninga, rannsókna o. s. frv.).

5. gr.

Ráðuneytið gefur út innflutningsleyfi. Frumrit og tvö afrit sendast umsækjanda, er sendir frumritið með pöntun sinni til seljanda.

Innflytjandi framvísar tollyfirvöldum, á innflutningsstað, afriti af innflutningsleyfi.

Efni þau, sem hér um ræðir, má ekki tollafgreiða, nema tollyfirvöldum hafi verið framvísað afriti af innflutningsleyfi, og aðeins til þess aðila, sem innflutningsleyfið heimilar. Sendingin skal vera merkt því nafni og heimilisfangi innflytjanda, sem í innflutningsleyfinu greinir. Óheimilt er að nota pósthólf, nafn banka eða annað þess háttar sem heimilisfang. Efnið skal í sendingu vera greinilega áritað því heiti, sem greint er í innflutningsleyfinu, en sá merkimiði má ekki vera á ytri umbúðum.

Jafnskjótt og innflytjandi hefur veitt efninu móttöku, skal hann rita á afrit sitt af innflutningsleyfinu dagsetningu, heiti og magn efnisins, sem hann í raun veitti viðtöku og senda afritið til ráðuneytisins, ásamt afriti af útflutningsleyfi hlutaðeigandi yfirvalda í landi seljanda, ef slíkt afrit hefur fylgt sendingunni.

6. gr.

Innflutningsleyfi gildir að jafnaði í fjóra mánuði nema heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið heimili annað. Verði innflutningsleyfi ekki notað, skal tilkynna það ráðuneytinu skriflega í síðasta lagi þann dag, er innflutningsleyfið rennur út. Ef um óunnið eða hálfunnið hráefni til lyfjagerðar er að ræða, skal flytja inn heimilað magn í einu lagi.

Sömu ákvæði og að framan greinir um innflutning gilda einnig ef um útflutning er að ræða.

Ákvæði þessi um innflutning og útflutning eiga ekki við um þau ávana- og fíkniefni, sem samkvæmt gildandi reglum skulu vera í lyfjakistum skipa eða loftfara og ekki heldur um þau lyf, sem einstaklingar flytja með sér til eigin nota og þeim hefur verið ávísað á lögmætan hátt og endast mega í allt að 10 daga, ef fyrirmælum læknis er hlítt.

7. gr.

Lyfsalar, héraðslæknar með lyfsölu, dýralæknar með lyfsölu, sjúkrahús, Lyfjaverslun ríkisins, lyfjagerðir og lyfjaheildsölur, sem annast vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna samkvæmt reglugerð þessari skulu fylgja ákvæðum um skráningu á afhendingu eftirritunarskyldra lyfja samkvæmt nánari leiðbeiningum þar að lútandi.

Ennfremur skal skrá á sérstök eyðublöð notkun eftirritunarskyldra ávana- og fíkniefna við framleiðslu, rýrnun við framleiðslu og af öðrum orsökum svo sem vegna förgunar.

Útfyllt eyðublöð skulu send Lyfjaeftirliti ríkisins mánaðarlega fyrir 10. dag hvers mánaðar.

Óheimilt er að farga ávana- og fíkniefnum nema í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins og að viðstöddum lyfjaeftirlitsmanni.

8. gr.

Bannað er að afhenda ávana- og fíkniefni sem lyfjasýnishorn. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu banni vegna vísindalegra rannsókna eða af öðrum sérstökum orsökum.

Aðilar samkvæmt 7. gr. skulu gera ársskýrslur varðandi ávana- og fíkniefni á sérstöku eyðublaði, sem látið er í té af ráðuneytinu. Ennfremur skulu þeir gefa á hverjum tíma þær skýrslur og upplýsingar, sem ráðuneytið telur nauðsynlegar til eftirlits með ávana- og fíkniefnum.

9. gr.

Um mál er rísa kunna vegna brota á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að einni milljón króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Tilraun og hlutdeild í brotum gegn reglugerð þessari eru refsiverð samkvæmt III. kafla hinna almennu hegningarlaga.

Ávana- og fíkniefni, sem aflað hefur verið á ólögmætan hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu skal gera upptæk til ríkissjóðs. Þá skal og heimilt að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu ávana- og fíkniefna, svo og hvers konar muni, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efnanna.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 21. maí 1974 með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um ávana- og fíkniefni nr. 390/1974 með síðari breytingum nr. 159/1979 og nr. 385/1979, einnig ákvæði annarra reglugerða, er fara í bága við reglugerð þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1986.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Ingolf. J. Petersen.

Fylgiskjal I.

Skýringar:

B. Efni, sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði, sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974, með síðari breytingum og 2. gr. þessarar reglugerðar.

N I-IV. Efni talin á fylgiskjölum I-IV með Alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1961, með síðari breytingum, sbr. auglýsingu um aðild Íslands að alþjóðasamningi frá 30. mars 1961 um ávana- og fíkniefni nr. 22/1974 og auglýsingu um gildistöku bókunar frá 25. mars 1972 við alþjóðasamning um ávana- og fíkniefni 1961 nr. 16/1975.

P I-IV. Efni talin á fylgiskjölum I-IV með Alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1971, með síðari breytingum, sbr. auglýsingu um aðild Íslands að alþjóðasamningi frá 21. febrúar 1971 um ávana- og fíkniefni nr. 23/1974 og auglýsingu um gildistöku alþjóðasamnings frá 21. febrúar 1971 um ávana- og fíkniefni nr. 19/1976.

Öll efni á eftirfarandi lista eru eftirritunarskyld, nema annað sé tekið fram.

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóða-samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út-flutnings-leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Acetorphinum	N I	x	B	
Acetyldihydrocodeinum	N II + III	x		1)
Acetylmethadolum	N I	x		
Aethallymalum				5)9(3 g))
Alfentanilum	N I	x		
Allobarbitalum				5)9(3 g))
Allylprodinum	N I	x		
Alphacetylmethadolum	N I	x		
Alphameprodinum	N I	x		
Alphamethadolum	N I	x		
Alphaprodinum	N I	x		
Alprazolamum	P IV			5)
Amphepramonum	P IV			
Amobarbitalum	P III			9(3.0 g))
Amphetaminum	P II	x		2)
Anileridinum	N I	x		
Aprobarbitalum				9(3.0 g))
Apronalum				5)9(3 g))
Barbitalum	P IV			5)9(5.0 g))
Benzethidinum	N I	x		
Benzphetaminum	P IV	x		
Benzylmorphinum	N I	x		
Betacetylmethadolum	N I	x		
Betameprodinum	N I	x		
Betamethadolum	N I	x		
Betaprodinum	N I	x		
Bezitramidum	N I	x		
Bromazepamum	P IV			5)
Bufoteninum		x	B	
Buprenorphinum		x		
Camazepamum	P IV			5)
Cannabis	N I + IV	x	B	7)
Cannabis-harpeis	N I + IV	x	B	7)
Carisoprodolum				9(20/21 g #))
Cetobemidonum	N I + IV	x	B	
Chlordiazepoxidum	P IV			5)9(500/625 mg #))
Chlorphenterminum		x	B	
Clobazamum	P IV			5)
Clonazepamum	P IV			5)

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóða-samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út-flutnings-leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Clonitazenum	N I	x		
Clorazepatum	P IV			5)
Clotiazepamum	P IV			5)
Cloxazolamum	P IV			5)
Coca-blöð	N I	x		
Cocainum	N I	x		8)
Codeinum	N II + III	x		1)10 #)
Codoximum	N I	x		
Cyclobarbitalum	P III			5)9(3.0 g))
Delorazepamum	P IV			5)
Desomorphinum	N I + IV	x	B	
DET*	P I	x	B	
Dexamphetaminum	P II	x		2)
Dextromoramidum	N I	x		
Dextropropoxyphenum	N I + III	x		4)
Diacetylmorphinum sjá Heroin				
Diampromidum	N I	x		
Diazepamum	P IV			5)9(250/260 mg #))
Diethylthiambutenum	N I	x		
Difenoxinum	N I	x		5)
Dihydrocodeinum	N II + III	x		1)
Dihydromorphinum	N I	x		
Dimenoxadolum	N I	x		
Dimepheptanolum	N I	x		
Dimethoxybromo-amphetaminuum (DOB)	P I	x		
Dimethylthiambutenum	N I	x		
Dioxaphetyli butyras	N I	x		
Diphenoxylatum	N I + III	x		3)
Dipipanonum	N I	x		
DMHP*	P I	x	B	
DMT*	P I	x	B	
DOM sjá STP	P I	x	B	
Drotebanolum	N I	x		
Ecgonium	N I	x		
Estazolamum	P IV			5)
Etchlorvynolum	P IV			5)
Ethinamatum	P IV			5)
Ethyl loflazepatum	P IV			5)

EFNI INN — nafn (latneskt)	Alþjóða-samningar N-1961 P-1971 Fsk. I-IV	Inn-/út-flutnings-leyfi krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Ethylmethylthiambutenum	N I	x		
Ethylmorphinum	N II + III	x		1)6(1.0 g))
Eticyclidinum sjá PCE	P I	x	B	
Etonitazenum	N I	x		
Etorphinum	N I	x	B	
Etoxeridinum	N I	x		
Fentanylum	N I	x		
Fludiazepamum	P IV			5)
Flunitrazepamum	P IV			5)9(100 mg))
Flurazepamum	P IV			5)9(1.5/1.8 g #))
Folium coca	N I	x		
Furethidinum	N I	x		
Glutethimidum	P III			9(5.0 g))
Halazepamum	P IV			5)
Haloxazolamum	P IV			5)
Heptabarbitalum				5)9(3 g))
Heroin	N I + IV	x	B	
Hexobarbitalum				5)9(5.0 g))
Hydrocodonum	N I	x		
Hydromorphinolum	N I	x		
Hydromorphonum	N I	x		
Hydroxypethidinum	N I	x		
Isomethadonum	N I	x		
Ketazolamum	P IV			5)
Ketobemidon sjá Cetobemidonum				
Lefetaminum sjá SPA	P IV	x	B	
Levomethorphanum	N I	x		
Levomoramidum	N I	x		
Levophenacylmorphanum	N I	x		
Levorphanolum	N I	x		
Loprazolamum	P IV			5)
Lorazepamum	P IV			5)
Lormetazepamum	P IV	x		5)
LDS sjá Lysergidum				
Lysergidum	P I	x	B	

Allir sparisjóðir skulu vera aðilar að Tryggingarsjóði. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tryggingarsjóður hefur það meginhlutverk að tryggja full skil á innlánsfé við sparisjóð ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga nr. 87/1985, sbr. 3. mgr. 63. gr. sömu laga, eða endurskipulagningar samkvæmt 65. gr. laga nr. 87/1985 að því leyti sem eignir sjóðsins hrökkva til og mælt er fyrir um í samþykktum þessum.

3. gr.

Til þess að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða er Tryggingarsjóði heimilt að tryggja skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs en getið er um í 2. gr. Í þessu skyni er stjórn sjóðsins heimilt:

a) að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs,
b) að ganga í ábyrgð fyrir sparisjóð,
c) að bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir,
d) að veita sparisjóði stuðning að öðruleyti á hvern þann hátt og með þeim skilyrðum sem stjórn Tryggingarsjóðs ákveður og samræmist lögum 87/1985 og samþykktum þessum.

4. gr.

Stefnt skal að því að eigið fé Tryggingarsjóðs nemi 1% af heildarinnlánsfé sparisjóða. Í þessu skyni skal hver sparisjóður greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til Tryggingarsjóðs er nemi fyrstu fimm ár starfstíma hans hlutfalli a. m. k. 0,5 ‰ af heildarinnlánsfé um næstu áramót á undan. Aðalfundur Tryggingarsjóðs ákveður þetta hlutfall nánar að fengnu samþykki ráðherra og skal hlutfallið vera hið sama fyrir alla sparisjóði. Þó getur aðalfundur ákveðið að undanþiggja sparisjóð greiðslu árgjalds um tiltekinn tíma. Fyrsta inngreiðsla skal eiga sér stað fyrir 1. mars 1986.

Þegar 1% markinu er náð falla greiðslur til Tryggingarsjóðs niður en verði sjóðurinn minni en svarar 1% af heildarinnlánsfé sparisjóða miðað við næstu áramót á undan skulu greiðslur teknar upp samkvæmt ákvörðun aðalfundar eða aukafundar.

Til þess að Tryggingarsjóður geti þegar í upphafi gegnt hlutverki sínu samkvæmt 2. og 3. gr. skal stjórn Tryggingarsjóðs afla ábyrgðaryfirlýsinga frá sparisjóðum fyrir fjárhæðum en nemi 0,4% af heildarinnlánsfé sbr. 1. mgr. Eftir nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs skulu sparisjóðirnir leggja fram formlegar tryggingar fyrir ábyrgð sinni. Þegar eigið fé Tryggingarsjóðs nemur meira en 0,6% af heildarinnlánsfé skal hlutfallslega dregið úr ábyrgðum þessum.

5. gr.

Aðalfundur Tryggingarsjóðs fer með æðsta vald í málefnum hans.

Hver sparisjóður fer með atkvæðisrétt á aðalfundi í samræmi við hlutfall innborgaðs ársframlags sparisjóðsins í heildarársframlögum í Tryggingarsjóð síðasta reikningsár fyrir aðlafund. Þó má enginn sparisjóður fara með meira en 1/10 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóði. Atkvæðisréttur sparisjóðs skal vera í höndum þess fulltrúa er sparisjóðurinn tilnefnir til þess að fara með atkvæði sjóðsins á aðalfundi.

Árlegur aðalfundur skal haldinn fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með 15 daga fyrirvara hið skemmsta. Aukafundi skal halda ef aðilar Tryggingarsjóðs sem fara með minnst ⅓ hluta atkvæðamagns í sjóðnum krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Þá skal stjórn Tryggingarsjóðs boða til fundar með sama hætti og til aðalfundar. Aukafundi skal annars halda þegar stjórn Tryggingarsjóðs telur þess þörf með þeim fyrirvara sem hún ákveður.

Hver sparisjóður á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum Tryggingarsjóðs ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar Tryggingarsjóðs með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Aðalfundur getur ekki tekið endanlega ákvörðun í öðrum málefnum en þeim sem getið er í boðaðri dagskrá.

6. gr.

Formaður stjórnar Tryggingarsjóðs stýrir aðalfundum sjóðsins. Skal hann sjá um að haldin sé gerðabók um það sem gerist á aðalfundum.

Á aðalfundi skal m. a. taka eftirgreind mál fyrir:

a) skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
b) staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi,
c) kosningu stjórnar,
d) þóknun stjórnarmanna,
e) breytingar á samþykktum Tryggingarsjóðs,
f) önnur mál.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema öðruvísi sé mælt í samþykktum þessum.

7. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skipa fimm menn. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Fimmti stjórnarmaðurinn skal vera forstöðumaður bankaeftirlitsins. Varamaður hans skal vera staðgengill hans í störfum fyrir bankaeftirlitið.

Stjórn Tryggingarsjóðs kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórn Tryggingarsjóðs heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður óskar þess.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Haldin skal gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda.

Verkefni stórnarinnar eru m. a. eftirfarandi:

a) gera tillögur um árlegt árgjald til Tryggingarsjóðs,
b) sjá um innheimtu á árlegu gjaldi til Tryggingarsjóðs,
c) afla ábyrgðaryfirlýsinga frá sparisjóðum,
d) taka ákvarðanir um ávöxtun á fé sjóðsins,
e) taka ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum,
f) semja ársreikning,
g) ráða löggiltan endurskoðanda,
h) taka ákvarðanir og veita umsagnir sem Tryggingarsjóði er sérstaklega falið samkv. l. nr. 87/1985,
i) taka ákvarðanir sem snerta starfsemi Tryggingarsjóðs að öðru leyti en talið er upp í tölul. 1–8 hér að framan.

9. gr.

Ávöxtun eigin fjár Tryggingarsjóðs skal við það miðuð að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Að jafnaði skal u. þ. b. helmingur af fé Tryggingarsjóðs vera bundinn í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða stofnana sem hann ber ótakmarkaða ábyrgð á.

10. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs ákveður í hverju einstöku tilviki þau skilyrði sem sett eru fyrir lánum, yfirtöku eigna, ábyrgðum, bótum v/sérstakra tapa eða kostnaðar sem sparisjóður verður fyrir, innlánum eða annars konar stuðningi við sparisjóð, sbr. 3. gr.

Sparisjóður er nýtur stuðnings frá Tryggingarsjóði er skuldbundinn til að hlýta skilyrðum varðandi stjórnun og rekstur sparisjóðsins er stjórn Tryggingarsjóðs kann að setja fyrir aðstoð samkvæmt 1. mgr. Þá skal sparisjóðurinn gefa stjórn Tryggingarsjóðs reglubundnar skýrslur um stöðu sparisjóðsins og starfsemi allt samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs, sbr. 47. gr. l. nr. 87/1985.

11. gr.

Ef bú sparisjóðs er tekið til gjaldþrotaskipta ber skiptaráðanda þegar að staðreyna heildarfjárhæð inneigna viðskiptamanna hans á innlánsreikningum að meðtöldum þeim vöxtum og/eða verðbótum, sem á inneignarfjárhæð hafa fallið á þeim degi sem búið var tekið til skipta. Innlánsreikningar í erlendum gjaldmiðli skulu umreiknaðir til skráðs gengis íslensks gjaldmiðils þess sama dags. Skal skiptaráðandi tilkynna stjórn Tryggingarsjóðs án tafar um heildarfjárhæð þessa.

12. gr.

Sé heildarfjárhæð inneigna, reiknuð samkvæmt 11. gr. minni en nemur ⅔ hlutum eigna og ábyrgð í eigu Tryggingarsjóðs á þeim degi, sem bú sparisjóðs er tekið til gjaldþrotaskipta, skal Tryggingarsjóður innan tveggja vikna frá því honum berst tilkynning skiptaráðanda stofna sérstakan reikning við Lánastofnun sparisjóðanna eða Seðlabanka Íslands, sem skiptaráðandi hefur ráðstöfunarrétt yfir, og leggja þar inn heildarfjárhæðina.

13. gr.

Nemi heildarfjárhæð inneigna samkvæmt 11. gr. meiru en andvirði ⅔ hluta eigna og ábyrgða í eigu Tryggingarsjóðs á þeim degi, sem bú sparisjóðs er tekið til gjaldþrotaskipta, ber honum ekki að láta skiptaráðanda hærri fjárhæð af hendi til ráðstöfunar en hlutfalli þessu nemur. Verður Tryggingarsjóður ekki síðar krafinn um frekari greiðslur vegna sparisjóðsins skal skiptaráðandi skipta greiðslu Tryggingarsjóðs hlutfallslega milli eiganda innlánsreikninga þannig að allir fái þeir sama hlutfall inneignar fjárhæðar. Um framkvæmd útborgunar til skiptaráðanda gilda að öðru leyti fyrirmæli 12. gr.

14. gr.

Skiptaráðandi skal greiða eigendum innlánsreikninga inneignarfjárhæð þeirra eða það hlutfall hennar sem greiðsla Tryggingarsjóðs hrekkur til, eigi fyrirmæli 13. gr. við, jafnskjótt og við verður komið eftir að krafa um greiðslu berst. Standi eftir fé á reikningi, sem Tryggingarsjóður stofnar til að hætti 12. gr., að fullgreiddum öðrum kröfum eigenda innlánsreikninga en eftirstæðum kröfum þeirra við búskiptin, skal það renna á ný til Tryggingarsjóðs.

Frá því skiptaráðandi greiðir eiganda innlánsreiknings kröfu hans samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. telst Tryggingarsjóður eigandi kröfunnar á hendur þrotabúi sparisjóðsins að því leyti sem krafan hefur greiðst með þessum hætti.

Hafi greiðsla Tryggingarsjóðs verið með þeim hætti, sem greinir í 13. gr. og hrökkvi eignir þrotabús sparisjóðsins ekki til þess að eigendur innlánsreikninga fái fullnustu krafna sinna á hendur því skal úthlutun sú úr búinu, sem falla ætti í hlut Tryggingarsjóðs vegna fyrirmæla 2. mgr., deilast við úthlutun úr búinu milli eigenda innlánsreikninga að því marki, sem þarf til að fullnægja öðrum kröfum þeirra vegna innlánsreikninga en eftirstæðum kröfum við búskiptin.

15. gr.

Reikningsár Tryggingarsjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur Tryggingarsjóðs skal lagður fyrir endurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikingsárs. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn Tryggingarsjóðs.

16. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

17. gr.

Framkvæmdstjóri Sambands sparisjóða hefur á hendi daglegan rekstur Tryggingarsjóðs.

18. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 87/1985.

19. gr.

Til breytingar á samþykktum þessum þarf jáyrði þeirra er fara með ⅔ hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Breytingin tekur ekki gildi fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu ráðherra.

20. gr.

Samþykktir þessar, sem eru settar af stofnfundi Tryggingarsjóðs sparisjóða samkvæmt heimild í 56. gr. laga nr. 87/1985, staðfestast hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 4. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Björn Líndal.

28. janúar 1986 Nr. 62

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu.

Í fjárlögum fyrir árið 1986, á lið 02-233, eru veittar 50 milljónir króna til Rannsóknasjóðs. Fé þessu verður varið til að styrkja rannsóknir og tilraunir í þágu nýsköpunar í atvinnulífinu.

Að fengnum tillögum framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins eru hér með settar eftirfarandi reglur um úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði 1986:

1. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun styrkja.

Framkvæmdanefnd skipar matnsnefnd þriggja manna til að veita umsögn um styrkumsóknir og raða þeim í forgangsröð. Í matsnefnd skulu eiga sæti þrír menn, valdir sem hér segir:

— Einn með víðtæka þekkingu á atvinnulífi og reynslu af stjórnunarstörfum á þeim vettvangi.
— Einn starfandi vísindamaður er njóti viðurkenningar fyrir rannsóknir á sviði grundvallarvísinda.
— Einn með viðskiptalega reynslu og þekkingu á markaðsmálum.

Matnefnd skal eftir þörfum kveðja sér til aðstoðar a. m. k. tvo sérfróða menn til að veita faglega umsögn um einstakar umsóknir.

2. Auglýst skal eftir umsóknum um styrki með hæfilegum umsóknarfresti.
Í auglýsingu skal getið forgangssviða og matsforsendna, sbr. 5. tölulið. Ákvörðun um styrkveitingar skal liggja fyrir innan tveggja mánaða frá lokum umsóknarfrests og birt opinberlega.
3. Um styrk geta sótt einstaklingar, stofnanir eða fyrirtæki. Umsóknir skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum. Standi fleiri aðilar en einn sameiginlega að umsókn skal gerð grein fyrir skiptingu verkefna, kostnaðar og ábyrgðar.
4. Styrkir skulu aðallega veittir til rannsókna og tilraunastarfsemi sem líkleg er til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi á næstu árum, en heimilt er einnig að styrkja verkefni sem miða að langframauppbyggingu og færni á tilteknum sviðum.
Styrkur er ætlaður til að greiða laun og útlagðan kostnað, svo og beinan stjórnunarkostnað við verkefnið. Heimilt er og að styrkja tækjakaup til einstakra verkefna, enda séu tækin til sérstakra nota í verkefninu en ekki til almennra nota eða þjónustu í viðkomandi fyrirtæki eða stofnun. Tækjum sem keypt eru fyrir styrkfé skal að verkefni loknu ráðstafað af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins. Hluta styrks má verja til útgáfu og kynningar á niðurstöðum verkefnis, enda sé gert ráð fyrir því í umsókn.
5. Tillögur um styrkveitingar skulu við það miðaðar, að fé því sem til ráðstöfunar er verði varið til fárra verkefna á afmörkuðum sviðum, þar sem sóst er eftir umtalsverðum árangri, fremur en til smáverkefna á mörgum sviðum.
Styrkfé á árinu 1986 skal einkum verja til verkefna á nýjum og álitlegum tæknisviðum.
Sérstök áhersla skal lögð á
— fiskeldi,
— upplýsinga- og tölvutækni,
— líf- og lífefnatækni,
— nýting orku til nýrrar eða bættrar framleiðslu,
— undirstöðugreinar matvælatækni,
— framleiðni- og gæðaaukandi tækni.

Mat á verkefnum sem sótt er um styrk til skal byggt á
— líklegri gagnsemi verkefnis,
— gildi fyrir eflingu tækniþekkingar eða þróun atvinnugreina.
— möguleikum á hagnýtingu á niðurstöðum hér á landi,
— hæfni rannsóknamanna/umsækjenda,
— líkindum á árangri.

Forgangs skulu að öðru jöfnu njóta verkefni sem svo háttar um, að
— samvinna stofnana eða fyrirtækja og stofnana er mikilvægur þáttur í framkvæmd verkefnisins,
— fyrirtæki leggja umtalsverða fjármuni af mörkum,
— líkindi eru á skjótum og umtalsverðum árangri til hagnýtingar í atvinnulífi, sbr. þó 1. málsgrein 4. töluliðar:

6. Gera skal sérstakan samning við hvern styrkþega þar sem kveðið sé á um styrkskilmála. Í samningnum skal m. a. mælt fyrir um skyldur styrkþega að því er varðar skýrsluskil, bókhald og fjárhagslega skilagrein. Þá skulu og vera ákvæði um birtingu á niðurstöðum eða endurgreiðslu styrks sem hér segir:

Niðurstöður af rannsókna- eða tilraunaverkefni, sem notið hefur styrks úr Rannsóknasjóði, skulu birtar opinberlega í tímaritum eða í skýrslum, sem skulu vera aðgengilegar fyrir almenning á Íslandi. Öllum greinum og skýrslum sem gerðar eru um verkefnið eða einstakar niðurstöður þess skal skila til Rannsóknaráðs ríkisins í 5 eintökum.

Þó skal styrkþega heimilt að óska þess við framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs að niðurstöðum verði haldið leyndum ef hann vill hagnýta sér þær til efnahagslegs ávinnings. Skylt er styrkþega að tilkynna nefndinni þá fyrirætlun sína innan þriggja mánaða frá lokum verkefnisins. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs er heimilt að framlengja þann frest sé þess sérstaklega óskað.

Sé þess óskað að niðurstöðum verði haldið leyndum vegna áforma um hagnýtingu þeirra, skal í samkomulagi um slíkt gert ráð fyrir endurgreiðslu á raunvirði hins veitta styrks, verðtryggðum með lánskjaravísitölu frá útborgunardögum styrkja til greiðsludags. Í slíkum tilfellum á styrkþegi allan rétt til niðurstaðna af rannsóknum sínum.

Leiði framkvæmd verkefnis ekki til hagnýtingar þegar við lok verkefnisins og til endurgreiðslu styrks, er styrkþega skylt, ef framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins óskar þess, að taka þátt í reglubundnu endurmati á gagnsemi niðurstaðna og hvort af hagnýtingu geti orðið. Rannsóknaráð ber allan kostnað af slíku endurmati. Niðurstaða endurmats getur ekki leitt til kröfu um endurgreiðslu.

Menntamálaráðuneytið, 28. janúar 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

3. febrúar 1986 Nr. 63

GJALDSKRÁ

Rafveitu Húsavíkur

Raforkuverð — Yfirlit

A — ALMENNIR TAXTAR

A.1	Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:	
	Orkugjald	5,87 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 540,00 kr/ár
A.2	Verð á raforku til heimilisnotkunar	
	Orkugjald	4,78 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 540,00 kr/ár
A.3	Verð á raforku til mannvirkjagerðar	
	Orkugjald	8,61 kr/kWh
	Fast gjald 1 fasa	1 940,00 kr/ár

B — AFLTAXTAR

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar.

Orkugjald	1,32	kr/kWh
Aflgjald	6 041,00	kr/ár/kWh

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

C — HITUN

C.1 Verð á raforku til órofinnar hitunar.

Orkugjald	3,35	kr/kWh
Fast gjald	2 309,00	kr/ár

C.2 Verð á raforku til rofinnar hitunar

Orkugjald	1,46	kr/kWh
Fast gjald	1 540,00	kr/ár

Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.

ÖNNUR FASTAGJÖLD

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.

Fast gjald fyrir B lið skal jafngilda einu árskílówatti og bætast við mældan afltopp.

MÆLITÆKI

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

Málstr.		Heimt.gjöld:
25A	1 fasa	6 200,00
63A	1 fasa	30 600,00
63A	3 fasa	33 400,00
100A	3 fasa	51 500,00
200A	3 fasa	105 000,00
315A	3 fasa	165 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

ÝMIS ÁKVÆÐI

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 690,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 690,00 gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 25% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c-liðum, húshitun.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 113, 27. febrúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 3. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 700 28. desember 1981 um vitagjald.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Vitagjald, kr. 40,00 af hverri brúttórúmlest, skal greiða vegna skipa, sem eru 10 brúttórúmlestir eða stærri og taka höfn hér á landi, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 6,00.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 32. 11. janúar 1984.

Samgönguráðuneytið, 31. janúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 65 6. febrúar 1986

SAMÞYKKT

um breyting á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Akranesi, nr. 235/1985.

1. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá nr. 235/1985 verða sem hér segir árið 1986:

		Flokkun eftir umfangi og gerð			
		I	II	III	IV
Vottorð	kr.	300	300	300	300
Leyfisgj. frumleyfi	—	1 000	2 000	3 000	4 000
Leyfisgj. endurnýjun	—	1 000	2 000	3 000	4 000
Eftirlitsgjald	—	5 000	10 000	19 000	32 000

2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórna á heilbrigðiseftirlitssvæði Akranessvæðis staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. febrúar 1986.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Vestfjörðum.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, er sveitarstjórnum heimilt, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt gr. 36.1 heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr.	1 000,00
2. flokkur	—	2 000,00
3. flokkur	—	3 000,00
4. flokkur	—	4 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytingar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld, svo sem hér greinir:

1. flokkur	kr.	4 000,00
2. flokkur	—	8 000,00
3. flokkur	—	15 000,00
4. flokkur	—	25 000,00

5. gr.

Heilbrigðisfulltrúar semji fyrir hönd heilbrigðisnefnda lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á starfssvæðum sínum. Listinn skal afhentur skrifstofum þeirra sveitarfélaga, sem fara með fjármál heilbrigðiseftirlitsins. Þær sjái um samræmingu á álagningu og innheimtu gjaldanna í samráði við sveitarstjórnir á svæðinu.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari renna beint til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda samkvæmt 4. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Gjald skv. 4. gr. má innheimta með lögtaki.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 411/1985 með sama heiti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Með skírskotun til sérstaks samkomulags og þar til annað verður ákveðið gildir gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi nr. 236/1984 fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. janúar 1986.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi eftirlits.

I.	II.	III.	IV.
A 300	A 300	A 300	A 300
B 1 000	B 2 000	B 3 000	B 4 000
C 1 000	C 2 000	C 3 000	C 4 000
D 4 000	D 8 000	D 15 000	D 25 000
Bensínstöðvar.	Fangageymslur.	Brauðgerðarhús.	Stórmarkaðir, stærri kjörbúðir.
Leiktækjasalir.	Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur.	Brauðstofur.	Stór hótel.
Gufubaðstofur.		Pizzugerðir.	Stórar matvælavinnslustöðvar.
Ljósabaðstofur.	Gistiheimili án veitinga.	Dagheimili.	Stór brauðgerðarhús.
Leikvellir.	Heilsuræktarstöðvar.	Félagsheimli með veitingarekstur.	Mjólkurstöðvar.
Lækningastofur.	Íþróttahús án sundstaðar.	Fiskbúðir.	Vinnuheimili.
Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur.	Íþróttavellir/sundstaðir.	Minni hótel.	Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h.
Sælgætis- og tóbakssölur.	Brauðgerð/Brauðsala.	Sjúkrahús I. (hjúkrunarheimili o. s. frv.).	Sjúkrahús II. (svæðissjúkrahús, deildaskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús).
Málningarverslanir.	Kvikmyndahús.	Dvalarheimili o. þ. h.	
Tannlæknastofur.	Læknastöðvar.	Ísbúðir/Ísgerðir.	
Torgsala.	Leikskólar.	Íþróttahús með sundlaug.	
Annar rekstur sambærilegur.	Matsöluvagnar.	Sundlaugar/Sundhallir.	Annar rekstur sambærilegur.
	Mötuneyti (minni).	Kjörbúðir/Nýlenduvöruverslanir.	
	Neysluvörugeymslur.	Leiktækjasalir m/veitingum.	
	Nýlenduvöruverslanir.	Skyndibitastaðir.	
	Sælgætisgerðir (minni).	Stærri samkomuhús og veitingastaðir.	
	Tækifærisveitingar.	Sælgætisgerðir (stærri).	
	Annar rekstur sambærilegur.	Veislumiðstöðvar.	
		Veitingastaðir.	
		Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli).	
		Annar rekstur sambærilegur.	

A Vottorð.
B Leyfisgjald, frumleyfi.
C Leyfisgjald, endurnýjun.
D Eftirlitsgjald.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 100/1973, um eyðingu svartbaks og hrafns, með áorðnum breytingum.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar er heimilt að fela veiðistjóra og allt að 8 trúnaðarmönnum hans að nota í tilraunaskyni fenemal og tríbrómetanól til fækkunar hrafni og svartbaki og öðrum skaðlegum mávategundum, þó ekki í Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslum, Ísafjarðarsýslum og Strandasýslu. Aðgerðir þessar skulu miðaðar við að koma í veg fyrir beint tjón af völdum fugla. Veiðistjóri skal hafa samráð um þessar aðgerðir við menntamálaráðuneytið eða sérfræðing sem það tilnefnir að fenginni tillögu fuglafriðunarnefndar. Veiðistjóri og trúnaðarmenn hans sæki um leyfisskírteini til hlutaðeigandi lögreglustjóra og skulu trúnaðarmennirnir láta fylgja umsókn sinni meðmæli frá veiðistjóra. Lyfin skulu þeir kaupa hjá Lyfjaverslun ríkisins. Fyrir lok desembermánaðar þessa árs skulu veiðistjóri og trúnaðarmenn hans gefa ráðuneytinu skýrslu um framkvæmd fækkunarinnar og árangur.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi og gildir til ársloka 1986.

Menntamálaráðuneytið, 4. febrúar 1986.

F. h. r.
Knútur Hallsson.

Þórunn J. Hafstein.

30. janúar 1986 Nr. 68

AUGLÝSING

um niðurfellingu aðflutningsgjalda og sölugjalds af farsímum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll, sérstakt tímabundið vörugjald og sölugjald af farsímum (bílsímum).

Niðurfelling gjalda skv. 1. mgr. tekur til símans sjálfs með tónvalsbúnaði, sleða (cassette) fyrir símann, samtalssíu (duplexfilter), loftnets, talfæris og sérstaks hátalara, enda sé búnaður þessi fluttur í einu lagi til landsins, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Skilyrðis niðurlags 2. mgr. skal einnig gætt við úttekt úr tollvörugeymslu eftir því sem við á. Niðurfelling gjalda skal þó ná fram að ganga, þó að sendingu eða úttekt úr tollvörugeymslu vanti loftnet og/eða sérstakan hátalara.

2. gr.

Það skilyrði er ennfremur sett að búnaðurinn hafi verið samþykktur af Póst- og símamálastofnun til notkunar í bílsímaþjónustu stofnunarinnar og þar með hinu almenna símakerfi.

3. gr.

Nú er búnaður skv. 1. og 2. gr. fluttur inn til endursölu og er hann þá undanþeginn sölugjaldi við sölu.

4. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lið 3.17 í 6. gr. fjárlaga nr. 121 31. desember 1985 og lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. janúar 1986.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Nr. 69 11. febrúar 1986

REGLUGERÐ

um Menningarsjóð útvarpsstöðva.

1. gr.

Hlutverk Menningarsjóðs útvarpsstöðva er að veita íslenskum útvarpsstöðvum framlög til eflingar innlendri dagskrárgerð, þeirri er verða má til menningarauka og fræðslu. Það telst innlend dagskrárgerð ef íslenskur aðili hefur forræði á gerð dagskrár og dagskrá er gerð til flutnings í útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, hér á landi.

2. gr.

Tekjur Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru:

1. Sérstakt menningarsjóðsgjald, sem leggjast skal á allar auglýsingar í útvarpi. Menningarsjóðsgjaldið skal vera 10% og leggst það ofan á auglýsingaverð án söluskatts.
2. Fjármagnstekjur.
3. Aðrar tekjur.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva ákveður hvar handbært fé sjóðsins skuli geymt.

3. gr.

Af tekjum þeim sem Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur af menningarsjóðsgjaldi, sbr. 2. gr., skal sjóðurinn greiða hlut Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 36/1982, áður en til úthlutunar á styrkjum eða öðrum framlögum til útvarpsstöðva kemur.

4. gr.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva úthlutar úr sjóðnum a. m. k. tvisvar á ári. Skal auglýst með venjulegum hætti eftir umsóknum. Stjórnin lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um framlög úr sjóðnum. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um áætlaðan kostnað og tímasetningar varðandi gerð eða kaup á þeirri dagskrá sem sótt er um framlög til. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn.

5. gr.

Framlög úr Menningarsjóði útvarpsstöðva skulu veitt til afmarkaðra, tilgreindra viðfangsefna á sviði innlendrar dagskrárgerðar. Framlög má veita til fyrirhugaðra viðfangsefna eða verka sem lokið er. Framlög skulu vera styrkir, en heimilt skal þó að veita lán eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

Meginreglan við úthlutun úr sjóðnum skal vera sú, að framlög séu einungis veitt eftir umsókn, sbr. þó 3. gr. Sjóðsstjórn skal þó heimilt, ef sérstök ástæða þykir til, að veita framlög úr sjóðnum án umsóknar.

Framlög úr Menningarsjóði útvarpsstöðva skulu einvörðungu veitt útvarpsstöðvum. Framlög má bæði veita vegna dagskrárgerðar viðkomandi útvarpsstöðvar sjálfrar og vegna kaupa útvarpsstöðvar á efni til flutnings frá öðrum innlendum aðilum sem annast dagskrárgerð.

Sjóðsstjórn ákveður í hverju tilviki hvernig útborgun framlaga úr sjóðnum skuli háttað. Stjórnin getur ákveðið að greiðslur fari fram í áföngum eftir því sem kostnaður fellur til.

Nú lýkur útvarpsstöð eigi við gerð dagskrár innan hæfilegs tíma að mati sjóðsstjórnar og skal henni þá skylt að kröfu stjórnarinnar að endurgreiða styrk sem henni hefur verið veittur ásamt venjulegum vöxtum sem vera skulu jafnháir og almennir sparisjóðsvextir á hverjum tíma við Landsbanka Íslands. Sama á við þegar styrkur hefur verið veittur til kaupa á dagskrárefni.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal árlega taka saman skýrslu um starfsemi sjóðsins, sem skal geyma endurskoðaðan ársreikning og skrá um úthlutanir úr sjóðnum. Skýrslan skal send menntamálaráðherra, útvarpsréttarnefnd og öllum útvarpsstöðvum.

6. gr.

Útvarpsstöðvar skulu standa Menningarsjóði útvarpsstöðva skil á menningarsjóðsgjaldi því sem þeim ber að innheimta samkvæmt 1. tölulið 2. gr. á greiðslustað sem sjóðurinn tiltekur. Skulu greiðslur inntar af hendi 6 sinnum á ári á eftirfarandi gjalddögum: Hinn 15. apríl fyrir tímabilið janúar-febrúar, 15. júní fyrir tímabilið mars-apríl, 15. ágúst fyrir tímabilið maí-júní, 15. október fyrir tímabilið júlí-ágúst, 15. desember fyrir tímabilið september-október og 15. febrúar fyrir tímabilið nóvember-desember. Greiðslu skal fylgja skilagrein á sérstökum eyðublöðum sem Menningarsjóður útvarpsstöðva lætur útbúa. Sé greiðsla eigi innt af hendi á gjalddaga reiknast á hana hæstu lögleyfðu dráttarvextir á hverjum tíma.

Menningarsjóður útvarpsstöðva á rétt á að krefjast þess að endurskoðandi viðkomandi útvarpsstöðvar láti í té álit á því hvort uppgjör á menningarsjóðsgjaldi sé rétt og í samræmi við bókhald útvarpsstöðvar.

7. gr.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva, sem skipuð skal til tveggja ára í senn, skipa þrír menn, einn tilnefndur af útvarpsráði Ríkisútvarpsins, einn sameiginlega af öðrum útvarpsstöðvum en Ríkisútvarpinu eða af útvarpsréttarnefnd, ef þær koma sér ekki saman, og einn af menntamálaráðherra og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

8. gr.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva ræður sjóðnum starfslið eftir því sem þörf krefur. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna. Stjórnarlaun og annar kostnaður greiðist af fé sjóðsins.

9. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. gr. og 38. gr. laga nr. 68/1985 og öðlast hún þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Meðan útvarpsstöðvar aðrar en Ríkisútvarpið hafa ekki myndað með sér samtök eða með öðrum hætti komið sér saman um það — hvernig að tilnefndingu manns í stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skuli staðið, skal menntamálaráðherra hafa forgöngu um að kveðja fulltrúa þessara útvarpsstöðva saman til fundar á tveggja ára fresti þar sem þess skal freistað að ganga frá tilnefningu þessara útvarpsstöðva á manni í stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Útvarpsréttarnefnd skal tilnefna fulltrúa annarra útvarpsstöðva en Ríkisútvarpsins til setu í fyrstu stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

Menntamálaráðuneytið, 11. febrúar 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

Nr. 70 11. febrúar 1986

REGLUGERÐ

um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum.

1. gr.

Veita má tímabundin leyfi til útvarps, hljóðvarps eða sjónvarps, fyrir almenning á afmörkuðum svæðum. Leyfi þessi má veita sveitarfélögum, skráðum hlutafélögum skráðum samvinnufélögum, öðrum skráðum félögum með takmarkaðri ábyrgð, skráðum sameignarfélögum, skráðum samlagsfélögum, sjálfseignarstofnunum sem eru undir opinberu eftirliti, lögráða einstaklingum og öðrum sambærilegum aðilum. Hvorki er heimilt að veita erlendum aðila leyfi til útvarpsrekstrar, né félagi eða stofnun þar sem eignarhlutdeild erlendra aðila er meiri en 10%.

Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis handa almenningi með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Útsending sem aðeins nær til þröngs hóps innan heimilis eða húsakynna fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsi, gistihúsi, skóla eða verksmiðju, telst eigi útvarp í skilningi reglugerðar þessarar.

2. gr.

Útvarpsréttarnefnd veitir leyfi til útvarps í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og fylgist með því að laga- og reglugerðarákvæðum um útvarpsrekstur samkvæmt tímabundnum leyfum og skilmálum slíkra leyfa sé fylgt.

Útvarpsréttarnefnd heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Skylt er formanni að kveðja til fundar ef tveir nefndarmanna æskja þess.

Fundur í útvarpsréttarnefnd er lögmætur, ef meirihluti nefndarmanna er viðstaddur.

Ákvörðun útvarpsréttarnefndar er því aðeins lögmæt að meirihluti útvarpsréttarnefndarmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu. Um niðurstöður ræður afl atkvæða.

Halda skal gerðarbók um fundi útvarpsréttarnefndar. Þar skal greina frá þeim málum sem til meðferðar eru á fundum nefndarinnar, niðurstöðum og úrskurðum útvarpsréttarnefndar svo og öðru því sem miklu þykir skipta.

Um vanhæfi einstakra nefndarmanna til meðferðar einstakra mála skulu gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Áður en afgreiddar eru umsóknir um leyfi til útvarps, kærumál skv. 22. gr., afturköllun leyfa eða önnur mál er varða einstaka umsækjendur eða rétthafa samkvæmt útvarpsleyfi, ber að veita þeim aðilum er málið varðar kost á að tjá sig um það, munnlega eða skriflega, þ. á m. með liðsinni lögmanns ef því er að skipta.

Öllum meiriháttar málum skal ráðið til lykta með úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafn tryggilegan hátt.

Útvarpsréttarnefnd ræður sér starfsmann eða starfsmenn eftir því sem með þarf og fjárveitingar leyfa.

Menntamálaráðherra ákveður útvarpsréttarnefndarmönnum þóknun.

Kostnaður við starfsemi útvarpsréttarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Nú óskar einhver að fá leyfi til útvarps og skal hann þá senda umsókn til útvarpsréttarnefndar. Í umsókn skal greina:

1. Hvernig fjárhagslegri ábyrgð umsækjanda sé háttað og eignaraðild fyrir komið.
2. Hvort óskað sé leyfis til hljóðvarps, sjónvarps eða hvors tveggja.
3. Hvort útvarpa eigi um þráð eða þráðlaust.
4. Hvert verði heimili og varnarþing útvarpsstöðvar, til hvaða svæðis eða svæða útvarpi er ætlað að ná og hvernig útsendingum verði hagað.
5. Hverjir séu áætlaðir útsendingartímar.
6. Hver sé fyrirhuguð dagskrárstefna, m. a. hvert sé í megindráttum áætlað hlutfall tónlistar og talaðs máls, svo og hlutur fræðslu-, menningar-, frétta- og skemmtiefnis í dagskrá.
7. Hvernig áætlað sé að afla tekna til útvarpsrekstrar.
8. Hvort annarra tilskilinna leyfa hafi verið aflað, sbr. t. d. 15. gr. og 17. gr.
9. Hvenær útvarp eigi að hefjast ef leyfi fæst.
10. Hvert verði auðkenni eða kallmerki viðkomandi útvarpsstöðvar.
11. Til hve langs tíma leyfis sé óskað.

4. gr.

Útvarpsréttarnefnd skal, áður en afstaða er tekin til umsóknar um leyfi til útvarps, leita umsagnar Póst- og símamálastofnunarinnar um þau atriði umsóknarinnar er greinir í 4. og 5. lið 3. gr. Að fenginni þeirri umsögn ákveður útvarpsréttarnefnd hvort leyfi til útvarps skuli veitt. Ákvarðanir nefndarinnar þar að lútandi eru endanlegar.

Nú er leyfi veitt og skal þá m. a. tekið fram í skilmálum leyfisins hver sé handhafi útvarpsleyfis, hvort um sé að ræða leyfi til hljóðvarps eða sjónvarps, hvort útvarpað verði um þráð eða þráðlaust, við hvaða svæði og útsendingartíma leyfi afmarkist, hversu lengi leyfi gildi, hvert vera skuli auðkenni eða kallmerki útvarpsstöðvar, og hvert sé leyfisgjald. Í leyfisskilmálum skal ennfremur tekið fram að leyfið sé háð ákvæðum útvarpslaga, ákvæðum reglugerðar þessarar og eftir því sem við á ákvæðum annarra reglugerða sem settar verði á grundvelli útvarpslaga. Þá skal leyfi bundið því skilyrði að aflað verði heimildar rétthafa samkvæmt höfundalögum að því er dagskrárefni varðar.

Nú óskar handhafi útvarpsleyfis að breyting sé gerð á skilmálum leyfisins og skal hann þá sækja um það til útvarpsréttarnefndar.

Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf handa þeim aðilum sem fengið hafa lögmætt leyfi til útvarps. Í leyfisbréfi skal kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Eingöngu má útvarpa á metra- og desimetrabylgju. Þó er heimilt í undantekningartilvikum að veita heimild til að útvarpa á miðbylgjum þar sem landfræðilegar aðstæður torvelda útsendingar á metra- og desimetrabyglju.

5. gr.

Leyfi til hljóðvarps skal veitt til 3ja ára þegar það er veitt aðila í fyrsta sinn, en eftir það til 5 ára í senn. Leyfi til sjónvarps skal í fyrsta sinn veitt til 5 ára, en eftir það til 7 ára í senn. Veita má leyfi til skemmri tíma, sé um það sótt.

Leyfi til útvarps verða ekki framseld.

Hafi handhafi útvarpsleyfis ekki hafið útvarp innan 8 mánaða frá dagsetningu leyfis útvarpsréttarnefndar fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé útvarpsrekstri hætt og eigi hafinn á ný innan 4 mánaða telst leyfi til útvarpsrekstrar sjálfkrafa niður fallið.

Óski handhafi útvarpsleyfis eftir endurnýjun leyfis skal hann sækja um það til útvarpsréttarnefndar og skal slík umsókn hafa borist útvarpsréttarnefnd a. m. k. einum mánuði áður en gildistími leyfis rennur út. Útvarpsréttarnefnd skal leita umsagnar Póst- og símamálastofnunar áður en afstaða er tekin til endurnýjunar leyfis. Ef ástæða þykir til getur útvarpsréttarnefnd breytt skilmálum við endurnýjun útvarpsleyfis.

Útvarpsréttarnefnd ákveður leyfisgjald, sem handhafa útvarpsleyfis ber að greiða þegar leyfi til útvarps er veitt eða endurnýjað. Leyfisgjald sem rennur í ríkissjóð skal ákveða sérstaklega fyrir hljóðvarp annars vegar og sjónvarp hins vegar en skal í hvoru tilviki fyrir sig vera hið sama fyrir alla.

Leyfisgjald skal endurskoða árlega með tilliti til verðlagsbreytinga.

Þegar leyfi til útvarps er veitt til skemmri tíma en greinir í 1. mgr. 5. gr. skal ákvarða leyfisgjald sérstaklega með hliðsjón af markmiðum með útvarpi og gildistíma leyfis.

6. gr.

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpi, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti á íslensku, eftir því sem við á hverju sinni. Það skal þó ekki eiga við, þegar í hlut eiga erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni, er sýnir atburði, sem gerast í sömu andrá. Í síðastgreindu tilviki skal að jafnaði fylgja kynning eða endursögn þular.

Allt íslenskt tal og texti í útvarpi skal vera á lýtalausu máli.

7. gr.

Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og gæta þess við umfjöllun umdeildra mála að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi stefnum og skoðunum.

8. gr.

Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útvarpsefni samkvæmt 19.–21. gr. Breyting í þeim efnum skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.

9. gr.

Útvarpsstöðvar, er leyfi fá til útvarps, skulu fyrir lok hvers árs gera útvarpsréttarnefnd skriflega grein fyrir því hvort í ráði séu breytingar á þeirri dagskrárstefnu sem áður hefur verið fylgt.

10. gr.

Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum handhafa útvarpsleyfis. Útvarpsréttarnefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum útvarpsstöðvar ef þess er talin þörf við úrlausn þess hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafa verið brotin. Skal sérstakur trúnaðarmaður nefndarinnar annast öflun og könnun slíkra gagna í umboði nefndarinnar. Nefndarmenn, starfsmenn og trúnaðarmenn nefndarinnar skulu bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.

11. gr.

Skylt er útvarpsstöðvum að lesa tilkynningar frá almannavörnum, löggæslu, slysavarnarfélögum eða hjálparsveitum. Gera skal hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.

12. gr.

Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni, sem þær senda út, í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, lög um bann við ofbeldiskvikmyndum, hegningarlög eða önnur lög sem við eiga.

13. gr.

Skipulagning og mótun dagskrár og ákvarðanir um útvarp einstakra dagskrárliða skulu vera í höndum stjórnenda útvarpsstöðvar. Sá sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar skal sjálfur bera kostnað af öllum fjárfestingum, rekstri og dagskrá útvarpsstöðvar. Heimilt er þó að kostnaður við gerð eða öflun einstakra dagskrárliða sé borinn af öðrum aðilum, en þá skal þess getið sérstaklega í kynningu við upphaf og lok dagskrárliðar.

14. gr.

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis sem áskilja má úr hendi þess sem óskar útvarps á slíku efni. Gjaldskrár fyrir auglýsingar skulu háðar samþykki útvarpsréttarnefndar. Um auglýsingar í útvarpi skal að öðru leyti fara samkvæmt sérstakri reglugerð.

15. gr.

Leyfi til útvarps um þráð er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd í sveitarfélaginu.

Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust útvarpsefni óbreyttu skal fullnægja reglum sem samgönguráðuneytið setur um gerð og notkun slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Notkun slíkra kerfa skal háð leyfi Póst- og símamálastofnunar.

16. gr.

Sé móttaka í útvarpi um þráð bundin við íbúðasamsteypu, 36 íbúðir eða færri, sem eru innan samfellds svæðis er útvarpsrekstur undanþeginn skilyrðum 6. gr., 9. gr., 13. gr. og 22. gr. reglugerðar þessarar.

Útvarpsstöð, sem einungis dreifir efni sem móttekið er um gervihnött er undanþegin 13. gr. reglugerðar þessarar.

17. gr.

Móttaka eða sending útvarpsefnis um gervihnött milli fastra stöðva er háð samningi sendanda og móttakanda og samþykki Póst- og símamálastofnunar. Öðrum aðilum er óheimil móttaka slíkra sendinga.

Dreifing þráðlaust eða um þráð á dagskrá, sem komin er til móttökustöðvar um gervihnött, er óheimil, nema með samningi við viðkomandi útvarpsstöð, er dagskrána sendi, og með samþykki Póst- og símamálastofnunar.

18. gr.

Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöð; eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarpssendingar, enda fullnægi tækin reglum sem Póst- og símamálastofnunin setur um öldutíðni, útgeislun og fleira í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir varðandi fjarskipti sem Ísland er aðili að.

19. gr.

Hver sá sem leyfi fær til útvarps skal varðveita í a. m. k. 18 mánuði upptöku af öllu frumsömdu útsendu efni. Þó skal heimilt að varðveita fréttir í handriti. Allt annað útsent efni, þ. á m. þular- og dagskrárkynningar, skal varðveita í a. m. k. 3 mánuði.

Skylt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit af upptöku þeirrar útsendingar, ef hann krefst þess skriflega meðan varðveisluskylda á viðkomandi efni helst, enda greiði hann innkaupsverð mynd- eða hljóðbands þess sem honum er látið í té.

Skylt er að afhenda útvarpsréttarnefnd afrit af upptöku útsendingar ef nefndin krefst þess.

20. gr.

Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skráð fyrirfram í gerðabók hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður útvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur og ber handhafi útvarpsleyfis þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

21. gr.

Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 20. gr.

Skylt er útvarpsstöð að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 20. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

22. gr.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt skilyrði 7. gr. reglugerðar þessarar gagnvart þeim og hún synjar þeim að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með þeim hætti sem þeir vilja við una, geta lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefnið. Nú úrskurðar nefndin kæranda í vil og getur hún þá kveðið á um efni og birtingarhætti þeirra athugasemda eða leiðréttinga sem útvarpsstöð ber að birta.

Úrskurður útvarpsréttarnefndar er bindandi fyrir málsaðila.

23. gr.

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu leyfisskilmálar brotnir, enda hafi áður verið búið að vara handhafa útvarpsleyfis við og um alvarleg og ítrekuð brot sé að ræða. Afturköllun skal standa í 2 mánuði, en séu leyfisskilmálar brotnir á ný getur útvarpsréttarnefnd fellt leyfið niður að fullu og öllu.

24. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu samkvæmt lögum.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast þegar gildi. Reglugerð þessi gildir til 1. janúar 1987.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öll leyfi til útvarps sem veitt eru fyrir árslok 1988 skulu renna út 31. desember 1988, sbr. 1. mgr. og 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í útvarpslögum nr. 68/1985. Sá sem leyfi fær til útvarps á þessu tímabili skal greiða hlutfallslegt leyfisgjald sem miðast skal við gildistíma leyfisins.

Menntamálaráðuneytið, 11. febrúar 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

11. febrúar 1986

REGLUGERÐ

Nr. 71

um auglýsingar í útvarpi.

1. gr.

Auglýsingar skulu vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni útvarps, hljóðvarps eða sjónvarps, þannig að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða og skulu þær fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum.

2. gr.

Auglýsingar sem ætlaðar eru til flutnings í útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Auglýsingar skulu vera á lýtalausu íslensku máli. Heimilt er þó að erlendir söngtextar séu hluti auglýsingar.
2. Auglýsingar skulu ekki brjóta í bága við almennt velsæmi.
3. Auglýsingar mega ekki brjóta í bága við íslensk lög svo sem almenn hegningarlög, útvarpslög, lög um lækningaleyfi, lyfsölulög, áfengislög, lög um tóbaksvarnir, lög um óréttmæta viðskiptahætti, og lög um jafnrétti kynjanna.
4. Þess skal gætt að auglýsingar séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt sem er satt og rétt.
5. Auglýsing skal ekki fela í sér ádeilu og hlutdræga umsögn um einstaka menn, stofnanir, félög, félagssamtök, stefnur í almennum málum eða stjórnmálaflokka.
6. Í auglýsingum má ekki felast ósanngjarn samanburður við aðra vöru eða þjónustu.
7. Auglýsingar skulu ekki sýna eða lýsa á neinn hátt hættulegu atferli eða atvikum þar sem öryggis er ekki gætt, nema sérstök ástæða sé til í menntunarlegum eða félagslegum tilgangi, svo sem auglýsingar vegna slysavarna eða tóbaksvarna. Varúð skal sérstaklega viðhöfð í auglýsingum sem höfða til barna eða unglinga eða sýna slíka aldursflokka.

8. Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim. Ekki má í auglýsingum notfæra sér trúgirni og reynsluleysi barna eða vekja hjá þeim þá trú að þeim sé eitt eða annað nauðsynlegt svo sem vegna samanburðar við önnur börn eða vegna útlits.
   Auglýsingar sem beint er til barna eða eru líklegar til að hafa áhrif á börn skulu ekki geyma staðhæfingar eða myndir sem gætu skaðað þau geðrænt eða siðferðilega.
9. Auglýsing má eki vera til þess fallin að vekja ótta.
10. Auglýsing má ekki hvetja til ofbeldis.
11. Hafna ber auglýsingu ef gerð hennar hefur miðast við að hún hefði önnur áhrif á áhorfendur en verða mega þeim ljós.

Þegar dreift er viðstöðulaust um gervihnött og móttökustöð fréttum eða dagskrárefni er sýnir atburði sem gerast í sömu andrá, skulu auglýsingar sem eru hluti af slíku dagskrárefni undanþegnar ákvæðum 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Auglýsingatímum skal jafnan hagað þannig að ekki leiði til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi.

4. gr.

Gæta skal þess að auglýsingar séu lausar við ótilhlýðilegan áróður eða árásir.

5. gr.

Auglýsandi ber fulla ábyrgð á efni auglýsingar. Hann skal bera allan kostnað af gerð auglýsingar og flutningi hennar, þar á meðal greiðslum vegna höfundarréttar eða flytjendaréttar tóna eða talaðs máls og birtingarréttar kyrr- og kvikmynda.

6. gr.

Heimilt er að ákveða mismunandi gjald fyrir hina ýmsu auglýsingatíma.

Á allar auglýsingar í útvarpi skal leggjast sérstakt gjald, menningarsjóðsgjald, sem skal vera 10% og rennur það til Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

7. gr.

Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins setur nánari reglur um auglýsingar í Ríkisútvarpinu.

Aðrir aðilar sem fengið hafa leyfi til útvarps geta sett nánari reglur um auglýsingar í sínum útvarpsstöðvum.

Reglur sem settar eru samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar mega ekki ganga gegn ávæðum þessarar reglugerðar.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu lögum samkvæmt.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. og 38. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 og öðlast hún þegar gildi. Reglugerð þessi gildir til 1. janúar 1987.

Menntamálaráðuneytið, 11. febrúar 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

Stjórnartíðindi B 7, nr. 55—71. Útgáfudagur 14. febrúar 1986.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 — 1986

7. febrúar 1986 133 Nr. 72

REGLUR

um eftirgjöf gjalda af fjárfestingarvörum til nota við loðdýraræktar.

I. KAFLI

Innflutningur.

1. gr.

Við tollafgreiðslu á vélum og tækjum sem flutt eru inn vegna stofnframkvæmda við byggingu loðdýrabúa og teljast til varanlegs hluta þeirra skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld, þ. m. t. sérstakt tímabundið vörugjald og tollafgreiðslugjald, og söluskatt. Með loðdýrabúi er átt við hús, búr og girðingar þar sem loðdýr eru höfð í vörslu og ákvæði laga nr. 53/1981 um loðdýrarækt gilda um, sbr. reglugerð nr. 444/1982. Reglur þessar taka ekki til loðkanínuræktar, sbr. reglugerð nr. 393/1984.

Heimild þessi er bundin því skilyrði að vélar þessar eða tæki falli undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í 1. gr. auglýsingar nr. 8/1981 með síðari breytingum eða um sé að ræða sérhæfðan vélbúnað til loðdýraræktar, þ. e. vélbúnað sem sérstaklega er hannaður til þeirra nota og sem fellur undir önnur tollskrárnúmer í 84., 85. og eða 90. kafla laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. Tæki og búnaður til rannsókna sem fellur undir tollskrárnúmer í 1. gr. auglýsingar nr. 87/1985 en ekki auglýsingu nr. 8/1981 skulu þó hljóta tollmeðferð samkvæmt ákvæðum auglýsingar nr. 87/1985 og ber því að greiða af þeim söluskatt.

Með sérhæfðum vélbúnaði til loðdýraræktar er átt við eftirfarandi:

1. Fóður- og drykkjarkerfi og vélar, tæki og hlutar þeim tilheyrandi, eins og fóðurgeymar (síló), kælikerfi, pípudreifikerfi, viðnámsþræðir, sniglar, færibönd, skammtarar, vogir, fóðurgerðarvélar, brynningartæki og hlutar til þeirra, einnig fóðurdæluvagnar.
2. Brímamælar, gildrur, aflífunartæki, fláningsvélar og -bekkir.
3. Neyðarrafstöðvar með tilheyrandi búnaði.

Reglur þessar taka ekki til annarra handverkfæra en þeirra sem falla undir auglýsingu nr. 8/1981.

Heimildin skal jafnframt taka til búra, hreiðurkassa og hluta og efnivara í þau, enda séu hlutar þessir og efnivörur sérstaklega gerðar til nota við framleiðslu á loðdýrabúrum og hreiðurkössum.

2. gr.

Af öðrum innfluttum byggingarvörum til mannvirkjagerðar sem ekki falla undir 1.–3. tl. 3. mgr. 1. gr., t. d. dælum, rafmótorum, rafstöðvum, lokum, pípum, rafstrengjum, timbri, sementi, steypustyrktarjárni, plötuefni og öðrum þess háttar byggingarvörum til byggingar loðdýrabús, hvort sem þær eru fluttar inn af byggjendum sjálfum eða fyrir þeirra hönd skal greiða aðflutningsgjöld og söluskatt með venjulegum hætti við tollafgreiðslu en fjármálaráðuneytið mun endurgreiða aðiljum sem reka loðdýrabú gjöld af þessum vörum skv. 5. gr.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Af hvers konar vinnuvélum og -tækjum svo og varahlutum til þeirra sem notaðar verða við hinar verklegu framkvæmdir skal greiða aðflutningsgjöld og söluskatt eins og þau eru á hverjum tíma og gildir sama um hvers konar ökutæki sem loðdýrabú kaupa til framkvæmda og reksturs á þeirra vegum. Ennfremur skal greiða aðflutningsgjöld og söluskatt af hvers konar rekstrar- og viðhaldsvörum, öðrum en varahlutum sem falla undir tollskrárnúmer upptalin í auglýsingu 8/1981 og notaðir eru til viðhalds sérhæfðum vélum og tækjum sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. gr. tekur einungis til véla, tækja, vélahluta og varahluta sem notað verður til loðdýraræktar. Tollmeðferð þessi er jafnframt bundin þeim skilyrðum að innflutningur sé allur á nafni viðkomandi loðdýrabús eða innflutningsfyrirtæki lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindu loðdýrabúi. Hvort sem loðdýrabú annast innflutning sjálft eða innflutningsfyrirtæki fyrir þess hönd skal fyrirsvarsmaður loðdýrabúsins lýsa því yfir skriflega að varan sé eingöngu flutt inn til eigin nota við loðdýrarækt.

Undanþága frá greiðslu gjalda samkvæmt reglum þessum verður eigi veitt nema viðkomandi hafi fengið leyfi til stofnunar loðdýrabús.

Við frágang aðflutningsskýrslu skulu niðurfelld gjöld eigi reiknuð en að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., svo og reglum og öðrum fyrirmælum settum þar að lútandi.

Telji tollstjóri ástæðu til, hvort sem er vegna beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda, getur hann krafið viðkomandi loðdýrabú um upplýsingar skv. 6. gr. svo og að framvísað sé leyfi til starfrækslu þess, sbr. 5. gr. laga nr. 53/1981 og reglugerða settra samkvæmt þeim.

II. KAFLI

Kaup innanlands.

5. gr.

Við kaup innanlands á vélum og tækjum, sbr. 1. gr., sem annað hvort eru keyptar af birgðum innfluttra tollafgreiddra vara eða hafa verið framleiddar innanlands vegna stofnframkvæmda við byggingu loðdýrabús, skulu gjöld greidd með venjulegum hætti en tollstjórar hver í sínu umdæmi munu sjá um endurgreiðslur gjalda af þeim. Um framkvæmd þessara endurgreiðslna fer að öðru leyti að hætti ákvæða 4.–6. gr. auglýsingar nr. 8/1981. Fjármálaráðuneytið mun hins vegar endurgreiða gjöld af efnivörum sem notaðar hafa verið til byggingar húsa, girðinga, búra og hreiðurkassa, enda hafi gjöld verið greidd af vörum þessum með venjulegum hætti.

6. gr.

Aðiljar sem óska eftir endurgreiðslu gjalda samkvæmt niðurlagi 5. gr. skulu senda fjármálaráðuneytinu skriflegt erindi, þar sem gerð sé grein fyrir stofnun og starfsemi loðdýrabúsins svo og hverjir séu forsvarsmenn þess og hafi heimild til þess að skuldbinda fyrirtækið fjárhagslega.

Erindinu skal fylgja áætlun um byggingarkostnað, samþykkt af stjórn félagsins ef því er að skipta, þar sem fram komi upplýsingar um gerð og stærð loðdýrabúsins og þau mannvirki sem endurgreiðslubeiðnin tekur til, hvenær byggingaframkvæmdir hófust svo og ítarleg

sundurliðun á kostnaði vegna véla- og tækjakaupa og kostnaði vegna byggingar mannvirkja eins og húsa, búra og girðingar og annarra mannvirkja sem notuð eru til loðdýraræktar. Að því er bygginaframkvæmdir varðar skulu liggja fyrir upplýsingar eða áætlun um skiptingu kostnaðar milli byggingarefnis, vélavinnu og vinnulauna á byggingarstað. Afrit af leyfi landbúnaðarráðuneytisins til stofnunar loðdýrabús skal fylgja. Jafnframt skal lögð fram staðfesting trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis um að úttekt hafi farið fram m. a., á húsum, girðingum, búnaði og allri aðstöðu, er veiti heimild til þess að hefja starfrækslu, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 444/1982. Greinargerð um gerð og stærð húsa, sbr. einnig 5. mgr., fjölda búra og girðingar, skal staðfest af Byggingastofnun landbúnaðarins. Liggi upplýsingar þessar allar fyrir hjá Byggingastofnun landbúnaðarins nægir greinargerð og staðfesting hennar eða byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags.

Teljist framlögð gögn fullnægjandi mun fjármálaráðuneytið endurgreiða áætluð uppsöfnuð aðflutningsgjöld, miðað við heimildaða bústærð, þ. m. t. sérstakt tímabundið vörugjald og tollafgreiðslugjald, og söluskatt af neðangreindu sem hér segir:

	Kr.
a. Aðstöðurými	1.200/m²
b. Hús fyrir dýr:	
1. Úr timbri	430/m²
2. Úr stáli	510/m²
c. Girðingar	210/m
d. Upphengjur fyrir búr	270/stk.
e. Hreiðurkassar:	
1. Fyrir refi	200/stk.
2. Fyrir mink, 6 hólfa eining	395/stk.

Fjárhæðir þessar eru grunnfjárhæðir miðaðar við byggingarvísitölu 216,25 stig 1. júní 1985 og skulu breytast í réttu hlutfalli við þá hækkun eða lækkun sem verða kann á henni, sbr. lög nr. 93/1975. Endurgreiðslufjárhæðir skulu reiknaðar út miðað við þá byggingarvísitölu sem í gildi er þegar úttekt loðdýrabús fór fram. Endurgreiðslufjárhæðir vegna loðdýrabúa sem tekin voru út fyrir 1. júní 1985 skulu þó miðaðar við ofangreindar grunnfjárhæðir óbreyttar.

Breytingar á húsum og stækkun sem talist geta til stofnframkvæmda eru endurgreiðsluhæfar. Sömu reglur gilda um þær og fram koma í 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Af byggingarefni sem notað hefur verið til slíkra stofnframkvæmda mun ráðuneytið hins vegar endurgreiða söluskatt gegn framvísun á sölunótum er beri greinilega með sér að söluskattur hafi verið greiddur og séu undirritaðar af seljanda um greiðslu en aðflutningsgjöld mun ráðuneytið endurgreiða með 5% af reikningsverði að frádregnum söluskatti enda megi ætla að efnivörur sem notaðar hafi verið til breytinganna beri slík gjöld.

Ekki verða endurgreidd gjöld af skrifstofubyggingum, vélaverkstæðisbyggingum, starfsmannabústöðum, mötuneytishúsnæði eða þess háttar eða búnaði tilheyrandi þessum mannvirkjum. Séu slíkar byggingar sambyggðar dýrahúsum lækkar endurgreiðslan hlutfallslega miðað við byggingarkostnað þeirra.

7. gr.

Loðdýraræktendur sem fengið hafa efni í mannvirki undanþegið gjöldum samkvæmt þessum reglum er óheimilt innan 10 ára talið frá næstu áramótum eftir að starfsemi er hafin að nota þau til annars en loðdýraræktar, nema leyfi fjármálaráðuneytisins komi til. Óski þeir eftir að taka þau til annarra nota eða afhenda eða selja innan þess tíma til nota við rekstur eða starfsemi sem ekki getur notið gjaldfrelsis samkvæmt þessum reglum skulu þeir áður en

önnur starfsemi er hafin eða afhending eða sala fer fram greiða gjöld af vörum sem notið hafa eftirgjafar samkvæmt þessum reglum, miðað við 10% árlega fyrningu að teknu tilliti til breytinga á vísitölu byggingarkostnaðar.

Fjármálaráðuneytið ákveður fjárhæð þeirra gjalda sem þannig skulu innheimt að fengnum tillögum ríkisendurskoðunar.

Stjórn loðdýrabús eða sá aðili sem heimild hefur til að binda fyrirtækið fjárhagslega skal gefa út yfirlýsingu til fjármálaráðueytisins þar sem því sé lýst yfir að allar þær vörur sem gjöld hafa verið eða verði gefin eftir eða endurgreidd af samkvæmt þessum reglum eða ákvörðun fjármálaráðuneytisins fyrir gildistöku hennar verði eingöngu notaðar til loðdýraræktar og verði þær teknar til annarra nota eða afhentar eða seldar öðrum aðilja til nota við rekstur eða starfsemi sem ekki getur notið gjaldfrelsis samkvæmt reglum þessum sé eigandi þess skuldbundinn til að greiða ríkissjóði gjöld af vörunum samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar áður en notkun sé breytt eða afhending eða sala fari fram. Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem kvöð á mannvirkjum á kostnað eigandi loðdýrabúsins.

8. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal tilgreina endurgreidd gjöld sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar. Jafnframt skulu þeir halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörur sem eftirgjafar eða endurgreiðslu njóta samkvæmt reglunum aðgreindum í bókhaldi sínu sem skattyfirvöld og tollyfirvöld skulu jafnan hafa aðgang að telji embættin ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Komi í ljós við rannsókn á bókhaldi að þeir hafi misnotað ívilnanir sem hafa verið veittar samkvæmt reglum þessum eða rökstuddur grunur er um að um misnotkun hafi verið að ræða geta tollyfirvöld hafnað beiðnum um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda samkvæmt þeim meðan málið er í athugun.

9. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum eða misnotkun ívilnunar eða tollfríðinda samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lið 3.11 og 3.27 í 6. gr. fjárlaga nr. 121/1985 til að öðlast þegar gildi og taka eftir því sem við á til framkvæmda á árinu 1985.

Fjármálaráðuneytið, 7. febrúar 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 85 18. febrúar 1983 um Tollskóla ríkisins, veitingu í fastar tollstöður o. fl.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Í lok annar grunnnáms samkvæmt 3. og 5. gr. skulu nemendur prófaðir í námsgreinum og þeim gefnar einkunnir í heilum eða hálfum tölum frá 1–10. Til þess að standast próf þarf nemandi að fá einkunnina 5 hið minnsta í hverri grein nema 6 í íslensku og 6 í aðaleinkunn. Fyrir verklega þjálfun, þ. m. t. starfsnám, má gefa tvær einkunnir, fullnægjandi eða ófullnægjandi.

2. gr.

1. tl. 13. gr. orðist svo:

1. Umsækjandi skal hafa lokið námi í fjölbrautarskóla, menntaskóla eða sérskóla er veiti sambærilega menntun. Sérstök áhersla skal lögð á góða kunnáttu í íslensku og vélritun. Skal umsækjanda skylt að gangast undir hæfnispróf í íslensku og vélritun ef ástæða þykir til. Umsækjandi skal hafa vald á einhverju Norðurlandamálanna og ensku eða þýsku.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. febrúar 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

12. febrúar 1986 Nr. 74

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðureyrarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Suðureyrarhreppi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 225 26. maí 1977.

2. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta mánuð, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil ..... kr. 99,90
b. Vatnsgjald á mánuði ..... kr. 797,35
fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin mánaðarlega og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 30 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð.

Eldri hús:	Kr.
Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka	23 017,00
Rúmmetragjald 0—300 m^3 án gjalds	
gjald umfram 300 m^3—1000 m^3	39,60 pr/m^3
gjald umfram 1000 m^3	26,40 pr/m^3
Ný hús (nýbyggingar):	
Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka	52 440,00
Rúmmetragjald 0—300 m^3 án gjalds	
gjald umfram 300 m^3—1000 m^3	39,60 pr/m^3
gjald umfram 1000 m^3	26,40 pr/m^3

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hreppsnefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingarnar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 500,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 278, 8. júlí 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

12. febrúar 1986 Nr. 75

GJALDSKRÁ

fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

I. KAFLI

1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja, og hitafletir séu nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 56,00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Fjarhituninni er heimilt að selja afnot hitaorkunnar á grundvelli varmamagnsmælingar.

Skal notkunargjaldið þá vera kr. 1,23 kWh miðað við hitafall 40° C.

Sé hitafallið minna en 40° C er fjarhituninni heimilt að hækka notkunargjaldið til samræmis við aukningu í stofn- og rekstrarkostnaði.

5. gr.

Þegar afnot af fjarhituninni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

	Kr.
a) Fyrir mæla allt að ¾″	335,00
b) Fyrir mæla allt að 2″	670,00
c) Fyrir mæla allt að 3″	1 340,00

d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

7. gr.

Gjöld skv. 3.–6. gr. innheimtir Rafveita Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustaða skal getið á reikningi eða tilkynningu.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald. Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss m^3 (utanmál)	Heimæðagjald Kr.	
Allt að 400	54 900,00	
400 að 2000	54 900,00 fyrir	400 m^3 + 43,80 kr/m^3 þar yfir
2 000 að 6 000	124 700,00 fyrir	2 000 m^3 + 37,00 kr/m^3 þar yfir
6 000 að 10 000	273 300,00 fyrir	6 000 m^3 + 33,00 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10 000	405 300,00 fyrir	10 000 m^3 + 28,60 kr/m^3 þar yfir

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

	Kr.
a) Fyrir mæli allt að ¾″	8 250,00
b) Fyrir mæli allt að 2″	16 500,00
c) Fyrir mæli allt að 3″	33 000,00

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Fjarhituninni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á bæjarskrifstofunum í Vestmannaeyjum.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Fjarhitun hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynnt með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 666,00 fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum fjarhitunarinnar er heimilt að breyta innsigluðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður fjarhitunarinnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 337, 8. ágúst 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

12. febrúar 1986 Nr. 76

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemmri tíma en 2 mánuði samfellt og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skylt er notanda að tilkynna hitaveitustjóra um breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingu.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar ..... kr. 57,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar ..... kr. 358,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Iðnaðarhús ..... kr. 161,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragjald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra. Ekki má tvíreikna gjald á sama vatnið.

Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir, ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar — febrúar	25. febrúar, eindagi 5. mars.
Fyrir mars — apríl	25. apríl, eindagi 5. maí.
Fyrir maí — júní	25. júní, eindagi 5. júlí.
Fyrir júlí — ágúst	25. ágúst, eindagi 5. september.
Fyrir september — október	25. október, eindagi 5. nóvember.
Fyrir nóvember — desember	25. desember, eindagi 5. janúar.

Gjöld skal greiða til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu fyrir eindaga.

Heimilt er að taka hæstu leyfilega dráttarvexti af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Tengigjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa, annarra en gróðurhúsa, og vera sem hér segir:

	Kr.
Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar, allt að 400 rúmmetrum	51 700,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	39,00
Iðnaðarhús allt að 400 rúmmetrum	51 700,00
og af hverjum rúmmetra þar fram yfir	11,00

allt að 2000 rúmmetrum. Sé um stærri hús að ræða koma til sérsamningar við stjórn hitaveitunnar, enda sé þá tekið tillit til vatnsnotkunar.

Stofngjöld til garðyrkju skal miða við vatnsmagn og skulu þau vera sem hér segir:

Fyrir hvern mínútulítra 1 210,00

8. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi að lóðamörkum og setur þar stillingu fyrir hámarksrennsli, samkvæmt 3. gr.

Hitaveitunni er heimilt að setja hemla á inntök íbúðarhúsa.

Allar heimæðar skulu lagðar á kostnað notenda. Í skipulögðum íbúðarhúsahverfum leggur hitaveitan heimæðar inn fyrir vegg íbúðarhúsa og greiðir notandi fyrir samkvæmt reikningi, en aðrar heimæðar er notanda heimilt að leggja, en undir eftirliti hitaveitustjóra. Telji hitaveitustjóri frágang eða efni heimæðar ófullnægjandi getur hitaveitan neitað viðkomandi um vatn þar til úr hefur verið bætt.

9. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnssins að býli eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1 067.00 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlýta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. mars 1986 og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 280 9. júlí 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

14. febrúar 1986 Nr. 77

REGLUR

um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða.

1. gr.

Hver viðskiptabanki og sparisjóður skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning. Reikningsárið er hið sama og almanaksárið.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu.

Ársreikningi skulu fylgja skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessara reglna, sbr. 16. gr.

2. gr.

Um endurmat og fyrningu varanlegra rekstrarfjármuna og um færslu vegna verðlagsbreytinga skal beita reglum laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, þó með þeirri undantekningu að við útreikning á verðbreytingarfærslu skal miða við breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. janúar á reikningsári til 1. janúar á næsta ári.

Varanlega rekstrarfjármuni skal færa til eignar á endurmetnu stofnverði að frádregnum fengnum fyrningum, sbr. 1. mgr. Fasteignir má þó eignfæra á gildandi fasteignamatsverði.

Þegar um er að ræða verulega misvísandi niðurstöður um afkomu og stöðu viðskiptabanka eða sparisjóðs er heimilt að víkja frá ákvæðum 1.—2. mgr. að höfðu samráði við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands.

Ákvæði 1.—3. mgr. víkja fyrir ákvæðum III. kafla laga nr. 51/1968 um bókhald sem kveða svo á að eignir skuli ekki færa á hærra verði í ársreikningi en raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

3. gr.

Fjárhæð áfallinna vaxta og verðbóta af eignum og skuldum skal færð í ársreikning miðað við stöðu 31. desember á reikningsári. Eftirtalin frávik eru þó heimil:

1) Vexti og verðbætur af innlánum og skuldum við Seðlabanka Íslands má miða við 20. desember á reikningsári,
2) vexti og verðbætur af yfirdráttarlánum og innlánum á veltiinnlánsreikningum má miða við 20. desember á reikningsári,
3) vexti og verðbætur af afurða- og rekstrarlánum má miða við 20. desember á reikningsári,
4) vexti og verðbætur af spariskírteinum og happdrættisbréfum ríkissjóðs skal miða við skráð gengi Seðlabanka Íslands 1. janúar á næsta ári eftir reikningsár,
5) verðbætur af verðtryggðum lánum til ríkissjóðs vegna lánsfjáráætlunar skal miða við lánskjaravísitölu í desember á reikningsári,
6) verðbætur af lánum, sem eru bundin lánskjaravísitölu, sbr. þó lán samkvæmt 5. tl., skal miða við meðaltal vísitölu í desember á reikningsári og janúar á næsta ári þar á eftir,
7) verðbætur af verðtryggðum innlánsreikningum skal miða við vísitölu í janúar á næsta ári eftir reikningsár,
8) áfallna dráttarvexti af vanskilum skal reikna að fullu, sbr. þó 3. mgr.

Áfallnar verðbætur samkvæmt 4.—6. tl. 1. mgr. skal færa í efnahagsreikningi með viðkomandi útlánaliðum.

Ákvæði þessarar greinar víkja fyrir ákvæðum 8. gr.

4. gr.

Fjárhæð fyrirframgreiddra vaxta af eignum og skuldum skal miða við stöðu 31. desember á reikningsári.

5. gr.

Við færslu vaxta eða verðbóta af innlánsreikningum sem bera breytilega ávöxtun skal taka fullt tillit til þeirra vaxta eða verðbóta sem hlutaðeigandi innlán hafa áunnið sér í lok reiknigsárs.

6. gr.

Leiðréttingar vegna tekna og gjalda fyrri ára skal færa sem leiðréttingu á eigin fé í byrjun reikningsárs. Óverulegar fjárhæðir í þessu sambandi skal þó færa sem tekjur eða gjöld reikningsársins.

7. gr.

Skuldbindingar, sem miðast við gengi erlends gjaldeyris, skal umreikna til gengis ísl. krónu í lok reikningsárs.

8. gr.

Ótryggar kröfur, þ. e. ótrygg útlán og aðrar ótryggar útistandandi kröfur, má ekki meta á hærra verði en ætla má að fyrir þær fáist, sbr. ennfremur 2. mgr. 9. gr.

9. gr.

Með gjaldfærslu í rekstrarreikningi skal árlega leggja í afskriftareikning útlána fjárhæð, sem nægir til að reikningurinn án sérstakra útlánaafskrifta, sbr. 2. mgr., nemi að lágmarki 1,0% af útlánum og ábyrgðum í lok reikningsárs. Með útlánum skal telja endurlánað erlent lánsfé, áfallna vexti og dráttarvexti.

Fyrirsjáanlegum töpum á útlánum og öðrum útistandandi kröfum skal mætt með sérstakri útlánaafskrift sem gjaldfærist í rekstrarreikningi og færist til hækkunar á afskriftareikningi útlána.

Endanlega afskrifaðar kröfur skal færa til lækkunar á afskriftareikningi útlána.

Afskriftareikningur útlána skal færður sem frádráttarliður á eignahlið efnahagsreiknings.

10. gr.

Áfallin opinber gjöld vegna rekstrar skal áætla og gjaldfæra í rekstrarreikningi og skuldfæra í efnahagsreikningi miðað við stöðu í lok reikningsárs.

11. gr.

Áfallið orlof og orlofsframlag vegna starfsmanna fyrir tímabilið 1. maí — 31. desember skal reikna út miðað við launakjör í lok reikningsárs og gjaldfæra í rekstrarreikningi og skuldfæra í efnahagsreikningi.

12. gr.

Til að mæta áætlaðri lágmarksaukningu á lífeyrisskuldbindingum skal, auk reglubundinna iðgjalda, gjaldfæra framlag í sjóð vegna lífeyrisskuldbindinga sem sé 10% af launum ársins. Meðal vaxtagjalda skal færa verðbætur og vexti á stöðu sjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga í ársbyrjun. Verðbæturnar skulu miðast við hækkun lánskjaravísitölu frá janúar á reikningsári til janúar á næsta ári. Ársvextir skulu reiknast 2% og skulu þeir verðbættir með framangreindum hætti.

Ákvæði 1. mgr. gilda um ríkisviðskiptabankana, svo og aðra banka og sparisjóði, sem hafa skuldbundið sig til að tryggja starfsmönnum sínum sambærileg réttindi og bætur og starfsmenn ríkisviðskiptabanka njóta, sbr. grein 12.7 í kjarasamningi starfsmanna bankanna frá 20. nóvember 1984.

13. gr.

Sé fjárábyrgð stofnlánadeildar, sem er að fullu í eigu banka einungis bundin við eigið fé deildarinnar, skal færa eigið fé hennar sem eign í efnahagsreikningi bankans. Hagnað eða tap af rekstri stofnlánadeildarinnar skal færa í rekstrarreikning bankans sem hagnað eða tap af rekstri deildarinnar. Aðrar breytingar á eigin fé deildarinnar skal færa í endurmatsreikning bankans.

Jafnframt skal bankinn gera samstöðureikning sem tekur til rekstrar og efnahags bankans og viðkomandi stofnlánadeildar.

14. gr.

Rekstrarreikningur skal gerður þannig að hann gefi skýra mynd af því hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

15. gr.

Efnahagsreikningur skal gerður þannig að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum, eigin fé og ábyrgðum í lok reikningsárs.

16. gr.

Í skýringum með ársreikningi skal, auk upplýsinga um reikningsskilaaðferðir og annað sem máli skiptir við mat á afkomu og efnahag, gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í ársreikningi komi þau ekki greinilega fram í ársreikningnum sjálfum:

1) Varanlega rekstrarfjármuni skal sundurliða. Þar komi fram framreiknað kostnaðarverð hvers eignaflokks í byrjun reikningsárs ásamt fengnum fyrningum, endurmat, kaup og sala þessara eigna ásamt afskriftum og niðurfærslum á reikningsárinu. Niðurstöður þessara skýringa skulu vera samanburðarhæfar við einstaka eignaliði í efnahagsreikningi og við afskriftir í rekstrarreikningi,
2) gildandi fasteignamatsverð fasteigna og brunabótamatsverð sem gildir frá 1. janúar á næsta ári eftir reikningsár,
3) eignarhluta í öðrum félögum og annað áhættufé skal sundurliða. Þar skal greina nafn hvers félags, nafnverð eignarhluta og bókfært verð í efnahagsreikningi,
4) upplýsingar um lífeyrisskuldbindingar,
5) breytingar, sem orðið hafa á hinum ýmsu liðum eigin fjár frá efnahagsreikningi síðasta árs, skal sundurliða,
6) breytingar á mati eða afskriftum eignaliða eða aðrar breytingar frá ársreikningi síðasta árs sem hafa veruleg áhrif á afkomu ársins eða hafa að öðru leyti verulega þýðingu og áhrif þeirra á ársreikninginn,
7) heildarfjárhæð eigna og skulda í erlendum gjaldeyri eða þeim liðum efnahagsreiknings, sem háðir eru gengisáhættu eða verðtryggingu,
8) breytingar á uppsetningu eða flokkun liða í rekstrarreikningi eða efnahagsreikningi sem haft geta veruleg áhrif á möguleika til samanburðar við ársreikning síðasta árs,
9) upplýsingar um veð í eignum bankans/sparisjóðsins.

17. gr.

Hjá ríkisviðskiptabönkum skal, auk þeirra atriða sem fram koma í 16. gr., fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað. Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. **Launagreiðslur:**
1) Heildarlaunagreiðslur,
2) föst yfirvinna,
3) önnur yfirvinna,
4) hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum,
Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í lið a, b og c.

II. **Bifreiðakostnaður:**
1) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra,
2) notkun bílaleigubifreiða,
3) notkun leigubifreiða,
4) greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. **Risnukostnaður:**
1) Föst risna greidd einstökum starfsmönnum,
2) risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. **Ferðakostnaður:**
1) Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar,
2) ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Sundurliðun varanlegra rekstrarfjármuna í eignaflokka samkvæmt 1. tl. 16. gr. skal vera eftirfarandi hjá ríkisviðskiptabönkum:

1) Húseignir, lóðir og lendur,
2) vélar, áhöld, húsgögn o. fl.,
3) bifreiðar,
4) aðrar eignir.

18. gr.

Í ársskýslu skal gefa upplýsingar um atriði, sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu og afkomu viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóðs á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað stofnunina. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.

19. gr.

Þegar endurskoðaður ársreikningur hefur verið staðfestur af ráðherra eða hlotið samþykki aðalfunda skal afrit af honum sent bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

20. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 37. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka og 41. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði. Reglurnar öðlast þegar gildi en gilda einnig fyrir það reikningsár sem hófst á árinu 1985, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 86/1985 og 2. mgr. 69. gr. laga nr. 87/1985.

Viðskiptaráðuneytið, 14. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Björn Líndal.

13. febrúar 1986 Nr. 78

AUGLÝSING

um gjaldskrá hlutafélagaskrár.

Samkvæmt 145. gr. laga nr. 32 12. maí 1978 um hlutafélög er gjaldskrá hlutafélagaskrár ákveðin sem hér segir:

	Kr.
1. Skráning nýs hlutafélags	2 500,00
2. Skráning útibús erlends hlutafélags	2 000,00
3. Aukatilkynningar	300,00
4. Löggilding skilanefndarmanna vegna slita á hlutafélagi	400,00
5. Vottorð úr hlutafélagaskrá	60,00
6. Ljósrit	25,00

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 784 29. desember 1982 um gjaldskrá hlutafélagaskrár.

Viðskiptaráðuneytið, 13. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Innbæjar og Fjöru á Akureyri.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. febrúar 1986 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi Innbæjar og Fjöru á Akureyri.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með því að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 6. febrúar 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.

Nr. 80 10. febrúar 1986

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 445/1978, um flokkun eiturefna og hættulegra efna, með síðari breytingum.

1. gr.

Ný efni á lista IV A:
Steinolía, lyktarlaus.
Steinolía, íblönduð ilmefnum og/eða lit.
Terpentína, lyktarlaus.
Terpentína, íblönduð ilmefnum og/eða lit.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. laga um eiturefni nr. 85/1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27/1973, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyið, 10. febrúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1986

10. febrúar 1986 149 Nr. 81

GJALDSKRÁ

fyrir afnot flugvalla.

1. Gildissvið.

1.1. Gjaldskrá þessi gildir fyrir afnot flugvalla á Íslandi, annarra en Keflavíkurflugvallar.

1.2. Gjöld fyrir millilandaflug verða innheimt fyrir afnot alþjóðlegra flugvalla á Íslandi. Skrá yfir þá flugvelli er birt í Flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

1.3. Gjöld fyrir innanlandsflug verða innheimt fyrir afnot þeirra flugvalla þar sem áætlunarflug er stundað. Skrá yfir þá flugvelli er birt í Flugmálahandbók (AIP Iceland), sem gefin er út af flugmálastjórn.

2. Lendingargjald.

2.1. Fyrir hverja skráða lendingu loftfars í millilandaflugi á flugvöllum, sbr. 1.2., skal greiða gjald samsvarandi 4,80 Bandaríkjadölum fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.

2.2. Loftfar knúið hverfilhreyflum skal fyrir hverja skráða lendingu í innanlandsflugi á flugvöllum, sbr. gr. 1.3., greiða kr. 45,00 fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.

2.3. Fyrir þjónustu flugvallar eða notkun utan auglýstra þjónustutíma greiðist að auki gjald sem svarar til útkalls samkvæmt kjarasamningi flugvallastarfsmanna í 055 lfl., þó ekki, ef um er að ræða tímabil dagvinnu kl. 08,00—17,00 virka daga.

3. Stæðisgjald.

3.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 24 klst.

3.2. Fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skal fyrir loftfar í millilandaflugi greiða stæðisgjald samsvarandi 1,20 Bandaríkjadal fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga þess.

4. Undanþágur.

Eftirfarandi undanþágur eru veittar frá lendingar- og stæðisgjöldum:

4.1. Loftför í sjúkraflugi eða leitar- og björgunarflugi.

4.2. Loftför, sem verða að snúa við til brottfararflugvallar vegna veðurs eða annarra orsaka.

4.3. Loftför, sem lenda eftir að hafa farið prófflug eftir viðgerð, enda hafi ekki verið lent á öðrum flugvelli.

4.4. Loftför, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.

4.5. Loftför í eigu íslenska ríkisins eða rekin af því.

4.6. Að öðru leyti er flugmálastjórn heimilt að fella niður lendingargjöld, þegar sérstaklega stendur á.

B 17

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

5. Þjónustugjald.

5.1. Heimilt er að innheimta þjónustugjald af loftförum í millilandaflugi samkvæmt gjaldskrá staðfestri af samgönguráðuneyti.

5.2. Sé þjónustugjald ekki innheimt af flugmálastjórn, skal það greitt til félags, sem hlotið hefur heimild flugmálastjórnar til að annast þjónustu við loftför í millilandaflugi.

6. Eldsneytisgjald.

6.1. Af öllu eldsneyti til loftfara, sem selt er á þeim flugvöllum er gjaldskráin tekur til, skal greiða flugmálastjórn gjald sem hér segir:

a) Flugbensín, kr. 1,30 á hvern lítra.

b) Þotueldsneyti, kr. 0,65 á hvern lítra.

6.2. Gjald þetta greiðir hlutaðeigandi olíufélag mánaðarlega til flugmálastjórnar.

6.3. Heimilt er flugmálastjórn að endurgreiða gjaldið vegna eldsneytis, sem sannanlega er notað til millilandaflugs.

7. Flugskýlisgjald.

7.1. Fyrir afnot flugskýlis á vegum flugmálastjórnar skal greiða eftirfarandi leigugjöld fyrir hver byrjuð 1 000 kg af þunga loftfars:

a) Innanlandsflug: Kr. 130,00 fyrir hvern byrjaðan sólarhring eða kr. 2 000,00 á mánuði.

b) Millilandaflug: Samsvarandi 3,10 Bandaríkjadölum fyrir hvern byrjaðan sólarhring.

7.2. Flugskýlisgjöld samkvæmt gr. 7.1. miðast við óupphitað flugskýli. Sé flugskýli upphitað er hitunarkostnaður innheimtur sérstaklega.

7.3. Fyrir afnot heilla flugskýla eða tiltekinna hluta þeirra, svo og fyrir afnot annarra bygginga og lóða á vegum flugmálastjórnar, skal greiða leigugjöld samkvæmt leigusamningi milli flugmálastjórnar og leigutaka. Upphæð leigugjalda skal almennt við það miðuð, að þau standi straum af tilkostnaði flugmálastjórnar við umrædd mannvirki.

8. Almenn ákvæði.

8.1. Þar sem getið er um þunga loftfars er átt við leyfilegan hámarksflugtaksþunga þess.

8.2. Gjöld sem ekki eru staðgreidd, verða innheimt með útsendingu reikninga eða gíróseðla. Greiðslu ber að inna af hendi innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings eða gíróseðils. Verði gjöld ekki greidd á gjalddaga skal flugmálastjórn innheimta hæstu lögleyfðu dráttarvexti.

9. Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 78. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 34 10. janúar 1985 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 10. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Landshafnir

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir landshafnirnar í Keflavík og Njarðvík, á Rifi og í Þorlákshöfn.

II. KAFLI

Um hafnargjöld.

2. gr.

Við útreikning hafnargjalda af skipum skal alltaf talið í heilum rúmlestum en sleppa brotum. Rúmlestatala skips reiknast eins og hún er mest skráð á mælibréf skips.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 2,70 á brúttórúmlest. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Af strandferðaskipum skal greiða hálft lestagjald.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, skemmtiskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 1,35 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum í heimahöfn sem ársfjórðungsgjald kr. 56,70 á brúttórúmlest þó aldrei minna en ¼ af árlegu legugjaldi fyrir trillur.

Legugjald fyrir trillur (skemmtibáta) ákveðst af hafnarstjórn. Skip þau er getur í síðustu mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi, þó ekki skemmtiskip.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendar eða erlendar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálft vörugjald.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegar vörugjaldi:

a) Umbúðir sem endursendar eru.
b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 45,35 pr. tonn:
   Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, sement.
2. fl.: Gjald kr. 95,30 pr. tonn:
   Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingarvörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.
3. fl.: Gjald 262,45 pr. tonn:
   a. Vélar og tæki hverskonar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
   b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
   c. Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
   Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.
4. fl.: Gjald 0,85%
   Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara reiknast af helmingi fob verðs. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski

reiknast af áætluðu heildarverðmæti hvort tveggja miðað við 1. fl. fisk. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 24,50.

Hafnsögugjald.

13. gr.

Hvert það skip sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

14. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa hafnarverði eftirfarandi upplýsingar:
- Skipsnafn, heimahöfn, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður.
- Nafn skipstjóra.
- Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
- Tegund og magn farms.
- Um hættulegan flutning, tegund og magn.
- Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
- Nafn umboðsmanns.

Reglur þessar gilda ekki um herskip, varðskip, rannsóknarskip og fiskiskip né um áætlunarskip nema eftir því sem við á.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglur Siglingamálastofnunar ríksins. Skipsstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.
Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

8.1 Sérhvert skip, sem ætlar til Sauðárkróks og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnarvarðar með minnst 3ja klst. fyrirvara. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við festar á höfninni. Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

8.2 Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 400 brúttórúmlestir og ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án leiðsögumanns, sem hafnarvörður lætur skipinu í té. Hafnarvörður getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu.

9. gr.
Umferð um höfnina.

9.1 Skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, skal með talstöðvarsambandi við hafnarvörð fá upplýsingar um hvar binda megi skipið, áður en haldið er inn á innri höfn. Óheimilt er að binda skip annarsstaðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

9.2 Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en svarar 5 sjómílum á klst., en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstaka aðgát skal sýna þegar farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.

9.3 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af því.

9.4 Bannað er að blása í flautur og lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til þess.

9.5 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

9.6 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

9.7 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu, er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að og frá viðlegu.

9.8 Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með leyfi hafnarvarðar.

10. gr.

Skip í viðlegu.

10.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

10.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

10.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju ef hafnarvörður krefst þess.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

10.4 Þegar búið er að leggja skipi við hafnarbakka, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir.

Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða ekki eru í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Liggi skip á innri höfninni án þess nokkuð sé unnið við það, getur hafnarvörður krafist þess, að það sé tekið burtu.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur fyrirskipað, er hafnarverði heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

10.5 Í sérhverju skipi skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarverði að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá skipaþjónustu nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

10.6 Hafnarvörður ákveður legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarverði. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda, sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarvarðar samkvæmt nánari reglum.

11. gr.

Skip í lægi.

11.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

11.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarvörður leyfir. Skipum skal lagt undir umsjá hafnarvarðar og legufæri ákveðin í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarverði siglingafróðan mann, sem búsettur sé á Sauðárkróki, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarvörður til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarvörður láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

III. KAFLI

Afnot hafnarvirkja og landsvæða.

12. gr.

Lestun og losun, almennt.

12.1 Afnot hafnarvirkja og lands eru öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá.

12.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

12.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

12.4 Hafnarvörður skal færa skrá yfir lyfti- og flutningatæki og annan tækjabúnað, sem notaður er við höfnina.

Eigendur slíkra tækja skulu sækja um leyfi til notkunar þeirra á hafnarsvæðinu hjá hafnarverði, m. a. sökum þungatakmarkana á hafnarsvæðinu.

12.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu án leyfis hafnaryfirvalda.

12.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annarsstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Hafnarvörður getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

12.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

12.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

13. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

13.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarverði og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt International Maritime Dangerous Goods Code flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina nafn á varningi, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toulol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natriumklorat.

13.2 Losun á vörum, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum brunamálasamþykktar fyrir Sauðárkrók.

13.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarvörður getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarvörður eða viðkomandi eftirlitsstofnun samþykkir.

Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. IMO-Recommendation on save transport handling storage of dangerous substances in-port areas.

Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

Um hafnargjöld í Sauðárkrókshöfn.

14. gr.

Um hafnargjöld.

14.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Löggæsla á hafnarsvæðinu, umferð og fleira.

15.1 Lögreglan á Sauðárkróki hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

15.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.

Hafnarstjórn getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð. Sund er bannað á hafnarsvæðinu án leyfis, nema á sérstökum baðsvæðum.

15.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.

15.5 Hafnarverði skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

16. gr.

Skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

16.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarvarðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burtu á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

16.2 Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og veldur óþrifnaði oghættu þá skal hafnarvörður fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hluti á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

17. gr.

Varnir gegn megnun og óþrifnaði.

17.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

17.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarvarðar komi til.

17.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað, sem mengun veldur.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

18. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

18.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarverði að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

19. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

19.1 Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 10.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

20. gr.

Um skaðabótaskyldu.

20.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

20.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

20.3 Hvers konar bótakröfum fylgir lögtaksréttur.

21. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

2.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Sauðárkróks.

Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

21.1 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók, nr. 282/1972, sbr. nr. 264/1975.

Samgönguráðuneytið, 14. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1986

28. febrúar 1986 181 Nr. 101

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 680 31. desember 1980, með síðari breytingum, um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókunar við þann samning vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Inngangur.

Hinn 1. janúar 1986 urðu Spánn og Portúgal aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu á grundvelli aðildarsamnings sem undirritaður var 12. júní 1985. Þar eð Portúgal gekk úr EFTA í árslok 1985 og samningur EFTA-landanna og Spánar gekk úr gildi á sama tíma var með bráðabirgðasamkomulagi á grundvelli laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. ákveðið að óbreytt ástand gilti í viðskiptum við Spán og Portúgal frá 1. janúar 1986 til gildistöku breytinga á fríverslunarsamningum við Evrópubandalögin. Þar sem breytingar þessar við samninginn voru fullgiltar af Íslands hálfu 28. febrúar s.l. og taka gildi 1. mars 1986 eru eftirfarandi breytingar gerðar á nefndri auglýsingu nr. 680/1980:

1. gr.

1. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Ákvæði EFTA-samningsins og samnings Íslands og EBE með síðari breytingum ná, eftir því sem við á, til eftirtalinna ríkja í Evrópu, svo og til annarra nefndra landssvæða sem tengd eru hlutaðeigandi ríkjum:

EFTA-lönd: Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur (ásamt Svalbarða), Sviss auk Liechtensteins og Svíþjóð.

EBE-lönd: Belgía, Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermasundseyjum og eynni Mön), Danmörk, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemburg, Portúgal (ásamt Azoreyjum og Madeira), Sambandslýðveldið Þýskaland og Spánn (ásamt Ceuta, Kanaríeyjum og Melilla).

2. gr.

1. mgr. 2. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Vörur sem fluttar eru frá löndum þeim sem um ræðir í 1. gr., aðrar en upprunavörur frá Spáni og Portúgal sem ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar taka til, og falla undir tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum þar sem sérstakur tolltaxti er tilgreindur í dálkum merktum E geta notið tollfrelsis samkvæmt dálki merktum E að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. gr.

Við 2. gr. auglýsingarinnar bætast tvær nýjar málsgreinar er verði 3. og 4. mgr. og orðist svo:

Við tollafgreiðslu á upprunavörum frá Spáni sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer skal frá og með 1. mars til og með 31. desember 1986 og á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tolltöxtum þeim sem tilgreindir eru hér á eftir:

	1986 %	1987 %		1986 %	1987 %		1986 %	1987 %
17.04.01	19	17	28.04.11	6	5	34.02.08	12	10
17.04.03	19	17	28.04.12	3	3	34.02.09	12	10
17.04.04	19	17	28.04.13	1	1	34.05.01	12	10
17.04.05	19	17	28.09.00	3	3	34.05.02	12	10
17.04.06	19	17	28.13.01	3	3	34.06.00	12	10
17.04.09	19	17	28.16.00	3	3	35.01.00	5	4
18.06.03	19	17	29.01.41	6	5	35.03.01	5	4
18.06.04	19	17	30.03.13	2	2	35.06.01	6	5
18.06.05	19	17	30.03.23	2	2	35.06.09	5	4
18.06.06	19	17	30.03.33	2	2	36.05.00	9	7
18.06.09	19	17	30.03.43	2	2	38.18.00	10	9
19.02.01	19	17	32.09.10	10	9	38.19.33	6	5
19.02.02	13	11	32.09.21	10	9	39.01.23	2	2
19.07.01	16	13	32.09.22	10	9	39.01.24	5	4
19.07.02	16	13	32.09.23	10	9	39.01.26	4	3
19.07.09	16	13	32.09.24	10	9	39.01.33	2	2
19.08.01	16	13	32.09.25	10	9	39.01.34	5	4
19.08.03	16	13	32.09.29	10	9	39.01.36	4	3
19.08.04	16	13	32.09.31	6	5	39.01.43	2	2
19.08.09	16	13	32.09.39	10	9	39.01.46	0	0
21.02.11	15	13	32.09.41	6	5	39.01.53	2	2
21.04.01	19	17	32.09.43	5	4	39.01.55	0	0
21.04.02	19	17	32.09.49	10	9	39.01.64	6	5
21.04.09	19	17	32.11.00	6	5	39.01.95	2	2
21.05.19	19	17	32.12.00	10	9	39.01.97	4	3
21.06.02	19	17	33.04.03	5	4	39.02.13	4	3
21.07.02	19	17	33.06.01	16	14	39.02.14	4	3
22.02.01	19	17	33.06.03	16	14	39.02.15	2	2
22.02.09	19	17	33.06.05	16	14	39.02.23	2	2
22.03.01	19	17	33.06.07	9	7	39.02.25	4	3
22.03.09	19	17	33.06.11	16	14	39.02.34	4	3
25.05.00	1	1	34.01.01	12	10	39.02.35	2	2
25.12.01	3	3	34.01.02	12	10	39.02.36	6	5
25.13.01	3	3	34.01.03	12	10	39.02.44	4	3
25.16.00	3	3	34.01.04	12	10	39.02.47	2	2
25.17.01	3	2	34.01.05	12	10	39.02.61	4	3
25.17.09	1	1	34.01.09	12	10	39.02.64	2	2
25.22.01	3	3	34.02.05	12	10	39.02.75	4	3
25.23.00	3	3	34.02.06	12	10	39.02.93	2	2
26.03.00	2	2	34.02.07	12	10	39.02.99	2	2

	1986 %	1987 %		1986 %	1987 %		1986 %	1987 %
39.03.12	4	3	41.05.01	2	2	48.07.42	3	3
39.03.13	2	2	41.05.09	2	2	48.07.44	9	7
39.03.33	4	3	41.09.00	2	2	48.07.47	2	2
39.03.34	4	3	42.01.00	12	10	48.14.04	9	7
39.03.53	4	3	42.02.10	18	15	48.15.10	9	7
39.03.54	2	2	42.02.20	18	15	48.15.34	2	2
39.03.81	4	3	42.02.30	18	15	48.15.35	9	7
39.03.82	2	2	42.02.41	18	15	48.16.01	0	0
39.07.11	6	5	42.02.49	18	15	48.16.02	0	0
39.07.13	0	0	42.03.01	10	9	48.16.03	0	0
39.07.14	0	0	42.03.02	10	9	48.16.04	6	5
39.07.15	9	7	42.03.09	10	9	48.16.05	6	5
39.07.16	6	5	42.04.00	3	3	48.16.06	6	5
39.07.17	16	14	43.01.10	5	4	48.16.07	2	2
39.07.18	6	5	43.01.20	5	4	48.16.08	0	0
39.07.19	6	5	43.02.01	6	5	48.16.11	6	5
39.07.35	9	7	43.02.09	6	5	48.16.12	3	3
39.07.40	10	9	43.03.01	10	9	48.16.19	6	5
39.07.46	11	10	43.03.09	10	9	48.18.00	9	7
39.07.47	14	12	43.04.09	10	9	48.19.01	5	4
39.07.61	0	0	44.13.21	9	7	48.19.02	0	0
39.07.62	16	14	44.13.29	5	4	48.19.09	9	7
39.07.63	6	5	44.19.00	10	9	48.21.21	11	10
39.07.66	6	5	44.20.00	11	10	48.21.31	10	9
39.07.67	6	5	44.21.00	9	7	48.21.32	16	14
39.07.69	9	7	44.23.01	6	5	48.21.40	6	5
39.07.71	6	5	44.23.02	6	5	48.21.53	14	12
39.07.77	4	3	44.23.03	6	5	48.21.55	6	5
39.07.79	6	5	44.23.04	10	9	48.21.56	10	9
39.07.81	11	10	44.23.09	9	7	48.21.57	9	7
40.07.00	5	4	44.24.00	16	14	49.01.01	3	3
40.08.01	9	7	44.25.01	6	5	49.07.09	2	2
40.13.02	10	9	44.25.03	6	5	49.08.00	9	7
40.13.09	10	9	44.27.01	14	12	49.09.00	16	14
40.14.01	0	0	44.27.02	6	5	49.10.00	2	2
40.14.03	6	5	44.27.09	16	14	49.11.19	9	7
40.14.11	6	5	44.28.83	6	5	49.11.29	9	7
41.01.11	0	0	44.28.84	9	7	50.04.00	4	3
41.01.19	2	2	44.28.87	6	5	50.05.00	4	3
41.01.20	2	2	44.28.88	16	14	50.07.00	4	3
41.01.30	2	2	44.28.94	11	10	50.09.00	4	3
41.01.40	2	2	46.02.01	14	12	51.01.10	0	0
41.01.50	2	2	46.02.02	14	12	51.01.20	0	0
41.01.60	2	2	46.03.01	2	2	51.01.30	0	0
41.02.10	3	3	48.05.20	9	7	51.01.40	0	0
41.03.00	2	2	48.05.41	3	3	51.01.50	0	0
41.04.00	2	2	48.07.39	6	5	51.01.60	0	0

	1986 %	1987 %		1986 %	1987 %		1986 %	1987 %
51.01.70	0	0	56.06.20	3	3	59.04.02	0	0
51.01.80	0	0	56.06.30	3	3	59.04.04	2	2
51.01.85	0	0	56.07.10	3	3	59.04.09	4	3
51.01.90	0	0	56.07.20	3	3	59.05.01	0	0
51.02.10	0	0	56.07.30	3	3	59.05.02	0	0
51.02.20	0	0	56.07.40	3	3	59.05.09	10	9
51.03.10	3	3	56.07.50	3	3	59.06.01	2	2
51.03.20	3	3	56.07.60	3	3	59.06.03	0	0
51.04.10	3	3	56.07.70	3	3	59.07.09	4	3
51.04.21	0	0	56.07.80	3	3	59.08.09	2	2
51.04.29	3	3	56.07.85	3	3	59.12.09	4	3
51.04.30	3	3	56.07.90	3	3	60.01.10	6	5
51.04.40	3	3	57.06.00	2	2	60.01.21	0	0
51.04.50	3	3	57.07.09	4	3	60.01.29	3	3
51.04.60	3	3	58.01.10	14	12	60.01.30	3	3
52.01.00	3	3	58.01.20	14	12	60.01.40	3	3
52.02.00	3	3	58.02.10	14	12	60.01.51	3	3
53.06.10	1	1	58.02.20	14	12	60.01.59	3	3
53.06.20	1	1	58.02.30	14	12	60.02.01	10	9
53.07.10	1	1	58.02.40	14	12	60.02.02	10	9
53.07.20	1	1	58.02.50	14	12	60.02.09	10	9
53.09.00	4	3	58.02.60	14	12	60.03.01	13	14
53.10.10	5	4	58.02.70	14	12	60.03.02	14	12
53.10.20	5	4	58.02.80	14	12	60.03.03	14	12
53.11.10	4	3	58.02.90	14	12	60.03.04	14	12
53.11.20	4	3	58.03.00	10	9	60.03.05	3	3
53.11.30	4	3	58.04.10	2	2	60.03.09	14	12
53.11.40	4	3	58.04.30	2	2	60.04.10	14	12
53.11.50	4	3	58.04.40	2	2	60.04.15	14	12
53.12.00	4	3	58.04.50	2	2	60.04.20	14	12
54.03.00	0	0	58.05.00	2	2	60.04.25	14	12
54.04.00	3	3	58.06.00	2	2	60.04.30	14	12
54.05.01	6	5	58.07.01	4	3	60.04.40	14	12
54.05.09	6	5	58.07.02	0	0	60.04.45	14	12
55.07.10	4	3	58.07.03	3	3	60.04.50	14	12
55.07.20	4	3	58.07.09	2	2	60.04.61	14	12
55.08.10	4	3	58.08.01	0	0	60.04.69	14	12
55.08.20	4	3	58.08.09	4	3	60.05.05	14	12
56.05.19	0	0	58.09.00	4	3	60.05.10	14	12
56.05.20	0	0	58.10.00	4	3	60.05.15	14	12
56.05.30	0	0	59.01.02	6	5	60.05.20	14	12
56.05.40	0	0	59.02.10	9	7	60.05.25	14	12
56.05.59	0	0	59.02.22	6	5	60.05.30	14	12
56.05.60	0	0	59.02.29	5	4	60.05.35	14	12
56.05.70	0	0	59.03.01	2	2	60.05.40	14	12
56.05.89	0	0	59.03.09	10	9	60.05.45	14	12
56.06.10	3	3	59.04.01	0	0	60.05.50	14	12

	1986 %	1987 %		1986 %	1987 %		1986 %	1987 %
60.05.55	14	12	61.02.91	14	12	62.02.81	6	5
60.05.60	14	12	61.02.92	14	12	62.02.89	16	14
60.05.65	14	12	61.02.93	14	12	62.03.01	0	0
60.05.70	14	12	61.02.94	14	12	62.03.02	0	0
60.05.75	14	12	61.02.95	14	12	62.03.09	0	0
60.05.82	14	12	61.02.96	14	12	62.04.11	6	5
60.05.89	14	12	61.02.97	14	12	62.04.12	12	10
60.06.10	4	3	61.02.98	14	12	62.04.19	12	10
60.06.21	2	2	61.03.10	14	12	62.04.21	6	5
60.06.22	10	9	61.03.20	14	12	62.04.22	12	10
60.06.29	6	5	61.03.30	14	12	62.04.29	12	10
61.01.05	14	12	61.03.41	14	12	62.05.11	0	0
61.01.10	14	12	61.03.49	14	12	62.05.12	0	0
61.01.15	14	12	61.03.51	14	12	62.05.19	12	10
61.01.20	14	12	61.03.59	14	12	63.01.00	6	5
61.01.25	14	12	61.03.61	14	12	63.02.00	6	5
61.01.30	14	12	61.03.69	14	12	64.01.09	10	9
61.01.35	14	12	61.04.11	14	12	64.02.01	14	12
61.01.40	14	12	61.04.12	14	12	64.02.02	14	12
61.01.45	14	12	61.04.19	14	12	64.02.05	14	12
61.01.50	14	12	61.04.21	14	12	64.02.09	14	12
61.01.55	14	12	61.04.22	14	12	64.03.00	10	9
61.01.60	14	12	61.04.29	14	12	64.04.00	10	9
61.01.65	14	12	61.04.31	14	12	65.03.00	10	9
61.01.70	14	12	61.04.32	14	12	65.05.00	10	9
61.01.75	14	12	61.04.39	14	12	65.06.02	10	9
61.01.80	14	12	61.05.00	14	12	68.01.00	6	5
61.01.85	14	12	61.06.00	14	12	68.02.01	14	12
61.01.90	14	12	61.07.00	14	12	68.02.03	14	12
61.01.95	14	12	61.09.10	14	12	68.02.09	9	7
61.02.05	14	12	61.09.21	14	12	68.08.01	6	5
61.02.10	14	12	61.09.29	14	12	68.11.01	6	5
61.02.15	14	12	61.10.00	14	12	68.11.09	12	10
61.02.20	14	12	61.11.00	3	3	68.15.00	6	5
61.02.25	14	12	62.01.10	16	14	68.16.02	6	5
61.02.30	14	12	62.01.20	16	14	69.06.00	6	5
61.02.35	14	12	62.01.30	16	14	69.13.01	14	12
61.02.40	14	12	62.01.40	16	14	69.13.09	16	14
61.02.45	14	12	62.01.50	16	14	70.07.01	9	7
61.02.50	14	12	62.02.10	16	14	70.08.00	9	7
61.02.55	14	12	62.02.20	16	14	70.09.00	16	14
61.02.60	14	12	62.02.30	16	14	70.14.01	14	12
61.02.65	14	12	62.02.40	16	14	71.12.00	10	9
61.02.70	14	12	62.02.50	16	14	71.16.00	10	9
61.02.75	14	12	62.02.60	16	14	73.14.02	3	3
61.02.80	14	12	62.02.71	6	5	73.21.01	10	9
61.02.85	14	12	62.02.79	16	14	73.21.02	6	5

				1986 %	1987 %		1986 %	1987 %
73.21.03	6	5	76.10.09	10	9	87.05.01	2	2
73.21.04	6	5	76.16.02	0	0	87.05.02	6	5
73.21.05	6	5	76.16.03	0	0	87.06.01	6	5
73.21.06	3	3	76.16.07	4	3	89.01.20	6	5
73.21.09	6	5	76.16.09	6	5	89.01.59	6	5
73.22.01	2	2	76.16.11	9	7	89.01.69	6	5
73.22.09	9	7	76.16.12	3	3	94.01.13	14	12
73.23.01	5	4	78.06.01	0	0	94.01.14	14	12
73.23.03	9	7	82.01.02	4	3	94.01.19	14	12
73.23.04	0	0	83.03.01	6	5	94.01.20	14	12
73.23.09	10	9	83.06.01	11	10	94.03.11	10	9
73.31.01	9	7	83.07.04	6	5	94.03.12	14	12
73.31.09	9	7	83.07.05	11	10	94.03.13	14	12
73.37.01	6	5	83.07.09	14	12	94.03.14	14	12
73.37.02	6	5	83.13.02	11	10	94.03.15	14	12
73.37.03	2	2	83.13.03	0	0	94.03.19	14	12
73.37.09	6	5	83.14.00	11	10	94.03.21	10	9
73.38.21	9	7	84.11.41	2	2	94.03.22	14	12
73.38.22	12	10	84.11.42	2	2	94.03.23	14	12
73.40.41	0	0	84.12.00	4	3	94.03.24	14	12
73.40.42	0	0	84.15.33	2	2	94.03.29	14	12
73.40.43	0	0	84.15.39	2	2	94.03.31	10	9
73.40.44	0	0	84.17.23	4	3	94.03.32	14	12
73.40.45	0	0	84.22.12	1	1	94.03.39	14	12
73.40.46	0	0	84.22.31	2	2	94.04.00	14	12
73.40.48	0	0	84.22.61	4	3	96.01.01	11	10
73.40.49	4	3	84.22.62	6	5	96.01.03	16	14
73.40.51	11	10	84.30.15	0	0	96.01.05	16	14
73.40.55	9	7	85.01.21	6	5	96.01.07	11	10
74.19.03	4	3	85.01.71	6	5	96.01.09	16	14
74.19.05	9	7	85.01.79	6	5	97.02.00	16	14
75.06.01	9	7	85.04.10	6	5	97.03.00	14	12
76.01.10	0	0	85.12.51	12	10	97.04.03	14	12
76.01.20	0	0	85.12.52	12	10	97.07.02	9	7
76.08.00	6	5	85.12.53	12	10	97.07.09	9	7
76.09.00	9	7	85.19.17	6	5	98.02.09	6	5
76.10.02	5	4	85.19.19	6	5	98.07.00	12	10
76.10.04	9	7	85.24.00	4	3	98.12.00	16	14

Hafi tollar á vörum sem falla undir önnur tollskrárnúmer en upp eru talin í þessari málsgrein verið lækkaðir, samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga, til samræmis við tolla á hliðstæðum vörum sem falla undir tollskrárnúmer upptalin í þessari málsgrein skulu tollar á slíkum spönskum upprunavörum vera hinir sömu og gilda fyrir ofangreind tollskrárnúmer sem tollar hafa verið samræmdir við.

Við tollafgreiðslu á upprunavörum frá Portúgal sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer skal frá og með 1. mars til og með 31. desember 1986 og á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tolltöxtum þeim sem tilgreindir eru hér á eftir:

	1986 %	1987 %			1986 %	1987 %		1986 %	1987 %
05.04.00	1	2		16.04.02	22	22	16.05.04	22	22
05.15.00	1	2		16.04.03	22	22	16.05.09	22	22
14.02.00	1	2		16.04.04	22	22	20.02.01	1	3
14.03.00	1	2		16.04.05	22	22	21.03.00	2	4
14.05.00	1	2		16.04.06	22	22	21.04.01	2	4
15.04.10	1	2		16.04.07	22	22	21.04.02	2	4
15.04.20	1	2		16.04.08	22	22	21.04.09	2	4
15.04.30	1	2		16.04.09	22	22	21.05.29	2	4
15.05.00	1	2		16.04.11	22	22	22.01.01	2	4
15.06.00	1	2		16.04.12	22	22	22.08.00	1	2
15.12.09	2	4		16.04.19	22	22	23.01.10	1	2
16.03.00	2	4		16.05.01	22	22	23.01.20	1	2
16.04.01	22	22		16.05.02	22	22	24.02.32	1	2
				16.05.03	22	22			

Um aðrar portúgalskar upprunavörur gilda tollfrelsisákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. mars 1986.

Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi auglýsing nr. 267 4. júní 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar svo og auglýsingar nr. 319/1983 og 73/1985 um breytingar á henni. Þó skulu EUR. 1 flutningsskírteini og EUR. 2 eyðublöð sem gefin hafa verið út samkvæmt ákvæðum hennar fyrir gildistöku þessarar auglýsingar halda gildi sínu, enda hafi þeim verið framvísað í samræmi við ákvæði auglýsingar nr. 267/1980 með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1986

F. h. r.
Sigurgeir A. Jónsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

1. mars 1986 Nr. 102

REGLUGERÐ

um tollafgreiðslugjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 1% tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum.

Gjaldið skal lagt á tollverð innfluttrar vöru og gilda um ákvörðun tollverðs ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum.

Vörur sem tilgreindar eru í 2. gr. eru undanþegnar tollafgreiðslugjaldi og skal tollverð þeirra dregið frá heildartollverði vörusendingar áður en tollafgreiðslugjald er ákveðið.

Hafi vörusending verið sett í tollvörugeymslu skal 1% tollafgreiðslugjald eingöngu greitt af tollverði þeirra vara sem 1% gjaldið hvílir á og tollafgreiddar eru hverju sinni úr tollvörugeymslu.

2. gr.

Undanþegnar tollafgreiðslugjaldi skv. reglugerð þessari eru eftirtaldar vörur:

1. Vörur sem falla undir I—IV flokk 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum.
2. Skip og flugvélar.
3. Flugvélaeldsneyti, gasolía og brennsluolía.
4. Vörur sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr., 1.—12., 16., 17.—18., 21., 8. mgr. 27., 33., 35., 37., 40., 44., 49., 58., og 42. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1980 um breyting á lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.
5. Vörur sem við innflutning eru tollfrjálsar skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, án tillits til uppruna, og ekki eru vörugjaldsskyldar skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.
6. Vörur til álbræðslunnar í Straumsvík, járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og Áburðarverksmiðju ríkisins sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum samkvæmt ráðuneytisbréfum, dags. 6. júní 1967, 7. nóvember 1978 og 15. nóvember 1978.
7. Vörur sem upprunnar eru í aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu og Efnahagsbandalags Evrópu og við tollafgreiðslu eru undanþegnar tolli samkvæmt E-dálki 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum eða undanþegnar eru tolli skv. 13. tl. 3. gr. sömu laga, enda séu við tollafgreiðslu vara þessara uppfyllt skilyrði auglýsingar nr. 680/1980, með síðari breytingum, um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókana við þann samning vegna aðildar Grikklands, Portúgals og Spánar að Efnahagsbandalagi Evrópu. Sama gildir um upprunavörur frá Spáni og Portúgal sem tollar fara lækkandi eða hækkandi á skv. 3. og 4. gr. auglýsingar nr. 101/1986.
8. Vörur sem tollmeðferð hljóta samkvæmt ákvæðum II—IV kafla laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl. svo og vörur sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum við innflutning skv. 8. gr. viðbætis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu Bandaríkjanna og eignir þeirra, sbr. lög nr. 110/1951.
9. Sendingar sem heimilt er að afhenda viðtakendum án útgáfu aðflutningsskýrslu, enda séu þær að fobverðmæti innan við kr. 1.000.

Af vörum sem tollur eða önnur aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af samkvæmt heimild í fjárlögum eða öðrum lögum skal greiða tollafgreiðslugjald samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Innflytjendur, sem heimild hafa til að greiða aðflutningsgjöld af efni til skipasmíða og viðgerða með skuldarviðurkenningu, sbr. ráðuneytisbréf, dags. 4. febrúar 1985, skal jafnframt heimilt að greiða tollafgreiðslugjald af sömu vörum með skuldarviðurkenningu ásamt aðflutningsgjöldum.

Reglur um endurgreiðslu tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða sem settar eru samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda um framkvæmd endurgreiðslu tollafgreiðslugjalds, eftir því sem við getur átt, m.a. lágmarksfjárhæð endurgreiðslubeiðni

með þeim leiðréttingum sem leiðir af 2. málsl. þessarar málsgreinar. Heildarendurgreiðsluhlutfall vegna nýsmíði skipa og báta skal vera 0,25% vegna álagningar tollafgreiðslugjalds sem endurgreitt skal með sama hætti og tollur og eftir því sem við verður komið í þeim áföngum sem þar greinir. Af efni, vélum og tækjum til skipaviðgerða skal tollafgreiðslugjaldið endurgreitt að fullu samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu.

4. gr.

Tollafgreiðslugjald skv. 1. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og gilda um innheimtu og lögvernd þess ákvæði laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl með síðari breytingum, svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, sbr. 13. gr. laga nr. 3 1. mars 1986 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 230/1982 um sama efni svo og reglugerð nr. 542/1982 um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1986.

F. h. r.
Sigurgeir A. Jónsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

28. febrúar 1986 Nr. 103

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 5% frá 1. mars 1986 að telja frá því sem þær voru 28. febrúar 1986. Bætur samkv. 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

2. gr.

Sérstök lífeyrisuppbót kr. 3 000,00, skal greidd með aprílbótum þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, sem njóta óskertrar tekjutryggingar. Þeir, sem njóta skertrar tekjutryggingar, fá hlutfallslega lægri lífeyrisuppbót.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um sérstakt gjald af bifreiðum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Greiða skal ríkissjóð sérstakt gjald af bifreiðum, nema annað sé ákveðið samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Gjald af bifreiðum skal lagt á í eftirfarandi fjórum flokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum:

	Eigin þyngd kg	Sprengirými cm^3	Gjald %
I	0–1100	0–2000	0
II	1101–1300	2001–2300	4
III	1301–1500	2301–3000	8
IV	>1500	>3000	12

Við flokkun til gjaldskyldu í lægri gjaldflokk, komi fleiri en einn til álita skv. 1. mgr., nægir að annað skilyrðið, eigin þyngd eða sprengirými, sé uppfyllt. Með „eigin þyngd" er átt við þyngd bifreiðar eins og hún er skýrgreind samkvæmt staðli Alþjóðlegu stöðlunarstofnunarinnar ISO, nr. 1176 Road vehicles — Weights — Vocabulary (töluliður 4.6), og er þá miðað við ökutæki tilbúin til aksturs m.a. með olíu, kælimiðli, eldsneyti, rafgeymi, aukahjólbarða og verkfærasetti.

3. gr.

Ökutæki í eftirtöldum tollskrárnúmerum skulu undanþegin sérstöku gjaldi af bifreiðum:

87.01.20 Dráttarbifreiðar með burðarþol 6 tonn og þar yfir, fyrir festivagna.
87.02.12 Ökutæki á beltum,yfir 400 kg að eigin þyngd.
87.02.17 Ökutæki með burðarþol 6 tonn og þar yfir,til flutnings bæði á mönnum og vörum.
87.02.29 Almenningsbifreiðar, sem hannaðar eru til flutnings á færri en 30 farþegum að meðtöldum ökumanni.
87.02.31–32 Grindur með hreyfli og ökumannshúsi með burðarþol 6 tonn og þar yfir.
87.02.35 Flutningstæki fyrir grjót o.þ.h.
87.02.37–38 Vörubifreiðar með burðarþol 6 tonn og þar yfir.
87.02.43 Sjúkrabifreiðar.
87.03.01–09 Bifreiðar til sérstakrar notkunar. Bifreiðar sem eru knúnar rafhreyfli.

Bifreiðar í eigu erlendra sendiráða, sendiræðisskrifstofa, diplómatískra sendimanna og sendiræðismanna skulu undanþegnar gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari, enda sé slíkt skylt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að eða sendimenn og sendisveitir njóti sams konar fríðinda hjá viðkomandi ríki. Sama skal gilda að því er varðar alþjóðasamtök og -stofnanir sem hér eru.

II. KAFLI
Innfluttar bifreiðar og bifhjól.

4. gr.

Við innflutning gjaldskyldra bifreiða skal gjald skv. 2.gr. lagt á tollverð þeirra eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum. Gjaldið skal innheimt við tollafgreiðslu á innfluttum gjaldskyldum bifreiðum ásamt aðflutningsgjöldum.

5. gr.

Innflytjandi bifreiðar skal afhenda viðkomandi tollyfirvaldi, ásamt aðflutningsskýrslu, umsókn á þar til gerðu eyðublaði um skráningu ökutækis þar sem m.a. skal gerð grein fyrir eigin þyngd og stærð sprengirýmis aflvélar viðkomandi ökutækis (kW ef um rafknúna bifreið er að ræða), sbr. 2. gr.

Eyðublöð vegna umsóknar um skráningu ökutækis fást hjá tollyfirvöldum.

III. KAFLI
Innlend samsetning.

6. gr.

Bifreiðar sem settar eru saman hér á landi eru gjaldskyldar skv. 2. gr. sbr. þó 3. gr. og er óheimilt að skrásetja þær fyrr en sérstakt gjald samkvæmt reglugerð þessari hefur verið greitt.

7. gr.

Gjald af bifreiðum sem framleiddar eru eða settar saman hér á landi skal greitt áður en skráning þeirra fer fram. Gjaldið skal lagt á framleiðsluverð þeirra. Sé erfiðleikum bundið að ákvarða framleiðsluverð er heimilt að meta það. Skal við matið höfð hliðsjón af tollverði hliðstæðra innfluttra ökutækja eða framleiðsluverð hliðstæðra ökutækja framleiddra hérlendis.

8. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt ákvæðum þessa kafla eru allir þeir sem setja saman bifreiðar hér á landi, hvort sem er til endursölu eða eigin nota.

Þeir sem gjaldskyldir eru samkvæmt þessari grein skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir gjald það sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu, sem innt skal af hendi áður en skráning bifreiðar fer fram, skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um hina gjaldskyldu bifreið ásamt umsókn um skráningu, sbr. 5. gr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Við flokkun á bifreiðum til gjaldskyldu skulu gjaldskyldir aðilar, ef tollstjóri telur ástæðu til, leggja fram upplýsingar frá framleiðanda ökutækis um eigin þyngd og stærð sprengirýmis aflvélar viðkomandi ökutækis. (kW ef um rafknúna bifreið er að ræða), sbr. 2. gr.

10. gr.

Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlit skulu ganga úr skugga um við skráningu bifreiðar að gjald skv. 2. gr. hafi verið greitt. Komi í ljós að gjald sé vangreitt skal viðkomandi tollyfirvaldi þegar tilkynnt um það.

11. gr.

Sérstakt bifreiðargjald sem lagt er á samkvæmt reglugerð þessari myndar gjaldstofn til söluskatts.

12. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, álagningu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi sérstakt gjald af bifreiðum skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 225/1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum með síðari breytingum svo og önnur þau fyrirmæli er kunna að brjóta í bága við reglugerð þessa.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1986.

F.h.r.
Sigurgeir A. Jónsson.

Lárus Ögmundsson.

Nr. 105 28. febrúar 1986

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 468 20. desember 1985, um innheimtu þinggjalda á árinu 1986.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á fyrstu tveim reglulegum gjalddögum þinggjalda á árinu 1986, þ. e. 1. febrúar og 1. mars, skal hver gjaldandi greiða 13% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1985. Hinn 1. apríl og þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 11,67% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110 gr. og 119 gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneyti, 28. febrúar 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Höskuldur Jónsson.

TILKYNNING

um lækkun á gjaldskrám hitaveitna og rafveitna.

Við undirbúning nýgerðra kjarasamninga beindi ríkisstjórnin þeim tilmælum til sveitarfélaga að gjaldskrár rafveitna yrðu lækkaðar um 10% og gjaldskrár hitaveitna um 7%.

Jákvæð viðbrögð fengust við þessum tilmælum og í framhaldi af því ákvað ríkisstjórnin, með lögum nr. 3, 1. mars 1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, að verðjöfnunargjald af raforkusölu yrði fellt niður, frá og með 1. mars 1986.

Með vísan til framanritaðs hefur iðnaðarráðuneytið óskað eftir því að öll orkufyrirtæki landsins sendi ráðuneytinu, til staðfestingar og birtingar, nýjar gjaldskrár og tekur fram, að þar sem hér er um ívilnandi stjórnvaldsaðgerð að ræða geti gjaldskrárnar tekið gildi frá og með 1. mars 1986, þótt þær verði ekki birtar í B-deild Stjórnartíðinda fyrr en eftir þann dag.

Iðnaðarráðuneytið, 1. mars 1986.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

26. febrúar 1986 Nr. 107

AUGLÝSING

um undanþágu frá greiðslu söluskatts af fjármögnunarleigu.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. tl. 10. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum skal ekki innheimta söluskatt af greiðslum sem inntar eru af hendi samkvæmt samningum um fjármögnunarleigu, sbr. 3. gr., á vélum, tækjum og búnaði sem getið er um í 2. gr. og notaðar eru í atvinnurekstri, enda séu önnur skilyrði auglýsingar þessarar uppfyllt.

2. gr.

Undanþága frá greiðslu söluskatts skv. 1. gr. tekur einugis til samninga um fjármögnunarleigu á vélum og tækjum sem falla undir 84.—90. kafla og 92. kafla 1. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976 með síðri breytingum. Jafnframt skal kaupverð þeirra véla og tækja sem hver einstakur samningur tekur til aldrei vera lægra en 250 000 kr. samtals.

Af greiðslum skv. samningum um fjármögnunarleigu á öðrum vörum en um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, svo sem af verkfærum, áhöldum, húsgögnum, innréttingum, byggingarefni og hlutum til mannvirkja, skal ætíð greiddur söluskattur.

3. gr.

Undanþága frá greiðslu söluskatts skv. 1. gr. tekur einungis til samninga sem gerðir eru a. m. k. til þriggja ára. Þá skal í samningum þessum kveðið á um rétt leigutaka til þess að framlengja samninginn á þann veg að reglubundnar greiðslur til leigusala verði ekki hærri en sem svarar 1/10 hluta af fyrri greiðslum fyrir jafnlangt tímabil, að teknu tilliti til verðlagsþróunar. Samningsaðilum skal vera óheimilt að segja samningum þessum upp á samningstímanum nema um sé að ræða vanefndir af hálfu annars hvors þeirra á skyldum sínum samkvæmt þeim.

4. gr.

Söluskattur skal ætíð greiddur við kaup eða innflutning leigusala á tækjum sem um ræðir í 2. gr. Sé leigusali framleiðandi leigumunar skal greiða söluskatt af honum í síðasta lagi við afhendingu hans til leigutaka.

Falli starfsemi leigutaka undir reglur um samkeppnisiðnað skulu reglur 3. og 4. gr. auglýsingar nr. 8/1981 gilda eftir því sem við getur átt um innflutning eða kaup leigusala á leigumun sem getið er í 1. gr. nefndrar auglýsingar.

5. gr.

Aðilar sem stunda söluskattsfrjálsa fjármögnunarleigu (leigusalar) skulu tilkynna viðkomandi skattstjóra um þennan þátt starfsemi sinnar innan mánaðar frá því að auglýsing þessi tekur gildi. Á sama hátt skulu þeir sem hefja starfsemi af þessu tagi eftir að auglýsing þessi tekur gildi tilkynna það skattstjóra um leið og starfsemin hefst. Ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt skulu gilda um tilkynningar þessar eftir því sem við getur átt.

6. gr.

Séu skilyrði auglýsingar þessarar uppfyllt skal leigusali ekki innheimta söluskatt af leigu skv. samningum um fjármögnunarleigu. Viðskiptum þessum ber að halda greinilega aðgreindum í bókhaldi. Stundi leigusali jafnframt söluskattsskylda starfsemi ber honum að gera grein fyrir viðskiptum þessum á viðeigandi hátt á söluskattsskýrslu.

Fjármálaráðherra getur, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi vikið frá skilyrðum þeim sem sett eru í reglugerð þessari.

7. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega kveðið á um annað í auglýsingu þessari skulu ákvæði reglugerðar nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum gilda um framkvæmd hennar.

8. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. febrúar 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 — 1986

5. mars 1986 195 Nr. 108

AUGLÝSING

um ábyrgðartryggingar ökutækja.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. málsgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, er ákveðið, að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja samkvæmt 1. og 2. málsgr. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli vera kr. 33 600 000,00 fyrir hvert vélknúið ökutæki, sem flytja má fleiri farþega en tíu, og kr. 16 800 000,00 fyrir önnur ökutæki.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 1. málsgr. 73. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 16 30. apríl 1982, er ákveðið, að eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr. umferðarlaga, skuli vera kr. 5 600,00, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella ber hann ábyrgð á tjóninu að fullu.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda frá 8. mars 1986. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 105 22. febrúar 1985 um ábyrgðartryggingar ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. mars 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

21. febrúar 1986 Nr. 109

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga nr. 236 frá 9. júní 1976.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Launanefnd sveitarfélaganna fer með fyrirsvar sveitarfélaga að fengnu umboði sveitarstjórna og sýslunefnda að því er varðar gerð aðalkjarasamnings. Að öðrum kosti fer sveitarstjórn eða sýslunefnd með gerð aðalkjarasamnings. Aðalkjarasamningur, sem gerður er af Launanefnd sveitarfélaganna, þarf ekki staðfestingu viðkomandi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnir og sýslunefndir fara með fyrirsvar síns sveitarfélags, að því er varðar gerð sérkjarasamninga við starfsmenn sína. Heimilt er sveitarstjórn að fela Launanefnd sveitarfélaganna gerð sérkjarasamninga.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Samningsaðilar geta skipað nefnd til að annast samninga af sinni hendi.

Launanefnd sveitarfélaganna eða aðili, sem hún felur slíkt umboð, er heimilt að fela einstökum sveitarstjórnum og sýslunefndum gerð aðalkjarasamnings, enda óski viðkomandi sveitarstjóri eftir slíku samningsumboði.

Ákveði sveitarstjórn eða sýslunefnd að afturkalla umboð sitt til Launanefndar til gerðar tiltekinna tegunda samninga, skal senda tilkynningu um það í ábyrgðarbréfi til stjórnar Launanefndar eigi síðar en 3 mánuðum áður en viðkomandi samningur rennur út.

3. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Formaður Launanefndar sveitarfélaganna greiðir atkvæði fyrir hönd sveitar- og sýslufélaga að höfðu samráði við framkvæmdastjóra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Fari sveitarstjórn með gerð aðalkjarasamnings, greiðir hlutaðeigandi borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri atkvæði.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 41. gr. laga nr. 29/1976 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.

Nr. 110 24. febrúar 1986

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 145/1982, um launaskatt.

1. gr.

2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 69 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 690 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 690 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14 15. mars 1965 með áorðnum breytingum, sbr. heimild í 3. mgr. 3. gr. nefndra laga, öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við greiðslu launaskatts fyrir fyrsta uppgjörstímabil 1986, sbr. 1. mgr. 3. gr. nefndra laga. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 153/1985.

Fjármálaráðuneytið, 24. febrúar 1986.

F.h.r.
Lárus Ögmundsson.

Snorri Olsen.

Stjórnartíðindi B 11 nr. 108—110. Útgáfudagur 7. mars 1986.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1986

24. febrúar 1986 197 Nr. 111

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal hafa frjálsan aðgang að öllum mannvirkjum klak- og eldisstöðva og skulu stöðvar þessar láta af hendi sýni án endurgjalds og jafnframt veita nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlit og sýnatöku.

3. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal hafa samstarf við sérfræðing í fisksjúkdómadeild við Tilraunastöð Háskólans að Keldum um rannsóknir sýna, sem og aðrar rannsóknir sem nauðsynlegar kunna að vera vegna fisksjúkdóma þegar þeir gera vart við sig.

4. gr.

Þegar upp kemur sjúkdómur í klak- eða eldisstöð eða grunur leikur á að um sjúkdóm sé að ræða, skal umráðamaður stöðvarinnar tilkynna það dýralækni fisksjúkdóma eða viðkomandi héraðsdýralækni. Skal þá dýralæknir fisksjúkdóma hlutast til um frekari rannsókn og hafa forustu um nauðsynlegar varnaraðgerðir eða úrbætur í samráði við fisksjúkdómanefnd og ráðunaut hennar, sérfræðing í fisksjúkdómum við Tilraunastöðina á Keldum og viðkomandi dýralækni.

5. gr.

Þegar staðfestur hefur verið smitsjúkdómur í klak- og eldisstöð skal dýralæknir fisksjúkdóma leita samráðs við fisksjúkdómanefnd um nauðsynlegar aðgerðir og skal hann hafa yfirumsjón með þeim sóttvarnaraðgerðum sem mælt er fyrir um, hverju sinni.

6. gr.

Dýralæknir fisksjúkdóma skal að staðaldri halda skrá yfir klak- og eldisstöðvar í landinu. Þar skal tilgreina aðstöðu og búnað þeirra, vatnsból, uppruna stofnfiska, kaup og sölu á hrognum og seiðum og annað sem kynni að skipta máli varðandi smitsjúkdóma og dreifingu þeirra.

Árlega skal hann gera yfirlit um heilsufar fiska og fisksjúkdóma sem staðfestir hafa verið og varnaraðgerðir gegn þeim. Afrit af yfirliti þessu skal vera tiltækt á fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvarinnar að Keldum.

7. gr.

Kostnaður við ferðir, sýnatöku eftirlit dýralæknis fisksjúkdóma með klak- og eldisstöðvum skulu viðkomandi stöðvar greiða, í samræmi við gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneytið setur.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum um dýralækna nr. 77/1981, sbr. lög nr. 61/1985 og tekur gildi þegar í stað.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Reykjavík, 20. febrúar 1986.
Páll S. Pálsson.

Erindisbréf þetta staðfestist hér með.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1986.

Jón Helgason.

Nr. 128 21. febrúar 1986

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. febrúar 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur. Stofnandi er Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er nú kr. 70 000,00 — sjötíu þúsund krónur.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Tekjur sjóðsins eru:

a) vextir,
b) söfnunarfé, sem félagar í Soroptimistakaklúbbi Reykjavíkur safna til eflingar sjóðnum,
c) gjafir, áheit og aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki eða námslán til févana ungmenna, sem eiga við að búa erfiðar heimilisástæður, eru orðin á eftir í námi og/eða hafa lent í erfiðleikum gagnvart yfirvöldum og skólum.

5. gr.

Veita má árlega ¾ hluta af vöxtum sjóðsins, en leggja ¼ hluta vaxtanna við höfuðstól hans, skal svo gert þar til höfuðstóll sjóðsins hefur náð þeirri upphæð að heildarvextir hans nægja að mestu til skóla- eða námskostnaðar fyrir eitt ungmenni vetrarlangt. Þá má árlega veita upphæð, sem nemur öllum vöxtum höfuðstólsins.

6. gr.

Verði ekki árlega veitt úr sjóðnum, sbr. 5. gr., má geyma upphæðina og ráðstafa henni annað ár. Veita má fleirum en einum umsækjanda aðstoð samtímis.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjár konur og tvær til vara. Skulu þær vera félagar í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur og kosnar á aðalfundi klúbbsins. Kosið skal til tveggja ára og endurkjósa má einu sinni. Aldrei skulu allir sjóðsstjórnarmenn ganga úr stjórninni samtímis. Verði Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur leystur upp, skal gera breytingar á þessu ákvæði. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum og kýs úr eigin hópi formann, ritara og gjaldkera. Stjórnin skal hafa forgöngu um fjáröflun til sjóðsins og annast veitingu úr honum. Stjórnin skal færa gerðabók.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af aðalfundi Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir styrktarsjóð Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur sem staðfest var af forseta 3. apríl 1964 og birt var í B-deild Stjórnartíðinda nr. 55/1964 og er sú skipulagsskrá hér með felld úr gildi.

12. gr.

Leita skal samþykkis forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um vinnumiðlun.

I. KAFLI

Yfirstjórn vinnumiðlunar.

1. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins (skammstafað VMF) fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og skipuleggur og samræmir störf hennar eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

Öllum þeim aðilum, sem annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu er skylt að láta skrifstofunni í té upplýsingar um starfsemi sína á þann hátt og í því formi sem VMF ákveður.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skipar VMF ráðgjafarnefnd, sem fjalla skal um eftirtalin málefni:

a) Skipulag vinnumiðlunar.
b) Skýrslur um atvinnumál.
c) Tillögur stjórnarnefnda vinnumiðlunar um eflingu atvinnulífs í hlutaðeigandi umdæmi.
d) Tilhögun gagnavinnslukerfis og tilkynningarskyldu atvinnurekenda.
e) Stefnumótun varðandi atvinnuleyfi útlendinga.
f) Framkvæmd samnings um sameiginlegan Norrænan vinnumarkað.
g) Önnur mál, sem VMF eða aðrir opinberir aðilar leita umsagnar um, eða einstakir fulltrúar í ráðgjafarnefnd óska eftir að fjallað sé um og snerta hlutverk nefndarinnar.

Auk þess getur ráðgjafarnefndin haft frumkvæði að gerð áætlana um aðgerðir, sem hrinda megi í framkvæmd ef horfur eru á samdrætti í atvinnu eða breytingum á atvinnuháttum í einhverri starfsgrein, á einstökum stöðum eða á landinu öllu.

II. KAFLI

Vinnumiðlun sveitarfélaga.

3. gr.

Hverju sveitarfélagi, sem hafði samkvæmt síðasta manntali Hagstofu Íslands 500 eða fleiri íbúa, er skylt að annast vinnumiðlun. Þó er sveitarfélögum á sama atvinnusvæði skv. 4. gr. heimilt að reka sameiginlega vinnumiðlun, en skylt er þeim að hafa samstarf um allt sem lýtur að vinnumiðlun á svæðinu.

Nú næst ekki samkomulag milli allra sveitarfélaga innan atvinnusvæðis um sameiginlega vinnumiðlun og geta þá þau sveitarfélög, sem að samkomulagi vilja standa, rekið vinnumiðlun sameiginlega þó hún taki ekki til svæðisins í heild. Þó skulu kaupstaðir með 10 þúsund íbúa eða fleiri reka sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur.

Öllum sveitarfélögum er skylt að hafa með höndum atvinnuleysisskráningu.

4. gr.

Landið skiptist í atvinnusvæði sem hér segir:

Sveitarfélag

1.0 Höfuðborgarsvæði:
Reykjavík
Kópavogur
Seltjarnarnes
Garðabær
Hafnarfjörður
Bessastaðahreppur
Mosfellshreppur
Kjalarneshreppur
Kjósarhreppur

2.0 Vesturlandssvæði:
a) Akranes
Hvalfjarðarstrandarhreppur
Skilmannahreppur
Innri Akraneshreppur
Leirár- og Melahreppur
b) Borgarnes
Andakílshreppur
Skorradalshreppur
Lundarreykjadalshreppur
Reykholtsdalshreppur
Hálsahreppur
Hvítársíðuhreppur
Þverárhlíðarhreppur
Norðurárdalshreppur
Stafholtstunguhreppur
Borgarhreppur
Álftaneshreppur
Hraunhreppur
c) Ólafsvík
Staðarsveit
Fróðárhreppur
d) Neshreppur (Hellissandur)
Breiðuvíkurhreppur
e) Stykkishólmur
Helgafellssveit
Skógarstrandarhreppur
Miklaholtshreppur
f) Eyrarsveit (Grundarfjörður)
g) Dalasýsla
h) A-Barðastrandarsýsla

3.0 Vestfjarðarsvæði:
a) Patreksfjörður
Tálknafjarðarhreppur
Bíldudalur (Suðurfjarðahreppur)
b) Þingeyri
c) Flateyri
d) Suðureyri
e) Ísafjörður
Bolungarvík
Súðavíkurhreppur
f) Drangsnes (Kaldrananeshreppur)
g) Hólmavík
Hróbergshreppur
Kirkjubólshreppur
Fellshreppur

4.0 Norðurlandssvæði:
a) Hvammstangi
Staðarhreppur
Fremri-Torfustaðahreppur
Kirkjuhvammshreppur
Þverárhreppur
Þorkelshólshreppur
b) Blönduós
Áshreppur
Sveinsstaðahreppur
Torfulækjarhreppur
Svínavatnshreppur
Bólstaðarhlíðarhreppur
Engihlíðarhreppur
c) Skagaströnd (Höfðahreppur)
Vindhælishreppur
Skagahreppur
d) Sauðárkrókur
Skefilsstaðahreppur
Skarðshreppur
Staðarhreppur
Seyluhreppur
Lýtingsstaðahreppur
Akrahreppur
Viðvíkurhreppur
e) Hofsós
Hólahreppur
Hofshreppur
Fellshreppur
Hegraneshreppur
Holtshreppur
f) Siglufjörður
g) Ólafsfjörður
h) Dalvík
Svarfaðardalshreppur
Hríseyjarhreppur
Árskógshreppur

i) Akureyri
Arnarneshreppur
Skriðuhreppur
Öxnadalshreppur
Glæsibæjarhreppur
Hrafnagilshreppur
Saurbæjarhreppur
Öngulsstaðahreppur
Svalbarðsstrandarhreppur
Hálshreppur
j) Grenivík
k) Húsavík
l) Skútustaðahreppur
m) Presthólahreppur
Kelduneshreppur
Öxafjarðarhreppur
n) Raufarhafnarhreppur
o) Þórshafnarhreppur
Svalbarðshreppur
Sauðaneshreppur

5.0 Austurlandssvæði:
a) Vopnafjörður
Bakkafjörður (Skeggjastaðahreppur)
b) Egilsstaðir
Hlíðarhreppur
Jökuldalshreppur
Fljótsdalshreppur
Fellahreppur
Tunguhreppur
Hjaltastaðahreppur
Borgarfjarðarhreppur (Bakkagerði)
Skriðdalshreppur
Vallahreppur
Eiðahreppur
c) Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarhreppur
d) Neskaupstaður
Mjóafjarðarhreppur
Norðfjarðarhreppur
e) Eskifjörður
Helgustaðahreppur
Reyðarfjarðarhreppur
f) Búðarhreppur
Fáskrúðsfjarðarhreppur
Stöðvarhreppur
g) Breiðdalshreppur (Breiðdalsvík)
Beruneshreppur
Búlandshreppur (Djúpivogur)
Geithellnahreppur
h) Höfn
Bæjarhreppur
Nesjahreppur
Mýrahreppur
Borgarhafnarhreppur
Hofshreppur

6.0 Suðurlandssvæði:
a) Hörglandshreppur
Kirkjubæjarhreppur
Skaftártunguhreppur
Leiðvallahreppur
Álftavershreppur
Mýrdalshreppur (Vík)
b) Hvolhreppur
Austur-Eyjafjallahreppur
Vestur-Eyjafjallahreppur
Austur-Landeyjahreppur
Vestur-Landeyjahreppur
Fljótshlíðarhreppur
Hella (Rangárvallahreppur)
Landmannahreppur
Holtahreppur
Ásahreppur
Djúpárhreppur
c) Vestmanneyjar
d) Selfoss
Gaulverjabæjarhreppur
Stokkseyrarhreppur
Eyrarbakkahreppur
Sandvíkurhreppur
Hraungerðishreppur
Villingaholtshreppur
Skeiðahreppur
Gnúpverjahreppur
Hrunamannahreppur
Biskupstungnahreppur
Laugardalshreppur
Grímsneshreppur
Þingvallahreppur
Grafningshreppur
Hveragerðishreppur
Ölfushreppur (Þorlákshöfn)
Selvogshreppur

7.0 Suðurnesjasvæði:
Keflavík
Grindavík
Njarðvík
Hafnahreppur
Sandgerði (Miðneshreppur)
Gerðahreppur
Vatnsleysustrandarhreppur

5. gr.

Hlutverk vinnumiðlunar, sem rekin er af sveitarfélögum, skal vera sem hér segir:

1. Að hafa með höndum vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.
2. Að fylgjast með framvindu atvinnumála og gera sveitarstjórn eða sveitarstjórnum, ef fleiri standa að vinnumiðlun, viðvart ef horfur eru á samdrætti eða atvinnuleysi svo og ef fyrirsjáanleg er sérstök þensla á vinnumarkaði.
3. Að safna og dreifa upplýsingum um framboð og eftirspurn eftir vinnuafli á starfssvæði vinnumiðlunarinnar samkvæmt því sem nánar verður ákveðið.
4. Að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við útvegun hæfra starfsmanna.
5. Að leiðbeina um starfsval og veita upplýsingar um vinnumarkaðinn.
6. Að veita sérstaka aðstoð við atvinnuleit fatlaðra.
7. Að inna af hendi önnur störf eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

6. gr.

Þær sveitarstjórnir, sem skylt er að annast vinnumiðlun skv. 3. gr., skulu kjósa hlutbundinni kosningu a. m. k. þrjá menn í stjórnarnefnd vinnumiðlunar. Auk þess taka sæti í stjórnarnefnd einn fulltrúi verkafólks og annar af hálfu atvinnurekenda. Skal fulltrúi verkafólks tilnefndur af hlutaðeigandi stéttarfélagi eða fulltrúaráði þeirra, ef fleiri en eitt er í sveitarfélaginu. Fulltrúi atvinnurekenda skal tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands eða Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, eftir nánara samkomulagi samtakanna.

Nú standa fleiri sveitarfélög að vinnumiðlun og ákveða þá sveitarstjórnir sameiginlega fjölda þeirra, sem kjósa skal í stjórnarnefnd, svo og tilhögun kosningar. Rétt er sveitarstjórnum í slíkum tilvikum að fela hlutaðeigandi landshlutasambandi að kjósa sameiginlega stjórnarnefnd ef henta þykir.

Þegar um sameiginlega vinnumiðlun er að ræða fyrir atvinnusvæði skv. 4. gr., skulu fulltrúar verkafólks og atvinnurekenda vera 2 frá hvorum aðila og tilnefnir hlutaðeigandi svæðasamband ASÍ 2 fulltrúa verkafólks en VSÍ og VMS sinn fulltrúann hvort samband.

Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt og að framan greinir. Kjörtímabil stjórnarnefnda er hið sama og sveitarstjórna.

7. gr.

Hlutverk stjórnarnefnda er að marka meginstefnu vinnumiðlunarinnar, hafa umsjón með starfsemi og fylgjast með framkvæmd þeirra verkefna, sem um getur í 5. gr.

Stjórnarnefnd skal gera tillögur um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi á starfssvæði sínu og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli sveitarstjórna og aðila vinnumarkaðarins um atvinnumál.

III. KAFLI

Markmið og framkvæmd vinnumiðlunar.

8. gr.

Markmið vinnumiðlunar er að stuðla svo sem kostur er að nægri og jafnri atvinnu um land allt og tryggja svo sem tök eru á að jafnan sé nægjanlegt vinnuafl til þess að mæta þörfum atvinnuveganna. Markmiðum þessum skal náð með því að vinnumiðlunin fylgist náið með framvindu á vinnumarkaði m. a. á þann hátt að hafa samband eða heimsækja reglulega atvinnufyrirtæki og stofnanir og kanna þarfir þeirra fyrir vinnuafl á hverjum tíma.

Vinnumiðlun skal vera hlutlaus og endurgjaldslaus þjónusta og er öllum, sem leita eftir atvinnu frjálst að snúa sér til vinnumiðlunar og óska eftir upplýsingum um laus störf.

Á sama hátt er atvinnurekendum frjálst að leita eftir upplýsingum um framboð vinnuafls og óska meðalgöngu vinnumiðlunar um útvegum þess.

9. gr.

Hver sá, sem óskar meðalgöngu vinnumiðlunar, skal láta í té allar þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar, á þann hátt og í því formi sem vinnumiðlun ákveður.

Allar upplýsingar, sem vinnumiðlun fær í starfi sínu, hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingarnar veitir að öðru leyti en því, sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.

10. gr.

Hver sá, sem leitar eftir atvinnu, getur snúið sér til vinnumiðlunar þess sveitarfélags, þar sem hann á lögheimili og óskað aðstoðar hennar við að finna starf við sitt hæfi.

Sá, sem lætur skrá sig sem atvinnuumsækjandi hjá vinnumiðlun skal láta í té eftirtaldar upplýsingar:

a) Nafn, nafnnúmer, fæðingardag og ár og lögheimili.
b) Menntun, starfsréttindi og stéttarfélag.
c) Fyrri störf, hjá hverjum og hvaða atvinnu sé óskað.
d) Annað, er máli kann að skipta.

11. gr.

Vinnumiðlun veitir einstaklingum upplýsingar um þau lausu störf sem skráð eru hjá henni, í þeirri starfsgrein er hlutaðeigandi æskir að starfa, enda fullnægi einstaklingurinn þeim kröfum sem starfið gerir, að mati vinnumiðlunar.

Upplýsingar þessar skulu vera í formi starfslýsinga, þar sem komi fram í hverju starfið er fólgið, hvaða kröfur séu gerðar til starfsmanns svo og um kaup og kjör og annað er máli skiptir. Telji vinnumiðlunin hlutaðeigandi einstakling fullnægja skilyrðum starfslýsingar, veitir hún aðstoð við að koma á sambandi milli hans og þess atvinnurekanda, sem óskar eftir starfsmanni. Geti vinnumiðlun ekki vísað einstaklingi, sem þess óskar, á starf innan síns svæðis, á einstaklingurinn rétt til þess að vera skráður hjá vinnumiðluninni sem umsækjandi um starf. Hafi vinnumiðlun vitneskju um laust starf á öðru vinnumiðlunarsvæði, skal hún láta þær í té, ásamt upplýsingum um mögulega aðstoð við flutninga milli svæða, húsnæðismál og annað sem máli skiptir.

12. gr.

Vinnumiðlun veitir atvinnurekendum upplýsingar um framboð á vinnuafli í hlutaðeigandi starfsgrein. Upplýsingar þessar skulu greina menntun, starfsréttindi, reynslu og aldur þess eða þeirra, sem óskað hafa eftir starfi, en ekki nöfn þeirra. Óski atvinnurekandi meðalgöngu vinnumiðlunar kemur hún á sambandi milli þess eða þeirra einstaklinga, sem til greina koma og atvinnurekenda.

Geti vinnumiðlun ekki vísað atvinnurekanda á starfsmann, sem fullnægir starfskröfum, færir hún starfið á skrá um laus störf og veitir jafnframt öðrum vinnumiðlunum upplýsingar um starfið sbr. þó 18. gr.

13. gr.

Vinnumiðlun aðstoðar fatlaða við atvinnuleit í samráði við svæðisstjórnir sbr. 5. gr. laga nr. 41/1983, svo og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og stofnanir, sem annast endurhæfingu fatlaðra.

Þegar sveitarfélag starfrækir sérstaka deild vegna vinnumiðlunar fatlaðra greiðir ríkissjóður 85% af rekstrarkostnaði deildarinnar sbr. 28. gr. laga nr. 41/1983. Sama gildir ef sveitarfélög á sama atvinnusvæði skv. 4. gr. sameinast um rekstur deildar fyrir fatlaða. Á þetta einnig við þó sveitarfélög reki ekki almenna vinnumiðlun sameiginlega.

Ennfremur skal vinnumiðlun veita öldruðum aðstoð við að fá vinnu, sem hæfir starfsþreki þeirra.

Við úrlausn verkefna samkvæmt þessari grein skal vinnumiðlunin hafa náið samband við atvinnurekendur, sem hafa rekstur með höndum er geti veitt fólki með takmarkaða starfsgetu atvinnu svo og stjórnendur verndaðra vinnustaða.

14. gr.

Vinnumiðlun skal aðstoða unglinga við atvinnuleit og leiðbeina þeim og öðrum sem þess óska eftir föngum við starfsval. Í þessu skyni skal afla sem gleggstra upplýsinga um atvinnulíf á starfssvæði vinnumiðlunar, námsbrautir sem í boði eru og kröfur um nám og hæfni, sem gerðar eru í hverri atvinnugrein fyrir sig. Rétt er vinnumiðlun að hafa samstarf við fræðsluyfirvöld um starfsemi samkvæmt þessari grein.

IV. KAFLI

Skráning atvinnulausra.

15. gr.

Hver sá, sem án árangurs, sækir um atvinnu hjá vinnumiðlun skal færður á sérstaka atvinnuleysisskrá ásamt nauðsynlegum upplýsingum, þar á meðal, ef ástæða þykir til, um vinnufærni umsækjanda, skv. vottorði læknis.

Vinnumiðlun getur krafist þess að sá sem skráður er atvinnulaus, hafi sambandi við hana svo oft sem þurfa þykir og geri grein fyrir atvinnu sinni. Aldrei skal atvinnuumsækjandi, sem telur sig eiga rétt til atvinnuleysisbóta, þó mæta sjaldnar til skráningar en vikulega. Líði fresturinn án þess að mætt sé til skráningar, skal hlutaðeigandi felldur út af skrá yfir atvinnulausa.

Fái atvinnuumsækjandi vinnu án meðalgöngu vinnumiðlunar, skal hann tilkynna vinnumiðlun það án tafar. Ennfremur ber að tilkynna vinnumiðlun brottflutning af starfsvæði hennar svo og forföll vegna veikinda.

16. gr.

Hver sá, sem skráður er atvinnulaus og telur sig eiga rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum nr. 64/1981, 22/1981 eða 46/1981, getur krafist vottorðs þess er annast atvinnuleysisskráningu um atvinnu hans eða atvinnuleysi það tímabil, sem hann hefur verið skráður sem umsækjandi um atvinnu sbr. 15. gr.

Í vottorði þessu skal upplýst um eftirtalin atriði:

a) Nafn og nafnnúmer umsækjanda.
b) Heimilisfang.
c) Hvort hlutaðeigandi hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a. m. k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu.
d) Af hvaða ástæðum umsækjandi hefur misst atvinnu sína.
e) Hvort umsækjandi sé vinnufær.
f) Hvort umsækjandi hafi neitað vinnu, sem vinnumiðlun hefur boðið honum og skal þá greina hvers konar vinna var boðin og ástæður fyrir synjun.
   Nú er þeim sem annast atvinnuleysisskráningu í sveitarfélagi, sem ekki er skylt að annast vinnumiðlun skv. 3. gr., kunnugt um að atvinna sé fyrir hendi og við hæfi þess er vottorðs beiðist og skal þá skráningaraðili láta þess getið á vottorði skv. 1. mgr. þessarar greinar og skýra jafnframt þeim, er skráningar beiðist frá því að svo verði gert.
g) Hvort hlutaðeigandi stundi vinnu í eigin þágu, sem gefur tekjur eða tekjugildi er samsvari launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu í almennri fiskvinnslu samkvæmt gildandi kjarasamningi Verkamannasambands Íslands við vinnuveitendur á hverjum tíma, miðað við starfsaldursþrep eftir 7 ár.

h) Hvort gætt hafi verið ákvæða laga nr. 19/1979, varðandi uppsögn umsækjanda.
i) Aðrar upplýsingar, sem máli kunna að skipta.

Vottorð skal bera með sér hvar og hvenær það er útgefið og staðfest af hlutaðeigandi vinnumiðlun.

Sá, sem fengið hefur vottorð samkvæmt framansögðu, og telur sig eiga rétt til áframhaldandi atvinnuleysisbóta, getur krafist vottorðs þar að lútandi. Vottorð þetta skal geyma upplýsingar um eftirtalin atriði:

1) Sömu atriði og greindi í stafliðum a-e þessarar greinar.
2) Hve marga virka daga umsækjandi hefur verið atvinnulaus síðan síðasta vottorð var gefið út.
3) Aðrar upplýsingar, sem máli kunna að skipta.

Sá, sem óskar vottorðs samkvæmt þessari grein skal eiga lögheimili í umdæmi vinnumiðlunar eða hafa starfað þar, þegar hann varð atvinnulaus.

V. KAFLI

Skráning lausra starfa.

17. gr.

Þegar atvinnurekandi snýr sér til vinnumiðlunar og óskar aðstoðar hennar við ráðningu starfsmanna, skal hann láta vinnumiðlun í té eftirtaldar upplýsingar:

a) Nafn sitt eða fyrirtækis, nafnnúmer, heimilisfang og símanúmer.
b) Starfsgrein þá, sem óskað er eftir starfsmönnum í, ásamt lýsingu á starfinu og þeim kröfum sem gerðar eru um menntun, starfsréttindi og starfsþjálfun.
c) Laun, ráðningarkjör og ráðningartíma, svo og fjölda þeirra starfsmanna, sem óskað er.
d) Nafn þess starfsmanns, er fer með starfsmannamál og vera skal tengiliður við vinnumiðlun, ef atvinnurekandi annast ekki slíkt sjálfur.
e) Önnur atriði, sem máli geta skipt, svo sem hvort húsnæði er í boði og með hvaða kjörum.

Atvinnurekandi, sem leitar aðstoðar vinnumiðlunar við öflun starfsmanna, getur óskað nafnleyndar gagnvart öðrum atvinnuleitendum en þeim, sem til greina koma við ráðningu.

18. gr.

Vinnumiðlun heldur skrá yfir þau laus störf, sem í boði eru og skulu þau flokkuð eftir nánari fyrirmælum VMF. Skráin skal geyma sem gleggsta lýsingu á þeim störfum, sem í boði eru og vera aðgengileg fyrir þá, sem leita eftir starfi. Meðan ekki hefur verið komið á gagnkvæmu gagnavinnslukerfi vinnumiðlunar er hverri vinnumiðlun skylt að láta öllum þeim, sem annast vinnumiðlun skv. reglugerð þessari, í té upplýsingar um skráð laus störf á sínu starfssvæði sé þess óskað.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Þeir aðilar, sem lögum samkvæmt er skylt að annast vinnumiðlun og/eða atvinnuleysisskráningu, skulu í lok hvers mánaðar senda VMF upplýsingar um skráð atvinnuleysi í umdæminu. Þessar upplýsingar, sem berast skulu VMF eigi síðar en þriðja virkan dag næsta mánaðar, skulu greina fjölda skráðra atvinnuleysisdaga í mánuðinum í hverri starfsgrein fyrir sig svo og fjölda þeirra einstaklinga, sem eru á atvinnuleysisskrá síðasta virkan dag mánaðarins, flokkað eftir starfsgreinum og kyni. Jafnframt skal upplýst um laus störf, sem kynnu að vera skráð hjá vinnumiðlun, fjölda þeirra og í hvaða starfsgreinum þau eru.

Sé um viðvarandi atvinnuleysi að ræða skal vinnumiðlun mánaðarlega senda VMF yfirlit um í hvaða starfsgreinum atvinnuleysið er, aldursskiptingu hinna skráðu og lengd atvinnuleysistímabils, ásamt öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta.

20. gr.

VMF hefur eftirlit með þeim aðilum, sem annast milligöngu um ráðningu eða vinnumiðlun án endurgjalds sbr. 17. gr. laga nr. 18/1985. Öllum slíkum aðilum er skylt að veita VMF upplýsingar um starfsemi sína, þ. á m. um fjölda atvinnuleitenda, lausra starfa og ráðningu hjá hlutaðeigandi aðila.

21. gr.

VMF lætur gera nauðsynleg eyðublöð vegna vinnumiðlunar og atvinnuleysisskráningar.

22. gr.

Kostnaður við vinnumiðlun greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi sbr. þó 2. mgr. 13. gr.

Nú standa sveitarfélög sameiginlega að rekstri vinnumiðlunar og skal þá kostnaði skipt milli hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir reglum, sem þau koma sér saman um. Við ákvörðun kostnaðarskiptingar skal tekið tillit til þess að hve miklu leyti íbúar sveitarfélaga hagnýta sér þjónustu vinnumiðlunar, framboðs á mannafla og umfangs atvinnuleysisskráningar.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum til ríkissjóðs og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18/1985 um vinnumiðlun og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 130/1956, 341/1973 og 554/1980.

Félagsmálaráðuneytið, 24. febrúar 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.

24. febrúar 1986 Nr. 130

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Reykjavíkurhöfn.

I. KAFLI

Höfnin og stjórn hennar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

1.1 Hafnarsvæði Reykjavíkurhafnar er fyrir allri strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og skiptist af Seltjarnarnesi í Skerjafjörð og Kollafjörð.

1.2 Takmörk á sjó eru:
Á Kollafirði: Lína dregin úr Gróttuvita réttvísandi 37° til skurðar við línu sem dregin er úr ósum Úlfarsár réttvísandi 307°. Undanskilin eru svæði, sem ákvarðast af netlögum Seltjarnarnesskaupstaðar.

Á Skerjafirði: Lína frá mörkum lögsagnarumdæmisins réttvísandi 210° að Löngu-skerjum, þaðan lína réttvísandi 120°, 2600 m löng yfir Hólma. Síðan inn Fossvog að mörkum lögsagnarumdæmisins.

1.3 Takmörk á landi eru:
Gamla höfnin: Eystri götubrún Mýrargötu og Tryggvagötu og norðurbrún Kalkofnsvegar og Geirsgötu.
Sundahöfn: Frá Laugarnestöngum stórstraumsflóðborð að línu sem er framlenging vesturgötulínu Sundagarða. Sú lína að norðausturgötulínu Sundagarða (í beygju). Þaðan sú götulína að skurði við austurgötulínu Vatnagarða. Sú götulína að Holtavegi og þá austurgötulína Skútavogs að Kleppsmýrarvegi. Norðurhlið þeirrar götu til skurðar við línu á suðurmörkum lóðar Olíufélagsins hf. og niður Háubakka til sjávar. Í Ártúnshöfða suðurgötulína Sævarhöfða frá mörkum lóðar Sementsverksmiðju austur að og meðfram vegfyllingu við Gullinbrú.
Annars staðar hefur hafnarstjórn í umboði borgarstjórnar eftirlit með fjörum utan stórstraumsflóðborðs og skal gæta þess að umgengni sé í samræmi við ákvarðanir borgarstjórnar í hverju tilviki.

1.4 Helstu hafnarsvæði eru: Gamla höfnin, Sundahöfn — Viðeyjarsundi, Sundahöfn — Kleppsvík, Sundahöfn — Grafarvogi, Eiðsvík og olíustöðvar í Skerjafirði, við Örfirisey og við Laugarnes.

1.5 Hafnarsvæði er teljast innri höfn í reglugerð þessari eru: Skerjafjörður innan Hólmsins, Gamla höfnin innan hafnargarða, Sundahöfn austan Laugarnestanga, Eiðsvík og viðlega við Eyjargarð.
Önnur sjávarsvæði teljast ytri höfn.

1.6 Landssvæði hafnarinnar skiptast í:
— Hafnarbakka og bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

2.1 Reykjavíkurborg er eigandi hafnarinnar.
Borgarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

2.2 Hafnarstjórn er kjörin af borgarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda borgarstjórnar.
Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og borgarstjórnar.

2.3 Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

2.4 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga borgarstjóri, borgarverkfræðingur og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt. Ennfremur er starfsmönnum Reykjavíkurhafnar að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu heimilt að kjósa einn fulltrúa til setu á fundum hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.

3.1 Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar.
Leita skal staðfestingar borgarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs, gjaldskrá fyrir þjónustu, sbr. 13. gr. hafnarlaga, svo og lántökum hafnarsjóðs eða öðrum fjárhagsskuldbindingum, er binda hafnarsjóð lengur en yfirstandandi fjárhagsár. Tillögur hafnarstjórnar í þessum málum skulu lagðar fram í borgarráði til kynningar, áður en þær eru bornar upp í borgarstjórn.
Hafnarstjórn gerir tillögur til borgarstjórnar um ráðningu hafnarstjóra, en ræður sjálf aðra fasta starfsmenn hafnarinnar.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.
Hún veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til borgarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir borgarstjórn.
Hafnarstjórn fjallar um innkaup og verksamninga hafnarinnar, sbr. einnig samþykkt fyrir innkaupastofnun Reykjavíkurborgar 1. apríl 1976.
Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja, sem undanþegin eru ákvæðum byggingalaga nr. 54/1978.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af borgarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál, sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar.
Hann veitir hafnarstjórn og borgaryfirvöldum upplýsingar um málefni hafnarinnar.
Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs.
Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnarlaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og borgarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri gerir tillögur til hafnarstjórnar um ráðningar fastra starfsmanna en ræður aðra starfsmenn og segir þeim upp.

4.4 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnarinnar.

5.1 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.2 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI
Umferð skipa.

6. gr.
Skilgreining á skipi.

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.
Almennar reglur við komu og brottför.

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip er unnin af skipaþjónustu og/eða undir stjórn skipaþjónustustjóra í umboði hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju hafnarinnar.

7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarinnar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip, sem koma til hafnar oftar en vikulega, í síðasta lagi 1. klst. fyrir komu á ytri höfn. Hafnsöguskyld skip skulu tilkynna brottför með minnst 3ja klst. fyrirvara og allar breytingar á fyrri tilkynningum, strax og ákveðnar eru. Skip sem lætur úr höfn án hafnsögumanns, skal tilkynna brottför til skipaþjónustu.

7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjölda farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglur Siglingamálastofnunar ríksins. Skipsstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.
Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

8.1 Sérhvert skip, sem ætlar til Reykjavíkur og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skipaþjónustu með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Gróttutöngum, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Um réttarstöðu hafnsögumanna vísast til laga um leiðsögu skipa nr. 48/1933.

8.2 Ekkert erlent skip má, án leyfis fara um höfnina án hafnsögumanns.

Íslensk skip, sem flytja mikið magn af hættulegum varningi skulu taka hafnsögumann við siglingu inn í, út úr, eða um innri höfnina svo og önnur íslensk flutningaskip og

fiskiskip lengri en 60 metrar (mesta lengd), nema hafnarstjórn hafi veitt skipstjóra slíks skips hafnsöguréttindi. Skilyrði fyrir veitingu þeirra er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar s. l. 3 ár og komið næst liðið ár a. m. k. 8 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þá siglingu. Réttindin gilda einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á.

Þá skal stjórnbúnaður skips vera fullnægjandi að mati skipaþjónustu. Veiting hafnsöguréttinda skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náið talstöðvarsamband við skipaþjónustu og hlíta í einu og öllu fyrirmælum vakthafandi varðstjóra, ella má svipta þá réttindum fyrirvaralaust.

Heimilt er að veita þeim sem áður hafa gegnt hafnsögustörfum hjá Reykjavíkurhöfn hafnsöguréttindi.

Nú hefur skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár og falla réttindi samkvæmt grein þessari þá niður.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8.3 Skipaþjónusta veitir dráttarbátaaðstoð, sér um bindingu skipa, vatnsafgreiðslu og tengingu rafmagns. Skipaþjónustustjóri og í fjarveru hans varðstjóri ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni, sbr. þó gr. 7.2. hér að framan.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið.

Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

9. gr.

Umferð um höfnina.

9.1 Skipstjóri skips, sem ekki hefir hafnsögumann um borð, skal með talstöðvarsambandi við skipaþjónustu fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt eða lagt því áður en hann heldur inn á höfnina. Óheimilt er að binda skip eða leggja annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

9.2 Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en svarar 5 sjómílum á klst., en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstaka aðgát skal sýna þegar farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.

9.3 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

9.4 Bannað er að blása í flautur og lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til þess.

9.5 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

9.6 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

9.7 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu, er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að og frá viðlegu.

9.8 Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

10. gr.

Skip í viðlegu.

10.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

10.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

10.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

10.4 Þegar búið er að leggja skip við hafnarbakka, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða ekki eru í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Liggi skip á innri höfninni án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafist þess, að það sé tekið burtu.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

10.5 Í sérhverju skipi skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá skipaþjónustu nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

10.6 Skipaþjónusta ákveður legur fyrir minni fiskibáta og/eða skemmtibáta við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar bátur er sjósettur eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það skipaþjónustu. Bátar þessir eru á ábyrgð eigenda sama hvort þeir eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

11. gr.

Skip í lægi.

11.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðru legufæri og er ekki í rekstri.

11.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Reykjavík, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi.

Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

III. KAFLI

Afnot hafnarvirkja og landsvæða.

12. gr.

Lestun og losun, almennt.

12.1 Afnot hafnarvirkja og lands eru öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda gegn greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá.

12.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

12.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

12.4 Hafnarstjóri skal færa skrá yfir þungalyftinga- og flutningatæki og annan búnað, sem notaður er við höfnina.
Eigendur slíkra tækja skulu sækja um leyfi til notkunar þeirra á hafnarsvæðinu hjá hafnarverkfræðingi m. a. sökum þungatakmarkana á hafnarsvæðinu.

12.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

12.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

12.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

12.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

13. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

13.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.
Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.
Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun.
Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natriumklorat.

13.2 Losun á vörum, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.
Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum brunamálasamþykktar fyrir Reykjavík.

13.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.
Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir.
Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.
Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.
Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

Um hafnargjöld í Reykjavík.

14. gr.

Um hafnargjöld.

14.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt:
a) Gjaldskrá er samgönguráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. 13. gr. hafnalaga.
b) Þjónustugjaldskrá, er hafnarstjórn setur og staðfest er af borgarstjórn.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

15.1 Lögreglan í Reykjavík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

15.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
Hafnarstjórn getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu.
Fólk, sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.
Bannað er að iðka sund, vera á sjóskíðum, seglbrettum eða þess háttar á hafnarsvæðinu án leyfis, nema á þar til afmörkuðum svæðum. Köfun er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

15.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

16. gr.

Skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

16.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

16.2 Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hluti á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

17. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

17.1 Ekki má kasta í höfnina, þar með talin ytri höfn, kjölfestu, sorpi, dauðum fiski, fiskúrgangi, vírum umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarstjóri vísar til.

17.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarstjóra komi til.

17.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað, sem mengun veldur.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olíur renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.

Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

18. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

18.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

19. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

19.1 Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 10.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

20. gr.

Um skaðabótaskyldu.

20.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

20.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

21. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

21.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Reykjavíkur.
Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

21.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn, nr. 93, 12. febrúar 1985.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 131 24. febrúar 1986

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Patrekshöfn.

I. KAFLI

Höfnin og stjórn hennar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar.

1.1 Patrekshöfn takmarkast annars vegar af strandlengjunni á milli Yxnhamars og Þúfneyrarodda og hins vegar af miðjum Patreksfirði, undan sömu stöðum. Höfnin skiptist í ytri og innri höfn.

1.2 Ytri höfn telst allt hafnarsvæðið utan við innsiglingarrennuna að Patrekshöfn, þó er undanskilin strandlengjan frá austurhorni rennunnar inn fyrir Vatneyri samkvæmt nánari lýsingu.

1.3 Innri höfn telst allt hafnarsvæðið innan ytri marka á innsiglingarrennunni að Patrekshöfn og strandlengjan frá austurhorni rennunnar austur fyrir Vatneyri að línu, sem hugsast dregin austur með syðri brún Eyragötu til sjávar.

1.4 Land Patrekshafnar markast af eftirfarandi línum: Línu sem hugsast dregin til sjávar samsíða ytri mörkum lóðarinnar nr. 1 við Mýragötu. Línu sem hugsast dregin meðfram neðri lóðamörkum íbúðabyggðar við Mýragötu frá lóðinni nr. 1 að efri og innri mörkum lóðarinnar nr. 8 við Þórsgötu. Línu sem fylgir innri mörkum sömu lóðar að Þórsgötu og þaðan meðfram efri jaðri hennar að suðausturbrún Túngötu. Línu sem hugsast dregin samsíða suðaustur jaðri þeirrar götu að Eyragötu og þaðan austur með henni til sjávar innan við Vatneyri.

1.5 Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

Hafnarbakka og bryggjur.
Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
Götur.
Iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

2.1 Patrekshreppur er eigandi hafnarinnar og hreppsnefnd fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði hreppsnefndar. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, sem hreppsnefnd kýs og jafnmörgum til vara.
Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og hreppsnefndar.

2.3 Sveitarstjóri gegnir störfum hafnarstjóra, nema hreppsnefnd ákveði annað.

2.4 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri og hafnarvörður sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

2.5 Hafnarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hreppsnefndarmanna og skal hann vera aðalfulltrúi. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

3. gr.

Hlutverk og valdsvið hafnarstjórnar.

3.1 Hafnarstjórn er ábyrg fyrir fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Hún ákveður gjaldskrá í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga, gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, sem hreppsnefnd skal staðfesta. Ennfremur skal hún leita staðfestingar hreppsnefndar á lántökum og öðrum fjárskuldbindingum til langs tíma.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um: Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

3.3 Byggingamál og skipulagsmál hafnarinnar, þ. á m. innkaup og verksamningar, skulu hljóta umfjöllun í hafnarstjórn áður en þau eru lögð fyrir hreppsnefnd. Hafnarstjórn hefur með höndum eftirlit með byggingu mannvirkja á hafnarsvæðinu, sem eru undanþegin ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

4.1 Hafnarstjóri fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Formaður hafnarstjórnar undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar.
Hafnarstjóri sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir henni og hreppsnefnd upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs.

5. gr.

Hlutverk hafnarvarðar.

5.1 Hafnarvörður, sem er ráðinn af hreppsnefnd að fenginni tillögu hafnarstjórnar, annast daglegan rekstur hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar og hafnarstjóra.

5.2 Hafnarvörður skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar sem og erindisbréfs og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og hreppsnefndar.

II. KAFLI

Umferð skipa.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað þar með taldir kafbátar.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

7.1 Við komu og brottför skulu farskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip er unnin af skipaþjónustu í umboði hafnarvarðar. Farskip skulu við komu, brottför eða siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju hafnarinnar.

7.3 Sérhvert farskip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarinnar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3ja klst. fyrirvara.

7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa eftirfarandi upplýsingar:

Skipsnafn, heimahöfn, stærð samkvæmt mælibréfi.
Djúpristu og síðasta viðkomustað.
Nafn skipstjóra.
Stærð áhafnar og fjölda farþega.
Tegund og magn farms.
Um hættulegan varning, tegund og magn.
Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
Nafn umboðsmanns.

Reglur þessar gilda ekki um herskip, varðskip, rannsóknarskip og fiskiskip né um áætlunarskip, nema eftir því sem við á.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.

8.1 Sérhvert skip, sem ætlar til Patrekshafnar og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skipaþjónustu með minnst 1. klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að ½ sjómílu undan Vatneyrarodda, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við festar í höfninni. Heimilt er hafsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi, að koma á skipsfjöl.

9. gr.

Umferð um höfnina.

9.1 Skipstjóri, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, skal með talstöðvarsambandi við skipaþjónustu fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

9.2 Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 sjómílum á klst., en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstaka aðgát skal sýna þegar farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.

9.3 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af frá aðal- eða þverskrúfum.

9.4 Bannað er að blása í flautur og lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til þess.

9.5 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

9.6 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós- og dagmerki.

9.7 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til og frá höfninni.

9.8 Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með leyfi hafnarvarðar.

10. gr.

Skip í viðlegu.

10.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

10.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka.

10.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að úr því verði bætt tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka, ef hafnarvörður krefst þess.

Ekki má kræka hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

10.4 Þegar búið er að leggja skipi við hafnarbakka, má ekki flytja það innan hafnar án samþykkis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að losa, eða eru í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarvarðar um flutning þeirra. Liggi skip á innri höfninni án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarvörður krafist þess, að það sé tekið burtu. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, sem hafnarvörður hefur fyrirskipað, er honum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

10.5 Á sérhverju skipi skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er getur tekið á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarverði að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá skipaþjónustu nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

10.6 Hafnarvörður ákveður legu fyrir minni fiskibáta og/eða skemmtibáta við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða því siglt í höfn, skal tilkynna það skipaþjónustu. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarvarðar.

11. gr.

Skip í lægi.

11.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

11.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarvörður leyfir. Skipum skal lagt undir umsjá hafnarvarðar og legufæri ákveðin í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

III. KAFLI

Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

12. gr.

Lestun og losun, almennt.

12.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá.

12.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

12.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

12.4 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu án leyfis hafnaryfirvalda.

12.5 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarvörður getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

12.6 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

13. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

13.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarverði og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra samkvæmt IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natríumklórat.

13.2 Losun á vörum, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni. Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

13.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarvörður getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggt er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarvörður eða viðkomandi eftirlitsstofnun samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu hættulegra efna á hafnarsvæðum. Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.
Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

Um hafnargjöld til Patrekshafnar.

14. gr.

Um hafnargjöld.

14.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga. Séu þau ekki greidd á gjalddaga skulu reiknaðir dráttarvextir á skuldina samkvæmt nánari ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði, umferð o. fl.

15.1 Lögreglan í Barðastrandarsýslu hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

15.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Hafnarnefnd getur sett umferðartakmarkanir á hafnarsvæðinu. Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin ábyrgð. Sund er bannað á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.4 Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.

15.5 Hafnarverði skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglu skýrslu um það.

16. gr.

Skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

16.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarvarðar tálmar greiða notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja það til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

16.2 Ef skip, bátar, flutningstæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og veldur óþrifnaði og hættu þá skal hafnarvörður fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

17. gr.

Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

17.1 Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarvörður vísar til.

17.2 Bannað er hvers konar hvalskurður við höfnina og í henni. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt hvali inn í höfnina né neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarvarðar komi til.

17.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað, sem mengun veldur. Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

18. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

18.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annað hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarverði að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

19. gr.

Hverjum skal gefa fyrirmæli.

19.1 Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 10.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af áhöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

20. gr.

Um skaðabótaskyldu.

20.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

20.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarvarðar.
Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

21. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

21.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Patrekshafnar.
Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnarlaga.

21.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Patrekshöfn nr. 10 frá 9. janúar 1973 sbr. 412 frá 29. ágúst 1975.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 132

REIKNINGUR

Iðnlánasjóðs fyrir árið 1983

Rekstrarreikningur fyrir árið 1983

Rekstrartekjur:

	Skýr.	1983	1982
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	2	509 249 424	242 967 966
Aðrar vaxtatekjur		5 118 804	4 141 946
Lántökugjald		2 318 815	1 373 711
Iðnlánasjóðsgjald	3	14 400 000	21 341 533
Framlag ríkissjóðs		625 600	470 000
Framleiðslugjald af áli	3	1 503 547	564 543
		533 216 190	270 859 699

Rekstrargjöld:

Vaxtagjöld, verðb. og gengismunur af lánsfé	2	375 055 875	195 124 770
Reiknuð gjaldfærsla v/verðlagsbreytinga	1	148 089 000	73 835 000
Lántökugjald		1 500 000	850 000
Rekstrarkostnaður		6 011 438	3 507 994
Framlag til hagrannsókna		1 441 600	2 042 000
		532 097 913	275 359 764
Tekjuafgangur (tap)		1 118 277	(4 500 065)

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum 1983

	Skýr.	Stofnsjóður	Endurmats-reikningur	Samtals
Eigið fé 1. janúar 1983		90 810 388	116 320 000	207 130 388
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga 1983	1		148 089 000	148 089 000
Fengin jöfnunarhlutabréf			292 320	292 320
Tekjuafgangur (tap) ársins		1 118 277		1 118 277
Eigið fé 31. desember 1983		91 928 665	264 701 320	356 629 985

Efnahagsreikningur 31. desember 1983

Eignir:

Bankainnistæður:	Skýr.	1983	1982
Bankainnistæður		3 215 299	16 268 655
Útlán:			
Vélalán	2	472 055 176	253 761 235
Byggingalán	2	639 944 490	343 443 487
Veiðarfæralán	2	2 317 408	1 854 754
Iðngarðalán	2	15 339 710	5 659 881
Önnur verðbréf		16 029	29 950
		1 129 672 813	604 749 307
Aðrar eignir:			
Áfallnar vaxtatekjur og verðbætur	2	84 581 304	35 877 532
Stofnfé Útflutningslánasjóðs		6 650 000	1 650 000
Hlutabréfaeign		796 320	504 000
		92 027 624	38 031 532
Eignir samtals		1 224 915 737	659 049 494

Skuldir og eigið fé:

Lánsfé:	Skýr.	1983	1982
Framkvæmdasjóður Íslands	2,4	796 190 764	407 404 918
Lífeyrissjóðir	2	56 993 770	37 201 496
Sérskuldabréfalán		2 022	2 022
		853 186 556	444 608 436
Aðrar skuldir:			
Áfallin vaxtagjöld	2	15 084 820	7 047 399
Óútborgað af veittum lánum		5 021	251 704
Ógreiddur kostnaður		9 356	11 567
		15 099 197	7 310 670
Skuldir samtals		868 285 753	451 919 106
Eigið fé:			
Stofnsjóður	2	91 928 664	90 810 388
Endurmatsreikningur	1	264 701 320	116 320 000
Eigið fé samtals		356 629 984	207 130 388
Skuldir og eigið fé samtals		1 224 915 737	659 049 494

Skýringar

1. Mismunur peningalegra eigna og skulda í byrjun reikningsárs myndar stofn til verðbreytingafærslu, sem reiknast 71,67% af stofninum og er þar miðað við hækkun meðtalsbyggingarvísitölu milli áranna 1982 og 1983.
Útreikningurinn er sem hér segir:

Peningalegar eignir 1.1. 1983	658 545 494
Skuldir samtals 1.1. 1983	451 919 106
Stofn til verðbreytingafærslu	206 626 388
Verðbreytingafærsla 71,67% af 206 626 388	148 089 000

2. Áfallnir vextir og verðbætur í árslok af útlánum og teknum lánum eru færðar í rekstrarreikningi. Gengistryggð lán eru uppfærð á gengi í árslok 1983.
3. Í rekstrarreikningi er fært innborgað iðnlánasjóðsgjald og framleiðslugjald af áli.
4. Lánsfé frá Framkvæmdasjóði Íslands skiptist þannig 31.12.1983:

	Kr.
Lán með föstum vöxtum (5,0% og 8,5%)	4 363
Lán með hæstu lögleyfðu vöxtum	1 940 667
Lán háð byggingavísitölu	180 050 401
Lán háð lánskjaravísitölu	356 169 945
Lán háð gengi USD	173 552 802
Lán háð gengi JPY	71 097 703
Lán háð gengi DEM	13 374 883
Samtals kr.	796 190 764

5. Reikningsskilavenjur eru óbreyttar frá fyrra ári og afkomutölur því sambærilegar.

Sérgreindur rekstrarreikningur fyrir árið 1983

Rekstrartekjur:

	Almenn-deild	Veiðarfæra-deild	Iðngarða-deild	Iðnlánasjóður Samtals
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	502 655 394	1 288 162	5 305 868	509 249 424
Aðrar vaxtatekjur	4 890 765	228 039	0	5 118 804
Lántökugjald	2 263 225	0	55 590	2 318 815
Iðnlánasjóðsgjald	14 400 000	0	0	14 400 000
Framlag ríkissjóðs	625 600	0	0	625 600
Framleiðslugjald af áli	1 503 547	0	0	1 503 547
	526 338 531	1 516 201	5 361 458	533 216 190

		Rekstrargjöld:		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af lánsfé	375 052 300	3 575	0	375 055 875
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga	140 663 000	3 021 000	4 405 000	148 089 000
Lántökugjald	1 500 000	0	0	1 500 000
Rekstrarkostnaður	5 986 808	24 630	0	6 011 438
Framlag til hagrannsókna	1 441 600	0	0	1 441 600
	524 643 708	3 049 205	4 405 000	532 097 913
Tekjuafgangur (tap)	1 694 823	(1 533 004)	956 458	1 118 277

Sérgreindur efnahagsreikningur 31. desember 1983

	Eignir:			
	Almenn deild	Veiðarfæra-deild	Iðngarða-deild	Iðnlánasjóður Samtals
Bankainnistæður:				
Bankainnistæður	1 139 196	584 247	1 491 856	3 215 299
Útlán:				
Vélalán	472 055 176	0	0	472 055 176
Byggingalán	639 944 490	0	0	639 944 490
Veiðarfæralán	0	2 317 408	0	2 317 408
Iðngarðalán	0	0	15 339 710	15 339 710
Önnur verðbréf	16 029	0	0	16 029
	1 112 015 695	2 317 408	15 339 710	1 129 672 813
	Aðrar eignir:			
Áfallnar vaxtatekjur og verðbætur	84 035 929	309 952	235 423	84 581 304
Stofnfé Útflutningslánasjóðs	6 650 000	0	0	6 650 000
Hlutabréfaeign	796 320	0	0	796 320
Samtals eignir	1 204 637 140	3 211 607	17 066 990	1 224 915 737

	Skuldir og eigið fé:			
	Almenn-deild	Veiðarfæra-deild	Iðngarða-deild	Iðnlánasjóður Samtals
Lánsfé:				
Framkvæmdasjóður Íslands	796 186 764	4 000	0	796 190 764
Lífeyrissjóðir	56 993 770	0	0	56 993 770
Sérskuldabréfalán	2 022	0	0	2 022
	853 182 556	4 000	0	853 186 556

Aðrar skuldir:				
Áfallin vaxtagjöld	15 084 625	195	0	15 084 820
Óútborgað af veittum lánum	5 021	0	0	5 021
Ógr. kostnaður	9 356	0	0	9 356
	15 099 002	195	0	15 099 197
Skuldir samtals	868 281 558	4 195	0	868 285 753
Eigið fé:				
Stofnsjóður	80 056 098	(41 568)	11 914 134	91 928 664
Endurmatsreikningur	253 803 298	5 745 166	5 152 856	264 701 320
Eigið fé samtals	333 859 396	5 703 598	17 066 990	356 629 984
Skuldir og eigið fé	1 202 140 954	5 707 793	17 066 990	1 224 915 737

Reykjavík, 18. apríl 1984.

Framkvæmdastjórn

Bragi Hannesson. **Valur Valsson.**

Með vísan til yfirlýsingar endurskoðenda sjóðsins samþykkir stjórn sjóðsins ársreikninginn.

Reykjavík, 18. apríl 1984.

Jón Magnússon.

Gunnar S. Björnsson. **Ólafur Davíðsson.**

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikninga og bókhald sjóðsins á árinu svo og fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankainnistæður og ekkert fundið athugavert.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1983, yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum árið 1983, efnahagsreikning 31. desember 1983, skýringar nr. 1—5 og sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir almenna deild, veiðarfæradeild og iðngarðadeild.

Reykjavík, 17. apríl 1984.

Atli Freyr Guðmundsson. **Jafet S. Ólafsson.**

REIKNINGUR

Iðnlánasjóðs fyrir árið 1984

Rekstrarreikningur fyrir árið 1984

Rekstrartekjur:

	Skýr.	1984	1983
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	2	337 568 771	509 249 424
Aðrar vaxtatekjur		4 773 009	5 118 804
Lántökugjald		3 323 305	2 318 815
Iðnlánasjóðsgjald	3	1 800 000	14 400 000
Framlag ríkissjóðs		0	625 600
Framleiðslugjald af áli	3	2 472 289	1 503 547
Aðrar rekstrartekjur og arður		42 724	0
		349 980 098	533 216 190

Rekstrargjöld:

Vaxtagjöld, verðb. og gengismunur af lánsfé	2	338 591 362	375 055 875
Reiknuð gjaldfærsla v/verðlagsbreytinga	1,4	70 981 150	148 089 000
Lántökugjald		3 000 000	1 500 000
Rekstrarkostnaður		9 660 698	6 011 438
Afskriftir útlána		988 661	0
Framlag til hagrannsókna		660 000	1 441 600
		423 881 871	532 097 913
Tekjuafgangur (tap)		(73 901 773)	1 118 277

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum 1984

	Skýr.	Endurmats-reikningur
Eigið fé 1. janúar 1984		356 629 984
Áfallnar verðbætur miðað við vísitölu 1.1.1984		7 881 058
Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs við yfirtöku	9	46 543 264
Afskrifuð útlán Iðnrekstrarsjóðs við yfirtöku		(3 155 704)
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga 1984	1,4	70 981 150
Fengin jöfnunarhlutabréf		565 387
Endurmat á eignarhlut í Útflutningslánasjóði	6	4 379 285
Tekjuafgangur ársins (tap)		(73 901 773)
Eigið fé 31. desember 1984		409 922 651

Efnahagsreikningur 31. desember 1984

Eignir:

	Skýr.	1984	1983
Bankainnstæður:			
Bankainnstæður		50 133 849	3 215 299
Útlán:			
Vélalán	5	635 609 424	472 055 177
Byggingalán	5	921 157 000	639 944 490
Veiðarfæralán	5	2 337 742	2 317 408
Iðngarðalán	5	19 346 258	15 339 710
Önnur verðbréf		31 497 072	16 029
Bráðabirgðalán		4 913 000	0
Innleystar ábyrgðir		328 875	0
		1 615 189 371	1 129 672 814
Aðrar eignir:			
Áfallnar vaxtatekjur og verðbætur		70 722 424	84 581 304
Útflutningslánasjóður	6	16 029 285	6 650 000
Hlutabréfaeign		5 140 251	796 320
Ýmsar eignir		2 681 167	0
		94 573 127	92 027 624
Samtals eignir		1 759 896 347	1 224 915 737

Skuldir og eigið fé:

	Skýr.	1984	1983
Lánsfé:			
Framkvæmdasjóður Íslands	5,7	1 266 831 669	796 190 764
Lífeyrissjóðir	5	63 600 615	56 993 770
Sérskuldabréfalán		2 022	2 022
		1 330 434 306	853 186 556
Aðrar skuldir:			
Áfallin vaxtagjöld		18 013 047	15 084 820
Óútborgað af veittum lánum		5 021	5 021
Ógreiddir samþykktir styrkir		1 435 315	0
Stimpilgjöld		59 233	0
Ógreiddur kostnaður		26 774	9 356
		19 539 390	15 099 197
Skuldir samtals		1 349 973 696	868 285 753
Eigið fé:		409 922 651	356 629 984
Skuldir og eigið fé		1 759 896 347	1 224 915 737
Utan efnahagsreiknings:			
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	8	4 435 609	0

Skýringar:

Reikningsskilaaðferðir.

1. Tekið er tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstrarafkomu ársins og efnahag í árslok með því að færa verðbreytingafærslu í ársreikninginn og endurmeta hlutdeild í Útflutningslánasjóði og hlutabréfaeign Iðnlánasjóðs.
   Útreikningurinn er sem hér segir:

Peningalegar eignir 1.1.1984	1 217 469 417
Skuldir 1.1.1984	(868 285 753)
Stofn til útreiknings verðbreytingafærslu	349 183 664

   Stuðull við útreikning verðbreytingafærslunnar miðast við hækkun lánskjaravísitölu á árinu 1984. Verðbreytingafærslan verður því 18,91% af 349 183 664 kr. eða 66 030 630 kr.
   Þann 1. júlí 1984 yfirtók Iðnlánasjóður Iðnrekstrarsjóð sbr. skýringu nr. 9 og er því til viðbótar ofangreindri verðbreytingafærslu reiknuð verðbreytingafærsla vegna Iðnrekstrarsjóðs frá yfirtökudegi til áramóta.
   Útreikningurinn er sem hér segir:

Peningalegar eignir 1.7.1984	61 860 785
Afskrifuð útlán við yfirtöku	(3 155 704)
Skuldir 1.7.1984	(15 317 522)
Stofn til verðbreytingafærslu	43 387 559

   Stuðull við útreikning verðbreytingafærslunnar miðast við hækkun á lánskjaravísitölu frá 1. júlí til áramóta. Verðbreytingafærslan verður því 11.41% af 43 387 559 kr. eða 4 950 520 kr.
   Heildarverðbreytingafærslan verður því 70 981 150 kr. og er sú fjárhæð færð annars vegar til gjalda í rekstrarreikningi og hins vegar á eigið fé.
2. Áfallnir vextir og verðbætur í árslok af útlánum og teknum lánum eru færðar í rekstrarreikningi. Gengistryggð tekin lán eru uppfærð á gengi í árslok 1984.
3. Í rekstrarreikningi er fært innborgað iðnlánasjóðsgjald og framleiðslugjald af áli.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

4. Við gerð ársreiknings fyrir árið 1983 var hækkun á meðaltali byggingarvísitölu milli áranna 1982 og 1983 notuð sem stuðull við útreikning verðbreytingafærslu. Nú er hins vegar miðað við hækkun lánskjaravísitölu á árinu 1984 eins og gerð er grein fyrir í skýringu 1. Ef verðbreytingafærslan hefði verið reiknuð með sama hætti og árið áður hefði hún numið 96 360 297 kr. í heild eða 25 379 547 kr. hærri en greinir í skýringu 1.
5. Áfallnar verðbætur, eru miðaðar við vísitölu 1.1.1985, en áður var miðað við meðaltal á síðustu skráðu vísitölu reikningsársins og janúar vísitölu næsta árs.
6. Hlutdeild Iðnlánasjóðs í Útflutningslánasjóði er nú endurmetin í fyrsta skipti og er miðað við eiginfjárstöðu sjóðsins 1983, þar sem upplýsingar um árið 1984 liggja ekki fyrir.

Sundurliðanir.

7. Lánsfé frá Framkvæmdasjóði Íslands skiptist þannig 31.12.1984:

	kr.
Lán með föstum vöxtum (5,0% og 8,5%)	2 519
Lán með hæstu lögleyfðu vöxtum	1 529 667
Lán háð byggingarvísitölu	190 338 147
Lán háð lánskjaravísitölu	481 068 742
Lán háð gengi USD	354 820 311
Lán háð gengi JPY	224 740 508
Lán háð gengi DEM	14 331 775
Samtals	1 266 831 669

Ábyrgðarskuldbindingar.

8. Á meðal ábyrgða utan efnahagsreiknings er talin ábyrgð gagnvart Landsbanka Íslands USD 65 000 ásamt vöxtum samtals ísl. kr. 3 761 443. Iðnrekstrarsjóður var í tímabundinni ábyrgð gagnvart Landsbanka Íslands samkv. bréfi dags. 16.7.1982 fyrir fjárhæð USD 270 000 ásamt vöxtum. Ábyrgð þessi rann út þann 16.1.1983. Þar sem áframhaldandi ábyrgð á USD 65 000, ásamt vöxtum, var með bréfi Iðnrekstrarsjóðs dags. 16.12.1983 sbr. bréf dags. 23.9.1982 boðin sem grundvöllur samkomulags í deilum við Landsbankann um ábyrgð á USD 270 000, ásamt vöxtum og þar sem fjárhæð þessi (USD 65 000+vextir) var tilgreind í reikningum Iðnrekstrarsjóðs fyrir tímabilið 1.1.84—30.6.84 er talið rétt að tilgreina fjárhæð þessa í ársreikningi þessum.

Önnur mál.

9. Frá og með 1. júlí 1984 yfirtók Iðnlánasjóður allar eignir og ábyrgðist allar skuldir og ábyrgðir Iðnrekstrarsjóðs og var um leið stofnuð vöruþróunar- og markaðsdeild í Iðnlánasjóði, samkvæmt lögum nr. 55/1984.

Sérgreindur rekstrarreikningur fyrir árið 1984

Rekstrartekjur:

Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	Almenn deild	Iðngarða deild	Vöruþróunar- og markaðs-deild	Iðnlána-sjóður Samtals
	328 909 982	4 276 161	4 382 628	337 568 771
Aðrar vaxtatekjur	4 654 876	0	118 133	4 773 009
Lántökugjald	3 292 401	13 500	17 404	3 323 305
Iðnlánasjóðsgjald	1 800 000	0	0	1 800 000
Framleiðslugjald af áli	2 472 289	0	0	2 472 289
Aðrar rekstrartekjur og arður	35 724	0	7 000	42 724
	341 165 272	4 289 661	4 525 165	349 980 098

	Rekstrargjöld:			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af lánsfé	338 591 362	0	0	338 591 362
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga	62 803 262	3 227 368	4 950 520	70 981 150
Lántökugjald	3 000 000	0	0	3 000 000
Rekstrarkostnaður	9 303 272	0	357 426	9 660 698
Afskriftir útlána	988 661	0		988 661
Framlag til hagrannsókna	660 000	0	0	660 000
	415 346 557	3 227 368	5 307 946	423 881 871
Tekjuafgangur (tap)	(74 181 285)	1 062 293	(782 781)	(73 901 773)

Sérgreindur efnahagsreikningur 31. desember 1984

	Eignir:			
Bankainnistæður:	Almenn-deild	Iðngarða-deild	Vöruþróunar- og markaðs-deild	Iðnlána-sjóður Samtals
Bankainnistæður	42 682 764	2 827 290	4 623 795	50 133 849
Útlán:				
Vélalán	635 609 424	0	0	635 609 424
Byggingalán	921 157 000	0	0	921 157 000
Veiðarfæralán	2 337 742	0	0	2 337 742
Iðngarðalán	0	19 346 258	0	19 346 258
Önnur verðbréf	926 235	0	30 570 837	31 497 072
Bráðabirgðalán	0	0	4 913 000	4 913 000
Innleystar ábyrgðir	0	0	328 875	328 875
	1 560 030 401	19 346 258	35 812 712	1 615 189 371
	Aðrar eignir:			
Áfallnar vaxtatekjur og verðbætur	60 295 053	624 302	9 803 069	70 722 424
Stofnfé Útflutningslánasjóðs	16 029 285	0	0	16 029 285
Hlutabréfaeign	1 361 707	0	3 778 544	5 140 251
Ýmsar eignir	2 681 167	0	0	2 681 167
Vöruþróunar- og markaðsdeild, viðskiptareikningur	5 000 000	0	0	5 000 000
	85 367 212	624 302	13 581 613	99 573 127
Samtals eignir	1 688 080 377	22 797 850	54 018 120	1 764 896 347

Skuldir og eigið fé:

	Almenn-deild	Iðngarða-deild	Vöruþróunar- og markaðs-deild	Iðnlána-sjóður Samtals
Lánsfé:				
Framkvæmdasjóður Íslands	1 266 831 669	0	0	1 266 831 669
Lífeyrissjóðir	63 600 615	0	0	63 600 615
Sérskuldabréfalán	2 022	0	0	2 022
	1 330 434 306	0	0	1 330 434 306
Aðrar skuldir:				
Áfallin vaxtagjöld	18 013 047	0	0	18 013 047
Óútborgað af veittum lánum	5 021	0	0	5 021
Ógreiddir samþykktir styrkir	0	0	1 435 315	1 435 315
Stimpilgjöld	58 500	0	733	59 233
Ógreiddur kostnaður	0	0	26 774	26 774
Vöruþróunar- og markaðsdeild, viðskiptareikningur	0	0	5 000 000	5 000 000
	18 076 568	0	6 462 822	24 539 390
Skuldir samtals	1 348 510 874	0	6 462 822	1 354 973 696
Eigið fé:	339 569 503	22 797 850	47 555 298	409 922 651
Skuldir og eigið fé	1 688 080 377	22 797 850	54 018 120	1 764 896 347

Reykjavík, 29. mars 1985.

Framkvæmdastjórn.

Bragi Hannesson.

Ragnar Önundarson. **Valur Valsson.**

Með vísan til yfirlýsingar endurskoðenda sjóðsins samþykkir stjórn sjóðsins ársreikninginn.

Reykjavík, 29. mars 1985.

Jón Magnússon.

Gunnar S. Björnsson. **Ólafur Davíðsson.**

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikninga og bókhald sjóðsins á árinu svo og fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankainnistæður og ekkert fundið athugavert.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1984, yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum árið 1984, efnahagsreikning 31. desember 1984, skýringar nr. 1—9 og sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir almenna deild, iðngarðadeild og vöruþróunar- og markaðsdeild.

Reykjavík, 28. mars 1985.

Atli Freyr Guðmundsson. **Jafet S. Ólafsson.**

REGLUGERÐ

um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.

1. gr.

Af heildarkostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir samtals 15% með þeim hætti sem segir í 2. gr.

2. gr.

Hlutdeild sína í heildarkostnaði sjúkrasamlaga greiða sveitarfélög innan hvers samlagssvæðis með því að greiða af kostnaði sjúkrasamlags síns frá 1. janúar 1986 eins og hér segir:

Sjúkrasamlag Gullbringusýslu	19,05%
Sjúkrasamlag Kjósarsýslu	17,84%
Sjúkrasamlag Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	13,50%
Sjúkrasamlag Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	14,71%
Sjúkrasamlag Dalasýslu	16,97%
Sjúkrasamlag Austur-Barðastrandarsýslu	16,07%
Sjúkrasamlag Vestur-Barðastrandarsýslu	17,47%
Sjúkrasamlag Ísafjarðarsýslu	15,57%
Sjúkrasamlag Strandasýslu	17,17%
Sjúkrasamlag Vestur-Húnavatnssýslu	16,08%
Sjúkrasamlag Austur-Húnavatnssýslu	15,03%
Sjúkrasamlag Skagafjarðarsýslu	13,61%
Sjúkrasamlag Eyjafjarðarsýslu	36,95%
Sjúkrasamlag Þingeyjarsýslu	18,97%
Sjúkrasamlag Norður-Múlasýslu	17,57%
Sjúkrasamlag Suður-Múlasýslu	15,87%
Sjúkrasamlag Austur-Skaftafellssýslu	18,01%
Sjúkrasamlag Vestur-Skaftafellssýslu	20,93%
Sjúkrasamlag Rangárvallasýslu	21,21%
Sjúkrasamlag Árnessýslu	17,50%
Sjúkrasamlag Keflavíkur	15,58%
Sjúkrasamlag Njarðvíkur	15,01%
Sjúkrasamlag Grindavíkur	16,16%
Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar	17,56%
Sjúkrasamlag Garðabæjar	16,39%
Sjúkrasamlag Kópavogs	18,08%
Sjúkrasamlag Seltjarnarness	17,90%
Sjúkrasamlag Akraness	13,59%
Sjúkrasamlag Ísafjarðar	14,28%
Sjúkrasamlag Bolungarvíkur	15,64%
Sjúkrasamlag Sauðárkróks	14,44%
Sjúkrasamlag Siglufjarðar	16,02%
Sjúkrasamlag Ólafsfjarðar	28,29%
Sjúkrasamlag Dalvíkur	32,73%
Sjúkrasamlag Akureyrar	29,64%
Sjúkrasamlag Húsavíkur	14,45%
Sjúkrasamlag Seyðisfjarðar	16,58%
Sjúkrasamlag Neskaupstaðar	13,03%
Sjúkrasamlag Vestmannaeyja	22,46%
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	20,15%

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan hvers samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 117 31. desember 1976 um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um sama efni nr. 804 27. desember 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. febrúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

27. febrúar 1986 Nr. 135

GJALDSKRÁ

fyrir leyfi til starfrækslu jarðstöðva fyrir móttöku sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl.

Leyfisgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, leyfisgjald, fyrir leyfi er ráðherra veitir einstaklingum til að starfrækja jarðstöðvar til móttöku sjónvarpsefnis fyrir eigin not.

Leyfisgjald samkvæmt 1. mgr. skal nema kr. 2 000,00.

2. gr.

Ennfremur skal greiða sérstakt gjald, leyfisgjald, fyrir starfræksluleyfi sem ráðherra veitir þeim aðilum sem dreifa mótteknu sjónvarpsefni innanhúss.

Leyfisgjald samkvæmt 1. mgr. skal nema kr. 3 000,00.

Eftirlitsgjald.

3. gr.

Vegna skoðunar- og eftirlits Póst- og símamálastofnunar með búnaði skal greiða eftirlitsgjald kr. 3 000,00.

Innheimta gjalda o. fl.

4. gr.

Samgönguráðuneytið annast innheimtu samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem sett er skv. 7. gr. reglugerðar nr. 7/1986 um starfrækslu jarðstöðva fyrir móttöku sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl, sbr. lög nr. 73/1984 um fjarskipti öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 8 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun og sendibifreiðum, sem aka gegn borgun, á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður henta að dómi samgönguráðuneytisins.

Lögreglustjórar, hver innan síns umdæmis, skulu hafa eftirlit með að meðferð og notkun gjaldmæla verði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Óheimilt er að taka gjaldmæli í notkun, eftir að hann hefur verið settur í bifreiðina, fyrr en löggilding hefur farið fram á mælinum, sbr. 11. gr.

Ef skipt er um drif, breytt hjóla- eða hjólbarðastærð bifreiðar, skal endurskoða löggildingu mælisins.

Skoðun á gjaldmælum skal fara fram svo oft sem lögreglustjóra þykir þurfa, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Löggildingarmaður gefur vottorð að löggildingu lokinni. Auðkenna skal bifreið með sérstökum skoðunarmiða eftir hverja skoðun, er sýni greinilega ár, er skoðun fer fram.

3. gr.

Gjaldmælirinn skal settur þannig í bifreiðina, að farþegar sjái glöggt upphæð ökugjalds á gjaldskífu mælisins og skal mælirinn upplýstur, ef ökuljós bifreiðarinnar eru tendruð.

4. gr.

Gjaldmælar í leigubifreiðum skulu sýna rétt ökugjald.

Ef ekið er með 5—8 farþega í bifreið skal ökugjald vera 20% hærra en grunntaxti.

Ef ekið er um jól, áramót og 17. júní skal ekið á næturvinnutaxta að viðbættum 35%.

Ef nauðsynlegt telst að mati verðlagsstjóra er heimilt að viðurkenna aðra sértaxta en hér hafa verið taldir.

Sé gjaldmælir ekki þannig búinn og greinir í 2. mgr. 5. gr. skulu bifreiðastjórar nota verðskrá er sýni greinilega hina heimiluðu sértaxta og skal hún samin af viðkomandi stéttarfélagi og staðfest af verðlagsstjóra.

5. gr.

Gjaldmælar skulu útbúnir með a. m. k. fjórum valkostum til talningar á þeirri vegalengd, sem ekin er:

1. Dagtaxti.
2. Nætur- og helgidagataxti.
3. Dagtaxti, sem telur tvöfalda vegalengd 1. taxta og notaður er fyrir ferðir utan félagssvæðis, ef leigutaki verður þar eftir.
4. Nætur- og helgidagataxti, sem tvöfalda vegalengd 2. taxta, að sömu skilyrðum og í 3. taxta fullnægðum.

Verði unnt vegna þróunar í gerð gjaldmæla er heimilt að samráði við samgönguráðuneytið að auka valkosti þeirra þannig að gjaldmælarnir sýni einnig þá sértaxta sem gilda, sbr. 4. gr.

6. gr.

Verði verðsveiflur á ökugjaldi bifreiða, skulu gerðar breytingar innan 4 vikna á öllum gjaldmælum í leigubifreiðum, þannig að þeir uppfylli ákvæði 1. mgr. 4. gr. Eftir þann tíma er notkun óbreyttra gjaldmæla óheimil.

Á því 4 vikna tímabili, er að framan greinir, skal nota verðskrá, er sýni greinilega verðbreytinguna og samin skal af viðkomandi stéttarfélagi og staðfest af verðlagsstjóra.

7. gr.

Bifreiðastjóra er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu ökugjalds að hluta eða öllu leyti. Á sama hátt getur bifreiðarstjóri krafist fullnaðargreiðslu ökugjalds, ef farþegar yfirgefa bifreið.

8. gr.

Heimilt er að aka án gjaldmælis:

1. Ef mælir bilar í ökuferð, enda er bifreiðastjóra einungis heimilt að ljúka ferðinni. Þó getur lögreglustjóri veitt frekari undanþágu, ef sérstaklega stendur á.
2. Ef ökuferð tekur fleiri en einn dag.
3. Þegar um er að ræða akstur erlendra ferðamanna, sem ferðast á vegum stofnana í landinu, gegn fargjaldi, sem samið er um áður en farþegarnir eru komnir til landsins.
4. Hópferðir gegn ákveðnu sætagjaldi.

Við tölulið 1, 2 og 4 skal farið eftir gjaldskrá bifreiðastjórafélaganna á hverjum stað og tíma við ákvörðun ökugjalds.

9. gr.

Samgönguráðuneytið ákveður hverja tegund eða tegundir gjaldmæla skuli nota.

10. gr.

Notkun gjaldflokka gjaldmælisins fer eftir gjaldskrá leigubifreiðastjóra á hverjum tíma. Þegar breyting verður á gjaldskrá, skal breytingin auglýst greinilega, svo að allur almenningur eigi þess kost að fylgjast með breytingunni.

11. gr.

Samgönguráðuneytið skipar löggildingarmann, einn eða fleiri, fyrir mælana og skal löggildingarmaður framkvæma mælingar á þeim og löggildingu, svo og viðgerðir, breytingar og innsiglun gegn gjaldi, er samgönguráðuneytið ákveður.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt VII. kafla umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Sektir fyrir brot renna í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 446 18. desember 1978.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli, sem sýni rétt ökugjald, í öllum leigubifreiðum allt að 8 farþega, svo og sendibifreiðum, er aka gegn borgun, á þeim stöðum þar sem í gildi eru reglugerðir um takmörkun þeirra og útgáfu atvinnuleyfa eða ákvæði um akstur frá viðurkenndri afgreiðslustöð.

Ofanritað á einnig við um slíkar bifreiðar á öðrum stöðum en greinir í 1. mgr., enda njóti eigendur þeirra ívilnana í tolli, samkvæmt reglum settum með stoð í 41. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., studdri sérstökum meðmælum viðkomandi bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota skuli gjaldmæla af rafeindagerð framleidda af Haldex AB í Svíþjóð, Öryrkjabandalagi Íslands og Novax á Nýja Sjálandi.

2. gr.

Ráðuneytið skipar löggildingarmenn gjaldmæla, sem annast löggildingarstörf samkvæmt gildandi reglugerð um slíka mæla og fást upplýsingar um þá í ráðuneytinu.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í reglugerð nr. 136/1986 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt afturkallast auglýsing ráðuneytisins nr. 235 15. apríl 1980 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1986.

F. h. r.
Halldór S. Kristjánsson.

Sigurður Skúli Bergsson.

Nr. 138 4. mars 1986

REGLUR

um skipsbækur.

1. gr.

Öll skip skulu halda leiðarbók, nema fiskiskip og skip, sem vinna að sérstökum og staðbundnum verkefnum, svo sem sanddæluskip og dýpkunarskip. Þau skip, sem eigi er skylt að halda leiðarbók samkvæmt framansögðu, skulu halda dagbók, séu þau tólf rúmlestir og stærri.

Öll skip, sem skylt er að halda leiðarbók eða dagbók, skulu auk þess halda vélarbók.

Um fjarskiptabækur fer eftir ákvæðum í reglum um radíóbúnað og fjarskipti á skipum nr. 813/1981 ásamt öðrum þeim sérákvæðum, sem sett kunna að verða um það efni.

2. gr.

Gerð skipsbóka skal viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins, sem fylgist með því að skipsbækur séu fáanlegar.

3. gr.

Löggilding skipsbóka fer fram hjá embættum lögreglustjóra utan Reykjavíkur, hjá embætti tollstjórans í Reykjavík eða hjá Siglingamálastofnun ríkisins.

Færslu í bækurnar skal ávallt hagað í samræmi við leiðbeiningar þær eða skýrsluform sem prentuð eru í bækurnar.

Siglingamálastofnun ríkisins getur heimilað að auk færslu í tilteknar bækur með venjulegum hætti sé notast við sjálfrita.

4. gr.

Skipstjóri hefur yfirumsjón með færslu skipsbóka og ábyrgist þær, en viðkomandi yfirmenn annast færslur og ábyrgjast, að rétt sé skráð. Sama gildir um sjálfrita, eftir því sem við getur átt.

Skipstjóri skal sjá um, að í skipsbækur sé skráð af nákvæmni allt er máli skiptir á viðkomandi sviði, og að opinberum leiðbeiningum eða skýrsluformum sé fylgt. Hann skal eigi sjaldnar en á mánaðar fresti kanna aðrar skipsbækur og ritar hann í bækurnar, að skoðun hafi farið fram.

5. gr.

Skrá skal allt í skipsbækur eftir réttri tímaröð, í höfn eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir hverja vakt eða dagtímabil eftir því sem við á. Skrá má fyrst í bráðabirgðabók það sem gerist á hverri vakt, en síðan skal færa það í viðkomandi skipsbók, áður en sólarhringur er á enda, og það staðfest með undirritun viðkomandi vakthafandi yfirmanns.

Færslur í skipsbækur skulu vera glöggar og skipulegar. Ekki má skafa það af sem skrifað var, draga yfir það eða gera með öðru móti ólæsilegt. Gerist leiðréttingar þörf, skal henni bætt við sem athugagrein.

6. gr.

Skrá skal í leiðarbók ítarlega allt það, er við ber á ferð skipsins, og annað, er útgerðarmanni, eigendum farms, vátryggjendum eða öðrum þeim, er ferðin snertir hagsmunalega, er gagn að vita.

Í leiðarbók skal m. a. getið um eftirtalin atriði:

1) Hvenær starfstími skipverja hefst og endar.
2) Um vistir og vatn, sem tekið er.
3) Hvenær ferming skips og afferming hófst, var frestað og hvenær þeim lauk.
4) Hvað fermt er og affermt hvern dag.
5) Um kjölfestu, ef breytt er, — minnkuð eða aukin, — um þunga hennar og hversu um hana var búið.
6) Hvort aðrir unnu en skipverjar.
7) Um djúpristu skipsins á skut og stafni og ásigkomulag þess að öðru leyti, er það lét úr höfn.
8) Hverju skipið er fermt og um ásigkomulag farmsins.
9) Um farm á þilfari, ef við á, hvernig um hann er búið, og um fjölda gáma á þilfari, ef um það er að ræða.
10) Um áttavita (segul og gíró) og skekkju á þeim.
11) Hvenær skipið lætur út, kemur til hafnar eða flytur sig þar.
12) Um vind, veðurfar, skyggni, ísingu og ísrek, ef um það er að ræða, og stöðu loftvogar.
13) Um strauma, stefnu (stýrða og siglda og drift, ef hún er), hraða skipsins (sigldan hraða) og hver vegalengd var farin.
14) Hvaða siglingaljós voru höfð og hvenær tendruð eða slökkt.

15) Um sjávardýpi, miðun og staðarákvarðanir (bæði eftir athugunum og leiðarreikningi). Færa skal athugaðan eða ágiskaðan stað skipsins við lok hverrar vaktar.
16) Hvenær hafnsögumaður kom á skip og fór af skipi.
17) Um dælingu, ef dælt er.
18) Um bruna- og björgunaræfingar.
19) Um útvörð, ef settur er, og um sérstakar eftirlitsferðir, sem farnar eru um skipið vegna eldhættu o. þ. h.
20) Um notkun dýptarmælis, ratsjár, sjálfstýringar og annarra siglinga- og staðsetningartækja. Sérstaklega skal skráð, ef tæki þessi eru óvirk.
21) Leiðarreikning skal bóka hvern sólarhring.

Sérstaklega ber að skrá í leiðarbók nákvæmar skýrslur um hvert það slys eða tjón, sem verða kann á skipi, mönnum eða farmi, og þess getið hvað því olli, hversu það bar að og hvernig brugðist var við. Í stað ítarlegrar skýrslu um slys á mönnum er heimilt að vísa til tilkynningar um slys, sbr. 221. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

7. gr.

Í dagbók skal skrá greinilega frásögn um ferð skipsins. Skal m. a., auk veðurs, skýrt frá öllu því, er verulega þýðingu hefur fyrir ferð skipsins og öryggi þess eða manna, sem á því eru, eða sem á einn eða annan hátt getur snert hagsmuni útgerðarmanns, eigenda farms eða vátryggjendur.

Sérstaklega skal skrá nákvæmlega um hvert það slys eða tjón, sem verða kann á skipi, mönnum, farmi eða veiðarfærum, og þess getið, hvað því olli, hversu það bar að og hvernig brugðist var við. Í stað ítarlegrar skýrslu um slys á mönnum er heimilt að vísa til tilkynningar um slys, sbr. 221. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Sé skipið við fiskveiðar, skal ennfremur greina daglega frá öllu því markverðasta, er snertir veiðarnar, svo sem hvenær veiðar hefjast og þeim lýkur, hvaða veiðarfæri notuð voru, hvar skipið fiskar og hvernig aflast, um dýpi, botnlag o. s. frv.

Halda skal leiðarreikning, hvenær sem þörf krefur.

Gera má kröfur um ítarlegri færslu dagbóka á stórum skipum en á smáum.

8. gr.

Í vélarbók skal m. a. greint frá eldsneytisforða skips og öðrum vélarnauðsynjum, er skip lét úr höfn, eyðslu á eldsneyti hvern sólarhring og um allt annað, er vélar skipsins snertir, gang þeirra og gæslu.

Sérstaklega skal skrá upplýsingar um eftirlit, viðhald og ástand véla, öryggisbúnaðar, eldvarnartækja og fjarskiptabúnaðar innan skips.

9. gr.

Þegar skipsbók er skrifuð til enda eða verður ekki notuð vegna annarra atvika, fær skipstjóri nýja bók og lætur löggilda hana. Skal þá geta þess í gömlu bókinni, að ný bók hafi verið löggilt og hvenær það var gert. Nú verður ekki náð til hinnar gömlu bókar, og skal þess þá getið í hinni nýju og sagt, hvað til þess bar. Við þess háttar bókaskipti ber þeim, sem löggildingu skipsbóka annast, að rannsaka, hvort vel og skipulega var bókað í eldri bók og sjá til þess, að skipstjóri sæti lögsókn, ef svo er eigi. Geta skal í skipsbók, hvenær hún var færð til rannsóknar og um þá rannsókn, er fram fór.

Um fjarskiptabækur fer eftir hinum sérstöku reglum, er um þær gilda.

10. gr.

Fullnotaðar skipsbækur skulu varðveittar eigi skemur en í þrjú ár frá því síðast var fært í þær. Sé áður höfðað mál, sem tengist ferðum skipsins, sem viðkomandi bók varðar, skal hún geymd þar til fullnaðarlausn hefur fengist í því máli. Sama gildir um bráðabirgðabækur og einnig um varðveislu færslna sjálfrita í skipi varðandi siglingu skips o. þ. h.

Áður en skipsbók er fleygt eða hún eyðilögð, skal haft samráð við Þjóðskjalasafn Íslands eða viðkomandi héraðsskjalasafn eða byggðasafn (sjóminjasafn).

11. gr.

Hver, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, getur krafist þess að fá að kynna sér efni skipsbóka, eftir því sem við verður komið, og að fá endurrit úr þeim, ef honum ber nauðsyn til þess. Þetta á þó ekki við, hafi skip rekist á erlent skip og ekki er á samsvarandi hátt gefinn aðgangur að bókum þess skips, nema samgönguráðuneytið mæli fyrir á annan veg.

12. gr.

Brot gegn reglum þessum varða refsingu samkvæmt 234. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

2.1 Dráttarvél er vélknúið ökutæki á minnst tveimur ásum og aðallega er ætlað til eftirtalinna verkefna:

Að draga tengivagna, að bera, draga, ýta eða knýja tæki og vélar, eða flytja afl til tækja þegar svo ber undir.

III. KAFLI

Skyldur sölu- og afhendingaraðila.

3. gr.

3.1 Sá sem selur, afhendir eða sýnir dráttarvélar, vélarhluta eða fylgihluti, sem falla undir reglugerð þessa, skal tryggja að það sem hér um ræðir sé, þegar það er sýnt eða afhent til notkunar, útbúið með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði og notkun þess leiði ekki af sér slysa- og sjúkdómshættu.

3.2 Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um meðferð, viðhald, flutning, samsetningu og frágang skulu fylgja þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

3.3 Sé einhver sá búnaður, sem talinn er í 1. mgr. þessarar greinar og tilbúinn er til notkunar, afhentur áfram, endurseldur, lánaður eða leigður, gilda þær reglur sem að ofan greinir.

3.4 Þegar mælt er svo fyrir í reglugerð þessari eða Vinnueftirlit ríkisins krefst þess skal innflytjandi eða framleiðandi láta gera rannsóknir og prófanir sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um að viðkomandi búnaður standist þær kröfur sem gerðar eru varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

3.5 Dráttarvél, öryggisgrind, öryggishús eða aflflutningsbúnaður sem afhentur eða sýndur er hér á landi, skal vera greinilega og varanlega merktur framleiðanda og sé um innflutta dráttarvél eða búnað að ræða, skulu þau tæki einnig merkt nafni og heimilisfangi innflytjanda eða merkt á annan þann hátt að auðvelt sé að komast að raun um hver sé framleiðandi og þegar við á hver sé innflytjandinn.

3.6 Sölu- og afhendingaraðili skal jafnan hafa á boðstólum nauðsynlega varahluti til viðhalds öryggisbúnaði dráttarvéla og aflflutningsbúnaðar sem reglugerð þessi tekur til.

IV. KAFLI

Skyldur þeirra sem annast samsetningu og viðhald dráttarvéla.

4. gr.

4.1 Sá sem tekur að sér að setja saman, breyta eða gera við dráttarvél skal fara eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

4.2 Taki viðgerð aðeins til eins eða nokkurra hluta dráttarvélar, skal sá sem verkið vinnur fara eftir ákvæðum reglugerðar þessarar um hvern einstakan hlut vélarinnar.

4.3 Verði sá sem setur saman, breytir eða gerir við dráttarvél var við einhverja ágalla eða vanbúnað sem áhrif kynnu að hafa á aðbúnað, heilsu eða öryggi manna, skal hann umsvifalaust gera eiganda eða þeim sem notar vélina viðvart.

5. gr.

5.1 Ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða annað tilsvarandi vegna viðgerðar, skal sá sem verkið vinnur umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngildar eru, að verki loknu.

V. KAFLI

Skyldur eigenda eða umráðamanna dráttarvéla.

6. gr.

6.1 Eiganda eða umráðamanni dráttarvéla er skylt að sjá svo um að vinnu sé þannig hagað og hún framkvæmd á þann hátt að þeir sem starfa við dráttarvélar séu varðir gegn slysum og sjúkdómum eins vel og kostur er. Hann skal einnig taka tillit til aldurs þeirra, færni og getu til þess að vinna við dráttarvélar á réttan og öruggan hátt.

6.2 Eigandi eða umráðamaður skal gera hverjum þeim, er hann hyggst fela stjórn dráttarvélar eða vinnu við hana, ljósa grein fyrir slysa- og sjúkdómshættu sem kann að vera bundin við starfið. Hann skal þar að auki sjá um að starfsmaður fái þjálfun í að vinna störf sín á þann hátt að ekki stafi hætta af.

6.3 Eiganda eða umráðamanni dráttarvéla er skylt að sjá svo um að dráttarvél sé í löglegu ástandi og þannig haldið við að notkun hennar leiði ekki af sér óþarfa hættur eða óþægindi.

VI. KAFLI

Skyldur þeirra sem vinna við dráttarvélar.

7. gr.

7.1 Þeir sem vinna á dráttarvélum eða við þær skulu sýna varkárni og stuðla á allan hátt að sem öruggustum vinnubrögðum.

7.2 Þeim er skylt að fara að fyrirmælum Vinnueftirlitsins og eiganda eða umráðamanns dráttarvélar um notkun hlífabúnaðar.

8. gr.

8.1 Enginn má stjórna dráttarvél á alfaravegum nema hann hafi fengið skírteini til bifreiðaaksturs eða sérstakt skírteini til aksturs dráttarvéla. Ekki þarf ökuskírteini til að aka dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravega.

8.2 Ákvæði þetta gildir þó aðeins um almenn landbúnaðarstörf. Séu dráttarvélar með tækjabúnaði lánaðar eða leigðar til vinnu, gildir reglugerð um réttindi til að stjórna vinnuvélum (nr. 198/1983), eftir því sem við á.

VII. KAFLI
Aðbúnaður ökumanns.

9. gr.

9.1 Auðvelt skal að komast upp í dráttarvélina. Til að auðvelda umgang eiga að vera þrep og handföng þar sem með þarf.

9.2 Hæð frá jörðu og upp í dráttarvélina eða upp í neðsta þrep skal ekki vera meiri en 55 cm. Þrep skulu vera þannig gerð að ekki myndist á þeim hálka þótt á þau setjist mold eða snjór.

9.3 Fjarlægð á milli tveggja þrepa eða milli þreps og gólfs á ekki að vera meiri en 30 cm.

10. gr.

10.1 Stjórnrými dráttarvélar skal vera nægilega rúmgott og þannig búið að stjórn vélarinnar og tækja, sem tengd eru henni, sé örugg og auðveld án þess að vinnustaða sé óþægileg eða valdi óþarfa álagi á ökumann.

10.2 Gólf í húsi ökumanns skal vera með stömu yfirborði og auðvelt að þrífa.

11. gr.

11.1 Vökvaþrýstilagnir skulu vera úr viðurkenndum efnum og svo frá þeim gengið að þær séu varðar fyrir óeðlilegu sliti eða skemmdum.

11.2 Vökvaþrýstilagnir og tengingar þeirra skulu vera þannig búnar að engin hætta sé á að olía geti sprautast á stjórnanda og valdið skaða.

12. gr.

12.1 Sæti stjórnanda skal

a) vera traust, rúmgott, þægilegt og gefa stjórnanda möguleika á breytilegum stellingum,

b) hafa bakpúða sem styður að mjóhryggnum, þegar ökumaður situr beinn; bakpúðinn skal vera traustur og þægilegur, einnig þegar ökumaður hallar sér aftur í sætinu,

c) hafa áklæði sem ekki hindrar útgufun frá líkamanum,

d) vera með fjaðrabúnaði og höggdeyfingu, auðvelt skal að stilla fjöðrun miðað við þunga ökumanns,

e) vera stillanlegt fram og aftur og í mismunandi hæð á auðveldan hátt án verkfæra.

13. gr.

13.1 Dráttarvélar og stjórnhús þeirra skulu vera svo hönnuð að hávaði valdi sem minnstum óþægindum fyrir stjórnanda.

13.2 Vélar og tæki sem tengd eru dráttarvél skal hljóðeinangra eftir því sem kostur er. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum sem Vinnueftirlit ríkisins setur á hverjum tíma.

VIII. KAFLI
Farþegar.

14. gr.

14.1 Ekki er heimilt að flytja farþega á dráttarvél nema fyrir þá séu þar til gerð sæti og örugg handfesta.

14.2 Á dráttarvél, sem ekki er með húsi, má því aðeins koma fyrir farþegasæti að hjólhlífar séu innan við afturhjól og nái út yfir þau við venjulega sporvídd.

14.3 Farþegasæti skal vera yfir afturási eða aftan við hann. Farþegasæti má ekki vera utan öryggishúss eða öryggisgrindar. Farþegasæti má ekki vera þannig fyrir komið að

farþeginn hindri stjórnanda dráttarvélarinnar við stjórn hennar á nokkurn hátt. Í farþegasæti á að vera mjúkur púði. Farþegasæti og staðsetning þeirra skulu vera viðurkennd af Vinnueftirliti ríkisins.

IX. KAFLI
Stjórntæki.

15. gr.

15.1 Stjórntæki skulu vera traust og þannig úr garði gerð að auðvelt sé að beita þeim úr sæti ökumanns, jafnframt skal leitast við að koma í veg fyrir að þeim verði beitt af vangá.

15.2 Handföng skulu vera þannig löguð og staðsett að auðvelt sé að ná til þeirra og vinna með þeim.

15.3 Fótstig skulu vera þar sem auðvelt er að stíga á þau með nægjanlegu afli og ekki er hætta á að hreyfing þeirra torveldist af mold, óhreinindum eða aðskotahlutum sem safnast kynnu undir þau.

15.4 Tengslis- og hemlafótstig skulu vera nægilega breið, yfirborð þeirra á að vera hrjúft og þau þannig búin að ekki sé hætta á að fótur renni af þeim.

15.5 Ef hætta er á að stjórntækjum verði ranglega beitt, skal vera á þeim eða við þau greinileg og auðskilin merking með táknum eða texta er gefur til kynna hvernig þau verka í hverri stöðu.

16. gr.

16.1 Stjórntæki fyrir aflúttak með breytilegum snúningshraða skal vera útbúið á þann veg að ekki sé hætta á að snúningshraða verði breytt af vangá.

17. gr.

17.1 Stýrisbúnaðurinn skal þannig gerður að auðvelt sé að stýra dráttarvélinni og ekki sé hætt við höggum upp í stýrishjólið.

18. gr.

18.1 Dráttarvél skal búin góðum hemlum sem vinna jafnt á a. m. k. bæði afturhjól.

18.2 Dráttarvél skal hafa sérstakan stöðuhemil eða búnað sem gerir kleift að læsa fóthemlum með öruggum læsingabúnaði svo að þeir verki sem stöðuhemlar.

18.3 Sé dráttarvél búin aðskildum fótstigum fyrir hemla á hvoru hjóli á sama ási, skal vera hægt að tengja fótstigin saman ef ekki er sérstakt fótstig fyrir hemla á bæði hjólin.

18.4 Hemlar skulu vera auðstillanlegir.

X. KAFLI
Búnaður dráttarvéla.

19. gr.

19.1 Áfyllingsstútur fyrir eldsneyti skal vera fyrir utan stjórnhús dráttarvélarinnar.

20. gr.

20.1 Hjólhlífar skulu ná það langt fram að engin hætta sé á að fætur ökumanns snerti hjólin í akstri.

20.2 Hjólhlífar skulu vera innan við afturhjól og ná yfir þau við venjulega sporvídd. Þær skulu vera það háar að nægilegt rými sé fyrir keðjur eða spyrnur.

20.3 Sá sem selur eða afhendir dráttarvél skal geta útvegað hjólhlífar á framhjól, óski kaupandi þess eða sé þess krafist af Vinnueftirliti ríkisins.

21. gr.

21.1 Ekki skal vera hægt að ræsa hreyfil dráttarvélar nema aflrás til drifhjóla hennar sé rofin.

21.2 Ádrepari hreyfilsins skal vera greinilega merktur.

22. gr.

22.1 Hlíf skal vera um kæliviftu til að hindra snertingu við hana. Einnig skulu vera hlífar um reimar og reimhjól.

23. gr.

23.1 Dráttarvél skal vera með hljóðdeyfi.

23.2 Útblástur hreyfilsins um hljóðdeyfi eða neistagildru skal liggja upp á við. Útblástursopið skal að minnsta kosti vera í sömu hæð og efsta brún öryggishúss eða öryggisgrindar. Öll samskeyti útblásturskerfisins skulu vera þétt.

23.3 Sé dráttarvél búin neistagildru skal hún vera af viðurkenndri gerð.

24. gr.

24.1 Dráttarvél skal hafa a. m. k. tvö ljósker er lýsa fram fyrir hana allt að 30 metra.

24.2 Aftan á vélinni skulu vera a. m. k. tvö rauð glitmerki, ekki fjær ystu brúnum en 60 cm, jafnlangt frá hvorri hlið.

24.3 Einnig skal dráttarvélin búin stillanlegu vinnuljósi.

25. gr.

25.1 Dráttarvél skal vera með flautu.

26. gr.

26.1 Stillanlegir baksýnisspeglar skulu vera á hvorri hlið dráttarvélar.

27. gr.

27.1 Mismunadrifslásinn skal vera þannig gerður og merktur að frátenging hans sé örugg og ekki sé hætt við að hann verði tengdur í ógáti.

28. gr.

28.1 Ganga skal frá þrítengibúnaði á þann hátt að sem minnst hætta sé á að líkamshlutar klemmist á milli dráttarvélar og yfirtengis, dráttarstanga eða lyftuarma.

28.2 Lyftuörmum skal unnt að læsa í lyftri stöðu, annað hvort með vökvaafli eða öðrum búnaði.

28.3 Sé vökvakerfið tvívirkt, þ. e. að bæði sé hægt að lyfta örmunum og þrýsta þeim niður, skal það greinilega merkt.

29. gr.

29.1 Á dráttarvél skal vera traustur tengibúnaður og skal honum þannig fyrir komið að notkun hans valdi ekki hættu á að dráttarvélin velti til hliðar, eða aftur yfir sig.

29.2 Efni tengibúnaðar skal prófað eftir alþjóðlegum staðli.

29.3 Sé dráttarvél búin dráttarkrók skal hann vera með læsingu svo að enginn hætta sé á að dráttaraugað losni úr honum í akstri.

29.4 Framan á dráttarvél, fyrir miðju, skal vera unnt að koma fyrir festibúnaði fyrir keðju eða vír svo hægt sé að draga hana.

30. gr.

30.1 Dráttarvél skal þannig búin að unnt sé að setja þyngdarklossa framan á hana.

30.2 Við notkun tækja, sem tengd eru framan á dráttarvél, skal vera mögulegt að þyngja hana að aftan.

XI. KAFLI
Drifbúnaður.

31. gr.

31.1 Aflúttak dráttarvélar skal hafa hlífar hvort heldur það er framan á vélinni, til hliðar eða aftan á henni. Hlífar aflúttaks ásamt hlífum drifskafts, sem tengt er vinnuvél eða vagni, skulu við allar aðstæður hylja vel aflúttak og tengingu. Á hlíf aflúttaks skal vera festing fyrir hlíf drifskaftsins sem hindrar að hún snúist með ásnum. Hlífar skulu þannig gerðar að tenging drifskafts sé auðveld.

31.2 Sérstök hlíf (hólkur) skal vera um aflúttakið þegar það er ekki í notkun.

32. gr.

32.1 Reimdrif skulu varin með traustum hlífum.

32.2 Ef reimdrif er þar sem stíga þarf yfir það, þá skulu hlífarnar þola 1200 N (120 kp) stöðugt álag.

XII. KAFLI
Öryggishús, öryggisgrind.

33. gr.

33.1 Dráttarvélar, sem vega 500 kg eða meira, skulu vera með öryggishúsi eða öryggisgrind af viðurkenndri gerð til varnar stjórnanda velti dráttarvélin til hliðar eða aftur yfir sig.

33.2 Séu dráttarvélar léttari en 500 kg, getur Vinnueftirlit ríkisins krafist að á þeim sé öryggisgrind eða veltibogi.

34. gr.

34.1 Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir öryggishús og öryggisgrindur á dráttarvélum að undangenginni prófun.

34.2 Öryggisgrindur og öryggishús skulu vera prófuð eftir alþjóðlegum stöðlum sem Vinnueftirlit ríkisins getur vikið frá í undantekningartilvikum.

34.3 Í öryggishúsum og öryggisgrindum skal vera áletrunin:
„Viðurkennt af Vinnueftirliti ríkisins".

34.4 Umsókn um viðurkenningu skal senda til Vinnueftirlits ríkisins með eftirfarandi upplýsingum:
a) Nafn umsækjanda og heimilisfang.
b) Heiti og gerð dráttarvélar.
c) Nafn og heimilisfang framleiðanda öryggishúss eða öryggisgrindar.
d) Upplýsingar um eiginleika burðarhluta með tilvísun í staðla.
e) Málsett teikning af öryggishúsi eða öryggisgrind.
f) Málsett teikning af festingum við dráttarvél.
g) Skýrsla um prófun eftir gildandi reglum.

34.5 Kostnað vegna prófunar greiðir sá sem óskar eftir henni, t. d. hönnuður, framleiðandi eða seljandi.

34.6 Vinnueftirlit ríkisins getur tekið gildar prófanir frá viðurkenndum erlendum prófunarstofnunum.

35. gr.

35.1 Rými fyrir stjórnanda skal vera nægjanlegt. Í olnbogahæð skal rými vera minnst 45 cm til hvorrar hliðar mælt frá miðpunkti stýrishjóls.

35.2 Hæð frá lestuðu sæti (75 kg) að lægsta hluta þaks skal vera minnst 100 cm og er þá miðað við að sætið sé í efstu stöðu og stillt á stífustu fjöðrun.

35.3 Minnsta fjarlægð frá hringferli stýrishjóls að föstum hlut skal vera 8 cm.

35.4 Lárétt fjarlægð milli sætisbaks í öftustu stöðu og fasts hlutar húss eða grindar skal vera minnst 15 cm.

36. gr.

36.1 Öryggisgrindur skulu vera með þaki.

37. gr.

37.1 Öryggishús og öryggisgrindur skal smíða þannig eða klæða að ekki sé hætta á að útstæðir hlutir svo sem stífur, horn eða brúnir geti valdið meiðslum.

38. gr.

38.1 Auðvelt skal vera að breyta öryggisgrindum í hús með því að klæða þær.

39. gr.

39.1 Öryggishús og öryggisgrindur skulu vera svo úr garði gerðar að þau hindri ekki tengingar hinna ýmsu tækja sem algengt er að tengja við dráttarvélar.

40. gr.

40.1 A. m. k. þrjár útkomuleiðir (op) skulu vera á öryggishúsum svo að auðvelt sé að komast út velti dráttarvélin til hliðar eða aftur yfir sig. Útgönguleiðir skal vera auðvelt að opna innan frá.

40.2 Öryggishús dráttarvéla, sem ekið er á ísilögðum vötnum, skulu búin opnanlegu þaki.

40.3 Ef sérstök tæknileg vandkvæði eru á að komast út um þak getur Vinnueftirlit ríkisins veitt undanþágu frá þessu ákvæði sé auðvelt að opna fram- eða afturglugga.

41. gr.

41.1 Öryggishús skulu vera með gluggum sem veita góða útsýn. Rúður skulu vera úr öryggisgleri eða öðru viðurkenndu efni sem ekki brotnar í skarpa hluta.

41.2 Öryggishús og öryggisgrindur með framrúðu skulu hafa vélknúna rúðuþurrku.

42. gr.

42.1 Öryggishús skulu vera þannig búin að stjórnandi sé varinn gegn dragsúgi eftir því sem kostur er en jafnframt skal vera nægjanleg loftræsting í húsinu.

42.2 Ef hitakerfi er í öryggishúsi skal hitablástur vera á framrúðu.

42.3 Gengið skal svo frá hitakerfi í húsinu að ekki geti borist inn í það útblástursloft frá hreyfli þótt leki komi frá útblásturskerfi.

43. gr.

43.1 Öryggishús og öryggisgrindur skulu vera auðkenndar með áletrun um gerð og verksmiðjunúmer.

43.2 Í öryggishúsum og öryggisgrindum skulu vera skilti á áberandi stað með varanlegri áletrun þar sem stendur:

AÐVÖRUN

HALDIÐ FAST Í STÝRIÐ EF VÉLIN VELTUR. STÖKKVIÐ EKKI ÚT.

43.3 Ekki er heimilt að framkvæma breytingar á viðurkenndum öryggishúsum eða öryggisgrindum nema með samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

44. gr.

44.1 Verði öryggishús eða öryggisgrind fyrir áverka, sem áhrif hefur á styrkleika, er notkun dráttarvélarinnar óheimil þar til viðgerð hefur farið fram.

45. gr.

45.1 Hafi öryggishús eða öryggisgrind aflagast verulega, t. d. við veltu eða af öðrum orsökum, skal fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins meta hvort viðgerð sé heimil.

45.2 Viðgerðir á burðarhlutum í öryggishúsum og öryggisgrindum mega þeir einir framkvæma sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir.

45.3 Sé skipt um bita eða stoðir í öryggishúsi eða öryggisgrind, skulu nýju hlutarnir vera úr samskonar efni og þeir sem fyrir voru. Viðgerð skal framkvæmd með suðuaðferð sem hæfir efninu.

XIII. KAFLI

Hlífabúnaður við aflflutning.

46. gr.

46.1 Vél eða tæki, sem knúin eru með aflflutningi frá vélknúnu ökutæki, skulu hafa fastar hlífar sem lykja um aflinntakið. Drifsköft skulu vera með hlífum sem umlykja þau (hólkhlíf).

46.2 Hlífin skal vera sterk og með þannig legum á ásunum að hún geti ekki hreyfst í lengdarlínu. Gerð leganna skal vera í samræmi við þá notkun sem ásinn er gerður fyrir. Hlífin skal vera úr þannig efni að það haldi styrkleika sínum við allt að −35°C.

46.3 Hlífar aflúttaksins skulu þola 1200 N (120 kp) stöðugt álag án verulegra formbreytinga.

46.4 Hlífin skal jafnframt vera þannig gerð að hún, ásamt hlífum um aflúttak á drifvél og aflinntak véla eða tækja, umlyki hjöruliði og vartengsli við allar þær aðstæður sem fyrir geta komið við notkun.

46.5 Unnt skal að festa hlífina þannig að enginn hluti hennar geti snúist með ásnum. Þessar festingar geta t. d. verið keðjur sem festar eru í hlífar um aflúttak og aflinntak. Stagkeðjurnar skulu ekki vera lengri en nauðsyn krefur.

46.6 Hlífarnar skulu vera af þeirri gerð sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir.

XIV. KAFLI

Akstur dráttarvéla á alfaraleið.

47. gr.

47.1 Um akstur dráttarvélar á alfaraleið, ásamt þeim tækjum sem henni eru tengd, gilda ákvæði umferðarlaga og reglugerðar um gerð og búnað ökutækja.

XV. KAFLI

Undanþágur.

48. gr.

48.1 Stjórn Vinnueftirlits ríkisins í landbúnaði getur sett reglur um undanþágur frá einstökum ákvæðum reglugerðar þessarar, þegar um er að ræða dráttarvélar sem eingöngu eru ætlaðar til sérstakra takmarkaðra nota.
Viðkomandi dráttarvélar skulu auðkenndar sérstaklega.

48.2 Þurfi að nota dráttarvélar til vinnu innanhúss, þar sem rými leyfir ekki notkun öryggishúss eða öryggisgrindar, er heimilt að nota þær án þessa búnaðar.
Þegar dráttarvélar eru notaðar við þessar aðstæður, skal eigandi eða umráðamaður dráttarvélar sjá svo um að ekki stafi hætta af við slíka vinnu. Skal hann brýna fyrir starfsmönnum að viðhafa sérstaka aðgát við áburgreindar aðstæður og sjá svo um að öryggishús eða öryggisgrind sé sett strax á dráttarvélina að störfum loknum.

XVI. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

49. gr.

49.1 Ákvörðunum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og annarra starfsmanna stofnunarinnar má skjóta til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins í landbúnaði innan fjögurra vikna frá því viðkomandi aðila hefur verið tilkynnt ákvörðunin. Stjórnin skal fella úrskurð um málið svo fljótt sem verða má.

49.2 Úrskurði stjórnarinnar má skjóta til ráðherra innan fjögurra vikna frá því ákvörðun stjórnarinnar var tilkynnt viðkomandi, sbr. þó 2. mgr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

XVII. KAFLI
Viðurlög.

50. gr.

50.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri hegning liggi við lögum samkvæmt. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Dráttarvélar seldar eða afhentar á tímabilinu 1. janúar 1966 til 31. desember 1986 skulu frá 1. janúar 1988 búnar öryggishúsum eða öryggisgrindum skv. greinum 35 til og með grein 38 og gr. 43.1.
2. Dráttarvélar sem seldar eða afhentar voru fyrir 1. janúar 1966, skulu frá og með 1. janúar 1988 búnar öryggisgrind eða veltiboga sem Vinnueftirlit ríkisis viðurkennir, sjá þó gr. 48.1.
3. Dráttarvélar sem seldar eða afhentar eru fyrir 1. janúar 1987, geta fengið tímabundna undanþágu frá reglum þessum. Undanþágur má þó ekki veita frá eftirtöldum greinum: 14. gr., 18. gr., 32. gr., 45. gr. og 46. gr.
4. Um dráttarvélar, sem getið er í 1. og 2. lið, skal á aðlögunartímum, eða þar til þær fullnægja skilyrðum skv. áðurgreindum liðum bráðabirgðaákvæðanna, gildir eftirfarandi:
   a) Óheimilt er að fela unglingum innan 16 ára stjórn þeirra véla.
   b) Notkun þeirra dráttarvéla er eingöngu heimil við störf utan alfaravega.



Mynd 1. Aflflutningsás með hlífum.

1. Keðja eða vír til festingar.
2. Heppilegur festibúnaður.
3. Legur.

A. Hlíf yfir aflúttaki.
B. Hlíf yfir aflinntaki.
C. Hólkhlíf um aflflutningsás.



Aflúttak.



Aflinntak.

Mynd 2. Hlífar um aflúttak og aflinntak. Hlífarnar skulu þola 1200 N (120 kp) álag án þess að breyta lögun.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sbr. 29. gr., 47. gr., 49. gr. og 6. mgr. 73. gr. öðlast gildi 1. janúar 1987.

Félagsmálaráðuneytið, 10. mars 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 154 28. febrúar 1986

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Reykjavík fyrir tímabilið 1. mars 1986 til jafnlengdar næsta ár.

1. gr.

Leyfisgjald vegna undanþágu til hundahalds sbr. c-staflið 2. gr. samþykktar um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur nr. 386/1984, skal vera óbreytt frá fyrra gjaldtímabili, þ. e. a. s. fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði kr. 400,00. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið fyrir eindaga sem er 1. apríl 1986.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá borgarráðs Reykjavíkur staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1986.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Borgarnesi.

I. KAFLI.

Gatnagerðargjöld.

Gatnagerðargjald er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum, leggja á hana bundið slitlag og ganga frá gangstétt.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa í Borgarneshreppi skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari.

Af rúmmetraaukningu vegna endurbyggingar þaka, án aukningar á nýtanlegu húsrými, skal ekki greiða gatnagerðargjald.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	6.0%
Raðhús og tvíbýlishús, einnar hæðar	4.5%
Raðhús og tvíbýlishús, tveggja hæða	4.0%
Fjölbýlishús með allt að fimm íbúðum	3.5%
Fjölbýlishús með sex íbúðum eða fleirum	2.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	6.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	3.5%
Opinberar byggingar	6.0%
Bifreiðageymslur, sérbyggðar	6.0%
Aðrar byggingar	2.0%

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Næsta nýtanleg hæð undir þaki skal að rúmmáli teljast flatarmál hennar margfaldað með 3.30 m (þetta á þó ekki við um portbyggð íbúðarris). Bílgeymslur skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa. Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi. Af iðnaðarhúsnæði með meiri lofthæð en 4 metra skal greiða 50% af rúmmetragjaldi af því húsrými sem er ofan þeirrar lofthæðar.

Jafnframt ofangreindu gjaldi og sem hluti þess skal lóðarhafi greiða kr. 30,00 af hverjum fermetra lóðar miðað við byggingarvísitölu 229 stig.

3. gr.

Ef lóðarhafi rífur gamalt hús eða flytur af lóð og byggir stærra hús á sömu lóð, skal gjald samkvæmt 2. gr. aðeins reiknast af þeim rúmmetrum nýja hússins sem umfram eru stærð gamla hússins, enda hafi verið greidd gatnagerðargjöld af gamla húsinu.

Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð.

4. gr.

Gjald skal áætla, þegar lóðarúthlutun fer fram. Gjald þetta skal vera lágmarksgjald og miðist við nýtingarmöguleika samkvæmt skipulagi og endurgreiðist ekki, þótt minna sé byggt á lóð.

Innan mánaðar frá úthlutun skal greiða ákveðinn hluta gatnagerðargjalds samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar, ella fellur úthlutunin sjálfkrafa úr gildi. Hreppsnefnd ákveður gjalddaga og greiðsluskilmála á eftirstöðvum.

Gatnagerðargjald af rúmmáli, sem er umfram það sem lágmarksgatnagerðargjald er miðað við samkvæmt framansögðu, fellur í gjalddaga þegar byggingarnefndarteikning er samþykkt og skal greiða það eigi síðar en innan mánaðar. Verði breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma sem líður frá lóðarúthlutun og til þess dags sem teikning er samþykkt, skal lokagatnagerðargjaldið greiðast samkvæmt því rúmmetragjaldi sem gildir við samþykkt teikningar.

5. gr.

Nú er lóð endurúthlutað og skal þá greiða gatnagerðargjald á grundvelli þeirrar gjaldskrár sem í gildi er þegar endurúthlutun fer fram. Hafi gjaldskrá hækkað frá frumúthlutun er heimilt að veita undanþágu frá framansögðu, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Fyrri lóðarhafi hóf framkvæmdir innan árs frá því að lóð varð byggingarhæf.
2. Framkvæmdir eru það langt komnar að búið er að steypa botnplötu, ganga frá lögnum og fylla að sökkli.
3. Fyrri lóðarhafi leggur fram reikninga fyrir kostnaði hans vegna lóðarinnar.

Gatnagerðargjald skal þó aldrei vera lægra en gatnagerðargjald við frumúthlutun að viðbættum 30% þeirrar hækkunar sem orðið hefur á gjaldskránni.

6. gr.

Ef lóðarhafi ætlar að byggja á lóð í áföngum getur hreppsnefnd heimilað að gatnagerðargjald af fyrirhuguðum mannvirkjum verði greitt samkvæmt áfangaskiptingu. Skal þá lokagatnagerðargjald vera gildandi rúmmetragjald þegar byggingarleyfi hvers áfanga er gefið út.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

7. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi miðað við gildandi gjaldskrá þegar lóðinni er skilað. Heimilt er að fresta endurgreiðslu þar til endurúthlutun hefur fundið stað, þó ekki lengur en í 6 mánuði frá því að lóðinni var skilað.

Sama gildir ef lóðarúthlutun er afturkölluð vegna vanefnda lóðarhafa á skilmálum.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gatnagerðargjalds hjá lóðarhöfum sem náð hafa 67 ára aldri svo og hjá lóðarhöfum sem eiga við langvarandi sjúkdóm eða örorku að stríða, enda sé lóðin ætluð til eigin nota lóðarhafa.

Við eigendaskipti skal gjaldið innheimt með áorðnum breytingum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, enda hafi því verið þinglýst sem kvöð á eigninni.

II. KAFLI.

Gatnagerðargjöld B.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götu og ganga frá gangsétt.

9. gr.

Af lóðum í Borgarnesi sem búið er að úthluta við gildistöku þessarar reglugerðar og sem áður hefur verið lagt á gatnagerðargjald A, skal reikna gatnagerðargjald B samkvæmt 10.—14. gr. hér á eftir.

10. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	1.5%
Raðhús og tvíbýlishús, einnar hæðar	1.0%
Raðhús og tvíbýlishús, tveggja hæða	0.9%
Fjölbýlishús með allt að fimm íbúðum	0.7%
Fjölbýlishús með sex íbúðum eða fleirum	0.5%
Verslunar og skrifstofubyggingar	1.5%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði	1.0%
Opinberar byggingar	1.5%
Bifreiðageymslur, sérbyggðar	1.5%
Aðrar byggingar	0.5%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal þó aldrei miðast við minna rými en 300 m^3.

Auk rúmmetragjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald B kr. 17,00 af hverjum fermetra lóðar miðað við byggingarvísitölu 229 stig.

11. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds B samkvæmt 10. gr. skal miðast við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitala meðan á verki stendur og skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

12. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkvæmt 10. gr., hvern um sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

13. gr.

Nú hagar svo til að s. k. botnlangi liggur frá götu að lóð og ekki er lagt bundið slitlag á hann samtímis götunni, skal þá aðeins innheimta 40% álagðs gatnagerðargjalds B.

Þegar lagt hefur verið á botnlangann bundið slitlag, skal innheimta 60% gjaldsins með áorðnum vísitölubreytingum.

14. gr.

Gatnagerðargjald B samkvæmt 10. og 13. gr. greiðist þannig að 20% falla í gjalddaga þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Lánskjör skulu vera þau sömu og á lánum Byggðasjóðs til gatnagerðar hverju sinni.

Hreppsnefnd getur sett nánari ákvæði um innheimtu gjalda samkvæmt 10. og 13. gr.

III. KAFLI.

Almenn ákvæði.

15. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það, ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Borgarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. og 3. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 103/1976 með síðari breytingum, um gatnagerðargjöld í Borgarnesi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. mars 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg

Þórhildur Líndal

REGLUGERÐ

fyrir heimilishjálp á Blönduósi.

1. gr.

Um heimilishjálp gilda lög nr. 10/1952 og reglugerð nr. 114/1971 um heimilisþjónustu fyrir aldraða.

Heimilishjálp á Blönduósi heyrir undir og lýtur stjórn Félagsmálaráðs Blönduóss.

Starfsmenn starfa eftir lögum og reglugerðum um heimilishjálp/þjónustu og þeim fyrirmælum, sem sett eru af Félagsmálaráði. Um öll vafaatriði ber að snúa sér til Félagsmálaráðs.

Ef fleiri en aðstoðarþegi búa saman í íbúð skal aðstoð bundin við sérhúsnæði aðstoðarþega og það sameiginlega húsnæði, sem hann hefur aðgang að, t. d. eldhúsi, gangi, baði og þá að hans hluta, miðað við eðlilega notkun.

2. gr.

Verkefni heimilishjálpar geta farið eftir aðstæðum í hverju einstöku tilviki en miðast almennt við öll venjuleg heimilisstörf, sem aðstoðarþegi ekki getur annast sjálfur, svo sem innkaup, matreiðslu, minni háttar hreingerningar (þ. m. t. skápar, gluggar, hurðir o. þ. h.).

Aftur á móti nær aðstoð ekki til stórhreingerninga, garðyrkjustarfa eða annarra starfa utanhúss.

Starfsmanni ber að gera það sem í hans valdi stendur til þess að gætt sé reglusemi og þrifnaðar á heimilinu og gæta hófsemi í daglegum útgjöldum þess, að svo miklu leyti sem snertir hans starf.

Ef um er að ræða aðstoð frá heimahjúkrun á viðkomandi heimili er lögð áhersla á gott samstarf starfsmanna og eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli.

Starfsmaður er háður þagnarskyldu um það sem hann kemst að í starfi sínu. Einnig ber honum að forðast að tala um eigin vandamál við aðstoðarþega.

Rík áhersla er lögð á rósemi og hlýleika í viðmóti starfsmanns.

3. gr.

Að jafnaði skal aðeins unnið á tímabilinu frá 9—17, mánudaga til föstudaga og skal lengd vinnutíma starfsmanna ákveðin í hverju einstöku tilviki.

Starfsmenn heimilishjálpar taka laun hjá Blönduósshreppi og skulu um launakjör gilda samningar milli Blönduósshrepps og viðkomandi stéttarfélags. Starfsmönnum er óheimilt að þiggja greiðslur eða gjafir frá þeim sem fá aðstoð.

4. gr.

Fyrir heimilishjálp skulu notendur greiða samkvæmt gjaldskrá sem hreppsnefnd Blönduósshrepps setur og félagsmálaráðherra staðfestir. Þar skal tekið tillit til tekna og aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpina.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Blönduósshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 2. gr. laga nr. 10/1952 um heimilishjálp í viðlögum.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 3/1962 um heimilishjálp í Blönduósshreppi.

Félagmálaráðuneytið, 12. mars 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.

Nr. 157 11. mars 1986

AUGLÝSING

um gjald fyrir starfsleyfi er tölvunefnd veitir samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni nr. 39/1985.

Hér með er ákveðið að greiða skuli gjald að upphæð kr. 660,00 fyrir starfsleyfi er tölvunefnd veitir samkvæmt 23. gr. laga nr. 39/1985. Tekur það bæði til nýrra starfsleyfa og endurnýjunar eldri leyfa.

Gjald þetta er ákveðið samvæmt heimild í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 39/1985.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. mars 1986.

F.h.r.
Þorsteinn Geirsson.

Drífa Pálsdóttir.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum um páskahelgi og um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Frá kl. 20:00, 22. mars 1986 til kl. 10:00 árdegis 1. apríl 1986, er bátum, sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 20:00, 25. mars 1986 til kl. 10:00 árdegis 1. apríl 1986 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. apríl 1986 til og með 15. maí 1986, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°40'5 V og að norðan af 64°20'0 N.

4. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. apríl 1986 til og með 15. maí 1986 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a) 63°10'0 N, 22°00'0 V.
b) 63°25'3 N, 22°00'0 V.
c) 63°33'7 N, 23°03'0 V.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 26. mars 1986 fellur úr gildi reglugerð nr. 389 15. október 1985, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1986.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 327 21. júní 1982.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. sbr. rgl. 149/1983 skal bann við öllum veiðum á svæði fyrir Suðurlandi ekki taka gildi fyrr en kl. 20:00 25. mars 1986.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1986.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 14, nr. 145—159. Útgáfudagur 21. mars 1986.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 — 1986

17. mars 1986 329 Nr. 160

REGLUR

um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta.

1. gr.

Allir landsmenn skulu eiga rétt á heyrnartækjum. Úthlutun heyrnartækja er ávallt háð samþykki yfirlæknis Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg heyrnartæki sem hér segir:

1. Fyrir börn og unglinga til loka skólaskyldu 100%
2. Fyrir 18 ára og eldri 60%
   en þó aldrei hærri upphæð en sem nemur kr. 7 000,00.
3. Fyrir þá sem nota þurfa tvö tæki samtímis og eru 18 ára og eldri 70%
   en þó aldrei hærri upphæð en sem nemur kr. 16 000,00.

3. gr.

Sá, sem fengið hefur heyrnartæki getur fengið tæki á ný:

1. Þegar heyrn hans hefur breyst svo, að fyrra tækið verður ófullnægjandi.
2. Þegar þróun í gerð tækja veldur því að honum nýtist ný gerð betur.
3. Þegar fyrra tækið hefur gengið úr sér, svo það kemur ekki að notum lengur.

4. gr.

Þeir, sem orðnir eru 18 ára, skulu ekki fá styrk til heyrnartækjakaupa oftar en á þriggja ára fresti, en yngri en 18 ára á tveggja ára fresti.

Þrátt fyrir ofangreind tímamörk er heimilt að greiða 50% af verði nýs tækis fyrir yngri en 18 ára og 35% fyrir 18 ára og eldri eyðileggist eða týnist tækið.

Þurfi einstaklingar ekki lengur á heyrnartæki að halda ber honum að skila því til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Er stöðinni heimilt að greiða viðkomandi til baka ákveðinn hluta.

5. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands að höfðu samráði við menntamálaráðuneyti, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar að úthluta til láns F. M. heyrnartækjum (sendi og móttakara) til þjálfunar mjög heyrnarskertum börnum á skólaskyldualdri til þess að þeim nýtist almenn skólaganga. Skylt er að skila tækinu til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands þegar þess er ekki lengur þörf.

B 39

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

6. gr.

Heimilt er yfirlækni Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands að úthluta F. M. tækjum til láns einstaklingum þótt þeir hafi lokið skyldunámi, eftir nákvæma prófun á vegum stöðvarinnar. Skylt er að skila slíkum tækjum þegar þeirra er ekki frekar þörf.

7. gr.

Fyrir rafhlöður greiðir ríkissjóður að fullu þegar yngri en 18 ára eiga í hlut.

8. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi þegar við birtingu, eru settar með stoð í 5. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Jafnframt falla úr gildi reglur frá 27. mars 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 161 17. mars 1986

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja læknisskoðun og heyrnarrannsókn greiði sjúklingur kr. 325,00. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 130,00. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 stykki) greiða elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 50,00. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

3. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum fer samkvæmt samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Þau skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar mælingar.

4. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. apríl 1986 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 3. desember 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 160—161. Útgáfudagur 26. mars 1986.

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 — 1986

20. mars 1986 331 Nr. 162

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið kr. 1 525 fyrir 2. ársfjórðung 1986.

Menntamálaráðuneytið, 20. mars 1986.

Knútur Hallsson.

Árni Gunnarsson.

13. mars 1986 Nr. 163

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum nr. 338/1978.

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 25 000,00 kr. á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 2 500,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 50 000,00.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 7 500 000,00 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 740,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 370,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en kr. 111 000,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. og 3. gr. gilda frá 1. janúar 1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

REGLUGERÐ

um viðbótargreiðslur fyrir sauðfjárafurðir vegna ársfjórðungslegrar verðhækkunar á birgðum.

1. gr.

Greiða skal hverjum framleiðanda viðbótargreiðslu vegna ársfjórðungslegrar hækkunar á afurðum sauðfjár skv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, sem hann lagði inn í haustsláturtíð, 1. september til 30. nóvember.

Viðbótargreiðsla til framleiðenda skal vera sú fjárhæð sem nemur ársfjórðungslegri hækkun á verði til bænda skv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, reiknað á sauðfjárafurðir í birgðum, þegar til verðhækkunar kemur, skv. nánari ákvæðum reglugerðarinnar.

2. gr.

Viðbótargreiðsla greiðist hverjum framleiðanda á það magn afurðar sem hann hefur rétt til að fá greitt fyrir fullt verð skv. samningi ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda, sbr. a-lið 30. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 46/1985.

3. gr.

Til að afurð taki ársfjórðungslegri verðhækkun skal hún vera óseld í birgðum hjá sláturleyfishafa og liggja fyrir birgðaskýrslur staðfestar af endurskoðanda, er sýni magn afurðarinnar. Hafi sláturleyfishafi staðfestan samning um sölu afurðar, þó svo að hún sé í vörslu sláturleyfishafans, telst hún ekki með afurðum er taka verðhækkun. Fari birgðamat á kindakjöti fram eftir söluskýrslum, skal auk sölunnar reikna með rýrnun á birgðum. Heimilt er sláturleyfishafa að reikna allt að 0,25 prósent birgðarýrnun ársfjórðungslega af þeim birgðum sem voru við upphaf tímabilsins.

4. gr.

Viðbótargreiðsla greiðist þannig:

a) fyrir verðbreytingu birgða 1. desember skal greiða eigi síðar en 15. mars.
b) fyrir verðbreytingu birgða 1. mars skal greiða eigi síðar en 15. júní.
c) fyrir verðbreytingu birgða 1. júní skal greiða eigi síðar en 15. september.

15. mars, 15. júní og 15. september eru eindagar og ber að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti, dragist greiðsla fram yfir eindaga.

5. gr.

Við útreikning og uppgjör viðbótargreiðslu fyrir afurðir sauðfjár skal leggja til grundvallar birgðir afurða eins og þær eru hjá sláturleyfishafa við ársfjórðungslegar verðhækkanir.

Sláturleyfishafi skal standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á birgðaskýrlsum við ársfjórðungslegar verðhækkanir og skulu þær staðfestar af endurskoðendum og hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins eigi síðar en 30 dögum frá því að verðbreyting varð.

Skili sláturleyfishafi ekki birgðaskýrslu innan tilskilins tíma, má beita hann dagsektum skv. 59. gr. l. nr. 46/1985, kr. 2 500,00.

Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur gera eyðublöð sem það sendir sláturleyfishöfum vegna uppgjörs á birgðum.

6. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út verðhækkanir birgða sauðfjárafurða við ársfjórðungslegar verðhækkanir skv. 3. gr. á eftirfarandi hátt:

1. Þær afurðir sauðfjár sem í haustsláturtíð eru umfram fullvirðisrétt samkvæmt samningi ríkisstjórnarinnar og Stéttarsambands bænda, skal draga frá uppgefnum birgðum sláturleyfishafa. Magn umfram samning skal reiknað hlutfallslega jafnt eftir verðflokkum samkvæmt skýrslum frá haustsláturtíð.
2. Hafi framleiðendur flutt sauðfjárafurðir á erlendan markað án verðábyrgðar ríkissjóðs, skal það magn sem til frádráttar kemur skv. 1. tölulið, minnkað sem útflutningnum nemur.
3. Eftir að fundið hefur verið magn afurðar í birgðum sem full verðábyrgð er fyrir, skal fundin sú verðhækkun sem hún tekur í heild. Þeirri upphæð skal deilt hlutfallslega á innlagða afurð hjá hverri afurðastöð eins og hún er í haustsláturtíð innan fullvirðisréttar.
4. Framkvæma skal jöfnun milli sláturleyfishafa vegna mismunandi söluhlutfalls við hvert ársfjórðungsuppgjör með því að draga frá birgðum sláturleyfishafans það magn sem er umfram fullvirðisrétt í haustsláturtíð. Þá skal fundin verðhækkun þeirra birgða sem eru innan fullvirðisréttar. Mismunur þeirrar fjárhæðar og þess sem sláturleyfishafanum ber að fá samkvæmt útreikningi gerðum eftir 3. tl., er sú jöfnunargreiðsla sem honum ber að fá eða inna af hendi.

7. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins jafnar birgðahækkunum milli sláturleyfishafa skv. 6. gr. Framleiðsluráðið skal innan 20 daga frá skilafresti birgðaskýrslna sbr 5. gr. hafa lokið útreikningi birgðahækkunar og tilkynnt hverjum sláturleyfishafa, hvort honum beri að fá eða inna af hendi jöfnunargreiðslu. Sláturleyfishafi skal inna af hendi jöfnunargreiðslu til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eigi síðar en 20 dögum fyrir eindaga viðbótargreiðslu til framleiðanda, sem greiðir jafnóðum þeim sláturleyfishöfum er eiga að fá jöfnunargreiðslu. Framleiðsluráðið skal halda þessum greiðslum á sérgreindum reikningi sem gerður er upp í lok hvers verðlagsárs.

8. gr.

Jöfnunargreiðslur falla í eindaga séu þær ekki inntar af hendi 10 dögum áður en til viðbótargreiðslu til framleiðenda kemur. Reikna skal hæstu lögleyfða dráttarvexti frá gjalddaga á þær jöfnunargreiðslur sem eru í vanskilum.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Jöfnunargreiðslur og skil skýrslna frá sláturleyfishöfum vegna verðbreytingar er varð 1. desember 1985 mega fara fram samhliða uppgjöri vegna verðhækkunar 1. mars 1986 þrátt fyrir ákvæði 5.—8. gr. reglugerðarinnar.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. mars 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Stykkishólm.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Stykkishólmshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Baulutanga í Hvítabjarnarey, þaðan í Þórishólma, þaðan í Böllusker og þaðan í Þormóðsey í land við Ögur. Ytri höfnin nær um alla strandlengju Stykkishólmshrepps. Innri höfnin takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Svartatanga í austurhorn Súgandiseyjar, þaðan í norðurhorn Landeyjar og úr vesturhorni Landeyjar í Búðanes.

Að öðru leyti afmarkast höfnin af strandlengjunni frá Vogsbotni að vesturmörkum Ögurs.

Landssvæði hafnarinnar skiptast í:

— Bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Iðnaðar- og baksvæði.
— Dráttarbraut og land tengt henni.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

2.1 Stykkishólmshreppur er eigandi hafnarinnar.
Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði sveitarstjórnar.
Hafnarstjórn skal skipuð fimm fulltrúum, er sveitarstjórn kýs og jafn mörgum til vara.
Minnst einn aðalmanna í hafnarstjórn skal eiga sæti í sveitarstjórn.
Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.

3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.
Hafnarstjórn skal leita staðfestingar sveitarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
— Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.
— Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.
— Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og byggingarnefndar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.
Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða sveitarstjórnar komi til.
Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja, sem undanþegin eru ákvæðum byggingalaga nr. 54/1978.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af sveitarstjórn. Sveitarstjóri gegnir störfum hafnarstjóra sé ekki til þess ráðinn sérstakur starfsmaður. Hafnarstjóri fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál, sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar.
Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnarlaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnarinnar.

5.1 Hafnarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI

Umferð skipa.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum, undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Stykkishólmshafnar.

7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.

7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjölda farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglur Siglingamálastofnunar ríksins. Skipsstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Umferð um höfnina.

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni um hvar binda megi skipið við bryggju.
Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu, er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.

Skip í viðlegu.

9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

9.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

9.4 Þegar búið er að leggja skip við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir.
Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða ekki eru í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar

um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarvarða samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

Skip í lægi.

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarvörður leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjón hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarverði siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Stykkishólmi, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarvörður til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

III. KAFLI

Afnot hafnarvirkja og landsvæða.

11. gr.

Lestun og losun, almennt.

11.1 Afnot hafnarvirkja og lands eru öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.

11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

12. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarverði og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natriumklorat.

12.2 Losun á vörum, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarvörður getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarvörður samþykkir.

Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.

Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

Um hafnargjöld í Stykkishólmi.

13. gr.

Um hafnargjöld.

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.
Löggæsla á hafnarsvæðinu, umferð og fleira.

14.1 Lögreglan í Stykkishólmi hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
Fólk, sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

14.5 Hafnarverði skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.
Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarvarðar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burtu á kostnað eigandans og er honum þá heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hluti á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.
Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað, sem mengun veldur.
Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.
Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.
Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

Um skaðabótaskyldu.

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Stykkishólms.

Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnarlaga.

20.1 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnarlögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Stykkishólm nr. 152, 10. júní 1970, sbr. nr. 117 4. mars 1975.

Samgönguráðuneytið, 18. mars 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjálfseignarstofnunina „Skátaheimili Landnema“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. mars 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina „Skátaheimili Landnema“.

Skátafélagið Landnemar í Reykjavík og eldri félagar í því, sem staðið hafa saman að því að byggja félagsheimili Landnema að Snorrabraut 60 í Reykjavík, hafa ákveðið að stofna sjálfseignarstofnun með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun með nafninu „Skátaheimili Landnema“.

2. gr.

Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnframlag er sá hluti fasteignarinnar Snorrabraut 60 í Reykjavík, sem er skráð eign skátafélagsins Landnema ásamt þeim réttindum og skyldum, sem henni fylgja.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að ljúka byggingu og frágangi ofangreinds eignarhluta að Snorrabraut 60 og annast rekstur hans eða annars skátaheimilis Landnema. Stofnunin getur og ákveðið að aðstoða daglegan rekstur skátafélagsins Landnema.

5. gr.

Stofnendur eru skátafélagið Landnemar í Reykjavík og eldri félagar þess skv. meðfylgjandi skrá, sem með vinnu sinni hafa stuðlað að því að framangreind eign hefur orðið til.

6. gr.

Félagar auk stofnfélaga geta orðið þeir eldri félagar Landnema og velunnarar, sem skila framlagi til stofnunarinnar í samræmi við ákvörðun aðalfundar fyrir hvert ár um lágmarksframlag félaga.

Stjórn stofnunarinnar skal halda félagaskrá, sem leggja skal fram eigi síðar en 2 vikum fyrir aðalfund.

7. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í stofnuninni. Skal hann haldinn árlega eftir að búið er að halda aðalfund skátafélagsins Landnema og eigi síðar en mánuði eftir þann fund.

Aðalfund skal boða með a. m. k. 2ja vikna fyrirvara með bréfi til félagsmanna.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þátttöku. Ef samþykktar eru breytingar á skipulagsskrá varðandi tilgang stofnunarinnar eða um að leggja hana niður á aðalfundi, þar sem mættir eru færri en helmingur félaga, skal þó boðað til framhaldsaðalfundar bréflega með 2ja vikna fyrirvara til að fjalla um þessar samþykktir og sé getið um tilefnið í fundarboði.

Á aðalfundi eiga setu með fullum rétti eftirtaldir aðilar:

1. Stjórn skátafélagsins Landnema og æðri foringjar þess.
2. Stofnfélagar og aðrir félagar, sem fullnægja skilyrðum 6. gr. Stjórn stofnunarinnar getur og boðið öðrum setu á aðalfundi sem áheyrnarfulltrúum með málfrelsi.

8. gr.

Á aðalfundi skal dagskrá vera þessi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis.
3. Ákvörðun um ráðstöfun rekstrarafgangs ef einhver er sbr. 12. gr.
4. Kjör stjórnar skv. 9. gr.
5. Kjör endurskoðanda skv. 9. gr.
6. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá ef fram hafa komið sbr. 15. gr.
7. Önnur mál, ef upp kunna að verða borin.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Einn skal tilnefndur af skátafélaginu Landnemum úr hópi stjórnarmanna þess til eins árs. Hinir 4 skulu kjörnir til tveggja ára á aðalfundum og skulu 2 þeirra ganga úr stjórn á ári hverju. Má eigi endurkjósa þá fyrr en að 2 árum liðnum. Endurskoðendur skulu vera tveir. Skal annar kjörinn af aðalfundi til eins árs, en hinn tilnefndur til jafnlangs tíma af stjórn Skátasambands Reykjavíkur.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar kýs sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin markar stefnu stofnunarinnar á milli aðalfunda og ber ábyrgð á daglegum rekstri hennar. Hún hefur heimild til að taka lán fyrir hönd stofnunarinnar og veðsetja eignir hennar. Sala á fasteignum stofnunarinnar er þó háð samþykki aðalfundar eða almenns fundar, sem boðaður er með sama hætti og aðalfundur.

Stjórnin skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, en fundir skulu ekki vera færri en 6 á ári hverju.

11. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Um bókhald hennar skal fara eftir gildandi lögum um bókhald og góðum reikningsskilavenjum.

Endurskoðaðir ársreikningar stofnunarinnar skulu tilbúnir svo fljótt ár hvert, að unnt sé að kynna þá á aðalfundi skátafélagsins Landnema.

12. gr.

Ef hagnaður verður af rekstri stofnunarinnar skal honum varið henni til eflingar í samræmi við 4. gr. Aðalfundi er þó heimilt að ráðstafa hagnaði eða hluta hans til sérstaks verkefnis í þágu almennrar skátastarfsemi ef ⅔ hlutar fundarmanna samþykkja.

13. gr.

Verði skátafélagið Landnemar lagt niður eða það hættir að starfa tekur aðalfundur stofnunarinnar ákvörðun um það, hvort hún heldur áfram að starfa og þá hvernig.

14. gr.

Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til skátafélagsins Landnema, ef það er starfandi, en ella til heildarsamtaka skáta í Reykjavík og að þeim frágengnum til heildarsamtaka skáta í landinu.

15. gr.

Tillaga um breytingar á skipulagsskrá þessari eða um að leggja stofnunina niður skal hljóta ⅔ atkvæða fundarmanna á aðalfundi til að ná fram að ganga sbr. og ákvæði 3. mgr. 7. gr. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá eða um að leggja stofnunina niður skulu sendar stjórn hennar fyrir áramót og skulu þær fylgja fundarboði aðalfundar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á stofnfundi skulu kjörnir 4 menn í stjórn stofnunarinnar sbr. 9. gr., 2 til eins árs og 2 til tveggja ára.

21. mars 1986 Nr. 167

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur læknaritara.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig læknaritara og starfa sem slíkur hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá skólum, sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisyfirvöldum. Leita skal umsagnar Félags íslenskra læknaritara og landlæknis áður en leyfi er veitt.

3. gr.

Ráðherra getur veitt þeim, sem eru í starfi við gildistöku reglugerðarinnar og hafa starfað í a. m. k. þrjú ár á síðustu 6 árum áður en reglugerðin tekur gildi, starfsleyfi, að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Starfsvettvangur læknaritara er á heilbrigðisstofnunum og stofnunum hins opinbera er fara með stjórnunarmál á heilbrigðissviði. Þeir annast ritun, skýrslugerð og umsjón með öllum gögnum er varða sjúklinga og meðferð þeirra svo og annarra aðila er til heilbrigðisstofnana leita, skv. nánari fyrirmælum lækna og undir handleiðslu og ábyrgð þeirra.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til læknaritarastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. reglugerð þessari.

6. gr.

Læknaritara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt hann láti af störfum.

7. gr.

Læknaritara ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

8. gr.

Um læknaritara gilda að öðru leyti, og eftir því sem við á, reglur læknalaga nr. 80/1969. Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi og sviptingu starfsleyfis og endurveitingu starfsréttinda.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 201/1981 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 36. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

1. gr.

3. gr. hljóði svo:

Iðgjöld skulu frá 1. janúar 1986 nema 0.23% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 206/1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. mars 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

Nr. 169

REGLUGERÐ

28. febrúar 1986

um breyting á ljósmæðrareglugerð nr. 103/1933.

1. gr.

5. málsgr. 16. gr. er hefst á orðunum „til varnar gegn lekandabólgu í augum dreypir ljósmóðir ....." fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í ljósmæðralögum nr. 67/1984 öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 170

AUGLÝSING

14. mars 1986

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs, þá hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi breytingu á umferðarrétt á gatnamótum Bústaðavegar og Háaleitisbrautar.

Stöðvunarskylda á Bústaðavegi verður afnumin en í staðinn kemur biðskylda á Háaleitisbraut. Breyting þessi tekur gildi um leið og kveikt verður á umferðarljósum á gatnamótunum.

Biðskylda verður áfram á sérakreinum fyrir hægri beygju inn á báðar göturnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. mars 1986.

Böðvar Bragason.

REGLUR

um eftirgjöf gjalda af fjárfestingarvörum til nota við fiskeldi og hafbeit.

I. KAFLI

Innflutningur.

1. gr.

Við tollafgreiðslu á vélum, tækjum og sérhæfðum búnaði sem flutt er inn vegna stofnframkvæmda við byggingu fiskeldi- og hafbeitarstöðva sem hafa að atvinnustarfsemi klak, seiðaframleiðslu og/eða matfiskeldi í fiskeldistöðvum eða hafbeit, hér á eftir nefndar fiskeldistöðvar og teljast til varanlegs hluta þeirra skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld, þ. m. t. sérstakt tímabundið vörugjald og tollafgreiðslugjald, og söluskatt.

Heimild þessi er bundin því skilyrði að vélar þessar eða tæki falli undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í 1. gr. auglýsingar nr. 8/1981 með síðari breytingum eða um sé að ræða sérhæfðan búnað til fiskeldis eða hafbeitar sbr. lið 1—7 hér að neðan. Tæki og búnaður til rannsókna sem fellur undir tollskrárnúmer í 1. gr. auglýsingar nr. 87/1985 en ekki auglýsingu nr. 8/1981 skulu þó hljóta tollmeðferð samkvæmt ákvæðum auglýsingar nr. 87/1985 og ber því að greiða af þeim söluskatt.

Með sérhæfðum búnaði til fiskeldistöðva er átt við:

1. Dælukerfi og hluti til þeirra, svo sem pípulagnir, tengihluti, loka og rafbúnað (rafmagnskapla, spenna, rofa, stýribúnað og -töflur), afloftunar- og hitabúnað og vatnshreinsibúnað.
2. Fóðurkerfi og hluti til þeirra, svo sem fóðurgeyma (síló), fóðurgerðarvélar, kælikerfi, pípudreifikerfi, snigla, færibönd, fóðurskammtara og vogir.
3. Fiskvinnsluvélar til flokkunar, aðgerðar, vigtunar, pökkunar, reykingar og kælikerfi til geymslu og meðferðar.
4. Stjórn- og gæslukerfi og öryggisbúnað og hluti til þeirra.
5. Súrefnisbúnað til aukningar á súrefnisinnihaldi eldisvökva og/eða sem öryggisbúnaður til að tryggja dælingu og hluti til þeirra.
6. Neyðarrafstöðvar með tilheyrandi búnaði.
7. Klakbakkar og flokkunargrindur, eldisker og hluti til þeirra, sjókvíar, þ. e. nætur, flotbúnað, gangbryggjur, akkerisbúnaður, og sérhannaða báta (pramma) til að þjónusta sjókvíar.

Reglur þessar taka ekki til annarra handverkfæra en þeirra sem falla undir auglýsingu nr. 8/1981.

2. gr.

Af innfluttum byggingarvörum til mannvirkjagerðar sem ekki falla undir 1. gr., t. d. timbri, stáli (plötur og prófílar), sementi, steypustyrktarjárni, plötuefni og ö. þ. h. byggingarvörum til byggingar fiskeldistöðva, hvort sem þær eru fluttar inn af þeim sjálfum eða fyrir þeirra hönd skal greiða aðflutningsgjöld og söluskatt með venjulegum hætti við tollafgreiðslu en fjármálaráðuneytið mun endurgreiða fiskeldisstöðvum gjöld af þessum vörum skv. 5. og 6. gr.

3. gr.

Af hvers konar vinnuvélum og -tækjum svo og varahlutum til þeirra sem notað verður við hinar verklegu framkvæmdir skal greiða aðflutningsgjöld og söluskatt eins og þau eru á hverjum tíma og gildir sama um hvers konar ökutæki sem fiskeldistöðvar kaupa til framkvæmda og reksturs á þeirra vegum. Ennfremur skal greiða aðflutningsgjöld og söluskatt af hvers konar rekstrar- og viðhaldsvörum, öðrum en varahlutum sem falla undir tollskrárnúmer upptalin í auglýsingu nr. 8/1981 og notaðir eru til viðhalds sérhæfðum vélum og tækjum sem um ræðir í 1. gr.

4. gr.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. gr. tekur einungis til véla, tækja, vélahluta og varahluta og sérhæfðs búnaðar sem notað verður til fiskeldis og hafbeitar. Tollmeðferð þessi er jafnframt bundin þeim skilyrðum að innflutningur sé allur á nafni viðkomandi fiskeldistöðvar eða innflutningsfyrirtæki lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindri fiskeldistöð. Hvort sem fiskeldistöð annast innflutning sjálf eða innflutningsfyrirtæki fyrir hennar hönd skal fyrirsvarsmaður hennar lýsa því yfir skriflega að varan sé eingöngu flutt inn til eigin nota við fiskeldi eða hafbeit.

Undanþága frá greiðslu gjalda samkvæmt reglum þessum verður eigi veitt nema viðkomandi hafi fengið leyfi til starfrækslu fiskeldisstöðvar, sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 76/1970 og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Við frágang aðflutningsskýrslu skulu niðurfelld gjöld eigi reiknuð en að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., svo og reglum og öðrum fyrirmælum settum þar að lútandi.

Telji tollstjóri ástæðu til, hvort sem er vegna beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda, getur hann krafið viðkomandi fiskeldistöð um upplýsingar skv. 6. gr. svo og að framvísað sé leyfi til starfrækslu stöðvarinnar, sbr. 2. mgr. þessarar greinar.

II. KAFLI

Kaup innanlands.

5. gr.

Við kaup innanlands á vélum, tækjum og sérhæfðum búnaði sbr. 1. gr., sem annað hvort eru keyptar af birgðum innfluttra tollafgreiddra vara eða hafa verið framleiddar innanlands vegna stofnframkvæmda við byggingu fiskeldistöðva, skulu gjöld greidd með venjulegum hætti en tollstjórar hver í sínu umdæmi munu sjá um endurgreiðslur gjalda af þeim. Um framkvæmd þessara endurgreiðslna fer að öðru leyti að hætti 4.—6. gr. auglýsingar nr. 8/1981. Fjármálaráðuneytið mun hins vegar endurgreiða gjöld af efnivörum sem notaðar hafa verið til byggingar mannvirkja eins og landkvía, klak- og eldishúsa og annarra mannvirkja sem notuð eru við fiskeldi eða hafbeit, enda hafi gjöld verið greidd af vörum þessum með venjulegum hætti.

6. gr.

Aðilar sem óska eftir endurgreiðslu gjalda samkvæmt niðurlagi 5. gr. skulu senda fjármálaráðuneytinu skriflegt erindi, þar sem gerð sé grein fyrir stofnun og starfsemi fiskeldistöðvarinnar svo og hverjir séu forsvarsmenn hennar og hafi heimild til þess að skuldbinda fyrirtækið fjárhagslega.

Erindinu skal fylgja áætlun um byggingarkostnað, samþykkt af stjórn félagsins ef því er að skipta, þar sem fram komi upplýsingar um gerð og stærð stöðvarinnar og þau mannvirki sem endurgreiðslubeiðnin tekur til, hvenær byggingarframkvæmdir hófust svo og ítarleg sundurliðun á kostnaði vegna kaupa á vélum, tækjum og sérhæfðum búnaði, sbr. 1. gr., og kostnaði vegna byggingar mannvirkja eins og landkvía, sjókvía, klak- og eldishúsa og annarra mannvirkja sem notuð eru við fiskeldi eða hafbeit. Að því er byggingarframkvæmdir varðar skulu liggja fyrir upplýsingar eða áætlun um skiptingu kostnaðar milli byggingarefnis, vélavinnu og vinnulauna á byggingarstað.

Af jarðvegsvinnu og byggingarefni sem keypt eða notað hefur verið vegna mannvirkjagerðar mun fjármálaráðuneytið endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld að fullu gegn framvísun frumrits sölunóta og aðflutningsskjala (m. a. bleikt eintak aðflutningsskýrslu),

enda beri þau greinilega með sér fjárhæð greiddra gjalda. Sé vandkvæðum bundið að leggja fram aðflutningsskjöl vegna endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum getur viðkomandi fiskeldisstöð sótt um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum er svari til 5% af endanlegum byggingarkostnaði að frádregnum kostnaði við jarðvegsvinnu og söluskatti.

Telji fiskeldistöð sig ekki fá söluskatt og aðflutningsgjöld endurgreidd að fullu skv. 3. mgr. þessarar greinar getur hún farið þess á leit við ráðuneytið að tilnefndir verði tveir matsmenn á kostnað fiskeldisstöðvarinnar, annar fulltrúinn tilnefndur af fiskeldisstöðinni en hinn af fjármálaráðuneytinu, er geri tillögu til fjármálaráðuneytisins um heildarendurgreiðslu. Tillagan skal byggð á staðfestingu hönnunaraðila og endurskoðanda um magn tölur (jarðvegsvinna, efnivörur, vélavinna og vinnulaun o. s. frv.) og bókhaldsgögnum fyrirtækisins og skal notkun efnivara í mannvirki, sem teljast endurgreiðsluhæf, staðfest af viðkomandi verktaka. Sams konar staðfesting hönnunaraðilja, verktaka, og endurskoðanda að því er varðar endurgreiðslufjárhæð byggða á bókhaldsgögnum fyrirtækisins, skal fylgja endurgreiðslubeiðni sem eingöngu er byggð á 3. mgr. þessarar greinar.

Um endurgreiðslu samkvæmt þessari grein verður ekki að ræða fyrr en byggingarframkvæmdum er lokið og mannvirki hafa verið tekin út af fiskeldisnefnd á kostnað viðkomandi fiskeldisstöðvar. Ef um meiri háttar byggingaframkvæmdir er að ræða sem taka lengri tíma en 6 mánuði getur viðkomandi fiskeldistöð sótt um endurgreiðslu miðað við einstaka skýrt afmarkaða byggingaráfanga, enda skal þá um framkvæmd endurgreiðslunnar fara eftir því sem við getur átt eftir 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Breytingar á húsum og stækkun sem talist geta til stofnframkvæmda eru endurgreiðsluhæfar. Sömu reglur gilda um þær og fram koma í 1.—5. mgr. þessarar greinar.

Ekki verða endurgreidd gjöld af sjálfstæðum skrifstofubyggingum, vélaverkstæðisbyggingum, starfsmannabústöðum, mötuneytishúsnæði, eða þess háttar eða búnaði tilheyrandi þessum mannvirkjum. Séu slíkar byggingar sambyggðar eldismannvirkjum lækkar endurgreiðslan hlutfallslega miðað við byggingarkostnað þeirra.

III. KAFLI

Almenn ákvæði og viðurlög.

7. gr.

Fiskeldistöðvum sem fengið hafa efni í mannvirki undanþegin gjöldum samkvæmt þessum reglum er óheimilt innan 10 ára talið frá næstu áramótum eftir að starfsemi er hafin að nota þau til annars en fiskeldis nema leyfi fjármálaráðuneytisins komi til. Óski þeir eftir að taka þau til annarra nota eða afhenda eða selja innan þess tíma til nota við rekstur eða starfsemi sem ekki getur notið gjaldfrelsis samkvæmt þessum reglum skulu þær áður en önnur starfsemi er hafin eða afhending eða sala fer fram greiða gjöld af vörum sem notið hafa eftirgjafar samkvæmt þessum reglum, miðað við 10% árlega fyrningu að teknu tilliti til breytinga á vísitölu byggingarkostnaðar. Fjármálaráðuneytið ákveður fjárhæð þeirra gjalda sem þannig skulu innheimt að fengnum tillögum ríkisendurskoðunar.

Stjórn fiskeldistöðvar eða sá aðili sem heimild hefur til að binda fyrirtækið fjárhagslega skal gefa út yfirlýsingu til fjármálaráðuneytisins þar sem því sé lýst yfir að allar þær vörur sem gjöld hafa verið eða verði gefin eftir eða endurgreidd af samkvæmt þessum reglum eða ákvörðun fjármálaráðuneytisins fyrir gildistöku hennar verði eingöngu notaðar til fiskeldis eða hafbeitar og verði þær teknar til annarra nota eða afhentar eða seldar öðrum aðilja til nota við rekstur eða starfsemi sem ekki getur notið gjaldfrelsis samkvæmt reglum þessum sé eigandi þess skuldbundinn til að greiða ríkissjóði gjöld af vörunum samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar áður en notkun sé breytt eða afhending eða sala fari fram. Yfirlýsingu þessari skal þinglýst sem kvöð á mannvirkjum á kostnað eiganda fiskeldistöðvar.

8. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal tilgreina endurgreidd gjöld sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar. Jafnframt skulu þeir halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörur sem eftirgjafar eða endurgreiðslu njóta samkvæmt reglunum aðgreindum í bókhaldi sínu sem skattyfirvöld og tollyfirvöld skulu jafnan hafa aðgang að telji embættin ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Komi í ljós við rannsókn á bókhaldi að þeir hafi misnotað ívilnanir sem hafa verið veittar samkvæmt reglum þessum eða rökstuddur grunur er um að um misnotkun hafi verið að ræða geta tollyfirvöld hafnað beiðnum um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda samkvæmt þeim meðan málið er í athugun.

9. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum eða misnotkun ívilnunar eða tollfríðinda samkvæmt ákvæðum reglna þessara getur m. a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lið 3.27 6. gr. fjárlaga nr. 121/1985 til að öðlast þegar gildi og taka eftir því sem við á til framkvæmda á árinu 1985.

Fjármálaráðuneytið, 20. mars 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Nr. 172 25. mars 1986

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélaginu Erni hf., Ísafirði, sérleyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á leiðinni Suðureyri – Reykjavík – Suðureyri frá og með deginum í dag að telja til 31. desember 1989.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til áætlunarflugs á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda þar uppi föstum áætlunarferðum, eftir því sem flutningsþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Jafnframt fellur niður sérleyfi Arnarflugs hf. á flugleiðinni Reykjavík – Suðureyri – Reykjavík, sem veitt var félaginu hinn 31. desember 1984, sbr. auglýsingu nr. 511/1984.

Samgönguráðuneytið, 25. mars 1986.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

Stjórnartíðindi B 16, nr. 162—172. Útgáfudagur 4. apríl 1986.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1986

3. apríl 1986 349 Nr. 173

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 7 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 1 750 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslið 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 3 500 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð en 7 000 kr. fyrir lengri ferð. Taki ferð skemur en einn sólarhring má fjárhæðin þó ekki vera hærri en 1 750 kr. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 1 750 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ. m. t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis. Magn matvæla (þ. m. t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má að hámarki nema 10 kg að þyngd, en andvirði þess má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 3 500 kr. Magn eldsneytis má að hámarki vera 200 l. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er óheimill.

2. gr.

Áfengir drykkir og tóbaksvörur

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengum drykkjum og tóbaksvörum:

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

	Áfengi, ekki yfir 47% styrkleika	Áfengi, undir 21% styrkleika	Öl	Tóbak
1. Ferðamenn	1,0 l	1,0 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	1,0 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	1,0 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	2,0 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru 15 daga eða lengur í ferð (skipstjóra, 1. stýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum sem koma í stað bryta, á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	1,5 l	3,0 l	Ekkert	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki.
eða	1,5 l	Ekkert	24 l (erlent) eða 32 l (innlent)	400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki.
3. Skipverjar á erlendum skipum og íslenskum skipum sem eru skemur en 15 daga í ferð (skipstjóra, 1. stýrimanni, yfirvélstjóra og bryta, svo og matsveinum sem koma í stað bryta, á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð)	0,75 l	1,5 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	0,75 l	Ekkert	12 l (erlent) eða 16 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
4. Flugáhafnir (þ. m. t. aukaáhafnir)	0,375 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
eða	0,375 l	0,75 l	Ekkert	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	0,75 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki.
5. Flugáhafnir, aðrar (þ. m. t. aukaáhafnir), á íslenskum flugvélum sem hafa 15 daga samfellda útivist eða lengri	1,0 l	0,75 l	Ekkert	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	1,0 l	Ekkert	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.
eða	Ekkert	0,75 l	6 l (erlent) eða 8 l (innlent)	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 og hver vindlingur 1,25 g. Smávindlar sem eru 1,5 g og léttari reiknast með vindlingar.

Skipverjar á íslenskum skipum sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga skulu tollafgreiddir skv. 3. tl.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hér samfleytt í sjö daga er tollyfirvaldi heimilt að beiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hverra sjö daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð. Ekki er þó heimilt að veita undan innsigli sama dag og skip leggur úr höfn. Eiganda skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun persónuskilríkja.

3. gr.

Tollívilnanir skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki tollívilnunar skv. 1. og 2. gr. oftar en einu sinni á sama sólarhring.

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar sem er í heild dýrari en nemur hámarki tollívlnunar hvers ferðamanns skv. 1. mgr. 1. gr. Tollívilnun skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 2. mgr. 1. gr. getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti munarins sé innan við tvöfalda þá fjárhæð sem tilgreind er í 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjald.

5. gr.

Innflutningsbann og -takmarkanir.

Ákvæði reglugerðar þessarar veita ekki undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum auk þess sem innflutningur á vörum, sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum, er óheimill skv. 1. gr. Geta því m. a. eftirtaldar vörur ekki notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Ávana- og fíkniefni, svo sem ópíum, heróín, morfín, kókaín, kannabis, amfetamín (þ. m. t. benzedrine) og LSD (lysergamide).
2. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi far- eða ferðamanns.
3. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
4. Radíósendar, talstöðvar og viðtæki sem ekki eru ætluð til almennrar útvarpsviðtöku.
5. Lifandi dýr.
6. Ósoðið kjötmeti og kjötvörur ýmiss konar, t. d. þurrkað kjötmeti, ósoðin reykt svínslæri, beikon, svínahryggir, reyktar ósoðnar pylsur, ósoðnir fuglar og fuglainnyfli fersk eða fryst, innmatur, svið og blóð.
7. Smjör, ósoðin egg, eggjaduft og sykraðar eggjarauður.
8. Ósoðin mjólk.

6. gr.

Framvísunarskylda o. fl.

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Öðrum varningi, sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða, ber einnig að framvísa við hann. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Fyrrnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, átthyrndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrndu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA". Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollyfirvaldi þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi, sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningstakmörkunum eða -banni. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningstakmörkunum eða -banni svo og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skoðast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs.

7. gr.

Um einkasölugjald o. fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	260
2. Portvín, sherry, madeira og líkjörar undir 22% styrkl.	470
3. Vermút og aperitívar, þ. m. t. bitterar undir 22% styrkl.	500
4. Aperitívar, þ. m. t. bitterar með 22% styrkleika eða meira	720
5. Íslenskar áfengistegundir	710
6. Koníak, brandy whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar ót. a., svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	1 000

B. Tóbak:		
1. Reyktóbak		960 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar		650 kr./200 stk.
3. Smávindlar		70 kr./10 stk.
Meðalstærð		310 kr./25 stk.
Vindlar, aðrir		370 kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Þegar um er að ræða tækifæris- og gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en þreföldu því sem tilgreint er í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., þó ekki öl. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Sérhverja afgreiðslu skv. 7. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Ennfremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

9. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er skv. 7. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

10. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur er samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt IX.kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Með reglugerð þessari er út gildi numin reglugerð nr. 422/1985.

Fjármálaráðuneytið, 3. apríl 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

REGLUR

um uppgjör fyrir búvöruframleiðslu á verðlagsárinu 1984/1985, skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 465/1983.

I. Almenn regla.

1. gr.

A) Bú með 200 ærgilda framleiðslu eða minni verði undanþegin verðskerðingu ef þau eru aðaltekjuöflunarþáttur viðkomandi framleiðenda að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins, þó framleiðslan fari fram úr búmarki.

B) Réttur til að færa 15% á milli kindakjöts og mjólkur svo sem verið hefur undanfarin ár.

II. Verðskerðing kindakjöts.

2. gr.

A) Verðskerðing verði reiknuð 5% á kindakjöt frá 90% búmarks upp að búmarki hjá framleiðendum á lögbýlum. Reikna skal 60% verðskerðingu á það kjöt, sem er umfram búmark á lögbýlum, en þó skal felld niður verðskerðing, ef framleiðendur hafa fellt allan stofninn haustið 1984 og hafa tilkynnt það til framleiðsluráðs. Heimilt er að reikna aðeins 5% verðskerðingu á ærkjöt umfram búmark, hafi menn fækkað mikið en ekki fellt allan stofninn, þó þeir framleiðendur hafi ekki tilkynnt það til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

B) Framleiðendum í þéttbýli sem hafa búmark, verði reiknuð 15% verðskerðing á kjötframleiðslu innan búmarks, en 60% á kjöt umfram búmark. 35% verðskerðing verði reiknuð á alla kjötframleiðslu hjá þeim sem ekkert búmark hafa.

III. Verðskerðing mjólkur.

3. gr.

A) Á mjólkurframleiðslu frá 90% búmarks upp að búmarki, að teknu tilliti til tilfærsluréttar samkvæmt 1. gr. lið B komi 20% verðskerðing, þó ekki á minni búum en 300 ærgildi, samanlagt í framleiðslu sauðfjárafurða og mjólkur. Þar verði engin skerðing á mjólk innan búmarks sbr. 1. gr. lið A um tekjur.

B) Mjólkurframleiðslan umfram búmark sbr. þó 1. gr. lið B fái 83% verðskerðingu.

C) Fyrir verðlagsárið 1984/1985 verði verðskerðing á innlagðri mjólk felld niður hjá mjólkurframleiðendum á eftirfarandi mjólkursamlagssvæðum:

Ms. V.-Barðstrendinga, Patreksfirði
Ms. Ísfirðinga, Ísafirði
Ms. Kf. Langnesinga, Þórshöfn
Ms. Kf. Vopnfirðinga, Vopnafirði
Ms. Kf. Fram, Neskaupstað
Ms. Kf. Berufjarðar, Djúpavogi.

Ekki verði beitt verðskerðingu á mjólk hjá bændum, sem hafa skorið niður fé vegna riðuveiki og búa á svæðum, þar sem mjólk hefur verið undanþegin verðskerðingu undanfarin ár.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. apríl 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 10. gr. o-staflið, I tölulið bætist eftirfarandi:
„Afmældir skammtar (töflur), sem innihalda 1 g af acetýlsalicýlsýru: Gefið ekki börnum yngri en 12 ára. Venjulegur skammtur handa fullorðnum og börnum eldri en 12 ára er 1 skammtur (1 tafla) í senn, mest þrisvar sinnum á sólarhring.“

2. gr.

Viðauki I, um undanþágu varðandi lausasölu acidum acetylsalicylicum hljóði svo:

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Aðalfund skal halda í apríl mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

7. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. apríl 1986.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

15. apríl 1986 Nr. 229

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum.

Á Strandvegi, sunnanverðum, er óheimilt að leggja ökutækjum lengur en 30 mínútur á tímabilinu frá kl. 09.00 til kl. 19.00.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, 15. apríl 1986.

Jón Ragnar Þorsteinsson, settur.

16. apríl 1986 Nr. 230

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Mosfellshreppi fyrir árið 1986.

1. gr.

Gjald fyrir hvern hund í Mosfellshreppi sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellshreppi dags. 3. maí 1985, skal vera kr. 3 400,00 fyrir árið 1986.

2. gr.

Handsömunargjald verður kr. 700,00 í fyrsta skipti og kr. 1 100,00 í annað skipti.

3. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. apríl 1986.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

Nr. 231 18. apríl 1986

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 480/1983 um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1986, vegna tekjuársins 1985, skal nema 0,103% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 145 15. mars 1985.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1986

6. maí 1986 473 Nr. 232

REGLUGERÐ

um upptöku ólöglegs sjávarafla.

1. gr.

Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla:

1. sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.
2. sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur.
3. sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum.
4. sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.
5. Sem aflað er utan leyfilegra sóknardaga, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða, magn hans og andvirði.

Úrskurður ráðuneytisins skal vera skriflegur og rökstuddur og byggja á upplýsingum Ríkismats sjávarafurða, veiðieftirlitsmanna ráðuneytisins og öðrum tiltækum sönnunargögnum.

Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er ráðuneytinu heimilt að áætla það eftir tiltækum gögnum.

Úrskurð um upptöku ólöglegs sjávarafla skal tilkynna bæði seljanda og kaupanda með ábyrgðarbréfi svo fljótt sem unnt er.

3. gr.

Við verðlagningu á upptökuandvirði ólöglegs sjávarafla skal ráðuneytið miða við gildandi fiskverð Verðlagsráðs sjávarútvegsins, þegar sala fer fram. Verði hinn ólögmæti afli ekki heimfærður til einstaks verðlagstímabils, svo sem þegar fiskiskip fer yfir árlegt heildaraflamark eða leyfilegan sóknardagafjölda, skal miða við meðalverð á almanaksárinu.

Þegar ólöglegur sjávarafli er seldur erlendis skal miða upptökuandvirði við söluverð í erlendri höfn umreiknað á skráðu kaupgengi í íslenskri mynt, að frádregnu kostnaðarhlutfalli, sem ráðuneytið ákveður.

4. gr.

Ráðuneytið getur innheimt andvirði hjá seljanda eða kaupanda eftir því sem við á hverju sinni.

Kærufrestur til sjávarútvegsráðuneytisins er 30 dagar frá dagsetningu úrskurðar og skal skriflegum athugasemdum, ef einhverjar eru, komið á framfæri við ráðuneytið innan þess tíma.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

5. gr.

Sé andvirði ólöglegs sjávarafla ekki greitt innan 30 daga frá lokum kærufrests reiknast dráttarvextir á skuldina í samræmi við 5. gr. laga nr. 58/1960 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta viðkomandi skip heimild til veiða í tiltekinn tíma vegna vanskila.

Úrskurði ráðuneytisins má fullnægja með aðför hafi andvirði upptöku ekki verið greitt innan 60 daga frá lokum kærufrests.

6. gr.

Úrskurðum ráðuneytisins má vísa til meðferðar sakadóms, en málskot frestar því ekki að ráðuneytið geti innheimt andvirði þess ólöglega afla sem það gerir upptækan.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla og laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. maí 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 233 21. apríl 1986

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 445/1978, um flokkun eiturefna og hættulegra efna, með síðari breytingum.

1. gr.

Ný efni á lista III. í 2. gr. reglugerðar nr. 445/1978, með síðari breytingum:

NATRÍUMPERKARBÓNAT.

NATRÍUMSÚLFÍT.

NATRÍUMBÍSÚLFÍT.

NATRÍUMSILÍKÖT, þar á meðal METASILÍKAT, með bæsna (basíska) verkun í lausn.

DÍ- og TRÍKLÓRÍSÓCÝANÚRSÝRA.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 479/1979, um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna.

1. gr.

Við 2. gr. bætist eftirtalin efni:
NATRÍUMSÍLÍKÖT, þ. m. t. Metasílíkat.
Merkimiði skal vera gulur. B og D.

2. gr.

Við 3. gr. bætast eftirtalin efni:
DÍ- og TRÍKLÓRISCÓÝANÚRSÝRA.
Merkimiði skal vera gulur. B, D og G.

3. gr.

Við 6. gr. bætast eftirtalin efni:
NATRÍUMPERKARBÓNAT.
Merkimiði skal vera gulur. B og E.

4. gr.

Við 7. gr. bætast eftirtalin efni:
NATRÍUMBÍSÚLFÍT.
NATRÍUMSÚLFÍT.
Merkimiði skal vera gulur. B og E.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 17. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

21. apríl 1986 Nr. 235

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50/1984 um eiturefni og hættuleg efni í landbúnaði og garðyrkju og útrýmingar meindýra, með breytingu nr. 213/1984.

1. gr.

8. gr. 1. mgr. síðasta setning orðist svo:
Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með geymslum þeirra, er leyfi hafa, enda tilkynni eiturefnanefnd því um nöfn og heimilisföng leyfishafa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti hvað snertir þá þætti sem Vinnueftirlit ríkisins sér um framkvæmd á, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 236 21. apríl 1986

REGLUR

um breyting á reglum um garðúðun nr. 222/1984.

1. gr.

7. gr. 2. mgr. orðist svo:

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með geymslum og tækjabúnaði þeirra, sem heimild hafa til garðúðunar, enda tilkynni eiturefnanefnd Vinnueftirliti ríkisins nöfn og heimilisföng leyfishafa.

2. gr.

Ofangreind breyting sem sett er af Hollustuvernd ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984, staðfestist hér með samkvæmt 14. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 237 25. apríl 1986

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985 hefur verið ákveðið, að Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður og Bessastaðahreppur í Kjósarsýslu skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð.

Þetta tilkynnist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. apríl 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um eftirlit með framkvæmd ákvæða laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

I. KAFLI

Skýringar.

1. gr.

Þegar vitnað er til annarra reglugerða í reglugerð þessari, er átt við reglugerðir, sem taldar eru upp í fylgiskjali, eins og þær eru við staðfestingu reglugerðarinnar.

II. KAFLI

Eftirlitsaðilar.

2. gr.

Eftirlit með framkvæmd laga um eiturefni og hættuleg efni annast:

a) Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, sbr. lög nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 og reglugerð nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem valdið getur mengun.
b) Lyfjaeftirlit ríkisins, sbr. lyfjalög nr. 108/1984.
c) Vinnueftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum lög nr. 85/1968 og reglugerð nr. 74/1983, um bann við innflutningi og notkun asbests.
d) Eiturefnanefnd, sbr. lög nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.
e) Héraðslæknar og lögreglustjórar, hver á sínum stað, sbr. lög nr. 109/1984, lög nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu og lög nr. 85/1968, með síðari breytingum og ákvæði reglugerða og erindisbréfa settum samkvæmt lögum þessum.
f) Aðrir, er tilnefndir kunna að verða, sbr. 20. gr. laga nr. 85/1968, sbr. og reglugerð nr. 54/1983.

III. KAFLI

Eftirlit einstakra aðila.

A. Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefndir.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu annast eftirlit með ákvæðum reglugerða, sem settar eru samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, varðandi sölu, gerð íláta og umbúða, varnaðarorð eða varnaðarmerki og varðveislu hættulegra efna, sem eru á boðstólum í verlsunum. Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með eftirliti heilbrigðisnefnda samkvæmt reglugerðum þessum. Heilbrigðisnefndir skulu þannig annast eftirlit með eiturefnum, sem heimilt er að selja í verslunum samkvæmt sérstökum ákvæðum, sbr. ákvæði reglugerðar um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með sölubúðum þeim, er leyfi hafa til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra sbr. 5. tl. 1. málsgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

4. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal, að höfðu samráði við eiturefnanefnd, hafa eftirlit með framkvæmd reglugerða sem settar eru samkvæmt heimild í 15. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

Heilbrigðisnefndir skulu fylgjast með notkun nítríta og nítrata í kjötvörum og öðrum sláturafurðum, sbr. ákvæði reglugerðar þar að lútandi og magni lindans og ísómera þess og tiabendazols í tilteknum matjurtum, smjörfitu og smjörlíkisfitu, sbr. ákvæði reglugerðar þar að lútandi.

Heilbrigðisnefndir skulu annast eftirlit með sætuefnum í drykkjarvörum, og pýretrinsamböndum og pýperonylbutoxíði í skreið, sbr. ákvæði reglugerða þar að lútandi.

5. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal að höfðu samráði við eiturefnanefnd fylgjast með því, að tiltekin eiturefni eða hættuleg efni komi ekki fyrir í nauðsynjavörum eða að magn þessara efna fari yfir leyfilegt hámark. Ef ekki gerist annars þörf skal styðjast við yfirlýsingar framleiðanda eða innflytjanda samkv. bestu vitund um innihald eiturefna og hættulegra efna í tilgreindum varningi, svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fóðurvörum, sbr. ákvæði 6. málsgr. 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

Hollustuvernd ríkisins annast í samráði við eiturefnanefnd efnagreiningu á fegrunar- og snyrtivörum og öðrum varningi ef sérstök ástæða er til þess að ætla að almenningi geti stafað hætta af vegna innihalds eiturefna og hættulegra efna.

Heilbrigðisnefndir skulu hafa eftirlit með innihaldi blýs og kadmíums í matarílátum, sbr. ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun matvæla af völdum blýs og kadmíums í matarílátum.

6. gr.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd ákvæða reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun nr. 390/1985.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd reglna um garðúðum nr. 222/1984. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með tækjabúnaði og geymslu efna hjá þeim sem heimild hafa til garðúðunar.

7. gr.

Heilbrigðisnefndir annast eftirlit með notkun sótthreinsunarefna í sundlaugum og við framleiðslu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 13. gr.

Hollustuvernd ríkisins getur að höfðu samráði við eiturefnanefnd og Vinnueftirlit ríkisins krafist þess, að menn, sem með slík efni fara, hafi áður sótt námskeið til þess að öðlast sérþekkingu í meðferð efnanna.

8. gr.

Hollustuvernd ríkisins og eftir atvikum heilbrigðisnefndir skjóta málum til umsagnar Vinnueftirlits ríkisins, Lyfjaeftirlits ríkisins eða eiturefnanefndar.

B. **Lyfjaeftirlit ríkisins.**

9. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins annast eftirlit með lyfjabúðum og undirstofnunum þeirra, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum, sem leyfi hafa til þess að versla með eiturefni og hættuleg efni, sbr. reglugerð um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna og eiturefna.

10. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með færslum eiturefna í þar til gerðar sölubækur í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildsölum. Í sölubækur skal færa alla sölu á eiturefnum, er

greinir á listum I og II í reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna og heimilt er að láta úti gegn eiturbeiðnum eða öðrum tilsvarandi, sbr. ákvæði reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa.

Lyfjaeftirlitið hefur ennfremur eftirlit með færslum í sölubækur, er lúta að sölu efna í X, A og B hættuflokkum í fyrirtækjum þessum.

Þau fyrirtæki, er greinir í 1. málsgr. skulu í lok hvers árs senda eiturefnanefnd afrit sölubókar til yfirlits.

11. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða eiturefni á listum I og II í reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna, til lyfjabúða og lyfjaheildsala nema fyrir liggi samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins, sbr. og ákvæði 8. gr. Sömu ákvæði gilda um tollafgreiðslu á eiturefnum og hættulegum efnum til nota í landbúnaði, garðyrkju og til útrýmingar meindýra (efni og efnasamsetningar í X, A, B og C hættuflokkum) til fyrirtækja, er greinir í 3. tölulið 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og fengið hafa skráð slíkar efnasamsetningar (sbr. einnig reglugerð að þessu lútandi).

Lyfjaeftirlit ríkisins skal í lok hvers árs tilkynna eiturefnanefnd um innflutning eiturefna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

C. **Vinnueftirlit ríkisins.**

12. gr.

Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit með notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum, sbr. IV, V og VIII kafla laga nr. 46/1980.

Vinnueftirlit ríkisins hefur þannig eftirlit með því að ráðstafanir séu gerðar til þess að vernda starfsmenn gegn slysum, eitrunum, sjúkdómum og óhollustu af völdum slíkra efna, sbr. einnig ákvæði 1. málsgr. 20. gr.

Vinnueftirlit ríkisins gefur út leiðbeiningar um framleiðslu, umbúðir áfyllingu, merkingu, geymslu, flutning og notkun efna og vara á vinnustöðum, sem geta verið hættuleg, dregið verulega úr öryggi eða leitt geta til lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta.

Vinnueftirlit ríkisins getur bannað framleiðslu, flutning og notkun eiturefna og hættulegra efna og vara á vinnustöðum. Sama gildir um efni og vöru, þegar ekki liggja fyrir, að mati stofnunarinnar, fullnægjandi upplýsingar um innihald, samsetningu og meðferð og notkun eða vörslu þeirra.

Vinnueftirlit ríkisins skal við útgáfu reglna og leiðbeininga er varða eiturefni og hættuleg efni hafa samráð við viðkomandi heilbrigðisyfirvöld og/eða aðra sérfróða aðila, sem um slík mál fjalla, sbr. 3. málsgr. 51. gr. laga nr. 46/1980. Sama gildir ef Vinnueftirlit ríkisins ráðgerir að banna framleiðslu, flutning eða notkun eiturefna og hættulegra efna eða vara.

13. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með öryggisráðstöfunum við framleiðslu, geymslu og notkun eiturefna og hættulegra efna í fyrirtækjum til að hindra að slík efni geti vegna bilunar eða óhapps borist út í umhverfið, þannig að hætta stafi af.

14. gr.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með því að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna við förgun eiturefna og hættulegra efna.

15. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða eiturefni á listanum I og II í reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna til annarra en lyfjabúða og lyfjaheildsala, nema fyrir liggi heimild Vinnueftirlits ríkisins. Sömu ákvæði gilda um tollafgreiðslu á eiturefnum og hættulegum

efnum til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (efni og efnasamsetningar í X, A, B og C hættuflokkum) til verslana, sem greinir í 5 tölulið 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni (sbr. einnig reglugerð að þessu lútandi).

Ef um er að ræða eiturefni, sem nota á í fyrirtækjum er falla undir ákvæði 2. tl. 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 85/1968, er innflutningur efnanna óheimill nema Vinnueftirlit ríkisins hafi samþykkt notkun þeirra í hlutaðeigandi fyrirtækjum, sbr. og ákvæði 16. og 17. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal tilkynna eiturefnanefnd og Hollustuvernd ríkisins um innflutning eiturefna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar jafnóðum og hann er heimilaður.

16. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með því að forstöðumenn efnagerða, efnaverksmiðja og annarra fyrirtækja greini frá því, hver eiturefni eru notuð við rekstur fyrirtækjanna, sbr. 2. tl. 1. málsgr. 5. gr. laga nr. 85/1969, sbr. einnig 78. gr. stafl. G, 93., 94. og 95. gr. laga nr. 46/1980. Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir notkun eiturefna í fyrirtækjum samkvæmt framanskráðu.

Vinnueftirlit ríksins hefur eftirlit með geymslum þeirra, er leyfi hafa til þess að nota efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X og A og með ráðstöfunum til þess að tryggja öryggi og heilsu þeirra starfsmanna, sem fara með efnin.

17. gr.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framleiðslu eiturefna og hættulegra efna, sbr. 4. gr. laga nr. 85/1968 og 50., 51., og 78. gr. laga nr. 46/1980.

18. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skýtur, eftir aðstæðum, málum til umsagnar Hollustuverndar ríkisins og eiturefnanefndar.

D. Eiturefnanefnd.

19. gr.

Eiturefnanefnd hefur eftirlit með sölu eiturefna og hættulegra efna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. ákvæði reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Eiturefnanefnd hefur ennfremur eftirlit með sölu eiturefna á listum I og II í lyfjabúðum og hliðstæðum fyrirtækjum, sbr. 3. málsgr. 11. gr.

Eiturefnanefnd skal árlega gefa heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og aðilum í samstarfsnefnd, sbr. 31. gr. skýrslu um sölu þeirra efna, er greinir í 1. málsgr.

20. gr.

Eiturefnanefnd mælir með útgáfu leyfisskírteina handa iðnaðarmönnum eða öðrum einstaklingum til þess að kaupa og nota eiturefni, sem talin eru á listum I og II í reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna við störf sín (rauð skírteini). Áður en nefndin mælir með slíkum leyfum, skal Vinnueftirlit ríkisins meta vinnuhúsnæði og búnað umsækjanda fullnægjandi, sbr. 3. málsgr. 7. gr. reglugerðar nr. 39/1984.

Nefndin skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins jafnóðum og hún sendir hlutaðeigandi lögreglustjórum meðmæli með leyfisveitingum samkv. ákvæðum reglugerðar nr. 39/1984 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa.

Nefndin skal halda skrá yfir alla einstaklinga, sem fengið hafa meðmæli hennar til hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. og 27. gr., um útgáfu þeirra leyfisskírteina, er greinir í 1. málsgr.

21. gr.

Eiturefnanefnd mælir með útgáfu leyfisskírteina handa bændum, garðykjumönnum, skógræktarmönnum, meindýraeyðum, eða öðrum, er nægilega þekkingu hafa til þess að mega kaupa og nota efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X og A, sbr. ákvæði reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (gul og blá skírteini). Áður en nefndin mælir með slíkum leyfum skal leita álits Búnaðarfélags Íslands eða eftir atvikum annarra opinberra aðila og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda.

Nefndin skal tilkynna hlutaðeigandi heilbrigðisfulltrúa og Vinnueftirliti ríksins jafnóðum og hún sendir lögreglustjóra meðmæli með leyfisveitingum samkvæmt ákvæðum reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Nefndin skal halda skrá yfir alla einstaklinga, sem fengið hafa meðmæli hennar til hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. og 27. gr. útgáfu þeirra leyfisskírteina, er greinir í 1. málsgr.

22. gr.

Eiturefnanefnd veitir umsögn um umsækjendur, er stunda vilja úðun garða í einkaeign eða almenningseign með efnum og efnasamsetningum í X og A hættuflokkum, sbr. ákvæði 6. málsgr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984 og sbr. og 3. málsgr. 3. gr. og ákvæði reglugerðar nr. 222/1984.

23. gr.

Eiturefnanefnd hefur í samráði við Vinnueftirlit ríkisins eftirlit með sölu eiturefna í þeim fyrirtækjum er falla undir ákvæði 2. tl. 1. málsgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og selja eiturefni af birgðum, sem fluttar hafa verið inn til eigin þarfa fyrirtækjanna, sbr. og 2. gr. laga nr. 96/1984 um breyting á lögum um eiturefni og hættuleg efni.

24. gr.

Eiturefnanefnd er til ráðuneytis við setningu hvers konar ákvæða er varða eftirlit með lögum um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

E. **Héraðslæknar og lögreglustjórar.**

25. gr.

Héraðslæknar skulu hver í sínu héraði gera eftirlitsaðilum viðstöðulaust viðvart, ef þeir telja, að úrskeiðis gangi um rekstur sölubúða í viðkomandi umdæmi, er leyfi hafa til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til þess að nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, eða leyfishafi hafi brotið svo af sér, að til greina komi að svipta hann söluleyfi.

Héraðslæknar hafa umsjá hver í sínu héraði með útrýmingarefnum, sem ætluð eru til nota í þágu almennings.

Ef varsla og umsjá slíkra útrýmingarefna er öðrum falin, skal það tilkynnt eiturefnanefnd og leita samþykkis nefndarinnar í hverju einstöku tilviki.

26. gr.

Héraðslæknar hafa eftirlit hver í sínu héraði með förgun eiturefna og hættulegra efna, sbr. 19. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, að svo miklu leyti sem það fellur ekki undir Hollustuvernd ríkisins eða Vinnueftirlit ríkisins.

27. gr.

Lögreglustjórar gefa út eiturbeiðnir, sbr. 1. gr. laga nr. 96/1984 um breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni.

Lögreglustjórar gefa út leyfisskírteini samkvæmt ákvæðum 7. og 10. gr. reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa, sbr. einnig ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (rauð, gul og blá skírteini), sbr. og ákvæði 19. og 20. gr.

28. gr.

Héraðslæknar og lögreglustjórar skjóta málinu til umsagnar eiturefnanefndar eða annarra, er annast eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum, ef tilefni er til.

F. **Aðrir aðilar.**

29. gr.

Ráðherra er heimilt að tilnefna aðra aðila en þá, er greinir að framan, til þess að annast eftirlit með framkvæmd ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 20. gr. laganna. Skal slíkt gert að höfðu samráði við samstarfsnefnd sbr. 30. gr. reglugerðarinnar.

G. **Flutningur eiturefna og hættulegra efna.**

Um flutning eiturefna og hættulegra efna sbr. 18. gr. laga nr. 85/1968 fer samkvæmt reglugerð, sem sett verður að höfðu samráði við hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld.

IV. KAFLI

Samstarfsnefnd.

30. gr.

Ráðherra skipar 5 manna samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forsvarsmenn Lyfjaeftirlits ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og eiturefnanefndar auk eins frá ráðuneytinu, sem jafnframt skal vera formaður. Hlutverk nefndarinnar er að samræma aðgerðir og annast verkaskiptingu í takmarkatilvikum. Nefndin fjallar þannig um ágreining um framkvæmd eftirlitsins og gerir tillögur til ráðherra um framkvæmdina. Nefndin fjallar um reglugerðir sem settar eru samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, og varða eftirlitsskyldu þeirra, sem sæti eiga í nefndinni, áður en þær eru staðfestar.

Ráðherra leitar ennfremur álits nefndarinnar um reglugerðir, sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum greinum laga um eiturefni og hættuleg efni eða annarra laga eftir því sem þörf gerist.

V. KAFLI

Lokaákvæði.

31. gr.

Um kostnað við eftirlit á vegum Vinnueftirlits ríkisins fer samkvæmt lögum nr. 46/1980, á vegum eiturefnanefndar samkvæmt lögum nr. 85/1968, á vegum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda samkv. lögum nr. 109/1984 og á vegum Lyfjaeftirlits ríkisins samkvæmt lögum nr. 108/1984.

Þar sem ekki gilda sérákvæði um eftirlitið greiðir ríkissjóður kostnað við eftirlitið sbr. 4. mgr. 20. gr. laga nr. 85/1968.

32. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 24. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti hvað snertir þá þætti, sem Vinnueftirlit ríkisins sér um framkvæmd á, öðlast gildi 1. júlí 1986.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 455/1975 með sama heiti með áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal:

Lög er varða framkvæmd reglugerðar þessarar:

Lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 með áorðnum breytingum, (nr. 27/1973, nr. 19/1981 og nr. 96/1984).

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1984.

Lyfjalög nr. 108/1984.

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 109/1984.

Reglugerðir er varða framkvæmd reglugerðar þessarar, sbr. 1. gr.:

Reglugerð um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar nr. 273/1969.

Reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða og undirstofnana þeirra nr. 24/1983.

Reglugerð um búnað og rekstur lyfjagerða og lyfjaheildsala og eftirlit með þeim nr. 289/1970, sbr. einnig reglugerð nr. 48/1971 og 281/1979.

Reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna nr. 129/1971, sbr. einnig reglugerð nr. 5/1973, nr. 624/1980, nr. 282/1981 og nr. 784/1983 og nr. 90/1986.

Reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa nr. 39/1984.

Reglugerð um eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 50/1984, sbr. einnig reglugerð nr. 213/1984.

Heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

Reglugerð um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara nr. 250/1976, með breytingum nr. 101/1977, 162/1977, 446/1979, 504/1979, 283/1981, 63/1983 og 783/1983.

Reglugerð um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna nr. 479/1977.

Reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna nr. 445/1978, sbr. einnig reglugerð nr. 270/1981 og nr. 357/1982.

Reglugerð um íblöndun nítríta og nítrata í kjöt, kjötvörur og aðrar sláturafurðir nr. 243/1974.

Auglýsing um merkingu nauðsynjavara, sem innihalda eiturefni, hættuleg efni eða önnur skaðleg efni sem geta verið skaðleg heilbrigði manna nr. 147/1985.

Reglugerð um notkun nítríta og formalíns sem rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski nr. 54/1983.

Reglugerð um varnir gegn mengun matvæla af völdum blýs og kadmíums í matarílátum nr. 242/1974.

Erindisbréf heilsugæslulækna nr. 123/1980.

Reglugerð um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu eiturefna nr. 77/1983.

Reglugerð um bann við innflutningi og notkun asbests nr. 74/1983.

Reglur um asbest nr. 77/1983.

Reglugerð um mörk lindans (hexicíð og ísómera þess) og tíabendazóls í tilteknum matjurtum, smjörfitu og smjörlíkisfitu nr. 349/1982.

Reglugerð nr. 283/1981 og nr. 63/1983 um breyting á reglugerð nr. 250/1976.

Reglugerð um gerð umbúða og íláta undir lyf nr. 395/1977.

Reglur um garðaúðun nr. 222/1984.

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem valdið getur mengun nr. 390/1985.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, nr. 467 frá 7. ágúst 1981, sbr. reglugerð nr. 138 frá 6. mars 1984 og reglugerð nr. 119 frá 27. febrúar 1985.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu útsvara á árinu 1986 telst skilyrði 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 467 frá 7. ágúst 1981 fullnægt, þótt hundraðshluti álagðra útsvara hafi ekki verið hærri en 10,4%.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73/1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um sama efni nr. 11 frá 2. janúar 1986.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 240 28. apríl 1986

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 278/1977, um Tækniskóla Íslands.

1. gr.

6. gr. 4. málsgr., orðist svo:

Sérgreinadeildir eru byggingadeild, rafmagnsdeild, véladeild, rekstrardeild og heilbrigðisdeild. Í heilbrigðisdeild eru tvær námsbrautir (sbr. 7. gr.), önnur í meinatækni en hin í röntgentækni.

2. gr.

8. gr., 5. málsgr., orðist svo:

Um bókleg og verkleg inngönguskilyrði í aðrar námsbrautir fer eftir námsskrá eða öðrum sérstökum reglum sem menntamálaráðuneytið staðfestir að fengnum tillögum skólanefndar eða námsbrautarnefndar, sbr. 24. gr.

3. gr.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Námsvísi skal leggja fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar að lokinni umfjöllun skólanefndar eða námsbrautarnefndar, sbr. 24. gr.

4. gr.

Við 24. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við hvora námsbraut heilbrigðisdeildar starfar námsbrautarnefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn, og er hún rektor og deildarstjóra til ráðuneytis um málefni er varða viðkomandi námsbraut. Í námsbrautarnefnd meinatæknabrautar skal auk rektors og deildarstjóra eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af hverri eftirtalinna stofnana: Borgarspítalanum í Reykjavík, Landspítalanum og Rannsóknastofu Háskólans, svo og fulltrúi tilnefndur af Meinatæknifélagi Íslands. Í námsbrautarnefnd röntgentæknabrautar skal auk rektors og deildarstjóra eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Borgarspítalanum í Reykjavík og annar tilnefndur af Landspítalanum, svo og fulltrúi tilnefndur af Röntgentæknafélagi Íslands. Rektor stýrir fundum námsbrautarnefnda.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1977, um Tækniskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 28. apríl 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

23. apríl 1986 Nr. 241

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis sbr. 6. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Eftirlitsgjöld

Sveitarstjórnum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er heimilt að innheimta gjöld af eftirlitsskyldri starfsemi í samræmi við flokkun fyrirtækja sem greint er frá í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 108/1984 er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	kr.	4 000,00
2. flokkur	kr.	8 000,00
3. flokkur	kr.	15 000,00
4. flokkur	kr.	25 000,00

2. gr.

Leyfisgjöld

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 1. gr. skal innheimta leyfisgjöld. Fyrir rekstrarleyfi skv. 31. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs í samræmi við fylgiskjal með reglugerð þessari sem hér segir:

1. flokkur	kr.	1 500,00
2. flokkur	kr.	3 000,00
3. flokkur	kr.	4 500,00
4. flokkur	kr.	6 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar að mati heilbrigðisfulltrúa, er honum heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð

Fyrir hvert vottorð sem heilbrigðiseftirlit gefur út skal innheimta kr. 500,00.

4. gr.

Innheimta

Heilbrigðisfulltrúi/heilbrigðisnefnd í umboði sveitarstjórna innheimtir leyfisgjöld og gjöld fyrir vottorð. Skulu þessi gjöld renna í sameiginlegan sjóð eftirlitsins.

Þær sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. júní og eindagi 1. ágúst.

5. gr.

Gildistaka

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á heilbrigðiseftirlitssvæði Austurlands sbr. 7. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984 sem samin er í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Austurlandi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 23. apríl 1986.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Soffía P. Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð:

1. flokkur:
Bensínstöðvar
Leiktækjasalir
Gufubaðstofur
Ljósabaðstofur
Lækningastofur
Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur
Sælgætis- og tóbakssölur
Málningarverslanir
Tannlæknastofur
Torgsala
Mötuneyti sem starfa tímabundið
Félagsheimili án samfellds veitingareksturs
Annar rekstur sambærilegur

2. flokkur:
Fangageymslur
Gistiheimili án veitinga
Heilsuræktarstöðvar/nuddstofur
Kvikmyndahús
Læknastöðvar
Matsöluvagnar
Mötuneyti (minni og í skólum)
Neysluvörugeymslur
Nýlenduvöruverslanir
Sælgætisgerðir (minni)
Annar rekstur sambærilegur

3. flokkur:
Brauðgerðarhús og brauðsala
Brauðstofur
Pizzagerðir
Félagsheimili með veitingarekstur
Fiskbúðir
Minni hótel
Ísbúðir/ísgerðir
Íþróttahús og sundlaugar
Kjörbúðir/nýlenduvöruverslanir
Leiktækjasalir m/veitingum
Skyndibitastaðir
Stærri samkomuhús og veitingastaðir
Sælgætisgerðir (stærri)
Veislumiðstöðvar
Veitingastaðir
Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli)
Annar rekstur sambærilegur

4. flokkur:
Stórmarkaðir (stærri)
Kjörbúðir
Stór hótel
Stórar matvælavinnslustöðvar
Stór brauðgerðarhús
Mjólkurstöðvar
Annar rekstur sambærilegur.

REIKNINGUR

Kjarnfóðursjóðs 1985.

Rekstursreikningur.

Tekjur:

	kr.	kr.
Álagt kjarnfóðurgjald	193 507 555,00	
Frá dregst:		
– Niðurf. v/alifugla-/svínafóður	63 461 971,00	
– Niðurf. v/loðdýra-/smáfuglafóðurs	139 450,00	
– Niðurf. v/birgða 31. desember 1984	10 173 296,00	
– Niðurf. v/birgða 1. júlí 1985	18 648 278,00	
– 2% afsláttur v/rýrnunar	3 870 152,00	
– Niðurf. v/skemmda	434 776,00	
Kjarnfóðurgjald til innheimtu		96 779 632,00
Vaxtatekjur		19 384 752,13
Gjöld umfram tekjur		32 283 004,88
	Samtals:	148 447 389,01

Gjöld:

	kr.
Endurgr. til mjólkurframleiðenda	26 017 310,00
Endurgr. til nautgripakjötsframleiðenda	9 780 648,00
Greiðslur vegna ungkálfaslátrunar	6 210 000,00
Framlag til júgurbólgurannsókna	500 000,00
Framlag til ófrjósemirannsókna á kúm	170 000,00
Endurgr. til kindakjötsframleiðenda	20 892 444,00
Greiðslur vegna verðlækkunar kindakjöts	12 000 000,00
Greiðslur vegna alifuglaframleiðslu	11 455 269,00
Framlag vegna alifuglaveikivarna	250 000,00
Framlag til hrossabænda v/reiðhallar	2 000 000,00
Niðurgreiðsla á áburði	56 233 631,00
Byggingarstyrkur til Rannsóknast. landbúnaðarins	2 000 000,00
Kostnaður við innheimtu og ráðstöfun kjarnfóðurgjalds	873 503,01
Stimpilgjöld og kostnaður v/víxla og verðbréfa	64 584,00
Samtals:	148 447 389,01

Efnahagsreikningur 31. desember 1985.

Eignir:

	kr.
Sparisjóðsbók	13 138 855,56
Hlaupareikningur	4 229 898,00
Kjarnfóðurinnflytjendur, viðskiptamannareikningur	33 879 392,00
Víxileign	16 321 652,50
Skuldabréfaeign	193 157,90
Lán til Sambands eggjaframleiðenda	8 400 000,00
Samtals:	76 162 955,96

Skuldir og höfuðstóll:		kr.
Óuppgert við Ríkisféhirði		3 644 038,78
Óuppgerðar endurgr. til mjólkurframleiðenda		926 146,00
Aðrar skuldir		36 382,00
Höfuðstóll 31. desember 1984	103 839 394,06	
– gjöld umfram tekjur 1985	−32 283 004,88	
Höfuðstóll 31. desember 1985		71 556 389,18
	Samtals:	76 162 955,96

Reykjavík, 10. apríl 1986.
Framleiðsluráð landbúnaðarins,

Ómar S. Jónsson.

Við undirritaðir endurskoðendur Kjarnfóðursjóðs höfum borið ofangreindan reikning saman við bókhaldsniðurstöður og endurskoðað fylgiskjöl. Ekkert hefir fundist athugavert.

Reykjavík, 22. apríl 1986.

Guðmundur Sigþórsson. Sigurður J. Líndal.

Nr. 243

REGLUGERÐ

25. apríl 1986

um breyting á reglugerð nr. 264, 31. desember 1971, um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Grein 1.5.4. Skilyrði til B-löggildingar breytist og orðist þannig:

Sá sem öðlast vill B-löggildingu verður að

1. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.5.3. þó þannig, að ekki er krafist starfsreynslu við háspennuvirki, og minnkar þá krafan um starfsreynslu sem því nemur, eða
2. hafa sveinsbréf í rafvirkjun eða rafvélavirkjun og hafa lokið námi samkvæmt námsskrá fyrir væntanlega rafverktaka eða sambærilegu námi er RER tekur gilt. Rafmagnseftirlit ríkisins semur frumvarp að námsskrá að fengnum tillögum frá samtökum rafvirkja og rafverktaka og skal hún staðfest af ráðherra. Námsskrá skal við það miðuð að ljúka megi náminu á einu skólaári. Ennfremur skal aðili hafa a. m. k. fjögurra ára reynslu að loknu námi við störf sem að rafvirkjun lúta.

Sveinspróf í rafvélavirkjun er því aðeins tekið gilt til löggildingar í rafvirkjun, að umsækjandi hafi að auki unnið við rafvirkjun í tvör ár.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 7. gr. laga nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, er ljúka sérstöku löggildingarnámskeiði, skv. orðsendingu RER, dags. 5. febrúar 1986, skulu öðlast B-löggildingu skv. eldri ákvæðum þar um.

Sá er lokið hefur sveinsprófi í rafvirkjun eða rafvélavirkjun og hefur að loknu prófi starfað við rafvirkjun eigi skemur en fjögur ár fyrir gildistökudag reglugerðar þessarar getur öðlast B-löggildingu hafi hann lokið námi í fagtæknilegum áföngum og rekstrar- og stjórnunaráföngum námskrár fyrir rafverktaka.

Iðnaðarráðuneytið, 25. apríl 1986.

Albert Guðmundsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um styrki eða lán til verkfæra- og tækjakaupa skv. 2. tl. 19. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra.

1. gr.

Reglugerð þessi miðar að því að auðvelda fötluðum að skapa sér atvinnu.

2. gr.

Heimilt er að veita fötluðum 18 ára og eldri styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og aðra fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi. Svæðisstjórn veitir ráðgjöf og upplýsingar þar að lútandi eftir því sem þörf er á.

Með fötluðum er í reglugerð þessari átt við þá sem notið hafa endurhæfingar á vegum aðila, er svæðisstjórn viðurkennir.

Með sjálfstæðri starfsemi er átt við starfsemi sem miðar að því að skapa viðkomandi umsækjanda atvinnu.

3. gr.

Umsókn um styrk eða lán sendist svæðisstjórn á þar til gerðum eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur útbúa ásamt rekstraráætlun, þar sem gerð er grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi og hvernig undirbúningi hennar hafi verið háttað. Með umsókn fylgi læknisvottorð þar sem fram komi, m. a. hverjar horfur séu á því að hinn fatlaði sé fær um að stunda fyrirhugaða starfsemi.

Ef starfsemi er þegar hafin, skulu lagðar fram upplýsingar um hana, einnig rekstrarreikningur, ef unnt er.

4. gr.

Svæðisstjórn sendir umsóknina ásamt fylgiskjölum, skv. 3. gr. til félagsmálaráðuneytis ásamt rökstuddri tillögu, þ. á m. um það hvort um styrk eða lán skuli vera að ræða.

Heimilt er félagsmálaráðuneyti að fara fram á, að svæðisstjórn láti kanna hverjir séu rekstrarmöguleikar fyrirhugaðrar starfsemi, sé þess talin þörf.

Félagsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um hvort umsókn fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar. Ráðuneytið eða lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins annast greiðslu samkvæmt nánara samkomulagi milli þeirra aðila.

5. gr.

Félagsmálaráðuneyti tekur ákvörðun um vexti af lánum og gildir sú ákvörðun til eins árs í senn. Við þá ákvörðun skal höfð hliðsjón af þeim vöxtum, sem tryggingaráð, sbr. 6. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, ákvarðar hverju sinni vegna lána til bifreiðakaupa örorkulífeyrisþega.

Félagsmálaráðuneyti ákvarðar lánstíma með hliðsjón af fjárhæð láns og aðstæðum lánþega hverju sinni.

Árleg endurgreiðsla láns skal ekki vera hærri en 1/10 hluti af því, sem ársgreiðsla örorkulífeyris og tekjutryggingar samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, nemur á því sama ári.

Meðan lán er ekki að fullu endurgreitt, skal lánþegi senda árlega greinargerð eða rekstrarreikning til svæðisstjórnar eða aðrar upplýsingar um reksturinn, t. d. með skattframtali, þar til lán er að fullu greitt.

6. gr.

Svæðisstjórn skal fylgjast með því, að fé það sem veitt er samkvæmt reglugerð þessari, komi að tilætluðum notum.

7. gr.

Rísi ágreiningur um lán eða styrkveitingar eða endurgreiðslu lána sker stjórnarnefnd úr um, en skjóta má úrskurði hennar til ráðherra.

Reglugerð þessi er sett samkv. 2. tl. 19. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1986.

Alexander Stefánsson.

Margrét Margeirsdóttir.

Nr. 245 28. apríl 1986

REGLUGERÐ

um röntgentækna.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem röntgentæknir hér á landi og kalla sig röntgentækni hefir sá einn, sem til þess hefir leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hefir prófi í röntgentækni frá Tækniskóla Íslands. Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið var stundað. Áður en leyfið er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal leita umsagnar landlæknis og Röntgentæknafélags Íslands.

3. gr.

Óheimilt er að ráða til röntgentæknastarfa aðra en röntgentækna og röntgenhjúkrunarfræðinga.

4. gr.

Röntgentæknir framkvæmir röntgenrannsóknir og aðrar rannsóknir á fólki með myndgerðartækni samkvæmt fyrirmælum og á ábyrgð læknis.

5. gr.

Röntgentækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt hann láti af störfum.

6. gr.

Röntgentækni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar í starfi.

7. gr.

Um röntgentækna gildir að öðru leyti og eftir því sem við á ákvæði læknalaga nr. 80/1969, með síðari breytingum um viðurlög í starfi, sviptingu löggildingar starfsréttinda og endurveitingu þeirra.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfréttindi heilbrigðisstétta og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 209/1971 um Röntgentæknaskóla Íslands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

30. apríl 1986 Nr. 246

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Neshrepps utan Ennis 1985—2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. apríl 1986 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Neshrepps utan Ennis 1985—2005.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði samþykktur.

Aðalskipulag Neshrepps utan Ennis 1985—2005 leysir af hólmi aðalskipulag Hellissands sem staðfest var af ráðuneytinu 19. september 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1986.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.

5. maí 1986 Nr. 247

AUGLÝSING

um niðurfellingu reglna nr. 234 18. apríl 1980.

Hér með eru felldar úr gildi reglur nr. 234 18. apríl 1980, um lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum til atvinnubifreiðastjóra og ökukennara svo og önnur fyrirmæli um framkvæmd 41. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl. Skal kvöðum sem þinglýst kann að hafa verið á bifreiðar í samræmi við reglurnar skilyrðislaust af þeim létt.

Fjármálaráðuneytið, 5. maí 1986.

F. h. r.
Sigurgeir Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 320 18. júlí 1979.

1. gr.

Í stað „kl. 02.30“ í 5. málsgr. 47. gr., sbr. samþykkt nr. 724 13. október 1983, komi: kl. 03.00.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. maí 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 249 2. maí 1986

AUGLÝSING

um bann við innflutningi matvæla frá Sovétríkjunum, Póllandi, Búlgaríu, Rúmeníu, Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu.

1. gr.

Frá og með deginum í dag og þar til annað verður ákveðið er allur innflutningur á matvælum, hverju nafni sem þau nefnast, bannaður frá Sovétríkunum, Póllandi, Búlgaríu, Rúmeníu, Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu.

Heimilt er þó Hollustuvernd ríkisins að höfðu samráði við Geislavarnir ríkisins að leyfa innflutning á tilteknum matvælasendingum samkvæmt sérstökum umsóknum hverju sinni, enda þyki sannað að neysla þeirra geti ekki skaðað heilbrigði. Hollustuvernd ríkisins ber að sjá svo um að innflytjendur auglýsi slíkar undanþágur sérstaklega.

2. gr.

Auglýsingin er birt samkv. 6. gr. laga nr. 24/1936, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. maí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 22, nr. 232—249. Útgáfudagur 9. maí 1986.

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1986

16. maí 1986 493 Nr. 250

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka og Reykjafjarðarál.

1. gr.

Frá og með 17. maí 1986 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 66°19.9'N – 20°35.7'V
2. 66°52.5'N – 20°50.7'V
3. 66°48.6'N – 21°54.3'V
4. 66°26.2'N – 21°36.8'V
5. 66°19.6'N – 21°19.2'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. maí 1986.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

7. maí 1986 Nr. 251

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 207/1986.

Við gjaldskrána bætist nýr kafli, V. kafli, svohljóðandi:

V. GJALD VEGNA VARATENGINGAR.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1. Í hverju tilviki fyrir sig skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst greiðir notandinn að fullu.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

1.2. Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ. e. af línulögn, spenni, strengjum o. s. frv.

1.3. Notandi greiðir fyrir varatenginguna fast gjald á ári, sem er það sama og lágmarksgjald á marktaxta fyrir 4 kW, óháð orkunotkun. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 7. maí 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 252 5. maí 1986

REGLUR

um tollmeðferð sendibifreiða samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.41.

1. gr.

Bifreið telst því aðeins sendibifreið samkvæmt tollskrárnúmeri 87.02.41 að hún sé undir 3 tonnum að burðarþoli, yfirbyggð og gerð til flutnings á varningi og fullnægi að öðru leyti eftirfarandi skilyrðum:

1. Að í bifreiðinni sé aðeins sæti fyrir bifreiðarstjóra og farþega við hlið hans.
2. Að fyrir aftan þessi sæti sé aðeins vörurými með gólfrými sem sé 95 cm eða lengra og í því engin sæti, hvorki föst né laus eða nokkur annar umbúnaður ætlaður til að festa sæti eða annan útbúnað til flutnings á fólki.
3. Að ekki séu gluggar á hliðum bifreiðarinnar fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra eða farþega við hlið hans.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numdar reglur nr. 183 24. júní 1974 um sama efni svo og reglur nr. 572/1981 um breyting á þeim og skal kvöðum sem þinglýst kann að hafa verið á bifreiðar í samræmi við þær reglur skilyrðislaust af þeim létt.

Fjármálaráðuneytið, 5. maí 1986.

F. h. r.
Sigurgeir Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 — 1986

12. maí 1986 495 Nr. 253

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 276/1983 um Flugmálastjórn Íslands.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. komi nýr stafliður: f) alþjóðamál.

2. gr.

11. málsl. 1. mgr. 11. gr. „Alþjóðleg samskipti (þ. á. m. núverandi ICAO deild)“ falli niður.

3. gr.

Við 11. gr. bætist ný mgr., sem orðist svo:

Alþjóðamál:

Samskipti við alþjóðastofnanir
Samstarf við útlönd
Alþjóðaflugþjónustan
Heimildir til flugs um íslenska lofthelgi
Flugréttarleg málefni v/loftflutninga.

4. gr.

Í reglugerðina bætist ný grein, er verður 12. gr., svohljóðandi:

Í skipuriti má færa verkefni milli aðaldeilda, ef þurfa þykir og það horfir til sparnaðar eða hagræðis.

5. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist í samræmi við ákvæði 4. gr. reglugerðar þessarar, þannig að greinar 13—14 verða greinar 14—15.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. maí 1986.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 627, 7. september 1983, um lágmarksbúnað loftfara, sbr. reglugerð nr. 396 9. október 1985 um breytingu á henni.

1. gr.

Grein 2.1.2. orðist þannig:

Íslensk loftför, eða loftför á vegum íslenskra aðila, skulu í flugi til og frá Íslandi og fara fjær ströndu en 93 km (50 sjómílur) búin björgunarbátum er rúmi alla um borð. Sama krafa gildir fyrir flugvélar yfir 5700 kg hámarksmassa, sem notuð eru í reglubundnu áætlunarflugi með farþega. Neyðarsendir, sem getur sent á tíðni 121,5 og 243 Mhz, og fullnægir kröfum flugmálastjórnar um slíka senda, skal vera í eða festur við a. m. k. einn björgunarbát loftfarsins.

2. gr.

Grein 4.2.2. orðist þannig:

Þar sem einn flugmaður er við stjórn flugvélar í blindflugi í farþegaflutningum, skal eftirtalinn búnaður, sem uppfyllir kröfur flugmálastjórnar vera fyrir hendi:

a) Þriggja-ása sjálfstýring.
b) Hæðarvari, þ. e. í flugvélum búnum hverfilhreyflum og með jafnþrýstibúnaði.
c) Eitt LORAN-C viðtæki, frá og með 1. janúar 1988.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89. og 186. gr. laga nr. 34 21.maí 1964, um loftferðir, og tekur til íslenskra loftafara, svo og loftfara, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. maí 1986.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 255 7. maí 1986

REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 1000	692		
1000— 1999	885	7200— 7399	2 252
2000— 2199	936	7400— 7599	2 303
2200— 2399	986	7600— 7799	2 353
2400— 2599	1 037	7800— 7999	2 404
2600— 2799	1 087	8000— 8199	2 455
2800— 2999	1 138	8200— 8399	2 505
3000— 3199	1 189	8400— 8599	2 556
3200— 3399	1 239	8600— 8799	2 606
3400— 3599	1 290	8800— 8999	2 657
3600— 3799	1 341	9000— 9199	2 708
3800— 3999	1 391	9200— 9399	2 758
4000— 4199	1 442	9400— 9599	2 809
4200— 4399	1 493	9600— 9799	2 860
4400— 4599	1 543	9800— 9999	2 910
4600— 4799	1 594	10000—10199	2 961
4800— 4999	1 644	10200—10399	3 012
5000— 5199	1 695	10400—10599	3 062
5200— 5399	1 746	10600—10799	3 113
5400— 5599	1 796	10800—10999	3 163
5600— 5799	1 847	11000—11199	3 214
5800— 5999	1 898	11200—11399	3 268
6000— 6199	1 948	11400—11599	3 315
6200— 6399	1 999	11600—11799	3 366
6400— 6599	2 050	11800—11999	3 417
6600— 6799	2 100	12000—12199	3 467
6800— 6999	2 151	12200—12399	3 518
7000— 7199	2 201	12400—12599	3 569
12600—12799	3 619	14800—14999	4 176
12800—12999	3 670	15000—15199	4 227
13000—13199	3 720	15200—15399	4 277
13200—13399	3 771	15400—15599	4 328
13400—13599	3 822	15600—15799	4 379
13600—13799	3 872	15800—15999	4 429
13800—13999	3 923	16000—16199	4 480
14000—14199	3 974	16200—16399	4 531
14200—14399	4 024	16400—16599	4 581
14400—14599	4 075	16600—16799	4 632
14600—14799	4 126	16800—16999	4 683

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 50 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg.

Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

b) Af bifreiðum, sem eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og útbúnar eru viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. reglugerð nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum, skal greiða þungaskatt skv. ákvæðum c-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. með síðari breytingum. Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði.

2. gr.

Þungaskatt samkvæmt a-lið 1. gr. skal greiða við komu bifreiðar til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma sem áformað er að bifreið verði hérlendis, reiknaðan í heilum vikum. Telst brot úr viku heil vika í þessu sambandi, sbr. 1. gr.

Komi í ljós við brottflutning gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt a-lið 1. gr. reglugerðar þessarar að verutími hennar hérlendis hefur verið van- eða ofáætlaður skal eftir atvikum innheimta vangoldinn eða endurgreiða ofheimtan þungaskatt af þeim sökum. Hafi verutími verið vanáætlaður um meira en sem nemur 4 vikum skal innheimta dráttarvexti af þeim þungaskatti sem ógreiddur er vegna vanáætlunar. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

Við komu bifreiðar til landsins, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skulu viðkomandi toll- eða löggæslumenn ganga úr skugga um að ökumælir hennar sé virkur og innsiglaður á þann hátt sem kveðið er á um í reglugerð nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Uppfylli ökumælisbúnaður að mati toll- eða löggæslumanns þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar skal hann skrá stöðu mælis og númer mælis í akstursbók, sem afhenda skal umráðamanni bifreiðarinnar. Jafnframt skal skrá þessar upplýsingar í sérstaka skrá, sem viðkomandi innheimtumaður skal halda um þessar bifreiðar.

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skal toll- eða löggæslumaður lesa á ökumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtumanni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Nú er bifreið, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn og skulu þá ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

4. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. með síðari breytingum og reglugerðar nr. 62/1977 um ökumæla með síðari breytingum. Ákvæði e-liðs 3. gr. reglugerðar nr. 485/1984 skulu þó ekki gilda um innheimtu þungaskatts skv. reglugerð þessari.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts f. h. viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 7. maí 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Lárus Ögmundsson.

Nr. 256

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs 1985.

Eignir:		kr.
Spariskírteini 2. fl. 1984		26 244 800,00
Innstæða á hlr. 40091		3 337 633,14
		29 582 433,14
Skuldir:		
Ósóttir styrkir, úthl. 1985		180 000,00
Ósóttir styrkir, fyrri úthl.		198 100,00
Höfuðstóll 31. desember 1984	kr. 22 370 336,67	
Tekjur umfram gjöld	kr. 6 833 996,47	29 204 333,14
		29 582 433,14
Tekjur:		
Vextir		769 251,22
Verðhækkun spariskírteina		8 321 600,00
Vegna sölu spariskírteina		370 125,00
		9 460 976,22
Gjöld:		
Styrkveitingar 1985		2 600 000,00
Ýmis kostnaður		26 979,75
Tekjur umfram gjöld		6 833 996,47
		9 460 976,22

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 18. apríl 1986.

Halldór V. Sigurðsson.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs

Magnús T. Ólafsson **Jóhannes Nordal**

Eysteinn Jónsson **Gils Guðmundsson**

Björn Bjarnason.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1984.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1984.

TEKJUR

	kr.
Vextir af bankainnstæðum	2 953,54
	2 953,54

GJÖLD

Tekjur umfram gjöld	2 953,54
	2 953,54

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1984.

EIGNIR

Bankainnstæður	22 246,68
	22 246,68

SKULDIR

	kr.	
Hrein eign pr. 1. janúar 1984	19 293,14	
Hreinar tekjur árið 1984	2 953,54	22 246,68
		22 246,68

Samgönguráðuneytið, 24. mars 1986.

Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 258

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1984.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1984.

TEKJUR

	kr.
Vextir af bankainnstæðum	1 697,42
	1 697,42

GJÖLD

Tekjur umfram gjöld	1 697,42
	1 697,42

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1984.

EIGNIR

Bankainnstæður		12 007,57
		12 007,57

SKULDIR

Höfuðstólsreikningur:

	kr.	
Hrein eign pr. 1. janúar 1984	10 310,15	
Hreinar tekjur árið 1984	1 697,42	12 007,57
		12 007,57

Samgönguráðuneytið, 24. mars 1986.
Halldór S. Kristjánsson.

14. maí 1986 Nr. 259

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta í júní og netaveiðum fiskiskipa í júlí og ágúst.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 7. júní til og með 9. júní 1986 og frá og með 15. júní til og með 18. júní 1986, er bátum, sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1986 til og með 15. ágúst 1986 eru allar þorskfiskneta-veiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986—1987.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn botnfiskveiða 1986—1987, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1986.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum með 200 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 6/1977, svo sem hér segir (númer þjóðvegar er tilgreint í sviga eftir því sem við á).

Vík í Mýrdal:

Suðurlandsvegur (1) frá eystri tengingu að söluskála Kaupfélags Vestur-Skaftfellinga (KVS) um Austurveg að ristarhliði norðan gatnamóta upp á Reynisfjall. Víkurbraut frá Suðurlandsvegi (1) austan Víkurár að verslunarhúsum KVS.

Hvolsvöllur:

Suðurlandsvegur (1) frá Hlíðarvegi að Hvolsgötu. Fljótshlíðarvegur (261) frá Suðurlandsvegi (1) um Hlíðarveg að Öldubakka.

Hella:

Þrúðvangur frá Suðurlandsvegi (1) norður fyrir hús Kaupfélagsins Þórs.

Vestmannaeyjar:

Skildingavegur frá Básaskersbryggju. Heiðarvegur, neðri hluti Strembugötu og Dalvegur að Smáragötu. Strandvegur frá Skildingavegi að Hlíðavegi (Stórhöfðavegi).

Stokkseyri:

Gaulverjabæjarvegur (33) frá Baldurshaga að Kaðalstöðum. Holtavegur (314) frá Pálsbæ að Gulverjabæjarvegi (33).

Eyrarbakki:

Álfsstétt (343) frá Túngötu að Eyrargötu og um Eyrargötu, Búðarstíg og Hafnarveg að efstu þvergötu.

Selfoss:

Suðurlandsvegur (1) frá vegamótum Laugardælavegar vestri um Austurveg að Ölfusárbrú. Eyrarbakkavegur (34) frá Suðurlandsvegi (1) um Eyrarveg að Selósi sf. (Eyrarvegur 51).

Hveragerði:

Breiðamörk frá Suðurlandsvegi (1) upp að Grýlu. Grænamörk frá Suðurlandsvegi (1) að Þelamörk og Þelamörk frá Grænumörk að Laufskógum.

Þorlákshöfn:

Þorlákshafnarvegur (38) frá fiskverkunarhúsi Glettings hf., um Óseyrarbraut að syðri hafnargarði.

Grindavík:

Grindavíkurvegur (43) frá Gerðavöllum um Víkurbraut að Ránargötu og um Ránargötu frá Víkurbraut að höfn. Ísólfsskálavegur (427) um Austurveg frá Ránargötu að Hafnargötu.

Sandgerði:

Garðskagavegur (45) frá tengingu að bræðsluverksmiðju um Garðveg að Strandgötu og um Strandgötu að Reykjanesbraut (41).

Gerðar, Gerðahreppi:

Garðskagavegur (45) frá vegi að Réttarholti um Garðbraut að Skagabraut. Skagabraut frá Garðskagavegi (45) að vegamótum utan Hofs. Gerðavegur frá Garðskagavegi (45) að hafnargarði.

Keflavík:

Reykjanesbraut (41) frá mörkum Njarðvíkurbæjar um Flugvallarveg. Hringbraut og að mörkum 110 m norðan enda Hringbrautar. Hafnargata frá Flugvallarvegi að Víkurbraut. Víkurbraut frá Hafnargötu að hafnarvog.

Njarðvík:

Sjávargata frá Reykjanesbraut (41) að Hafnarbraut. Hafnarbraut frá Sjávargötu að hafnargarði. Njarðvíkurvegur (422) frá Seylugötu um Njarðvíkurbraut að Brynjólfi hf.

Vogar á Vatnsleysuströnd:

Vogavegur (421) frá gatnamótum Vatnsleysustrandarvegar (420) um Hafnargötu að hafnargarði.

Hafnarfjörður:

Reykjavíkurvegur frá Hafnarfjarðarvegi (40) í Engidal. Fjarðargata og Strandgata að Ásbraut. Ásbraut frá Strandgötu að Reykjanesbraut (41). Flatahraun milli Reykjavíkurvegar og Hafnarfjarðarvegar (40). Lækjargata milli Strandgötu og Reykjanesbrautar (41).

Bessastaðahreppur:

Álftanesvegur (416) frá Bessastaðavegi (415) um Norðurnesveg að vegamótum hjá Landakoti.

Garðabær:

Vífilsstaðavegur (412) milli Hafnarfjarðarvegar (40) og Reykjanesbrautar (41). Bæjarbraut milli Vífilsstaðavegar (42) og Arnarnesvegar (411).

Kópavogur:

Nýbýlavegur frá Sæbólsbraut að Reykjanesbraut (41).

Reykjavík:

Eiðsgrandi frá mörkum Seltjarnarneskaupstaðar; Ánanaust; Hringbraut, Miklabraut og Vesturlandsvegur (1) að Höfðabakka; Kringlumýrarbraut frá Sætúni að Fossvogslæk;

Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur og Reykjanesbraut (41) að Breiðholtsbraut;

Breiðholtsbraut frá Reykjanesbraut (41) að tengingu við Suðurfell;

Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu, sunnan Öskjuhlíðar um Fossvogsdal að Reykjanesbraut;

Stekkjarbakki frá Reykjanesbraut (41) að Höfðabakka, Höfðabakki frá Stekkjarbakka að Stórhöfða;

Gullinbrú frá Stórhöfða að Gufunesvegi og Gufunesvegur frá Gullinbrú að athafnasvæði Áburðarverksmiðju ríkisins;
Bæjarháls frá Höfðabakka að Tunguhálsi;
Bústaðavegur frá Reykjanesbraut (41) um Öskjuhlíð að Miklatorgi;
Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur, Lækjargata, Kalkofnsvegur;
Tryggvagata og Mýrargata frá Kalkofnsvegi að Ánanaustum.

Seltjarnarnes:

Norðurströnd og Suðurströnd frá upphafi við Eiðsgranda hringinn kringum byggðina að enda við Eiðsgranda.

Mosfellssveit:

Hafravatnsvegur (431) frá Vesturlandsvegi (1) um Þverholt að Álftatanga.

Akranes:

Akranesvegur (51) frá Esjubraut um Kalmannsbraut, Kirkjubraut, Akratorg og Akursbraut að Faxabraut, og Faxabraut frá Akursbraut að Ferjubryggju. Akrafjallsvegur (503) frá tengingu að Höfða um Innnesveg og Esjubraut að Akranesvegi (51).

Borgarnes:

Vesturlandsvegur (1) frá Brúartorgi um Borgarbraut að Hrafnakletti. Borgarnesbraut (531) frá Vesturlandsvegi (1) um Borgarbraut og Brákarbraut að höfn í Brákarey.

Hellissandur og Rif:

Höskuldsbraut frá Útnesvegi (574) að Skólabraut, Keflavíkurgata frá Útnesvegi (574) að enda hennar við Höskuldsá, Gata frá Útnesvegi (574) að Rifshöfn.

Ólafsvík:

Ólafsvíkurvegur (54) frá tengingu við Innra-Klif um Ólafsbraut og Ennisbraut vestur fyrir byggð. Ennfremur álma „Norðurtangi" frá Ólafsbraut að efri enda Norðurgarðsbryggju.

Grundarfjörður:

Snæfellsnessvegur (57) frá því á móts við innri hafnargarð um Grundargötu að ytri mörkum lóðar Grundargötu 98. Ennfremur álma um Hrannarstíg frá Grundargötu að höfn.

Stykkishólmur:

Stykkishólmsvegur (56) frá Búðanesvegi, um Aðalgötu og Hafnargötu að höfn.

Búðardalur:

Vestfjarðavegur (60) frá Brekkuhvammi um Vesturbraut að Sunnubraut. Álma frá Vestfjarðavegi (60) um miðbraut að bryggju.

Patreksfjörður:

Barðastrandarvegur (62) frá innstu húsum í þéttbýli um Aðalstræti, Strandgötu og Þórsgötu að hafnarbakka í Patrekshöfn.

Tálknafjörður:

Tálknafjarðarvegur (617) frá innstu húsum í þéttbýli um Strandveg að brú á Hólsá.

Bíldudalur:

Ketildalavegur (619) frá vegamótum Bíldudalsvegar (63) við Litlu-Eyri, um Dalbraut og Tjarnarbraut að Lönguhlíð. Álma frá Ketildalavegi (619) um Hafnarteig að bryggju.

Þingeyri:

Vestfjarðavegur (60) frá Svalvogavegi (622) að tengingu 500 m innan gatnamótanna. Svalvogavegur (622) frá vegamótum Vestfjarðavegar (60) um Fjarðargötu og Aðalstræti að byggðarenda við Svalvogaveg (622) með álmu um Hafnargötu að ytri hafnargarði.

Flateyri:

Flateyrarvegur (64) frá Tjarnargötu um Hafnarstræti að bryggju.

Suðureyri:

Súgandafjarðarvegur (65) frá götu að íþróttavelli um Túngötu og Aðalgötu ásamt lykkju um Eyrargötu, út á móts við tengingu að iðnaðarhúsnæði á Stekkjarnesi.

Bolungarvík:

Djúpvegur (61) frá Grundakambi um Þuríðarbraut, Aðalstræti og Hafnargötu að brimbrjót.

Ísafjörður:

Djúpvegur (61) frá Miðtúni um Skutulsfjarðarbraut, Sólgötu, Hrannargötu og Fjarðarstræti að húsinu nr. 13 við Hnífsdalsveg, ásamt álmu um Hafnarstræti, Aðalstræti og Suðurgötu að hafnarafgreiðslu. Í Hnífsdalsbyggð, Djúpvegur (61) frá Dalbraut um Strandgötu að Heimabæjarstíg.

Súðavík:

Djúpvegur (61) frá heimreið að Eyrardal um Aðalgötu að gatnamótum Höfðabrekku ásamt álmu að Hafnargarði.

Hólmavík:

Hólmavíkurvegur (68) frá Höfðatúni um Hafnarbraut og Höfðagötu að verslunarhúsi Kaupfélags Steingrímsfjarðar.

Hvammstangi:

Hvammstangavegur (72) frá gatnamótum Veigastígs um Hvammstangabraut og Norðurbraut að Hvammsvegi. Klapparstígur, Strandgata og Smiðjugata frá Hvammstangabraut að nyrðri hafnargarði.

Blönduós:

Norðurlandsvegur (1) frá Blöndubrú að Efstubraut. Húnabraut frá Norðurlandsvegi (1) að Hafnarbraut og Hafnarbraut að bryggju. Hnjúkabyggð frá Norðurlandsvegi (1) að Aðalgötu.

Skagaströnd:

Skagastrandarvegur (74) frá Vetrarbraut um Fellsbraut að Oddabraut. Oddabraut frá Fellsbraut að Strandgötu. Strandgata, Einbúastígur og gata á hafnarsvæði að syðra horni Síldarverksmiðju ríkisins.

Sauðárkrókur:

Skagavegur (745) frá vegamótum á móts við frystihús um Eyrarveg, Aðalgötu og Skagfirðingabraut að vegamótum við Sauðárkróksbraut (75) á Áshildarholtshæð.

Hofsós:

Hofsósbraut (77) frá verkstæðishúsi Pardus um Suðurbraut að Skólagötu og um Skólagötu að Lindargötu. Suðurbraut frá Skólagötu að nyrðri (vestari) hafnargarði.

Siglufjörður:

Siglugjarðarvegur (76) frá Hólavegi um Hvanneyrarbraut, Túngötu, Aðalgötu, Gránugötu og Tjarnarbraut að höfn. Flugvallarvegur (792) um Suðurgötu milli Aðalgötu og Gránugötu og um Snorragötu frá Suðurgötu að Norðurtúni.

Ólafsfjörður:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá ristarhliði við suðurenda Aðalgötu um hana að Ægisgötu og um Ægisgötu að Hornbrekku. Kleifavegur (803) frá Ægisgötu um Aðalgötu að ristarhliði við Ólafsfjarðará.

Dalvík:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá gatnamótum sunnan barnaskóla um Skíðabraut að Hafnarbraut, Hafnarbraut frá Skíðabraut að Karlsrauðatorgi, Gunnarsbraut frá Karlsrauðatorgi að brú á Brimnesi og Karlsrauðatorgi frá Hafnarbraut að bryggju.

Hrísey:

Hafnargata frá höfn að Norðurvegi. Norðurvegur frá Hafnargötu að Lambhagavegi. Austurvegur frá Norðurvegi að samkomuhúsi.

Akureyri:

Norðurlandsvegur (1) frá Hlíðarbraut um Hörgárbraut, Glerárgötu og Drottningarbraut að Aðalstræti við Höpfnersbryggju.

Grenivík:

Grenivíkurvegur (83) frá Lækjarvöllum um Miðgarða að Ægissíðu og um Ægissíðu frá Miðgörðum að vegamótum við Sunnuhvol. Tenging frá vegamótum við Sunnuhvol, að bryggju við frystihús.

Húsavík:

Norðausturvegur (85) frá Kringlumýri um Stangarbakka og Héðinsbraut að Baldursbrekku.

Reykjahlíð:

Hlíðarvegur frá Norðurlandsvegi (1) að Múlavegi.

Raufarhöfn:

Norðausturvegur (85) gegnum kauptúnið og álma að höfn, þ. e. Aðalbraut frá Höfðabraut að Bæjarási og Hafnarbraut frá Aðalbraut að bryggju.

Þórshöfn:

Langanesvegur (869) í gegnum kauptúnið ásamt álmu að höfn, þ. e. Fjarðarvegur frá Norðausturvegi (85) að Langanesvegi. Langanesvegur frá Fjarðarvegi að hreppamörkum við olíustöð og Hafnarvegur frá Langanesvegi að bryggju.

Vopnafjörður:

Norðausturvegur (85) frá Steinholti um Hamrahlíð að Holtsgötu og um Holtsgötu og Kolbeinsgötu frá Holtsgötu og suður fyrir hús nr. 64. Álma að höfn frá Holtsgötu um Kolbeinsgötu að Hafnarbyggð og Hafnarbyggð að nýja hafnargarði.

Fellabær:

Austurlandsvegur (1) frá Upphéraðsvegi (931) að Lagarbraut. Upphéraðsvegur (931) frá Austurlandsvegi (1) að Ullartanga.

Egilsstaðir:

Norðfjarðarvegur (92) frá Austurlandsvegi (1) um Fagradalsbraut að Miðási. Tjarnarbraut frá Norðfjarðarvegi (92) að Árskógum. Árskógar frá Tjarnarbraut að Skógarlöndum og Skógarlönd frá Árskógum að Tjarnarbraut. Kaupvangur frá Norðfjarðarvegi (92) að mjólkurstöð.

Seyðisfjörður:

Seyðisfjarðarvegur (93) frá krikjugarði um Vesturveg að Vestdalseyrarvegi (951). Vestdalseyrarvegur (951) um Ránargötu að tengingu að verksmiðju Ísbjarnarins við Nautabás. Fjarðargata að höfn. Hánefsstaðavegur frá Vestdalseyrarvegi (951) um Austurveg, Hafnargötu og Strandveg að Flísarhúslæk utan og ofan Norðursíldar.

Neskaupsstaður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Flugvallarvegi (955) um Strandgötu, Hafnarbraut, Egilsbraut og Nesgötu að gatnamótum Eyrargötu.

Eskifjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Bleiksárbrú um Strandgötu upp Botnabraut að gatnamótum við Hátún. Helgustaðavegur (954) frá mótum Strandgötu og Botnabrautar um Strandgötu að hreppamörkum á Mjóeyri.

Reyðarfjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Stekkjarbrekku um Búðareyri og Austurveg að læk við Neðri Bakka. Lykkja frá Norðfjarðarvegi (92) að höfn um Búðargötu, Ægisgötu og Hafnargötu.

Fáskrúðsfjörður:

Suðurfjarðavegur (96) frá Skólavegi um Búðaveg að Hafnargötu, Hafnargata og Búðavegur frá Hafnargötu að Búðalæk.

Stöðvarfjörður:

Suðurfjarðavegur (96) frá gatnamótum við Grenimel um Fjarðarbraut að húsinu nr. 1 við Fjarðarbraut (Seli). Álma frá Suðurfjarðavegi (96) um Bankastræti að höfn.

Breiðdalsvík:

Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun um Ásveg, Sólvelli og Selnes að hafnargarði. Flugvallarvegur (961) frá Ásvegi um Sæberg að húsinu nr. 8 við Sæberg.

Djúpivogur:

Djúpavogsvegur (98) frá efstu þvergötu að höfn. Flugvallarvegur (966) frá Djúpavogsvegi (98) um Hammersminni að beygju frá byggð.

Höfn í Hornafirði:

Hafnarvegur (99) frá Vesturbraut að Víkurbraut og um Víkurbraut og Álaugareyjaveg að höfn. Álma frá Hafnarvegi um Víkurbraut að hóteli.

2. gr.

Um framkvæmd við lagningu og viðhald þjóðvega samkvæmt 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkvæmt 2.—9. gr. reglugerðar um ríkisframlag þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum nr. 257/1964.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 27. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 463 7. júní 1983 sbr. nr. 289 12. júní 1984.

Samgönguráðuneytið, 12. maí 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 261 13. maí 1986

AUGLÝSING

um staðfestingu breytingar á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi landnotkun á svæði, er markast af Ingólfsstræti, Hverfisgötu, Snorrabraut og Skúlagötu og um staðfestingu deiliskipulags sama svæðis.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. maí 1986 staðfest breytingu á landnotkun áður staðfests aðalskipulags Reykjavíkur, 7. júní 1984, á svæði sem markast af Ingólfsstræti, Hverfisgötu, Snorrabraut og Skúlagötu. Þennan sama dag staðfesti ráðuneytið einnig, deiliskipulag svæðis þessa.

Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um, borgarstjórn Reykjavíkur samþykkt þá og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að þeir verði staðfestir.

Félagsmálaráðuneytið, 13. maí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Breiðdalsvíkurhöfn.

I. KAFLI

Höfnin og stjórn hennar.

1. gr.

1.1 Hafnarsvæði Breiðdalsvíkurhafnar er með allri strandlengju Breiðdalsvíkur og nánar lýst þannig.

1.2 Takmörk á sjó eru: Breiðdalsvíkurhöfn nær yfir alla Breiðdalsvík norðanvestan línu sem hugsast dregin úr Merkikambi í Hvalnesskriðum í Strætisvita.

1.3 Takmörk á landi eru: Frá Merkikambi að girðingu Breiðdalsvíkurlands að austan, og frá Strætisvita að girðingu Breiðdalsvíkurlands að vestan. Á þessari strandlengju ræður stórstraumsflóðborð. Innan Breiðdalsvíkurlands tilheyrir allt Selnesið að lóðarmörkum Selnes 28 hafnarsvæðinu. Að öðru leyti ræður stórstraumsflóðborð innan Breiðdalsvíkurlands.

1.4 Landsvæði hafnarinnar skiptist í:
- — Bryggjur.
- — Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- — Götur.
- — Iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

Stjórn hafnarinnar.

2.1 Breiðdalshreppur er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Sveitarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála. Hafnarstjórn skal skipuð þrem fulltrúum, er sveitarstjórn kýs og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri sem jafnframt er hafnarstjóri, sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

Hlutverk og valdsvið hafnarstjórnar.

3.1 Sveitarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Sveitarstjórn skal leita umsagnar hafnarstjórnar um allar framkvæmdir á vegum hafnarinnar.

3.2 Sveitarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
- — Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.
- — Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leigu á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.
- — Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingarmál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og byggingarnefndar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn. Innan hafnarinnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og sveitarstjórnar komi til. Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.

Hlutverk hafnarstjóra.

4.1 Hafnarstjóri fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál, sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjarreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmunar hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

Aðrir starfsmenn hafnarinnar.

5.1 Sveitarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eigum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjóra.

5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI

Umferð skipa.

6. gr.

Skilgreining á skipi.

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

Almennar reglur við komu og brottför.

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvöldum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæði hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Breiðdalsvíkurhafnar.

7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.

7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á.

— Skipsnafn, skipsnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjölda farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skuiu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

Umferð um höfnina.

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni hvar binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfu.

8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.

Skip í viðlegu.

9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

9.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

Skip í lægi.

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, enda liggja fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipaeigenda. Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er. Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé á Breiðdalsvík sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sá fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

III. KAFLI

Afnot af hafnarmannvirkjum og landsvæðum.

11. gr.

Lestun og losun, almennt.

11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Sveitarstjórn og hafnarstjórn bera enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.

11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eigenda eða umboðsmanna hans.

11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningaskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamít, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbít, ammoníumnítrat, natriumklorat.

12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni. Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstakan hafnarbakka, þar sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum. Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

Um hafnargjöld á Breiðdalsvík.

13. gr.

Um hafnargjöld.

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

14.1 Lögreglan á Breiðdalsvík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

Varnir gegn megnun og óþrifnaði.

16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur. Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum. Um varnir gegn megnun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

Hverjum gefa skal fyrirmæli.

18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

Um skaðabótaskyldu.

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsverð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnarlaga.

20. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Breiðdalsvíkur. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnarlaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnarlögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Breiðdalsvíkurhöfn nr. 14 9. janúar 1973 sbr. nr. 139 20. mars 1975.

Samgönguráðuneytið, 13. maí 1986.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

12. maí 1986 Nr. 263

REGLUGERÐ

um lágmarksafkastagetu flugvéla.

1. ORÐASKÝRINGAR

1.1 Þegar notuð eru eftirfarandi orð, orðasambönd eða skammstafanir í þessari reglugerð, hafa þau þá merkingu sem hér segir:

Afkastageta flugvélar (Aeroplane performance): Útreiknaðir og prófaðir eiginleikar flugvélar, hvað varðar getu og takmörk hennar á öllum stigum flugs, við aðstæður sem hún kann að vera starfrækt við.

AIP (Aeronautical Information Publication): Flugmálahandbók.

Brautarbrún (Ground run): Sú vegalengd sem flugvél í flugtaki eða lendingu er í snertingu við flugbrautina.

Flugbraut (Runway): Afmarkað rétthyrnt svæði á flugvelli, gert til flugtaks og lendingar loftfara.

Flughandbók (Aeroplane Flight Manual): Handbók sem tengd er lofthæfiskírteininu, þar sem tilgreint er innan hvaða marka flugvélin er talin lofthæf og nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir flugliða til öruggrar stjórnar flugvélarinnar.

Flugrekandi (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara.
Flugrekstrarbók (Operations Manual): Handbók, samþykkt af flugmálastjórn, en unnin af flugrekanda til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfslið hans í flugrekstrinum. Handbókin getur verið í mörgum hlutum, þar sem hver fjallar um einstök svið eða þætti flugrekstrarins.
Flugtaksvegalengd (Take-off distance): Sú lárétta vegalengd, sem flugvél í flugtaki fer frá kyrrstöðu, þar til að hún hefur náð þeim flughraða og þeirri hæð, sem áskilið er í flughandbók eða kröfum um afkastagetu.
Flugvél (Aeroplane): Vélknúið loftfar, þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir, meðan á tilteknum þætti flugs stendur.
Hámarksmassi (Maximum mass): Leyfður hámarks flugtaksmassi flugvélar.
Hindrunarlaust klifursvæði (Clearway): Skilgreint rétthyrnt svæði, á láði eða legi, sem flugmálastjórn hefur ákvörðunarrétt yfir, og valið er eða gert nothæft fyrir flugvél að fljúga yfir, á meðan hún flýgur hluta af fyrsta klifri sínu, í ákveðna hæð.
IFR (Instrument flight rules): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsreglur.
Lendingarvegalengd (Landing distance): Sú lárétta vegalengd frá þröskuldi til þess staðar sem hægt er að stöðva flugvél, eftir að hún hefur flogið yfir þröskuldinn í 50 feta (15 m) hæð á þeim hraða, sem kveðið er á um í flughandbók eða kröfum um afkastagetu.
Staðalhiti (Standard temperature): Alþjóðlega skilgreindur meðalhiti lofthjúps jarðar.
Tiltæk flugtaksvegalengd, TODA (Take-off distance available): Lengd tiltæks flugtaksbruns, að viðbættri lengd hindrunarlauss klifursvæðis, ef séð hefur verið fyrir slíku.
Tiltæk lendingarvegalengd, LDA (Landing distance available): Sú lengd flugbrautar, sem lýst hefur verið yfir að sé tiltæk og nothæf, fyrir brautarbrun flugvélar í lendingu. Tiltæk lendingarvegalengd byrjar við þröskuldinn og er venjulega lengd flugbrautar með bundnu slitlagi.
Tiltækt flugtaksbrun, TORA (Take-off run available): Sú lengd flugbrautar, sem lýst hefur verið yfir að sé tiltæk og nothæf, fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki. Tiltækt flugtaksbrun er venjulega lengd flugbrautar með bundnu slitlagi.
Varasamur hreyfill (Critical engine): Sá hreyfill, sem hefði óhagstæðust áhrif á afkastagetu og stjórnun loftfars, ef hann bilaði.
VFR (Visual flight rules): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um sjónflugsreglur.
V_{MC} (V_{MC} - Minimum control speed): Alþjóðlegt tákn sem notað er um þann minnsta hraða, sem hægt er að stjórna fjölhreyfla flugvél með fullu hreyfilafli á, þegar varasami hreyfillinn skyndilega verður óvirkur.
V_S(V_S - Stalling speed): Alþjóðlegt tákn sem notað er um ofrishraða flugvélar, eða þann minnsta hraða, sem hægt er að stjórna flugvél á, meðan á flugi stendur.
Þrýstingshæð (Pressure altitude): Loftþyngd, sýnd sem hæð yfir sjávarmáli, miðað við alþjóðlega skilgreint meðalástand lofthjúps jarðar.
Þröskuldur (Threshold): Byrjun á þeim hluta flugbrautar, sem nothæfur er til lendingar.

2. GILDISSVIÐ

2.1 Reglugerð þessi gildir um flugvélar undir 5700 kg hámarksmassa í almennum flokki.

3. **ALMENNT**

3.1 Reglugerð þessi kveður á um aðferðir og útreikninga sem nota skal við að ákveða mesta massa flugvéla á flugi. Massann skal reikna út, þegar flug er fyrirhugað, og miða skal við þau skilyrði sem búist er við í fyrirhuguðu flugi. Með útreikningunum skal ganga úr skugga um að lágmarkskröfum um afkastagetu við flugtak, leiðarflug og lendingu sé fullnægt.

3.2 Við útreikningana skal nota þær leiðbeiningar sem ákveðnar hafa verið fyrir flugvélartegundina um minnkandi massa við eyðslu eldsneytis.

3.3 Þegar ákveðnir eru leiðréttingarþættir vegna breytilegra skilyrða, svo sem loftþrýstingur, vindur, hitastig, brautarskilyrði og fleira, skal nota nýjustu upplýsingar og spár sem tiltækar eru, einkum hjá kunnáttumönnum innan flugsins.

3.4 Flugvél má því aðeins nota að farið sé að öllu leyti eftir leiðbeiningum um afkastagetu og þeim takmörkunum á rekstri hennar, sem um getur í flughandbók flugvélarinnar og fylgir lofthæfiskírteininu, eða öðrum þeim gögnum sem flugmálastjórn hefur samþykkt.

3.5 Einhreyfils flugvélar má ekki nota til farþegaflugs í atvinnuskyni við blindflugsskilyrði eða í næturflugi. Þetta gildir þó ekki um neyðarflug.

4. **FLUGTAK**

4.1 Massi flugvélar í flugtaki má ekki vera meiri en hámarksmassi hennar og ekki meiri en svo, að flugtaksvegalengdin sem flugvélin þarf með fullu hreyfilafli, til þess að ná 50 feta (15 m) hæð yfir flugbrautinni, sé ekki lengri en:

a) 80% af tiltækri flugtaksvegalengd, TODA, fyrir flug í atvinnuskyni með farþega, og

b) 100% af tiltækri flugtaksvegalengd, TODA, fyrir annað flug.

4.2 Við ákvörðun flugtaksvegalengdar skal miða við, að hraði flugvélarinnar, þegar hún flýgur í gegnum 50 feta (15 m) hæðina yfir flugbrautinni, sé að minnsta kosti hinn meiri af eftirgreindum:

a) 120% af ofrishraða ($1{,}2 \times V_S$),

b) 110% af minnsta stjórnhraða ($1{,}1 \times V_{MC}$).

Sjá mynd 1.



Mynd 1

4.3 Við ákvörðun flugtaksvegalengdar í 50 feta (15 m) hæð yfir flugbrautinni, skal hafa hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

a) þrýstingshæð,

b) hitastigi andrúmsloftsins,

c) vindátt við flugtak, þó mest 50% af tilkynntum eða áætluðum mótvindi, og minnst 150% af tilkynntum eða áætluðum meðvindi í flugtaksátt,
d) ástandi brautar (gras, möl, aur, vatn, snjór, krap), og
e) öðrum, sem áhrif geta haft, samkvæmt flughandbók og/eða flugrekstrarbók.

5. **LEIÐARFLUG**

5.1 Massi fjölhreyfla flugvélar í flugtaki má ekki vera meiri en svo, að flugvélin með einn hreyfil óvirkan og virkan hreyfil (hreyfla) á mesta stöðugu afli, geti klifrað 50 fet (15 m) á mínútu í, hvort sem er hærra:
a) 1000 feta (300 m) hæð yfir hæstu hindrun, eða
b) þeirri lágmarksflughæð eða lágmarksflughæðum sem birtar eru í Flugmálahandbók — AIP Iceland,

innan 10 sjómílna beggja vegna við fyrirhugaðan flugferil. Þetta gildir í blindflugi og næturflugi innanlands, en í sjónflugi skal miða við 0,5 sjómílur beggja vegna við fyrirhugaðan flugferil, og í báðum tilvikum skal miða við staðalhita. Framangreindum kröfum um klifurgetu flugvélar yfir hindrun, skal í blindflugi einnig vera fullnægt í 5000 feta (1500 m) hæð yfir sjávarmáli, þótt engar hindranir séu.
Sjá mynd 2.



Mynd 2

6. **LENDING**

6.1 Massi flugvélar í flugtaki má ekki vera meiri en svo, að lendingarvegalengd í logni við komu til ákvörðunar- eða varaflugvallar sé eigi lengri en 70% af tiltækri lendingarvegalengd, LDA. Sjá mynd 3.

6.2 Lendingarvegalengd er skilgreind sem sú lárétta vegalengd frá þröskuldi til þess staðar sem hægt er að stöðva flugvél, eftir að hún hefur flogið yfir þröskuldinn í 50 feta (15 m) hæð.



Mynd 3

6.3 Við ákvörðun nauðsynlegrar lendingarvegalengdar, skal flughraði yfir þröskuldi áætlaður minnst 30% yfir ofrishraða (1,3 × V_S) og auk þrýstingshæðar flugvallar skal hafa hliðsjón af eftirfarandi atriðum á fyrirhuguðum lendingartíma:
a) ástandi flugbrautar (gras, möl, snjór, vatn, krap, ís),
b) öðrum þeim, sem hafa ber hliðsjón af samkvæmt flughandbók og/eða flugrekstrarbók.

7. UNDANÞÁGUR

7.1 Flugmálastjórn getur veitt tímabundnar undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar er sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

8. REFSIÁKVÆÐI

8.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt XIII. kafla laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir.

9. GILDISTAKA

9.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt 89., 163. og 186 gr. laga nr. 34, 21. maí 1964 um loftferðir, og tekur til íslenskra flugvéla svo og annarra flugvéla, sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður yfir og öðlast gildi 1. október 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 477/1982 um lágmarksafkastagetu flugvéla.

Samgönguráðuneytið, 12. maí 1986.

Matthías Bjarnason.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um erlenda fjármögnunarleigu (leasing) á tækjum og vélum og lántökur í því sambandi.

Á grundvelli 12. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og 19. gr. reglugerðar nr. 519/1979 um sama efni hefur viðskiptaráðuneytið, í samráði við Seðlabanka Íslands, sett eftirfarandi reglur um erlenda fjármögnunarleigu (leasing) á tækjum og vélum og lántökur í því sambandi:

1.a. Heimilt er að gera fjármögnunarleigusamninga við erlenda aðila um vélar, tæki og búnað til nota í atvinnurekstri, sbr. 7. lið.

b. Þá er innlendum fyrirtækjum, sem annast fjármögnunarleigu heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna sams konar leigusamninga og heimilt er að gera við erlenda aðila samkvæmt framansögðu.

2. Þrátt fyrir ákvæði í auglýsingu nr. 171/1980 um erlendar lántökur, er innlendum framleiðendum sams konar véla, tækja og búnaðar, einnig heimilt að taka erlend lán til að fjármagna framleiðslu sína.

3. Leigu- og lánssamninga þessa er ekki heimilt að gera með ábyrgð innlends banka, sparisjóðs, tryggingafélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs. Takmörkunin nær til ábyrgða í innlendum og erlendum gjaldmiðli á einstökum leigu- og lánssamningum, sem fjármagnaðir eru með erlendu fé skv. 1. og 2. lið.

4. Hver samningur um einstaka vél eða vélasamstæðu og tæki skal að lágmarki vera að fjárhæð USD 5 000 eða að jafnvirði í annarri mynt.
Hámarks leigu- eða lánstími er sjö ár, en um leigu eða lán til lengri tíma skal sækja um heimild til viðskiptaráðuneytisins.

5. Áður en leigu- eða lánssamningur kemur til framkvæmda, skal leggja hann undirritaðan fyrir gjaldeyriseftirlit Seðlabankans til staðfestingar. Gjaldeyriseftirlitið gengur jafnframt frá bankastimplun innflutningsskjala.

6. Eintak samningsins skal sent þeim innlenda banka eða sparisjóði, sem annast yfirfærslu leigu- og lánsgreiðslna.

7. Reglur þessar gilda um vélar, tæki og búnað til nota í atvinnurekstri, sem falla undir eftirtalda kafla tollskrárinnar og tilheyrandi tollskrárnúmer, þó ekki varahluti:

Úr 59. KAFLA:
- 59.05.01 Fiskinet og fiskinetaslöngur úr gerviefnum.

Úr 73. KAFLA:
- 73.21.06 Steypumót (mótakerfi)
- 73.22.01 Tankar úr ryðfríu stáli, sérstaklega fyrir mjólk
- 73.22.09 Annað
- 73.27.05 Færibönd

Úr 84. KAFLA:
- 84.01.10 Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (gufukatlar) og háhitavatnskatlar
- 84.03.00 Tæki til framleiðslu á loftgasi, vatnsgasi og acetylengasi
- 84.05.10 Gufuvélar
- 84.06.10 Flugvélahreyflar
- 84.07.10 Vatnshverflar
- 84.08.10 Þotuhreyflar

84.08.20 Skrúfuþotuhreyflar
84.09.00 Sjálfknúnar vegþjöppur
84.10.31 Fiskidælur
84.10.32 Dælur úr ryðfríu stáli og eða plasti
84.11.11 Þjöppur fyrir kæli- og frystikerfi frystihúsa
84.15.31 Afgreiðsluborð og sýningarskápar fyrir verslanir
84.15.32 Ísvélar til veitingahússrekstrar
84.15.33 Ísvélar til frystihúsa
84.15.39 Frystivélasamstæður til frystihúsa
84.15.49 Lausfrystitæki
84.17.21 Vélar til fiskiðnaðar og hvalvinnslu
84.17.22 Mjólkurvinnsluvélar
84.18.23 Fiskkökupressur
84.18.24 Lýsissíur
84.19.21 Aðrar uppþvottavélar
84.19.29 Annað
84.20.10 Vogir
84.22.11 Kraftblakkir til fiskiskipa og vindur til dráttarbrauta
84.22.12 Vindur, þar með taldar akkeris- og skipavindur
84.22.21 Lyftikranar
84.22.50 Rennistigar og rennigangbrautir
84.22.61 Færibönd og sniglar
84.23.21 Jarðýtur
84.23.22 Vegheflar
84.23.30 Vélskóflur og gröfur, sjálfknúnar
84.23.40 Aðrar sjálfknúnar vélar
84.25.20 Sambyggðar uppskeru- og þreskivélar
84.25.32 Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti
84.26.21 Mjólkurvinnsluvélar
84.26.29 Annað
84.29.10 Vélar og tæki til brauðkornsmölunar
84.30.11 Vélar til brauð- og kexgerðar
84.30.12 Vélar til súkkulaði- og sykurvörugerðar
84.30.13 Vélar og tæki til kjötvinnslu
84.30.14 Vélar og tæki til drykkjarvörugerðar
84.30.15 Vélar og tæki til flökunar, flatnings, síldarsöltunar o. fl. þ. h.
84.31.10 Vélar til framleiðslu á pappírsmassa
84.31.20 Vélar til framleiðslu og vinnslu á pappír og pappa
84.32.10 Bókbandsvélar
84.33.10 Vélar og tæki til pappírs- og pappaskurðar
84.34.10 Vélar, tæki og áhöld til að steypa og setja prentletur og vélar til framleiðslu og eftirvinnslu á prentmyndamótum, prentplötum og prentvölsum
84.35.10 —
84.35.40 Aðrar prentvélar og hjálparvélar þeim tilheyrandi
84.36.10 —
84.36.30 Spuna- og tvinningavélar o. þ. h.
84.37.10 Vefstólar
84.37.20 Prjónavélar
84.37.30 Aðrar vélar til framleiðslu á yfirspunnum þræði og garni

84.40.29 Þvottavélar, sem taka meira en 6 kíló, aðrar en til heimilisnotkunar
84.40.30 Þurrhreinsivélar
84.40.40 Þurrkarar til iðnaðarnota
84.40.62 Strokvélar, aðrar en til heimilisnotkunar
84.40.63 Vélar til eftirvinnslu á garni og spunavörum
84.40.64 Prentunarvélar
84.41.12 Saumavélar til notkunar í iðnaði
84.42.00 Vélar og tæki til snyrtingar, sútunar og vinnslu á húðum og skinnum og til framleiðslu á vörum úr leðri og skinni
84.43.10 Málmbræðsluofnar og -vélar
84.44.10 Málmvölsunarvélar
84.45.10 —
84.45.75 Vélar til smíði úr málmi og málmkarbidum, þó ekki handverkfæri
84.46.00 Vélar til vinnslu og smíða úr steini, brenndum leir, steinsteypu, asbestsementi og gleri, þó ekki handverkfæri
84.47.01 —
84.47.09 Trésmíðavélar, þó ekki handverkfæri
84.53.10 —
84.53.60 Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar (tölvur)
84.56.10 Vélar og tæki til sundurgreiningar, sáldunar eða þvotta
84.56.20 Vélar og tæki til mulnings eða mölunar
84.56.31 Steypuhrærivélar
84.56.32 Vélar og tæki til leirvörugerðar og framleiðslu á steypumótum úr sandi
84.57.00 Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á gleri og glervörum o. fl. þ. h.
84.59.20 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til opinberra verklegra framkvæmda, mannvirkjagerðar o. þ. h.
84.59.30 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til iðnaðarvinnslu á feiti og olíum úr dýra- eða jurtaríkinu
84.59.40 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til gúmmí- eða plastiðnaðar
84.59.60 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til meðferðar á trjáviði
84.59.70 Vélar, tæki og mekanísk áhöld til meðferðar á málmi eða málmkarbídum
84.59.81 Vélar til trjávöru- og húsgagnaiðnaðar svo og bursta- og körfugerðar, ót.a.
84.59.83 Stýrisvélar til skipa
84.59.84 Vélar til efnaiðnaðar, ót.a.
84.60.00 Mótakassar fyrir málmsteypu o. fl. þ. h.
84.65.01 Skipaskrúfur, skrúfuásþéttar og skiptiskrúfubúnaður

Úr 85. KAFLA:
85.01.51 Rafsuðuvélar
85.11.10 Rafbræðslu- og hitunarofnar
85.11.20 Rafsuðu- og rafskurðartæki
85.15.71 —
85.15.79 Ratsjár- og loftskeytamiðunartæki

Úr 86. KAFLA:
86.06.00 Verkstæðisvagnar, kranavagnar og aðrir vinnuvagnar fyrir járnbrautir og sporbrautir
86.08.00 Gámar

Úr 87. KAFLA:
87.01.10 Beltadráttarvélar
87.01.20 Dráttarbifreiðar fyrir festivagna
87.02.12 Snjóbifreiðar
87.02.13 Loftpúðaökutæki
87.02.35 Flutningstæki fyrir grjót, jarðveg o. þ. h. (Dumpers)
87.02.43 Sjúkrabifreiðar
87.03.01 Slökkvibifreiðar
87.03.02 Snjóplógar
87.03.03 Kranabifreiðar
87.07.11-
87.07.19 Gaffallyftarar o. fl.

Úr 88. KAFLA:
88.02.20 Þyrlur
88.02.40 Önnur loftfarartæki 2 000 — 15 000 kíló
88.02.50 Önnur loftfarartæki sem vega meira en 15 000 kíló

Úr 89. KAFLA:
89.01.30 Tankskip af öllum gerðum
89.01.40 Vöruflutningaskip
89.02.00 Dráttarbátar
89.03.00 Vitaskip, slökkviskip, hvers konar dýpkunar- og dæluskip o. fl.

Úr 90. KAFLA:
90.08.21 Kvikmyndavélar-, myndatökuvélar
90.08.29 Aðrar kvikmyndavélar
90.10.31 Framköllunarvélar fyrir röntgenfilmur
90.10.32 Tæki og áhöld til notkunar í ljósmynda- og kvikmyndavinnustofum.
90.10.33 Sérhæfðar vélar til notkunar í prentiðnaði
90.10.39 Annað
90.11.00 Rafeinda- og prótonsmásjár, rafeinda- og prótondifraktógrafar.
90.12.00 Optískar smásjár, einnig með útbúnaði til að taka eða varpa á sýningartjald mynd af því sem í þeim sést
90.15.00 Vogir með nákvæmni fyrir 5 cg eða minna, einnig með lóðum er þeim heyra til
90.20.00 Röntgentæki
90.28.31 Bergmálsdýptarmælar, asdictæki o. þ. h. svo og fisksjár
90.28.39 Rafmagns- og rafeindatæki — önnur

8. Óskir um fjármögnunarleigu vegna annarra véla og tækja í atvinnustarfsemi en um er getið í lið 7, skulu sendar með viðeigandi gögnum til gjaldeyriseftirlitsins, sem leggur þær fyrir samstarfsnefnd um gjaldeyrismál til afgreiðslu.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 6. maí 1986.

Matthías Bjarnason.

Þórhallur Ásgeirsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Eyra

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns ..... kr. 42,30

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

a) fyrir mæla til og með ½"—1" ..... kr. 436,00
b) fyrir mæla til 1¼"—2" ..... kr. 872,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé af mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald ..... kr. 262,00

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimæðargjald	
Allt að 500 m^3	kr. 33 950,00	+ 67,90 kr/m^3
500—2 000 m^3	kr. 67 900,00	fyrir 500m^3 + 45,30 kr/m^3 þar yfir
2 000—6 000 m^3	kr. 135 800,00	fyrir 2 000m^3 + 33,95 kr/m^3 þar yfir
Meira en 6 000 m^3	kr. 271 600,00	fyrir 6 000m^3 + 26,20 kr/m^3 þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta ..... kr. 5 917,00

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni ..... kr. 485,00

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 22. apríl 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 417, 15. nóvember 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 7. maí 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seyðisfjarðar

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,81 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 10,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 80,00.

Þessi gjöld eru miðuð við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. mars 1986.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda eru við framvísun reikninga eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

a) Af öllu húsnæði sem tengist hitaveitu fyrir árslok 1981 og tilheyrir I. áfanga verksins og það húsnæði fyrirhugaðs II. áfanga sem tengist eigi síðar en 6 mán. frá verklokum hans, greiðist heimæðagjöld, sem hér segir:
   Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 45 600,00.
   Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 m^3 kr. 57,90.
b) Af öllu húsnæði sem síðar tengist viðkomandi áföngum sbr. a) lið greiðast heimæðagjöld, sem hér segir:
   Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 63 000,00.
   Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 m^3 kr. 85,90.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við Fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðaða við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 300 m^3.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á hluta heimæðargjalds ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 990,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að hækka orkutaxta í 3. gr. skv. hækkun á rafhitunartaxta c. 1 í gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. janúar 1986. Allar taxta- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 26, 13. janúar 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 6. maí 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

21. maí 1986 Nr. 267

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðar breytingum, skulu hækka um 3,06% frá 1. júní 1986 að telja frá því sem þær eru 31. maí 1986. Bætur samkvæmt 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

2. gr.

Sérstök lífeyrisuppbót kr. 3 000,00 skal greidd með júníbótum þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, sem njóta óskertrar tekjutryggingar. Þeir, sem njóta skertrar tekjutryggingar, fá hlutfallslega lægri lífeyrisuppbót.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast gildi 1. júní 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 103/1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. maí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 268 12. maí 1986

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Hér með tilkynnist að sett hafa verið upp umferðarljós á mótum Kirkjubrautar, Kalmannsbrautar og Stillholts.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sbr. 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 hefir verið ákveðið að taka umferðarljósin þegar í notkun.

Um notkun umferðarljósanna gilda ákvæði A liðar IV. kafla reglugerðar nr. 414, 1978 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Lögreglustjórinn á Akranesi, 12. maí 1986.

Ásmundur Vilhjálmsson, ftr.

Nr. 269

SAMÞYKKT

22. maí 1986

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Kópavogskaupstað nr. 318 frá 23. júní 1981.

1. gr.

9. tl. 1. mgr. 2. gr. orðist þannig:

Allar byggingar á miðbæjarsvæði ..... 5%.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Þórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum fiskafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar til 31. maí 1986.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum fiskafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar s.l. til 31. maí 1986:

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur	U.S.$ pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	3,23
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,99
Hálfhreinsaður	1,47
Rauður og brotinn	1,81

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Vélskelflett rækja	SDR pr. lb. cif.
Færri en 350 stk. í lb.:	
Blokkfryst	2,666
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,666
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,794
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,105
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,256
Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:	
Blokkfryst	2,548
5×2 og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,548
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,666
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,956
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,105

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðin miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1986.

F.h.r.
Árni Kolbeinsson.

Sigurður P. Sigmundsson.

AUGLÝSING

um aðalbrautir á þjóðvegum.

1. gr.

Eftirtaldir vegir skulu teljast aðalbrautir. Númer þjóðvegar er tilgreint samkvæmt vegáætlun.

1. Suðurlandsvegur (1) frá Reykjavík um Hvolsvöll að mörkum þéttbýlis þar.
2. Vesturlandsvegur (1) frá Reykjavík að Fossá innan Kiðafells í Kjós.
3. Eyrarbakkavegur (34) af Suðurlandsvegi (1) að Eyrarbakka. Á vegamótum við Suðurlandsveg nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.
4. Þingvallavegur (36) af Vesturlandsvegi (1) að Köldukvísl. Á vegamótum við Vesturlandsveg nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.
5. Hafnarfjarðarvegur (40). Á vegamótum við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.
6. Reykjanesbraut (41) frá Reykjavík að mörkum Keflavíkur og af Hringbraut í Keflavík að Sandgerði. Á vegamótum við Hafnarfjarðarveg (40) og við Garðskagaveg (45) njóta þeir vegir aðalbrautarréttar.
7. Grindavíkurvegur (43). Á vegamótum við Reykjanesbraut (41) nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.
8. Hafnavegur (44) af Reykjanesbraut (1) að vegamótum við veg á Keflavíkurflugvöll. Á vegamótum við Reykjanesbraut og við flugvallarveg njóta þeir vegir aðalbrautarréttar.
9. Garðskagavegur (45) af Reykjanesbraut (41) að Sandgerði. Á vegamótum við Skagabraut í Garði nýtur sá vegur aðalbrautarréttar.
10. Bessastaðavegur (415) af Hafnarfjarðarvegi (40) að vegamótum við Álftanesveg (416). Á vegamótum við Hafnarfjarðarveg og Reykjavíkurveg í Hafnarfirði njóta þeir vegir aðalbrautarréttar og á vegamótum við Álftanesveg nýtur Álftanesvegur úr norðri aðalbrautarréttar.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði um aðalbrautir í auglýsingum nr. 124 15. júlí 1960, 155 9. nóvember 1961, 172 5. júní 1968, 252 16. ágúst 1973, 363 1. ágúst 1975 og 610 18. september 1981 (1. töluliður), svo og auglýsing nr. 9 5. janúar 1966.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til Reykjanesbraut (41) milli Breiðholtsbrautar í Reykjavík og Vífilsstaðavegar (412) verður opnuð fyrir almenna umferð telst Reykjanesbraut aðalbraut frá vegamótum við Vífilsstaðaveg að þeim meðtöldum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. maí 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um hámarkshraða á þjóðvegum.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á eftirtöldum vegum skal vera sem hér segir. Númer þjóðvegar er tilgreint samkvæmt vegáætlum.

1. Suðurlandsvegur (1):
   a. frá vegamótum við Tunguháls í Reykjavík að vegamótum við tengiveg við Selásbraut í Reykjavík að þeim meðtöldum ..... 60 km/klst.
   b. frá vegamótum við tengiveg við Selásbraut að vegamótum við Arnarnesveg (411) að þeim meðtöldum ..... 70 km/klst.
   c. frá vegamótum við Arnarnesveg (411) að vegamótum við Biskupstungnabraut (35) ..... 80 km/klst.
   d. frá vegamótum við Gaulverjabæjarveg (33) að vegamótum við Þykkvabæjarveg (25) ..... 80 km/klst.
   e. frá vegamótum við Langasand á Hellu að mörkum þéttbýlis á Hvolsvelli ..... 80 km/klst.
2. Vesturlandsvegur (1):
   a. frá vegamótum við Höfðabakka í Reykjavík að vegamótum við Stuðlaháls í Reykjavík að þeim meðtöldum ..... 70 km/klst.
   b. frá vegamótum við Stuðlaháls að vegamótum við Langatanga í Mosfellssveit ..... 80 km/klst.
   c. frá vegamótum við Langatanga að þeim meðtöldum að stað 300 m norðan vegamóta við Ásland í Mosfellssveit ..... 60 km/klst.
   d. frá stað 300 m norðan vegamóta við Ásland að Fossá innan Kiðafells í Kjós ..... 80 km/klst.
3. Vegir um þjóðgarðinn á Þingvöllum:
   a. Þingvallavegur (36), Uxahryggjavegur (52) og Gjábakkavegur (365) innan þjóðgarðsgirðingar ..... 50 km/klst.
   b. Aðrir vegir innan þjóðgarðsgirðingar ..... 50 km/klst.
4. Hafnarfjarðarvegur (40) ..... 60 km/klst.
5. Reykjanesbraut (41):
   a. frá vegamótum við Hafnarfjarðarveg (40) að þeim meðtöldum að vegamótum við Hvammabraut í Hafnarfirði að þeim meðtöldum .... 60 km/klst.
   b. frá vegamótum við Hvammabraut að vegamótum við Krísuvíkurveg (42) að þeim meðtöldum ..... 70 km/klst.
   c. frá vegamótum við Krísuvíkurveg (42) að stað 300 m vestan vegamóta við Hafnaveg (44) ..... 80 km/klst.
   d. frá stað 300 m vestan vegamóta við Hafnaveg (44) að stað 200 m sunnan vegamóta við Grænásveg í Ytri-Njarðvík ..... 60 km/klst.
   e. frá vegamótum við Garðskagaveg (45) að mörkum þéttbýlis í Sandgerði ..... 80 km/klst.
6. Grindavíkurvegur (43) ..... 80 km/klst.
7. Garðskagavegur (45) frá vegamótum við Reykjanesbraut (41) að mörkum þéttbýlis í Garði ..... 80 km/klst.

2. gr.

Á vegum þar sem í 1. gr. er ákveðinn 80 km hámarkshraði ökutækja á klst. skal hámarkshraði bifreiða, sem draga tengi- eða festivagna, vera 60 km á klst.

3. gr.

Að öðru leyti fer um hámarkshraða á vegum þeim, sem tilgreindir eru í 1. gr., samkvæmt ákvæðum umferðarlaga.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 50. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði um hámarkshraða í auglýsingum nr. 124 15. júlí 1960, 108 16. júní 1966, 109 16. júní 1966, 252 16. ágúst 1973, 363 1. ágúst 1975, 793 20. desember 1982 og 184 14. apríl 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. maí 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 273

REIKNINGUR

Iðnlánasjóðs fyrir árið 1985.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1985.

Rekstrartekjur:

	Skýr.	1985	1984
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	2	801 603 971	337 568 771
Aðrar vaxtatekjur		8 271 807	4 773 009
Lántökugjald		6 215 149	3 323 305
Iðnlánasjóðsgjald		41 250 000	1 800 000
Framlag ríkissjóðs	3	28 500 000	0
Framleiðslugjald af áli	3	1 781 594	2 472 289
Aðrar rekstrartekjur og arður		158 990	42 724
		887 781 511	349 980 098

Rekstrargjöld:

	Skýr.	1985	1984
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af lánsfé	2	483 492 227	338 591 362
Reiknuð gjaldfærsla v/verðlagsbreytinga	1	138 357 234	70 981 150
Lántökugjald		5 220 000	3 000 000
Styrkir		17 791 470	
Rekstrarkosntaður		18 685 064	9 660 698
Afskriftir útlána		3 359 647	988 661
Framlag til hagrannsókna		858 000	660 000
Framlag í afskriftarreikning útlána	5	27 891 946	
		695 655 588	423 881 871
Tekjuafgangur (tap)		192 125 923	(73 901 773)

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum 1985.

	Skýr.	
Eigið fé 1. janúar 1985		409 922 651
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga 1985	1	138 357 234
Fengin jöfnunarhlutabréf		136 170
Endurmat á eignarhlut í Útflutningslánasjóði	4	(1 396 180)
Endurmetið hlutafé í Nord-Invent		995 249
Tekjuafgangur ársins		192 125 923
Eigið fé 31. desember 1985		740 141 047

Efnahagsreikningur 31. desember 1985.

Eignir:

	Skýr.	1985	1984
Bankainnstæður:			
Bankainnstæður		41 553 512	50 133 849
Útlán:			
Vélalán		990 663 595	635 609 424
Byggingalán		1 504 936 397	921 157 000
Veiðarfæralán		1 916 447	2 337 742
Iðngarðalán		24 720 904	19 346 258
Önnur verðbréf		46 792 395	31 497 072
Bráðabirgðalán		12 958 000	4 913 000
Innleystar ábyrgðir		328 875	328 875
		2 582 316 613	1 615 189 371
Afskriftarreikningur útlána	5	27 891 946	0
	7	2 554 424 667	1 615 189 371
Aðrar eignir:			
Áfallnar vaxtatekjur og verðbætur		206 878 066	70 722 424
Útflutningslánasjóður	4	14 633 105	16 029 285
Hlutabréfaeign	6	42 371 670	5 140 251
Ýmsar eignir	8	17 797 750	2 681 167
		281 680 591	94 573 127
Samtals:		2 877 658 770	1 759 896 347

31. desember 1985.

Skuldir og eigið fé:

	Skýr.	1985	1984
Lánsfé:			
Framkvæmdasjóður Íslands	9	1 967 973 837	1 266 831 669
Lífeyrissjóðir verðtryggð lán		78 544 079	63 600 615
Iðnþróunarsjóður gengistr. skbr.		34 503 352	0
Sérskuldabréfalán		2 022	2 022
		2 081 023 290	1 330 434 306
Aðrar skuldir:			
Áfallin vaxtagjöld		28 648 509	18 013 047
Óútborgað af veittum lánum		0	5 021
Ógreiddir samþykktir styrkir		0	1 435 315
Ógreiddur kostnaður		427 639	26 774
Ýmsar skuldir	6	27 418 285	59 233
		56 494 433	19 539 390
Skuldir samtals:		2 137 517 723	1 349 973 696
Eigið fé:		740 141 047	409 922 651
Skuldir og annað fé:	0	2 877 658 770	1 759 896 347
Utan efnahagsreiknings:			
Ábyrgðir vegna viðskiptamanna	11	14 303 796	4 435 609

Skýringar:

Reikningsskilaaðferðir:

1. Tekið er tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstrarafkomu ársins og efnahag í árslok með því að færa verðbreytingafærslu í ársreikning, endurmeta hlutdeild í útflutningslánasjóði og hlutabréfaeign Iðnlánasjóðs.
   Útreikningur er þannig:

Peningalegar eignir 1.1. 1985	1 738 726 811
Skuldir 1.1. 1985	(1 349 973 696)
Stofn til útreiknings verðbreytingafærslu	388 753 115

   Stuðull við útreikning verðbreytingafærslunnar miðast við hækkun lánskjaravísitölu á árinu 1985. Verðbreytingarfærslan verður því 35,59% af 388 753 115 kr., eða 138 357 234 kr. og er sú fjárhæð færð annars vegar til gjalda í rekstrarreikningi og hins vegar á eigið fé.
2. Áfallnir vextir og verðbætur í árslok af útlánum og teknum lánum eru færðar í rekstrarreikning. Gengistryggð útlán og tekin lán eru uppfærð á gengi í árslok 1985.
3. Í rekstrarreikningi er fært innborgað iðnlánasjóðsgjald og framleiðslugjald af áli.
4. Hlutdeild Iðnlánasjóðs í Útflutningslánasjóði er endurmetin og er miðað við eiginfjárstöðu sjóðsins í lok ársins 1984, þar sem upplýsingar um árið 1985 liggja ekki enn fyrir.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum:

5. Í rekstrarreikningi er nú fært til gjalda í fyrsta sinn framlag í afskriftareikning útlána 1% af útlánum, áföllnum vöxtum og veittum ábyrgðum eða 27 891 946 kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er reikningurinn myndaður til að mæta þeirri almennu áhættu sem fylgir útlánastarfseminni.

Áhættufé í öðrum félögum:

6. Hlutabréfaeign í öðrum félögum sundurliðast þannig:

	Nafnverð
Þróunarfélag Íslands hf.	30 000 000
Vogun hf.	5 200 000
Nord-Invent	3 703 793
Fjárfestingarfélag Íslands hf.	1 497 877
Tækniþróun hf.	1 000 000
Snú hf.	900 000
Glit hf.	70 000
Samtals	42 371 670

Hlutabréfaeign í Þróunarfélagi Íslands hf. er að heildarverðmæti 30 000 000 kr. en þar af er ógreitt hlutafjárloforð 22 500 000 kr.. Það er talið með ýmsum skuldum og greiðist á næstu þremur árum.

Sundurliðanir:

7. Útlánin skiptast þannig:

	Krónur
Lán með föstum vöxtum	148 264
Lán með hæstu lögleyfðum vöxtum	33 607 294
Lán háð byggingarvísitölu að hluta	171 876 347
Lán háð byggingarvísitölu að fullu	180 185 438
Lán háð lánskjaravísitölu	2 154 010 352
Lán háð gengi SDR	10 097 637
Lán háð gengi USD	32 391 281
Samtals útlán	2 582 316 613

8. Undir liðnum ýmsar eignir eru skuldabréf að fjárhæð 17 610 067 kr. sem eru vegna sölu á fasteignum sem keyptar voru við nauðungarsölu.

9. Lán frá Framkvæmdasjóði Íslands skiptast þannig:

Lán með föstum vöxtum	1 385
Lán með hæstu lögleyfðum vöxtum	1 126 667
Lán háð byggingarvísitölu	206 449 522
Lán háð lánskjaravísitölu	815 250 006
Lán háð gengi USD	464 482 823
Lán háð gengi JPY	339 868 676
Lán háð gengi DEM	140 794 758
Samtals lán frá Framkvæmdasjóði Íslands	1 967 973 837

10. Gengistryggðar eignir og skuldir:

Eignir í erlendum gjaldmiðli	43 927 868
Skuldir í erlendum gjaldmiðli	963 764 655
Skuldir umfram eignir í erl.gjaldmiðli	919 836 787

Ábyrgðarskuldbindingar:

11. Á meðal ábyrgða utan efnahagsreiknings er talin ábyrgð gagnvart Landsbanka Íslands USD 65 000 ásamt vöxtum samtals ISK 4 098 166 Iðnrekstrarsjóður var í tímabundinni ábyrgð gagnvart Landsbanka Íslands samkv. bréfi dags. 16.7.1982 fyrir fjárhæð USD 270 000 ásamt vöxtum. Ábyrgð þessi rann út þann 16.1.1983. Þar sem áframhaldandi ábyrgð á USD 65 000 ásamt vöxtum, var með bréfi Iðnrekstrarsjóðs dags. 16.12.1983 sbr. bréf dags. 23.9.1982 boðin sem grundvöllur samkomulags í deilum við Landsbankann um ábyrgð á USD 270 000, ásamt vöxtum og þar sem fjárhæð þess (USD 65 000 + vextir) var tilgreind í reikningum Iðnrekstrarsjóðs fyrir tímabilið 1.1.1984—30.06.1984 er talið rétt að tilgreina fjárhæð þessa í ársreikningi þessum.

Sérgreindur rekstrarreikningur fyrir árið 1985.

Rekstrartekjur:

	Almenn deild:	Vöruþróunar- og markaðs- deild:	Iðnlánasjóður samtals:
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	783 411 123	18 192 848	801 603 971
Aðrar vaxtatekjur	7 765 302	506 505	8 271 807
Lántökugjald	6 210 549	4 600	6 215 149
Framlag ríkissjóð	0	28 500 000	28 500 000
Iðnlánasjóðsgjald	22 000 000	19 250 000	41 250 000
Framleiðslugjald af áli	1 781 594	0	1 781 594
Aðrar rekstrartekjur og arður	158 990	0	158 990
	821 327 558	66 453 953	887 781 511

Rekstrargjöld:

	Almenn deild:	Vöruþróunar- og markaðs- deild:	Iðnlánasjóður samtals:
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af lánsfé	483 492 227	0	483 492 227
Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga	122 777 087	15 580 147	138 357 234
Lántökugjald	5 220 000	0	5 220 000
Styrkir	0	17 791 470	17 791 470
Rekstrarkostnaður	18 548 093	136 971	18 685 064
Afskriftir útlána	1 368 311	1 991 336	3 359 647
Framlag til hagrannsókna	858 000	0	858 000
Framlag í afskriftar- reikning útlána	27 123 859	768 087	27 891 946
	659 387 577	36 268 011	695 655 588
Tekjuafgangur	161 939 981	30 185 942	192 125 923

Sérgreindur efnahagsreikningur.

Eignir:

	Almenn deild:	Vöruþróunar- og markaðs- deild:	Iðnlánasjóður samtals:
Bankainnstæður:			
Bankainnstæður	29 464 216	12 089 296	41 553 512
Útlán:			
Vélalán	990 663 595		990 663 595
Byggingalán	1 504 936 397		1 504 936 397
Veiðarfæralán	1 916 447		1 916 447
Iðngarðalán	24 720 904		24 720 904
Önnur verðbréf	148 264	46 644 131	46 792 395
Bráðabirgðalán	3 900 000	9 058 000	12 958 000
Innleystar ábyrgðir	0	328 875	328 875
	2 526 285 607	56 031 006	2 582 316 613
Afskriftarreikningur útlána	(27 123 859)	(768 087)	(27 891 946)
	2 499 161 748	55 262 919	2 554 427 667
Aðrar eignir:			
Áfallnar vaxtatekjur og verðbætur	186 100 325	20 777 741	206 878 066
Stofnfé Útflutn.lánasjóðs	14 633 105	0	14 633 105
Hlutabréfaeign	31 497 877	10 873 793	42 371 670
Ýmsar eignir	17 614 567	183 183	17 797 750
	249 845 874	31 834 717	281 680 591
Samtals eignir	2 778 471 838	99 186 932	2 877 658 770

Skuldir og eigið fé:

	Almenn deild:	Vöruþróunar- og markaðs- deild:	Iðnlánasjóður samtals:
Lánsfé:			
Framkvæmdasjóður Íslands	1 967 973 837	0	1 967 973 837
Lífeyrissjóðir verðtryggð skuldabréf	78 544 079	0	78 544 079
Iðnþróunarsjóður gengistryggð skuldabréf	34 503 352	0	34 503 352
Sérskuldabréfalán	2 022	0	2 022
	2 081 023 290	0	2 081 023 290

Aðrar skuldir:			
Áfallin vaxtagjöld	28 648 509		28 648 509
Ógreiddur kostnaður	424 012	3 627	427 639
Ýmsar skuldir	22 551 617	4 866 668	27 418 285
	51 624 138	4 870 295	56 494 433
Samtals skuldir	2 132 647 428	4 870 295	2 137 517 723
Eigið fé	645 824 410	94 316 637	740 141 047
Skuldir og eigið fé	2 778 471 838	99 186 932	2 877 658 770

Undirritun framkvæmdastjórnar og sjóðsstjórnar á ársreikninginn.

Reykjavík, 25. mars 1986.

Framkvæmdastjórn:

Bragi Hannesson.

Ragnar Önundarson. **Valur Valsson.**

Með vísan til yfirlýsingar endurskoðenda sjóðsins samþykkir stjórn sjóðsins ársreikninginn.

Reykjavík, 26. mars 1986.

Jón Magnússon.

Gunnar S. Björnsson. **Ólafur Davíðsson.**

Áritun endurskoðenda.

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikninga og bókhald sjóðsins á árinu svo og fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankainnstæður og ekkert fundið athugavert.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1985, yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum árið 1985, efnahagsreikning 31. desember 1985, skýringar nr. 1—11 og sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir almenna deild og vörurþróunar- og markaðsdeild.

Reykjavík, 26. mars 1986.

Atli Freyr Guðmundsson. **Jafet S. Ólafsson.**

Nr. 274 14. maí 1986

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði vestra sbr. 6. gr. 5. tl. laga nr. 109/1984.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skv. lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 36. gr. 1. tl. skulu eftirlitsskyld fyrirtæki greiða gjöld sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Leyfis- og eftirlitsgjöld skulu á hverjum tíma standa undir a. m. k. helmingi kostnaðar við heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra.

3. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

4. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi skv. 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 500,00
2. flokkur kr. 3 000,00
3. flokkur kr. 4 500,00
4. flokkur kr. 6 000,00

5. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984, skal árlega senda eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur kr. 5 000,00
2. flokkur kr. 10 000,00
3. flokkur kr. 20 000,00
4. flokkur kr. 30.000,00

6. gr.

Fyrir hvert vottorð, sem heilbrigðiseftirlitið lætur í té greiðast kr. 500,00.

7. gr.

Heilbrigðisfulltrúi semur fyrir hönd svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal. Listi þessi skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum svo og Sauðárkróksbæ, sem annast innheimtu eftirlitsgjalda. Eftirlitsgjöldin skulu renna í sameiginlegan sjóð, sem standa skal undir kostnaði við rekstur eftirlitsins.

Heilbrigðisfulltrúi innheimtir leyfisgjöld og gjöld fyrir vottorð og renna þau í sameiginlegan sjóð eftirlitsins.

8. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds skv. 5. gr. þessarar gjaldskrár er 1. febrúar og eindagi er 1. apríl. Um innheimtu gjalda gilda ákvæði 5. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

9. gr.

Undanþegin gjöldum skv. gjaldskrá þessari eru opinberar stofnanir sem hér segir: félagsheimili, íþróttamannvirki, dvalarheimili aldraðra, dagvistun barna, heilbrigðisstofnanir og önnur þau fyrirtæki, sem sveitarfélögin reka.

10. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Norðurlands vestra, sbr. 6. gr. 5. tl. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með skv. 5. gr. 6. tl. laga til þess að taka gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða

Gjalddagi eftirlitsgjalda á árinu 1986 skal vera 1. júní og eindagi 1. ágúst.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. maí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð.

I.

Bensínstöðvar
Leiktækjasalir
Gufubaðstofur
Ljósabaðstofur
Lækningastofur
Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur
Sælgætis- og tóbakssölur
Málningarverslanir
Tannlæknastofur
Torgsala
Annar rekstur sambærilegur.

II.

Fangageymslur
Gistiheimili án veitinga
Heilsuræktarstöðvar
Brauðgerð/brauðsala
Kvikmyndahús
Læknastöðvar
Matsöluvagnar
Mötuneyti (minni)
Neysluvörugeymslur
Nýlenduvöruverslanir
Sælgætisgerðir (minni)
Tækifærisveitingar
Annar rekstur sambærilegur.

III.

Brauðgerðarhús
Brauðstofur
Pizzugerðir
Félagsheimili með veitingarekstur
Fiskbúðir
Minni hótel
Ísbúðir/ísgerðir
Íþróttahús með sundlaug
Kjörbúðir/nýlenduvöruverslanir
Leiktækjasalir m/veitingum
Skyndibitastaðir
Stærri samkomuhús og veitingastaðir
Sælgætisgerðir (stærri)
Veislumiðstöðvar
Veitingastaðir
Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli)
Annar rekstur sambærilegur.

IV.

Stórmarkaðir (stærri)
Kjörbúðir
Stór hótel
Stórar matvælavinnslustöðvar
Stór brauðgerðarhús
Mjólkurstöðvar
Vinnuheimili
Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h.
Sjúkrahús II (svæðissjúkrahús, deildaskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús).
Annar rekstur sambærilegur.